

Þorsteinn Úlfar Björnsson

*fáranleiki
fíknistríðsins*



Wikimedia Commons



fáránleiki fíknistríðsins er fjórða bók höfundar um vímuefni, sögu þeirra og menningu. Hann hefur auk þess skrifað Villigarðinn, garðyrkjuhandbók letingjans og Hjalladalur – síðasta sumarið. Að þessu sinni er fíknistríðið tekið fyrir og fjallað um hvaða forsendur og hvaða breytur hafa áhrif á framgang þess.

Fíknistríðið hefur geisað frá 1971 með gífurlegum kostnaði, bæði í fé og í mannlífum en talið er að rúmar 40 milljónir manna liggi í valnum af völdum þess.

Í bókinni er fjallað um hvers vegna því hafi verið hleypt af stokkunum og hvers vegna því sé ekki hætt og hvort það sé yfirleitt hægt eða jafnvel æskilegt og hvað gæti komið í staðinn.

Bent er á aðrar aðferðir sem ætla má af reynslu annarra þjóða að virki vel gegn þeirri vá sem stjórnlaus fíkn getur valdið einstaklingum. Höfundur spyr hvort ekki sé kominn tími til að reyna skaðaminnkun því aldrei hafi fleiri notað vímuefni og það komi bara til með að aukast.

Umsagnir

Skemmtilega hreinskilin og lifandi samantekt sem er byggð á feiknagóðri heimildarvinnu. Bókin fer um víðan völl og sýnir margar hliðar málsins. Eftir situr einmitt fáránleiki vímuefnastríðsins, kostnaðarsamt, árangurslaust og þegar allt kemur til alls er það stríð gegn einstaklingum og mannréttindum.

Gígja Skúladóttir

geðhjúkrunarfræðingur

Sjá fleiri umsagnir á bakkápu

fáranleiki
fíknistríðsins

Þorsteinn úlfar björnsson

*fáránleiki
fíknistríðsins*



Takk!

Þessi bók hefði ekki orðið að því sem hún þó er án aðstoðar fjölda fólks. Þeir voru margir sem ég fékk til að lesa yfir og gefa góð ráð og eiga þeir allir sem einn miklar þakkir skilið. Konan mín Arndís Valgarðsdóttir cand.psych. las yfir og sneið snyrtilega af ýmsa agnúa ásamt því að andskotast út í innsláttar- og ritvillur. Það sama gerðu tvö barna minna Oddur Freyr og Lilja Sif. Oddur sem sagnfræðingur og blaðamaður og Lilja Sif sem sálfræðingur.

Jón Daníelsson blaðamaður, Dr. Helgi Gunnlaugsson, Pétur Þorsteinsson fv. formaður Snarrótarinnar, Eva Hauksdóttir lögfræðingur, Svala Jóhannesdóttir verkefnastýra, Gígja Skúladóttir geðhjúkrunarfræðingur og Jón Hólm Gunnarsson afbrotufræðingur fengu handritið sent til yfirlestrar og kann ég þeim bestu þakkir fyrir ábendingar og hvatningu. Ég er afar þakklátur öllum þessum einstaklingum og ýmsum fleiri fyrir að skera mig niður úr snörunni þegar ég var í tómu rugli. Án þeirra hefði bókinn verið miklu verri. Ég er þó ekki að klína ábyrgðinni á þá, ábyrgðin á verkinu er mín.

© MMXVIII Bústna býflugan

Bók þessa má afrita endurgjaldslaust.

ISBN 978-9935-9444-0-5

Umbrot: Bústna býflugan/PÚB

Meginmál: Tielopo Book 10pt á 16pt fæti

Kaflaheiti: Helvetica Neue Light

Þessi skrif eru tileinkuð öllum fórnarlömbum fíknistríðsins.

**„Að neita ánetjuðum manni um lyfið sitt
er eins og að neita sykursýkissjúklingi um insúlín
vegna þess að hann sé feitur.“**

Dr. Steve Loyd

AÐFARARORÐ

Þrennt er það sem ég hef haft sem leiðarstef í þessum skrifum.

Að skrifa sæmilega læsilegan og skemmtilegan texta sem lesendur geta haft ánægju af að lesa, texta sem getur miðlað vitneskju og að hafa staðreyndir réttar.

Þetta er nokkuð snúíð, annarsvegar vegna persónulegs smekks hvers og eins á því hvað er skemmtilegt og hinsvegar geta staðreyndir verið dálítið snúnar á stundum þar sem ný þekking á það oft til að sýna þær í nýju ljósi og jafnvel að þær séu rangar og hafi því alls ekki verið neinar staðreyndir heldur bábiljur og það hefur verið of mikið um þær í þessum málum.

Fáránleiki fíknistríðsins fjallar einkum um skaðaminnkun sem einn af valkostum sem til greina kemur í baráttunni við vímuefnin. Það hefur nú staðið frá 1971 og þrátt fyrir óhemju fjármagn sem veitt hefur verið til þess er árangurinn minni en enginn. Reyndar hefur neysla vímuefna aukist og aldrei í sögunni hafa fleiri neytt vímuefna, bæði löglegra og ólöglegra.

Eftir hálfrar aldar baráttu sem engu hefur skilað er kominn tími til að hætta henni.

Við höfum tapað stríðinu. Reynum að tapa ekki friðinum líka.

Fáránleiki fíknistríðsins er fjórða bók höfundar um vímuefni, virkni þeirra, sögu og menningu.

ÞÚB

Rústir í Grikklandi þar sem talið er að hátíðin í
Eleúsís hafi verið haldin.



forsendur og breytur

Í allri þekktri sögu mannsins hafa vímuefni verið hluti lífsins. En maðurinn er ekki eina dýrategundin sem notað hefur vímuefni. Það eru fjölmörg dæmi um vímuefnaneyslu dýra, eins og vísindamaðurinn *Ronald K. Siegel* prófessor í Los Angeles hefur sýnt fram á en Siegel eyddi rúmum aldarfjórðungi í rannsóknir á því. Niðurstaða hans er: „Í öllum löndum og hjá næstum öllum dýrategundum fann ég tilfelli af, ekki bara af slysi, heldur vísitandi, vímuefnaneyslu.“ Í bók sinni, *Intoxication: Life in Pursuit of Artificial Paradise* sem kom út 1. janúar 1989 rekur hann fjölda dæma um vímuefnaneyslu ýmissa dýrategunda. Bókin var endurútgefin og endurskoðuð árið 2005 og gefin út undir aðeins breyttu nafni, *Intoxication: The Universal Drive for Mind-Altering Substances*. Samkvæmt Siegel má alveg halda því fram að sú þörf að víma sig stöku sinnum virðist vera hluti lífsins. Bæði meðal manna og dýra. Ef það er rétt má alveg halda því fram að vímuþörfin, fíknin, sé eðlislæg en ekki áunnin eins og oft er haldið fram og því væri fróðlegt að sjá niðurstöður vísindalegrar könnunar um það mál. En ef fíknin er eðlislæg þýðir það að þegar við stingum upp í okkur t.d. súkkulaðimola erum við að sækjast eftir ánægju, jafnvel vímu sem er svo væg að hún er vart mælanleg og ekki upplifir maður athöfnina sem slíka. Það er nefnilega þannig að

öll ánægja er vegna efnaboða í okkar eigin líkama, einkum heila sem stjórnar öllu kerfinu sem líkaminn er, bæði tilfinningum og líkamlegri líðan. Heilinn er *primus motor*, og þar á fíknin upptök sín og flókinn heili okkar er það sem skilur okkur frá öðrum dýrum, annarra en prímata og hvala. En við erum samt í grunninn ekkert annað en dýr og sem dýrategund, *homo sapiens domesticus*, erum við búin að vera til í afar langan tíma. Sumir vísindamenn telja að fyrstu prímatairnir hafi komið fram fyrir um 28 milljónum ára og fyrstu lífverurnar sem beinlínis er hægt að flokka sem menn fyrir um 15-20 milljón árum. Það þýðir að við vorum dýr, skynlausar skepnur, eins og við köllum það stundum í oflátungshætti okkar, miklu, miklu lengur heldur en við höfum verið menn. Þessvegna er ýmislegt í fari okkar sem stangast verulega á við lífnaðarhætti okkar í dag. En þetta „ýmislegt“ er kirfilega fast í genum okkar og lítið sem við getum gert í því. Eigum engra annarra kosta völ en að lifa með því.

* * *

Með akuryrkju hófst nýr kafli í sögu mannsins. Hugsanlega komu fyrstu skrefin í átt að henni til skömmu eftir að eldurinn var beislaður. Það er álitnið að akuryrkja hafi hafist fyrir um 20.000 árum með söfnun fræja sem fundist hafa ummerki um að hafi verið stunduð þá. En ein-

hvern veginn læðist að mér sá grunur að vímuefni eigi kannski einhvern þátt í upphafi akuryrkju. Þegar kemur nær okkur í tíma eru sannanirnar fyrir ræktun vímuefna-plantna áreiðanlegri. Sá mikli ferðalangur *Heródotus* segir í einu rita sinna frá því að *Skítíar* hafi notað kannabis. Þetta var áður en reykjarpípan var fundin upp svo aðferð Skítíá var að hita steina í eldi inni í tjöldum sínum. Á þessa steina hentu þeir blómstrandi toppum kannabis-plöntunnar og „...öskruðu af hlátri“ samkvæmt Heródotusi. Þarna hafa Skítíar verið að nota sömu aðferð og notuð er með eimstautunum nú.

En það er ekki ólíklegt að um leið og menn öðluðust skilning á ræktun, þ.e. spírun, jurt, planta, hafi einhverjum sem fannst áhrifin, eða bragðið, af plöntunni góð og það hafi átt einhvern þátt í aukinni þekkingu og áhuga á ræktun. Rannsóknir og kannanir hafa sýnt að einstaklingar taka vímuefni fram yfir flest annað, mat, klæði og húsaskjól. Ég kannast við það af eigin reynslu frá því að ég byrjaði að reykja tóbak 15 ára gamall. Skotsilfrið sem hún móðir mín sáluga lét mig hafa til að kaupa mér nær-ingu í hádeginu fór í sigarettur fremur en mat. Þar sem manneskjan er líklega ennþá nokkuð söm við sig frá því í árdaga býður mér í grun að framleiðsla vímuefna hafi átt sinn þátt í framgangi akuryrkju.

* * *

Frá vöggu til grafar er maðurinn að leita að ánægju og vellíðan, þ.e. að reyna að auka magn *DOSE* (*Dóþamín*, *Oxýtósín*, *Serótónín*, *Endorfín*) efnanna í líkamanum. Til þess eru notaðar afar fjölbreyttar aðferðir; -hreyfing, tónlist, kynlíf, matur, list, áhættuhegðun og fyrir þá sem vilja stytta sér leið, vímuefni. Ég er orðinn nokkuð rosinn en allt mitt líf hef ég engan hitt sem ekki er í linnulausri leit að vellíðan, og því að komast af, enda er það innbyggt í lífveruna. Fjöldi þeirra, næstum allir, hafa notað vímu-

efni en ég hef afar sjaldan hitt einhvern sem hefur látið vímuefni stjórna lífi sínu. Það er helst að hann faðir minn heitinn hafi látið áfengið trufla daglegt amstur lífsins enda beinlínis óhjákvæmilegt þegar menn fara á lotufylleri sem gat varað upp í sex vikur í senn þótt þrjár væru normið. Ég held að ég geti fullyrt að þrátt fyrir allskonar vímuefnaneyslu allt í kringum mig í gegnum lífið veit ég ekki um neinn annan sem lét vímuefni trufla brauðstritið að ráði.

Fólk vann til að geta keypt flösku af sterku brenndu áfengi um helgar og drakk af einbeittni og gerir enn. Veita sér unað og vellíðan í gleyskunnni. Fá líkn frá víta-hringnum á hlaupahjóli brauðstritsins um stund. En af hverju þarf mannskepnan líkn frá brauðstritinu? Ætli það hafi eitthvað að gera með það hvernig þjóðfélagið er byggt upp? Því þegar grannt er skoðað hefur voða lítið breyst. Við eru ennþá sömu ánauðugu þrælarnir og áður en í stað þess að þrælhaldarinn haldi okkur uppi og skaffi okkur mat, klæði og húsaskjól lætur hann okkur nú borga fyrir það og í stað hlekkja og svipu erum við orðnir skuldaprælar með verðtryggingu og vöxtum. Það er ekki nema von að auðvaldið hlæi alla leið í bankann.

* * *

Þegar verið er að fjalla um vímuefni og ánetjun eða fíkn verðum við alltaf að hafa í huga að þessi tvö fyrirbæri eru ekkert annað og meira en **félagslegar og pólitískar skilgreiningar**. Eins og það sé ekki nóg verðum við líka að hafa í huga að þessi fyrirbæri eru afar fljótandi og breytast auðveldlega frá einum tíma til annars. Þessvegna ætti alltaf að skoða þau með tilliti til þess þjóðfélags og þeirra tíma sem um ræðir. Þar af leiðir að þeir sem ættu fyrst og fremst að skilgreina vímefnastefnu þjóðfélagsins eru ekki stjórnámamenn eða jafnvel vísindamenn úr heilbrigðisgeiranum, heldur fyrst og fremst sagnfræðingar og mannfræðingar. Þessar tvær stéttir hafa yfirsýn sem bæði

heilbrigðisstarfsmenn, að ekki sé talað um stjórnsmálamenn, skortir. Sagan segir okkur nefnilega að félagslegar venjur eru lang áhrifaríkasti þátturinn í notkun og misnotkun. Það er augljóst þegar hugbreytandi efni eru skoðuð í ljósi sögunnar, menningar og þjóðfélagsskipunar.

Það mætti allt eins kalla vímuefnaneyslu þjóðfélagslega lyfjafræði eins og *Jonathan Shay* orðaði það svo eftirminnilega þegar hann var að fjalla um *Iliad* og *Hómer* og drykkju soldáta í Ilíonskviðu. Því öll þessi mál eru langt frá því að vera svart/hvít. Efni getur verið flokkað á sama tíma sem ólöglegt lyf og sem heilög planta og læknislyf. Þannig að fyrirbærið vímuefni er ekki vísindalega skilgreint hugtak, heldur er það siðferðileg og pólitísk skilgreining og velflest þeirra vímuefna sem eru undirstaða fíknistríðsins hafa á einum tíma eða öðrum verið fullkomlega lögleg og sjálfsögð, oft vinsæl og stundum meira að segja í tísku og jafnvel hvatt til notkunar. Þau voru mikilvægur og samofinn þáttur hins félagslega landslags og voru langt í frá álitin vond eða hættuleg og það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það er líklega ein meginástæða þess að þau urðu ekki að félagslegu vandamáli. Það virðist nú einu sinni vera þannig að þessi árátta valdhafa og þjóðfélaga að stjórna hegðun þegnanna, einkum með tilliti til þess er veitir ánægju, hefur haft fjarska neikvæð áhrif á getu þeirra til sjálfstjórnar. Enda varar hollenski heimspekingurinn *Baruch Spinoza* við því, og rökstyður, að allar tilraunir til að stjórna hegðun manna með valdboði séu líklegri til að hafa öfug áhrif og auka upplausn og lesti.

* * *

Vímuefni hafa löngum verið notuð af seiðmönnum en einnig venjulegu fólki. Það virðist nokkuð ljóst að menn hafa komið sér upp kunnáttu til að geta notað þau af skynsemi og á þann hátt að þau trufluðu ekki daglegar

annir og lífsbaráttuna. Hinsvegar, þegar grannt er skoðað, er eiginlega bara ein ástæða þess að fólk tekur vímuefni. Til að láta sér líða betur, til dæmis þegar farið er út að skemmta sér. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að enginn ákveður að fá sér vímuefni til þess að láta sér líða verr eða illa. Fólk notar vímuefni til skemmtunar, til líknar eða upphafningar tilfinninga. Að sjálfsögðu vegna forvitni því mannskepnan er jú fjarska forvitin. En af hverju tekur fólk vímuefni? Þetta er vissulega áhugaverð spurning en við henni er ekkert einfalt svar.

Ástæðurnar geta verið fjölmargar. Ef fólk notar vímuefni til skemmtunar stöku sinnum, eins og í tilfelli áfengis og fleiri efna flokkast það sem notkun. Á hinn bóginn misnotar fólk einnig vímuefni til deyfingar og líknar, einkum vegna sálræns sársauka. Þar sem fólk hér á Vesturlöndum verður almennt sífellt einangraðra er það ekkert skrítið að vímuefnaneysla og þunglyndi aukist hröðum skrefum. Það gæti verið vegna þess að alveg frá upphafi mannkyns hefur maðurinn verið félagsvera þar sem það var nauðsynlegt til að lifa af og þegar félagsleg tengsl trosna eða slitna, eins og rannsóknir sýna að hafi gerst á undanförunum áratugum á Vesturlöndum, grípur fólk til næstum hvaða aðferða sem það getur til að mynda tengsl. Verða hluti af hópnum, hluti af samfélaginu, losna úr einangruninni. Fátt bindur fólk sterkari böndum en sameiginleg neysla, hvort heldur það eru vímuefni eða annað. Það eru nefnilega augljós og einföld sannindi að lífverur þrífast ekki án umhverfis.

* * *

En hvað gerist þegar fólk tekur vímuefni? Af hverju koma áhrif efnisins sem tekið er? Þetta er afar áhugaverð spurning og við henni er tiltölulega einfalt svar þótt það spanni fjölbreytt og vítt svið. Við neyslu vímuefna eykst framleiðsla á nokkrum einföldum boðefnum, t.d. dópa-

Kannski starfaði presturinn í Egyptalandi, sem fyrsta skjalfesta bannið
ritaði, hjá þeim sem þetta er byggt yfir.



míni og serótóníni en bæði þessi boðefni verða til í lík-
amanum og eru vellíðunaraukandi. Reyndar eru fleiri
boðefni sem veita vellíðan og sum eru töluvert flóknari
en þau tvö sem áður voru nefnd, sérstaklega oxýtósín
sem verður til við kynlíf og brjóstagjöf. Enda eru allskonar
tabú og hindranir sem kristin kirkja hefur löngum sett
varðandi kynhegðun. Kirkjan hefur beinlínis gert út á það
í gegnum tíðina að fólki má ekki líða vel í jarðlífinu. Það
á að bíða þangað til það andast. Þá á það, samkvæmt
kirkjunni, að fá verðlaun.

Kannski er það einmitt þessvegna sem *Pence* varaforseti
BNA hefur svo mikinn hug á að hleypa auknum krafti í
stríðið gegn vímuefnunum. Það eru sem sagt ekki vímu-
efnin sem slík sem skapa vellíðanina heldur náttúruleg
efni sem líkaminn sjálfur framleiðir. Það þýðir að fíkn-
stríðið er stríð gegn fólki og náttúrulegum efnunum sem
verða til í líkamanum. Mér finnst það illa gerlegt að fara
í stríð við sameindir, efni. Því síður við efnabúskap
mannslíkamans. Það er rétt eins hægt að fara í stríð við
flösu eða píanó. Það er nokkurn veginn jafn galið. En það
leiðir okkur að næstu spurningu, hvers vegna stríð
og/eða bann við náttúrulegri vellíðan? Frá örófi alda hafa
vímuefni fylgt mannum eins og áður sagði og gegnum
söguna hafa þau verið notuð eða misnotuð þótt notkunin
hafi verið öllu algengari en misnotkunin. Við vitum það í
dag að aðeins um 10% vímuefnaneytenda misnota vímu-
efni og í yfirgnæfandi meirihluta tilfella til líknar. Í kring-
um 90% á aldrei í nokkrum vandræðum vegna neysl-
unnar. Þetta getur þó verið breytilegt eftir efnunum því það
er þekkt að sum efni, einkum *ópíóðar*, geta valdið fleirum
en 10% vandræðum vegna neyslu. Okkur er að minnsta
kosti sagt af fjölmiðlum að ópíóðaneysla sé mikið fár en
maður veltir fyrir sér hvort sama gildi og um umfjallanir
um önnur stríð þar sem sannleikurinn er oftast fyrsta

fórnarlambið. Efnin eru notuð til tilbreytingar frá amstri
dagsins svona rétt eins og neytendur áfengis röltu á kaffi-
hús eða ölstofur og fá sér einn eða fleiri drykki stöku
sinnunum. Hvort heldur er kaffi, áfeni eða annað. Það er ek-
kert öðruvísi með neyslu ólöglegra vímuþjafa, þeir eru
notaðir af flestum í hófi til að brjóta upp hversdagsleikann
og auka vellíðan. Þannig er meirihluta fólks bannað að
nota viss vímuefni vegna hegðunar mikils minnihluta. Af
hverju? Flokkast það ekki undir jaðarsetningu og stjórn?

* * *

Fyrsta skjalfesta bannið má finna á papýruskjali frá
Egyptalandi frá því 2.000 f. Kr. Þar sem þarlendur prestur
skrifar nemanda sínum: „Ég, yður æðri, banna yður að
fara á ölstofu. Þér breytist í skepnu.“ Það er athyglisvert
að þetta fyrsta bann varðar áfengi sem hefur fylgt mann-
inum býsna lengi enda er *etanaól* eitt af algengari efnunum
í heimi. En þarna má finna vísbendingu um það sem
koma skal. Þarna er þó einn sláandi munur á. Presturinn
bannaði einum manni að detta í það en ekki allri þjóðinni.

Svo liðu aldirnar og engin skjalfest dæmi finn ég í allri
þeirri sögu, að vímuefni hafi verið til einhverra vandræða
enda enginn sem bannaði þau. Það var svo árið 395 að
Vísigoti að nafni *Alarik* lagði undir sig Aþenu og með
honum komu svartklæddir og alvarlegir munkar. Kristnir
útsendarar páfans í Róm. Þessir munkar voru fljóttir að
banna alla neyslu vímuefna nema áfengis sem kirkjan
blessaði því það var jú blóð Krists og notað við messur
og lofgjarðir kirkjunnar. Einnig átti fólk að uppskera á
himnum og hafði þar af leiðandi ekkert að gera með að
láta sér líða vel eða skemmta sér með efnafræðilegri
aðstoð meðan það var á fótum. Þannig að með fullum
rétti má kannski halda því fram að grundvöllur fíkn-
stríðsins sé í trúarbrögðunum sem kennd eru við snikk-
arason frá botni Miðjarðarhafsins.



WIKIMEDIA

Alarik ríður inn í Aþenu eftir fall borgarinnar.

* * *

Nú þurfum við að leggja smá lykkju á leið okkar og fræðast aðeins um hátíðina í *Eleúsís* en það var borg í Grikklandi þar sem haldin var mikil hátíð í september ár hvert. Hátíðin hefur þann heiður að vera það fyrsta sem munkar Alaríks bönnuðu. Hátíðina í *Eleúsís* gátu allir þeir sótt sem höfðu grísku að móðurmáli og reyndar var hvatt til þátttöku. Það má leiða líkur að því að allir andans menn og hugsuðir Grikkja hafi sótt hátíðina í *Eleúsís*. Menn eins og *Plató, Sókrates, Cicero, Hómer, Arkímedes* og *Sófókles*, svo einhverjir séu nefndir. Mennirnir sem fundu upp og þróuðu vestrænt lýðræði, bókmenntir, vísindi, heimspeki og listir. Menningu Vesturlanda. Fornfræðingurinn *Dr. D. C. A. Hillman* skrifaði að skaparar vestrænnar menningar „*hefðu, án nokkurs vafa, verið vímuefnanotendur, þeir ræktuðu efnid, þeir seldu efnid og ekki hvað síst, notuðu það. Í fornöld var engin Nancy Reagan tilbúin í milljarða dala fíknistríð. Í fornöld var enginn fangelsaður fyrir neyslu og bindindi var ekki hampað sem dyggð. Fólk lét undan löngunum sínum... og úr þessu þjóðfélagi þar sem vímuefni voru almennt viðurkennd, spruttu listir, bókmenntir, vísindi og heimspeki... Vestræn menning hefði ekki staðist tímans tönn án þessara svokölluðu fíkla og dópsala.*“ Um hátíðina í *Eleúsís* má fræðast frekar í bókinni *Fíkn, fíknisaga & fíknistríð* eftir undirritaðan sem finna má frítt á *issuu.com*. En sem sagt, munkarnir sem komu með Alarík bönnuðu hátíðina í *Eleúsís* og alla neyslu þeirra efna sem þar höfðu verið notuð því auðvitað náði það engri átt að fólk væri að breytast í guði að eigin áliti eða tala við þá undir áhrifum. Það var hreint guðlast. Það var páfi í Róm og hann hafði einkaleyfi á sambandi við almættið. Minni spámenn, dýrlingar, prestar, munkar og nunnur voru fyrir pöpulinn. Þarna er stefnan mörkuð og hún hefur haldist síðan þótt hið eiginlega fíknistríð eins og við þekkjum það nú

hæfist ekki fyrr en um tvö þúsund árum síðar. Það var þó ýmislegt búið að ganga á áður en *Richard Nixon* lýsti því formlega yfir að fíknistríðið væri hafið þann 17. júní 1971. Árinu áður en Bandaríkjamenn voru með þá áætlun að lögleiða kannabis. En Nixon var í vanda heima fyrir vegna Viet-Nam stríðsins og mikil ólga og mótmæli í landinu. Svo Nixon þurfti að lækka rostann í lituðum, hippum og róttæklingum. Hvað var þá hentugra en að fara í stríð gegn þessum hópum og beita „dópinu“ fyrir vagninn? Hann vissi sem var að hann gat ekki lýst yfir stríði við þessa hópa. En hann gat lýst yfir stríði við vímugjafann sem vinsælastur var meðal þeirra og með einfaldri leit á netinu má finna viðtal við öryggisráðgjafa Nixons, *John Erlichman*, þar sem hann játar að forsendur stríðsins gegn vímuefnum hafi verið bull og skáldskapur. Fíknistríðið hefur, samkvæmt mati *UNODC (United Nation Office on Drugs and Crimes)*, kostað liðlega 40 milljón mannlíf síðan það hófst.

* * *

Til að gera okkur grein fyrir hvers vegna kirkjan og reyndar fleiri, einkum þjóðhöfðingjar, voru svona mikið á móti vímuefnum verðum við að taka með í reikninginn hvernig þjóðfélagið var fyrr á öldum. Á miðöldum var stutt liðið frá því að fólk var ánauðugt og var það að verulegu leyti enn. Höfðingjar áttu leiguliða sína og þjóðhöfðingjar áttu þegnana. Fólk hafði lítið um líf sitt að segja og var alveg undir hæl yfirboðara og þurfti að sitja og standa eins og eigandinn bauð. Kirkjan potar sér inn í þetta kerfi og fer að stjórna öllu andlegu lífi almennings og að verulegu leyti líka því veraldlega í gegum þjóðhöfðinga sem hún svínbeygði því fólk trúði á bannfæringu. Og bannfæring er beinlínis að ganga gegn innbyggðri eðlisávisun mannsins. Þar sem maðurinn er félagsvera er bannfæring skelfileg ef maður trúir vegna fávísi.



WIKIMEDIA

Sánkti Ágústínus kirkjufaðir hinn graði.

* * *


Frá örófi alda, líklega frá því að visir að samfélögum fóru að myndast, hafa menn stundað sameiginlega neyslu. Þeir hafa hópast saman við eldinn, eftir að hann hafði verið beislaður, og tekið þátt í sameiginlegri máltíð. Þessi sameiginlega neysla hefur því alltaf verið til. Enn í dag eru menn að blása til fagnaðar eða með öðrum orðum, sameiginlegrar neyslu við hvert tækifæri sem gefst. Matarboð eru sameiginleg neysla og sama má segja um matmálistíma þar sem fjölskyldan sest niður saman og neytir matar. Sameiginleg neysla er því samofin eðli og hegðun mannsins og stuðlar að félagslegri tengslamyndun innan hópsins. Kannski er það þessvegna sem svo auðvelt virðist fyrir dópsalann að ná sér í nýja kúnna. Að minnsta kosti á það einhvern þátt í því. Það þarf töluvert sterk bein til að standa utan við hópinn sem kemur saman og neytir vímuefna því öll sameiginleg neysla er hluti þess sem við erum. Það er oft kallað *peer pressure* eða hópþrýstingur af þeim sem vilja gera lítið úr honum. Maðurinn hefði ekki komist af sem tegund nema fyrir hópmyndun sem felur meðal annars í sér samneyslu, gæðunum er skipt. Meira að segja meðal annarra dýrategunda, þar á meðal skordýra eins og maura og býflugna svo augljósustu dæmin séu nefnd. Fyrir náttúrlega utan það að það eru minni líkur en meiri á því að þú efnir til illinda við einhvern sem þú hefur matast með. Það hafa myndast tengsl.

Þannig að það er líklega óhætt að slá því föstu að hópmyndun sé innbyggð í þær andlegu innréttingar sem mannskepnan hefur. Sökum þessarar þarfar er hópmyndun algeng og hóparnir ýkja og rækta eiginleika sína, bæði sem einstaklingar en einnig sem hópur. Það gerir það að verkum að tiltölulega auðvelt er fyrir yfirvöld að niðast á ákveðnum hópum. Svakalegasta dæmi um þann-

ig háttalag seinni tíma er kerfisbundin útrýming gyðinga í þriðja ríki Hitlers. Nýrra dæmi er útrýming Tyrkja á Kúrdum og þjóðernishreinsun Ísraela á Palestínunum sem á sér stað þegar þetta er ritað.

* * *

Heilagur *Ágústínus* kirkjufaðir var á dögum 354 – 430. Um hann hefur verið sagt að hans mesta innlegg til kristinnar guðfræði sé, að verulegu leyti, vegna reynslu hans af því að geta ekki haldið aftur af reisu reðurs síns. Hann virðist hafa verið afar graður og með króníska standpínu. En *Ágústínus* skrifaði um fleira en jafnaldrann, meðal annars þetta um hópmyndun: „*Hvað eru konungdæmi annað en stór glæpagengi? Hvað eru glæpagengi annað en lítil konungdæmi? Gengi er hópur manna undir stjórn foringja sem bundnir eru af sameiginlegum hagsmunum þar sem ránsfengnum er skipt eftir samþykktum reglum. Ef þessum þorpurum fjölgar svo og þeir komast yfir land, koma upp höfuðstöðvum, vinna borgir og kúga fólk, gera þeir kröfu um titilinn konungdæmi.*“ Þetta var löngu fyrir daga ISIS sem stofnaði kalífadæmi með aðstoð vímuefna, reist á blóði fórnarlambanna. Það er einmitt þessi eiginleiki mannsins, að setja í hópa, sem gerir alla umræðu um vímuefni svo bjagaða. Einn drukkinn einstaklingur er nóg fyrir okkur til að setja alla drukkna einstaklinga undir sömu formerki. Hann er „öðruvísi“. Hvernig á þá að ræða notkun áfengis af einhverri skynsemi þegar myndin í hausnum er alltaf af rónanum? Það sama á við um aðra vímuefna. Í hausnum á okkur er mynd af „eiturlyfjaneytandanum“ sem hefur verið búin til af hagsmunaaðilum og fjölmíðlum. Hvernig á þá að ræða notkun, ekki misnotkun, annarra vímuefna en áfengis? Það er nú einu sinni þannig að um 90% fólks á ekki í meiri vandræðum með vímuefnaneyslu sína en Pétur og Páll eiga í sambandi við sykur. Mér er næst að halda að fyrir venjulegt fólk sé það næstum útilokað að



Eins og glöggst sést hér er heilinn flókin. Það má heita ólíklegt að maðurinn ná að skilja heilann til fulls áður en tegundin *homo sapiens* líður undir lok hér á jörðinni. Í besta falli náum við að skilja einstaka ferla.

sjá hvort viðmælandi er undir áhrifum ýmissa efna, annarra en áfengis, eða hvernig getur fólk séð að einhver er undir áhrifum af t.d. blóðþrýstingslækkandi lyfjum? Þetta gildir um mörg þeirra efna sem flokkuð eru sem vímueða eða fíkniefni. Ýmsir hafa notað efni sem nú eru bönnuð, lungann af lífi sínu án þess að séð verði að það hafi haft mikil neikvæð áhrif og er til dæmis hægt í því sambandi að benda á *Paul Erdos* stærðfræðing sem notaði *amfetamín* í stað kaffis frá 58 ára aldri þar til hann lést 83 ára, eða *Jennifer Aniston* leikkonu og *Morgan Freeman* leikara og *Richard Branson* athafnamann sem aldrei hafa farið dult með kannabisneyslu sína? Þetta á líka við um ópíóða því hér áður fyrr var ópíum álitid töfralyf og brúkað við ýmsum kvillum. Því fylgdu svona hliðstæð vandræði og við höfum af súkkulaði í dag, heldur minna þó. Fólk einfaldlega brúkaði ópíum eftir þörfum við ýmsum kvillum og sársauka. Fólk notaði *Laudanum* sem fremur erfitt var að misnota þótt vissulega hafi það verið gerlegt. *Laudanum* var ópíumupplausn og nokkrir dropar voru settir út í vatn. Fjölmörg dæmi eru um það að fólk hafi notað *Laudanum* svo árum skipti án þess að séð verði að því hafi fylgt nokkur eftirköst önnur en kannski harðlífi. Nú er ópíum ólöglegt nánast alls staðar og refsing við neyslu og því er kennt um allskonar óáran og hörmungar. Það er svipað því hvernig lítið var á „sjálfsflekkun“ sem kallast sjálfsfróun í dag. Það var gripið til ýmissa ráða til að stemma stigu við henni og furðulegustu aðferðir og jafnvel áhöld gerð til að koma í veg fyrir hana. Svo var hætt að tala um „sjálfsflekkun“ og sjálfsfróun álitin jafn sjálf-sögd og að anda, enda varla annað hægt þar sem rannsóknir benda til að næstum allir menn og margar dýrategundir stundi hana eins og enginn sé morgundagurinn og sjá, þjóðfélagið fer ekki á hliðina og allskonar húðvandamál henni eignuð breytast ekkert.

Þessi hópmyndunartilfinning birtist hvað skýrast á samfélagsmiðlum eins og *Facebook* og *Twitter*. Það virðist næstum því sama hvaða rugl er sett þar fram, áður en maður nær að depla auga eru komin mörg „like“. Rannsóknir á hegðun á þessum miðlum hafa sýnt fram á að fólk er lítið fyrir að kynna sér málin í þaula en skautar frekar eftir yfirborðinu. Það sama gildir um umræður um vímuefni á tédum miðlum. Þar eru engir millitónar, allt er svart/hvítt. Í öðrum hópnum safnast saman einstaklingar sem æpa hallelúja og amen en hinn hópurinn er alger andstæða og hótar eldi og brennisteini til handa „helvítis dópistunum“. Þessi tilhneiging til hópmyndunar hefur líka giska neikvæða hlið, hefur bæði kosti og galla. Sem dæmi má taka vísindasamfélagið. Læknar, sem dæmi, hafa margir ekki mikið álit á öðrum hópum vísindamanna eins og sálfræðingum og félagsvísindamönnum. Kalla það sem þessir hópar vísindamanna eru að fást við ekki vísindi og þurfa þá ekki að taka tillit til niðurstaðna þeirra, eða yfirleitt gefa sér tíma til hlusta á hvað þeir hafa fram að færa. Hvað skyldu þeir vera margir læknarnir sem skoða félagsvísindalegar forsendur sjúkdóma? Þetta er svo sem skiljanlegt þar sem það virðist vera genetískt forritað í mannskepnuna að taka ekki mark á, eða tillit til, annarra hópa. En auðvitað eru á þessu fjölmargar undantekningar bæði hér og erlendis. Á einu er þó engin undantekning. Heili okkar hefur þróast þannig í þúsundir ára að við lítum framhjá staðreyndum sem stemma ekki við það sem hentar okkur best að trúá. Reyndar hefur það sýnt sig að við leitum að því sem styrkir okkur í trúnni. Við erum sem sagt ófær um að skipta um skoðun ef við teljum að nýja skoðunin henti okkur ekki eins vel. Það kallast staðfestingavilla á íslesku en *confirmation bias* á ensku.

* * *

En hvað er fíkn? Hver er hún þessi „hræðilega“ árátta mannsins til að víma sig? Hvar verður hún til og hvers vegna? Í grunninn á öll fíkn upptök sín í heila. Heilinn hefur verið kallaður flóknasti lífmassi í alheimi. Við erum svo takmörkuð að það má heita ógjörningur fyrir okkur að skilja hann. Við getum áttað okkur á einstökum þáttum, jafnvel flóknum ferlum, en við getum líklega aldrei skilið heilann til fulls. Einkum vegna þess að talið er að í heilanum, sem samsettur er úr trilljónum frumna, fara milljónir raf- og efnaboða milli þeirra á hverri sekúndu! Við vitum þó að í heila og líkama myndast ákveðin boðefni eða hvatar sem stuðla að þægilegri líðan. Við vitum líka að það eru drjúgt margar heilafrumur í belgnum á okkur, einkum maga. Það er fullkomlega rök-rétt því maginn þarf að bregðast við ýmsu sem látið er ofan í hann og skipa því á réttan stað í líkamanum. Þess-vegna er stundum talað um „gut feeling“. Þeir vissu sínu viti spekingarnir gömlu þótt þeir hefðu ekki hugmynd um eitthvað sem heitir heilafrumur.

Fjögur þessara efna, sem ég skammstafa DOSE, eru aðal áhrifavaldar þeirrar vellíðunar sem maðurinn, og reyndar fleiri dýr, sækjast eftir. Þetta eru efnin dópamín, oxytósín, serótónín og endorfín. Öll þessi efni eru *innræn* eða með öðrum orðum, verða til í lífverunni sjálfri. Það vekur athygli að þegar maður skoðar sameindabyggingu þessara efna þá eru þau fjarska einföld, nema eitt en það er oxytósín sem hefur verið kallað ástarhvatinn eða ástarhormónið. Oxytósín myndast þegar fólk verður ástfangið, elskast og aldrei er meiri framleiðsla á oxytósín en þegar móðir gefur barni brjóst. Oxytósín hefur líka verið kallað á ensku „*the binding hormone*“ og er talið nauðsynlegt til að tengja móður og afkvæmi tilfinningaböndum. Oxytósín hefur virkni með bæði serótónín og dópamíni. Vísindamenn hafa leitt að því getum að ef ekki

væri vegna oxytósíns væri ekkert traust á milli manna og því síður væntumþykja í garð náungans. Það hefur líka áhrif á ótta og kvíða, þ.e. dregur úr slíku. Það er meiri virkni oxytósíns í konum þar sem *estrogen* virðist hafa áhrif á framleiðslu þess en *testosteron* dregur aftur á móti úr virkni þess. Það gæti verið skýring á meiri árásargirni (e. *aggression*) karlmanna en kvenna. Og það gæti líka verið skýringin á því að *MDMA* hefur verið kallað ástarlyf (e. *love drug*) þar sem það virðist auka framleiðslu oxytósíns sem birtist oft í væntumþykju neytanda í garð náungans.

Þar sem DOSE efnin verða til í líkamanum er yfirvöldum ógerlegt að banna þau því enginn getur framleitt þessi efni samkvæmt óskum eða pöntun, eða ekki verið með þau. Það væri líkast því að banna fólk að anda. Því snýst fíknistríðið ekki um þessi efni, bara um áhrifin sem þau valda en velflest vímuefni sem maðurinn notar valda ekki vímu í sjálfu sér, heldur auka þau framleiðslu á þessum efnum í líkamanum. Meira að segja *nikótín*, sem er sterkt eitur, eykur framleiðslu á *epínehríni*, serótóníni, dópamíni og *betaendorfíni*. En þótt enginn geti framkallað þessi áhrif eftir pöntun eða með viljanum einum saman er hægt að ná þessum áhrifum með öðrum aðferðum og öðrum efnum. Og það er bannað. Um það snýst fíknistríðið. Að banna sælu og vellíðan með lögum, gera hana að refsiverðu athæfi. Berja á neytandanum og jaðarsetja hann. Meðan svo er þarf ekki að taka mark á honum og yfirvöld geta farið sínu fram.

* * *

Sú grundvallarspurning sem við stöndum frammi fyrir varðandi fíkn er hvort heldur hún sé áunnin eða meðfædd. Nú er það svo að náttúran potar þróuninni áfram aðallega með tveimur aðferðum, umbun og refsingu. Hún umbunar fyrir það sem vel er gert og refsar fyrir mistökinn og það hefur verið sagt af vísnum mönnum að reynslan sé

frábær kennari, prófi fyrst og kenni svo. Mistökín geta verið ansi kröftug, jafnvel endað í dauða. Umbunin er ekki síðri því margt af því sem maðurinn gerir felur í sér mikla ánægju og vellíðan. Þessari umbun nær náttúran fram með efnafræði sem við erum sem tegund rétt að byrja að skilja. Því hefur verið haldið fram að ef ekki væri fyrir oxýtósín, væru fæstar mæður tilbúnar að gefa barni sínu brjóst. Það er nú kannski full djúpt í árinni tekið en víst er um það að oxýtósín er lykilþáttur í öllum samskiptum manna og vísbendingar hafa komið fram um að þess gæti einnig á milli dýrategunda, t.d. gæludýrs og eiganda, en þetta hormón hefur verið kallað tengslahormónið, e. *binding hormone* eins og áður sagði.

* * *

Enga manneskju hef ég hitt, eða dýr, sem beinlínis leitar að óþægindum, leiðindum eða sársauka. Lífið er endalaus leit og tilraunir til ánægjuauka. Það má með fullum rétti halda því fram að allt sem maðurinn gerir sé með þeirri einföldu undirliggjandi ástæðu að láta sér líða vel, fá umbun, ánægju eða vellíðunar skot. Hafa tilgang. Þegar við teygjum okkur t.d. í Homeblest pakka í hillu stórmarkaðar verður til örlítið af dópamíni í heilanum sem gerir gjörninginn ánægjulegan og þá ekki síður væntingin sem felst í að kaupa súkkulaðikex. Enda fáum við meira dópamín þegar við neytum innihaldsins. Allt sem við gerum í lífinu miðar að því að láta okkur líða vel og hafa það gott. Fíknistríðið felst í því að koma í veg fyrir að við getum stytta okkur leið að þessum markmiðum. Það er fáránlegt þar sem 90% þeirra sem einhverntíma prófa vímuefni, til að ná sér í vellíðan og/eða ánægju lenda aldrei nokkurn tímann í vandræðum vegna neyslu. Þá kemur að þeim punkti hvort þessi 10% neytenda, sem lenda í vandræðum á einhverjum tíma vegna neyslu, eigi að marka stefnuna í málaflokknum. Má ekki með sömu for-

sendum láta þau 10% sem einhverju sinni lenda í áresktri ákveða umferðalögin og hönnun umferðamannvirkja?

En auðvitað er þetta ekki svona svart/hvítt. Eins og með annað hjá dýrategundinni *homo sapiens* eru mörg grá svæði. Taka má dæmi þar sem þeir sem drukkna ákvarða fyrir okkur hin. Vegna þess að fólk getur auðveldlega drukknað var ráðist í sundkennslu til að koma í veg fyrir slíkt. Það mundi kallast skaðaminnkun og fyrirbyggjandi aðgerðir. Það má heita furðulegt að ekki skuli vera hægt að hafa hliðstæðar aðgerðir gagnvart vímuefnum. Það hefur nefnilega sýnt sig að það er vænlegra til árangurs þar sem það hefur verið gert og sagan, og reynsla annarra þjóða sem hafa farið þá leið, segir okkur það.


Þetta er nú allt gott og blessað en af hverju eru sumar aðferðir sem notaðar eru og hafa verið notaðar í gegnum aldirnar til ánægjuauka bannaðar? Það er innbyggt í okkur sem tegund að leita ánægju og við hefðum líklega ekki komist af án þessarar tilhneigingar. Að líða vel. Og mannskepnan hefur verið furðu uppátækjasöm við að finna þær aðferðir sem virka. *Homo sapiens* hefur alltaf verið tækifærissinni og fús til að stytta sér leið. Við vitum að kynlíf lætur okkur líða vel enda stundum við það í samræmi við getu og löngun. Okkur finnst það einfaldlega gott og svo er það aukinn bónus að við getum, með því að stunda það, komið genunum okkar áfram ef getnaður verður og framleitt meira af oxýtósíni og dópamíni í leiðinni. Ennþá er það ekki bannað nema sum tilbrigði þess sumsstaðar eins og t.d. það sem kallað var kyn„villa“ hér áður fyrr og ennþá er sums staðar litið á kynlíf fyrir hjónaband sem refsivert athæfi.

Við vitum líka að ýmis önnur efni sem reynsla kynslóðanna hefur uppgötvað veitir okkur unað og ánægju. En eins og áður sagði þá er það afar tilviljanakennt hvað er bannað og hvað ekki. Um það snýst fíknistríðið. Það eru



Wikimedia Commons

Mynd á borð við þessa er sú sem fjölmiðlar sýna okkur af vímuefnaneytendum. Þannig er staðalímyndin gerð.



WIKIMEDIA

Á þessari MRI mynd sést greinilega hvernig kókaín og sykur lýsa upp ánægjustöðvar heilans og hvort er öflugra.

nokkur vímuefni sem eru fullkomlega viðurkennd á Vesturlöndum og víðar. Kaffi, te og kakó, áfengi og tóbak. Það er byrjað að herja á tóbakið og mig satt að segja hryllir við hvernig ástandi það getur valdið ef það verður bannað og gert refsivert. Að ekki sé minnst á áfengi og þar höfum við söguna og reynsluna sem við sem tegund eigum, að því er virðist, afar erfitt með að læra af. Eitt efni enn er fullkomlega viðurkennt og er reyndar svo algengt að segja má að allskonar afleiður ásamt efninu sjálfu sé í yfirgnæfandi meirihluta unninna matvæla. Þetta efni virkjar dópamínstöðvar heilans, það er, veldur nálega sömu áhrifum í heilanum og kókaín. Þetta efni er sykur. Samkvæmt þeim vísindalegu skilgreiningum sem notaðar eru, þegar það hentar, um hvað sé vímuefni, ætti sykur að flokkast sem vímuefni. Hann virkjar næstum nákvæmlega sömu heilastöðvar og kókaín. Bara örlítið kraftmeiri. Þegar sykur kom á markaðinn í Evrópu á fyrsta árhundraðinu eftir Krist var hann álitinn læknislyf. Á fimmtánda öld voru Feneyjar aðal vinnslu og dreifingarmiðstöð sykurs og það er athyglisvert að fyrstu eiginlegu sykurkaupmennirnir notuðu svipaðar eða sömu aðferðir og dópsalar nútímans. Enda urðu þeir ríkir því það var eftir miklu að slægjast þar sem pöpullinn var sólginn í þetta sætuefni.

* * *

Mjög erfitt er að fjalla um vímuefni þar sem sú mynd sem flestir hafa af þeim er að þau séu „eitthvað slæmt“. Sú fáránlega flokkun, eins og sykurinn er skýrasta dæmið um, sýnir hvað umræðan er í raun í miklu rugli. Við skulum heldur ekki gleyma því að kirkjan bannaði kaffi á sínum tíma á þeim trúarlegu forsendum að það væri múslimskur drykkur, sannkallaður djöfladrykkur. Svo á 16. öld bannfærði páfinn kaffið. Það var ekki fyrr en *Klemens páfi VIII* blessaði það árið 1600 sem kristinn drykk og fyrsta kaffihús Evrópu var opnað í Róm 1645 sem það fór að ná

virkiegri útbreiðslu. Fram að þeim tíma hafði ýmislegt að gerst í kaffimálum því smáprinsar sem vildu sýna vald sitt gripu til ýmissa ráða varðandi neyslu þess og sem dæmi greiddi prinsinn í smárikinu Waldeck tíu talentur hverjum þeim er sagði til kaffineytanda. Ástæða þess að fremur fáir upplifa eitthvert stórkostlegt vímuástand af sykri er sú að fólk er misjafnt og „efnabúskapur“ fólks er ólíkur. Þá hafa rannsóknir sýnt að flestir fá það út úr þeim efnum sem þeir prófa eða neyta, sem þeir vænta. Væntingar og kringumstæður hefur það verið kallað eða „*set and setting*“. Það er sennilega ástæða þess að talið er að aðeins um 30% þeirra sem prófa kannabis geta hugsað sér að nota efnið áfram. Sú tilgáta hefur verið sett fram að svipað gildi um önnur vímuefni. Það er, að frá 18%–67% fólks sem prófar eitthvert efni felli sig við það en það fer að sjálfsögðu eftir efninu sem prófað er og einstaklingnum. Sumir sem prófa örvandi efni eins og t.d. kókaín finna lítil áhrif og þau litlu áhrif, sem þeir þó finna, fremur tilkomulítill og ekki eftirsóknarverð. Af þeim sem fella sig við ákveðið efni t.d. amfetamín, lenda um 10% í vandræðum vegna neyslu. Sú tala, 10%, virðist gilda um velflest vímuefni. Einn af hverjum 10 verður alki, tíundi hver reykir tóbak, 10% fólks lendir í erfiðleikum vegna neyslu kannabiss og svo framvegis.

Þessi 10% tala er hinsvegar afar athyglisverð. Það lítur nefnilega út fyrir að hún eigi ekki bara við um vímuefnaneyslu, heldur virðist hún gilda um æði margt annað í lífinu og náttúrunni. Tíu prósent reglan er gegnumgangandi í náttúrunni og forfeður okkar uppgötvuðu hana fyrir árpúsundum síðan og meira að segja trúarbrögðin litu á hana sem náttúruleg mál og þessvegna var talað um tíund. Það má með fullum rétti halda því fram að 10% reglan sé ein af grundvallarlögmálum náttúrunnar því við sjáum hana alls staðar.

En sumt er bannað. Annað er leyft og sumt er bæði leyft og bannað og þá fer það alveg eftir því hver leyfir og hverjum. Við getum tekið *Ritalín* sem dæmi. Ritalín er *amfetamínafleiða* og þar af leiðandi örvandi. Ritalíni er hægt að fá ávísað hjá lækni sem samkvæmt því er löglegur vímuefnadreifandi. Þeir sem fá Ritalíni ávísað mega notað það og því er treyst að lyfið sé notað í samræmi við fyrirmæli læknisins sem ávísar lyfinu. En af hverju er sumum treyst en öðrum ekki? Af hverju gilda önnur lög um lyfið í höndum einhvers sem ekki hefur fengið því ávísað? Þetta kerfi gildir um öll lyf sem ávísað er. Þau eru lögleg fyrir suma en ekki aðra. Mér er nær að halda að lyfjaávisanakerfið sé mildara fíknistríð, þ.e. snúist fyrst og fremst um stjórn, að ráða, fremur en umhyggju fyrir neytandanum. Sér einhver fyrir sér að það yrði t.d. mikil misnotkun á *Valpress* sem er blóðþrýstingslækkandi? Eða *Zarator* sem er blóðfitulækkandi?

Við getum tekið annað lyf sem er nokkuð nýtt á markaði, *Viagra*. Til að nálgast *Viagra* þarf að gera sér ferð til læknis og fá því ávísað með þeim kostnaði og fyrirhöfn sem því fylgir. Kannski eru regluverðirnir hræddir um að karlmenn færu að bryðja *Viagra* í tíma og ótíma og gengju um allar koppagrundir með fermingarbróðurinn beinstífan út í loftið. Einhvern veginn held ég að þjóðfélagið færi ekki á hliðina þótt karlar sem telja sig þurfa á *Viagra* að halda, eða vilja nota það endrum og sinnum, gætu keypt lyfið þegar þeir eiga leið í apótek. Tek fram að *Viagra* getur verið varasamt fyrir þá sem eru með lágan blóðþrýsting þar sem lyfið lækkar hann. Reyndar hefur hjartalæknirinn minn tjáð mér að *Viagra* sé miklu betra til að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma en mörg önnur blóðþrýstingslækkandi lyf sem er ávísað til sömu nota. En *Viagra* hefur náttúrlega þá aukaverkun að það getur stuðlað að meira og kannski ánægjulegra kynlífi

fyrir eldri karla. Auk þess sem það er nokkuð dýrt. Er það ástæða þess að það er ekki oftast gefið rosnum körlum? Að koma í veg fyrir aukna ánægju í kynlífi?

SSRI lyf (*Selective serotonin reuptake inhibitors*) er lyfjaflokkur sem er mikið notaður nú en þar má finna lyf eins og *Zoloft* og *Prósac*. Þessi lyf eru notuð gegn depurð og þunglyndi og til að koma reglu á svefn. Þessi lyf hafa þann galla að eftir að hafa farið í nokkrum skrefum upp í réttan skammt er lyfjameðferðin ónýt og byrja þarf upp á nýtt með öðru lyfi ef svo mikið sem einn dagur dettur út, t.d. vegna þess að gleymst hefur að endurnýja ávísanir. Eða ávísun hefur klúðrast af einhverjum orsökum. Þá þýðir ekkert fyrir sjúklinginn að mæta í apótekið jafnvel þótt lyfsalinn hafi sögu sjúklingsins á tölvuskjá fyrir framan sig. Engin ávísun, ekkert lyf og það þótt lyfsalinn viti alveg jafnvel og læknir, og sjúklingurinn, að ekki megi detta dagur úr. Um leið og tilvísunin er komin er ekkert mál að afgreiða lyfið. Nú eru þessi *SSRI* lyf þannig að það tekur þau enginn að gamni sínu, kannski ekki einu sinni fíkill. Hann, eins og aðrir, notar þau til að deyfja sársauka í sálinni og tekur þau af sárri þörf. Þannig að hættan á misnotkun er sennilega minni en af áfengi sem er þó löglegt. Þetta eru nefnilega ekki skemmtileg lyf og svæfa og slæva marga svona einum og hálfum tíma eftir inntöku og það kemur mér a.m.k. á óvart að það er ekki lyfjaþríhyrningur á umbúðunum því þau eru varasöm þessi lyf og enginn ætti að setjast undir stýri farartækis eftir inntöku.

Irving Kirsch er bandarískur læknir og einn fremsti sérfræðingur heims í rannsóknum á lyfleysuáhrifum (*placebo studies*). Hann komst að því að *SSRI* lyf hafa jafn góð og mikil áhrif á það sem þau eru gerð fyrir og lyfleysa. Ef eitthvað sýndu rannsóknir að lyfleysan virkaði ívið betur. Þegar *Kirsch* birti rannsóknir sínar bjóst hann við fjaðrafoki og mótmælum en það var bara vandræðaleg þögn

og hann komst að því að þetta hafði verið skítugt lítið leyndarmál (*dirty little secret*) meðal kollega sinna. Og svo lak innanhússplagg frá *GlaxoSmithKline* þar sem stóð; „að það væri óviðeigandi í viðskiptum að yfirlýsing innihéldi að ekki hefði verið sýnt fram á verkun [lyfsins].... og það græfi undan markaðssetningu“ (*It would be commercially unacceptable to include a statement that efficacy has not been demonstrated, as this would undermine the profile of Paroxetine*). Með öðrum orðum, við getum ekki sagt að lyfið sé gagnslaust því þá græðum við ekki nóg. Það er nefnilega fáránlegt hvernig lög og reglur ásamt hagsmunum stóru lyfjafyrirtækjanna stjórna lyfjapólitík að því er virðist algerlega tilviljanakennt og gengið út frá lægsta samnefnaranum; allt bannað nema það sé leyft sérstaklega. Sérstaklega ef það getur látið fólki líða betur. Sennilega verðum við að skrifa það á kristna siðfræði því í fjölmörgum öðrum trúarbrögðum er litið öðruvísi á hlutina. Í hindúisma er t.d. lagt blátt bann við því að banna eitt-hvað sem veitir fólki ánægju.

* * *

Nú er það svo að líkn frá sársauka er stór hluti af nútíma læknávisindum. Til þess þarf oft að nota lyf. Flest öll þessi lyf eru eftirritunarskyld og aðeins afgreidd gegn lyfseðli. Það nær engri átt samkvæmt viðhorfi stjórnvalda að fólk geti nálgast sterk verkjalyf af sjálfsdáðun því venjulegt fólk hlýtur að vera alveg ófært að meta hvort eða hvaða verkjalyf það telur sig þurfa. Jafnvel þótt komið sé Internet og upplýsingar sé hægt að nálgast með músarsmelli. Það má velta því fyrir sér hvort svona viðhorf sé ekki ættað aftan úr miðöldum en á þeim tíma var litið á það sem sjálfsgaðan hlut að fólk þjáðist. Því meiri þjáning sagði kirkjan, þess ríkulegri verður uppskeran í Paradís. Þetta er hliðstætt loforðinu hjá múslimum fyrir píslarvættisdauða. Því má halda fram, sérstaklega þar sem við höfum

tölfræðileg gögn um það, að níu af hverjum tíu sem þurfa á líknandi sársaukameðferð að halda þegar dregur að leiðarlokum vegna AIDS eða krabbameins, stendur líknandi meðferð með ópíóðalyfjum ekki til boða. Þau eru annaðhvort ekki til í viðkomandi landi eða það er refsivert að nota þau. Allt þetta hér á undan þyrfti ekki að vera svona því í Single sáttmálanum stendur „*tryggja verður nægt framboð verkjalyfja til lækninga*“. (*adequate provision must be made to ensure the availability of narcotic drugs for [medical] purposes.*) Um Single sáttmálann má fræðast í bókinni um fíknina, söguna og stríðið sem fyrr var nefnd.

* * *

Það er einn flötur enn á þessu og hann er sá að sterk morfínskyld lyf, eins og ópíóðar eru, verða alltaf sterkari og sterkari. *Fentanyl* er talið vera 50 til 100 sinnum sterkara en *morfin* og er þó morfín tiltölulega sterkt hreint efni unnið úr ópíum og *Carfentanyl* er 10.000 sinnum sterkara og smá snerting getur drepið manneskju. Það þarf aðeins 2 milligrömm til að svæfa rúmlega fjögurra tonna fíl. Það er svipað magn og 30-35 korn af fínt móludu matarsalti. Rannsóknir hafa sýnt að vandamál vegna sterkra vímuefna aukast í réttu hlutfalli við styrkleika þeirra. Það er heljar mikið mál að misnota hráópíum. Það má halda því fram að viðkomandi geri ekki mikið annað á meðan neyslan er undirbúin og á henni stendur. Þannig að tæknin og nútíma efnafræði á stóran þátt í núverandi ástandi. Reyndar held ég að við séum bara að sjá byrjunina, því auðvitað lak það út að bandaríski herinn, og sjálfsgagt fleiri, eru að gera tilraunir með og hanna svokölluð „*smart drugs*“ en þau eru ætluð til notkunar í hernaði. Það er þegar komið í umferð í bandaríska flughernum lyf sem stjórnar svefni. Þú tekur pillu og sofnar næstum samstundis og vaknar aftur endurnærður eftir einhvern ákveðinn tíma, kannski tvo eða fjóra. Þessi lyf voru þróuð í Írakstríðinu þar sem sprengjuflug-

Svona byggðu sykurkaupmenn yfir sig í Fenejnum og það er athyglisvert að útbreiðsla sykurs og kaffis í Evrópu hefst þar.



menn voru sendir í árásarferðir frá BNA til Íraks. Þessar ferðir, fram og til baka, tóku rúman sólarhring og flugmennirnir gátu skipst á að sofa og vaka. Það var talið ákjósanlegra að báðir flugmennirnir væru vel vakandi og frískir þegar þeir voru að lenda 32 milljón dollara flugvél að leiðarlokum.

* * *

Með tilkomu nútíma tækni og þekkingu í efnafræði hefur orðið bylting í framleiðslu nýrra lyfja. Um leið og eitt lyf er bannað er því breytt aðeins og þá er það undanþegið lögum, engin lög ná yfir það. Það er ekki ólíklegt að við séum rétt að sjá byrjunina á þessari þróun. Það má leiða getum að því að innan nokkurra ára verði komin lyf, og markaðsett fyrir almúgann til að breyta líðan sinni frá einum tíma til annars. Það er hætt við því að lyfjaiðnaðurinn með sína djúpu vasa vinni flestar orrustur. Rétt eins og skotvopnaframleiðendur í BNA. Eitt er það enn sem tækni byltingin hefur haft í för með sér. Dreifing vímuefna verður miklu auðveldari. Nú eiga flestir síma sem hægt er að ná í á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Þá hefur könnun sem *Dr. Helgi Gunnlaugsson* birti nýverið leitt það í ljós sem var reyndar vitað fyrir, að Facebook er afar stór þáttur í vímuefnadreifingu. Vímuefnasalar setja upp síðu á Facebook og þegar fer að hitna undir þeim loka þeir henni og opna aðra. Þá hefur það komið í ljós í öðrum löndum að auðvelt er að panta ópíóða frá Kína yfir netið og salarnir bjóðast meira að segja til að dulbúa sendingarnar svo að erfiðara sé fyrir tollgæslu og lögregluþjóföld að finna efnin. Ég gerði smá tilraun í sumar sem leið og gúglaði „fentanyl for sale“. Það er óhætt að segja að niðurstaðan kom mér á óvart. Sama virðist gilda um aðra verksmiðjuframleidda ópíóða.

Á hinn bóginn er það fáránlegt hve mikil forræðis-
hyggja virðist vera ríkjandi í valdafólki. Það þarf að hafa vit fyrir fólki í stóru og smáu. Segja því helst hvað það á

að hugsa, hvað það á að trú á og hvers það eigi að neyta. En neysluvenjur breytast með aukinni tækni og samgöngum og stundum mjög hratt. Þegar þetta er hamrað inn á lyklaborðið er höfundur 67 ára, fæddur á því herrans ári 1951. En lungann úr ævinni hefur hann ekki haft aðgang að bláberjum nema örstuttan tíma á haustin og varð vesgú að fara og tína þau sjálfur. Núna getur hann farið í hvaða stórmarkað sem er, hvenær sem er og keypt sér dós fulla af stórum og bústnum bláberjum. Það er hægt vegna þess að ekki bara hafa neysluvenjur breyst, heldur allt samfélagið. Ekki hvað síst í samgöngum. Það er mesta furða að ekki skuli hafa verið settar reglur og/eða tilmæli um neyslu á þessari hollustu sem bláber eru. Einkum vegna þess að bláber hafa ýmsa afar jákvæða virkni á minni og andlegt atgervi aldraðra. Okkur er ráðið frá því að borða aðra árstíðabundna matvöru sem hefur þó verið hluti af fæðu Íslendinga síðan land byggðist. Takið eftir að okkur er ráðið frá því, ekki bannað. Þetta eru sjófuglaegg. Sama á við um hvalkjöt sökum þrávirkra efna sem safnast fyrir í holdi bæði sjófugla og hvala og þeim öndvegis mat stórlúðu. Hvert er ég að fara með þessu? Jú, okkur er treyst til að taka ákvæðanir um sumt og valdhafar hafa ekki þungar áhyggjur af fæðuöryggi, samanber iðnaðarsaltið og *dioxín* mengun og telja litlar líkur á að fólk fari sér að voða með þeirri einföldu athöfn að gúffa í sig bláberjum. En við eigum að vara okkur á hvalkjöti og svartfuglseggjum. Og alveg sérstaklega á efnum sem valda okkur vellíðan.

* * *

Tölfræðin segir okkur að u.þ.b. 10% þeirra sem prófa vímuefni verða nokkuð reglulegir neytendur. Af þessum 10% lenda 10% í vandræðum vegna neyslu. *Dr. Carl Hart* hefur eftirminnilega sýnt fram á í rannsóknnum sínum að þetta gildi líka um *Crystal Meth* sem er amfetamínafleiða.



WIKIMEDIA



WIKIMEDIA

Tvær myndir eftir William Hogarth, enskan málara, sem eiga að vera lýsandi fyrir ástandið í London á ofanverðri átjándu öld þegar borgin var plöguð af Ginfárinu. Þær heita Bjór stræti og Gin tröð (*Beer street, Gine lane*).



WIKIMEDIA

Þetta er kannski hliðstæða dagsins í dag við myndirnar hér að ofan. Myndin er tekin í fíknistríðinu sem geisar í Mexíkó en Mexíkó hefur farið afar illa út úr því og glæpagengi ráða stórum hluta landsins í reynd. Þarna eru „riddarar frelsisins“ komnir til hjálpar með græjurnar sínar sem hafa reynt svo einstaklega vel.

Ef við heimfærum nú þessa prósentu upp á þjóðina og gefum okkur þá forsendu að allir landsmenn prófi eitt-hvert ákveðið vímuefni, þá eru það 35.000 manns, um það bil. Af þessum 35 þúsundum verða þá u.þ.b. 3500 nokkuð reglulegir neytendur og 350 sem lenda í vand-ræðum vegna neyslu sinnar. Oft vegna undirliggjandi geðrænna vandamála. Ef viðkomandi vímuefni er dýrt getur verið erfitt að fjármagna slíka neyslu. Þá hefur fík-illinn um fáar leiðir að velja. Hann getur selt sig eða framið afbrot eða farið að selja vímuefni. Samkvæmt ársskýslu Ríkislögreglustjóra fyrir árið 2017 voru auðgunar-brot og nytjastuldur 7477 það ár. Ef við tökum hand-rukkun (ofbeldisbrot) og eignaspjöll (innbrot) hækkar talan í 9477 tilvik. Ef við notum hærri töluna þá eru þetta rétt tæplega 26 tilvik daglega, lægri talan er bara 20 pr. dag.

Ef við skoðum það í sambandi við afbrot, einkum auðgunarglæpi og innbrot, sjáum við fljótt að þjóðfélagið gæti sparað dágóðar summur með því að hjálpa fíklinum í meðferð eða jafnvel að láta hann fá vímugjafann sinn endurgjaldslaut. Gerum okkur grein fyrir því að inn-brotsþjófur fær aldrei nema um það bil 10% af andvirði þess sem hann stelur þannig að ef fíknin kostar 50.000 kr. á degi hverjum þarf fíkillinn að stela fyrir um hálfra milljón. Það er dágóð summa á ársgrundvelli. Eða selja sig fyrir 182 og hálfra milljón á ári. Þannig að bara það eitt að koma á einhverskonar kerfi fyrir fíkla þar sem þeir gætu nálgast vímugjafann sinn á kostnaðarverði eða frítt mundi nálega útrýma auðgunarglæpum eins og inn-brotum og svindli. Líklega drægi úr vændi og þá fækkaði kannski kynsjúkdómum í leiðinni. Alnæmi og lifrabólga C sem hvoru tveggja eru afar dýrir sjúkdómar fyrir heil-brigðiskerfið, að ekki sé minnst á sjúklinginn, mundu einnig minnka verulega. Tölfræðin annars staðar frá, t.d. Portúgal og Sviss, segir okkur það.

* * *

Fíknistríðið er einnig að því leyti fáránlegt að einn kröft-ugasti vímugjafi sem menn þekkja, áfengi, er leyfður. Áfengi er að því leyti eins og annað löglegt vímuefni, tóbak, að það er eitru sem ræðst á eiginlega allan líkam-ann jafnt. Það veldur gífurlegu álagi á lifur og hjarta og nýrun fara í „overdrive“. Það þarf ekki mjög mikla neyslu á þessu efni til að eitrunareinkennum sýni sig og það er krabbameinsvaldandi. En áhrif áfengis eru samt stórkost-legust á heilann. Stjórnstöð líkamans. Fyrst af öllu svæfir áfengi þær heilastöðvar sem stjórna dómgreind og þá getur verið stutt í ýmsa óæskilega hegðun eins og ofbeldi og athafnir af siðferðilegum toga sem litnar eru horn-auga því það fara eiginlega allar hömlur.

En, áfengi hefur líka ýmsa kosti. Það er upplagt til sótt-hreinsunar, gefur hreinan bruna og er því stundum notað sem eldsneyti. Ef varðveita á t.d. lífsýni eru þau gjarnan geymd í hreinum vínanda eða í formalíni sem er ban-eitraður andskoti. Áfengi stuðlar að óþvinguðum sam-skiptum milli manna og hefur stundum verið kallað félagsleg smurning.

Gerjuð vínberjasaft í hóflegu magni með mat er hluti máltíðar hjá ýmsum þjóðum og rannsóknir hafa sýnt að í litlu magni er það hið ágætasta. Það kemur heim og saman við það sem faðir nútíma lyfjafræði *Paracelsus*, sagði fyrir margt löngu að „*öll efni geta verið eitru. Það sem skilur á milli er skammturinn.*“

En áfengi er órjúfanlegur hluti menningar okkar, þ.e. neyslumenningar, og gegnir veigamiklu hlutverki í félags-legum samskiptum. Hvað skyldu t.d. mörg hjónabönd vera bein eða óbein afleiðing áfengisneyslu? Eða hversu mörg börn hafa orðið til undir áhrifum áfengis? Og kannski síðast en ekki síst, hve mikið ofbeldi og hve mörg slys er hægt að skrifa beint á áfengisneyslu? Eða dauðsföll? Samt

er okkur treyst af valdhöfum fyrir því að umgangast það og hafa það undir höndum. Auðvitað eru óhjákvæmilega einhverjar hömlur sem takmarka hegðun og athafnir undir áhrifum. Það má t.d. ekki keyra. En það er aðallega vegna hættu fyrir aðra. En það er einn veigamikill þáttur í neyslu áfengis sem er giska neikvæður. Það stuðlar að ofbeldi vegna þess að það dregur úr hömlum. Það er eðlilegt að það gerist þar sem það svæfir dómgreind. Sagan segir okkur að þegar áfengi var bannað á sínum tíma í Bandaríkjunum, árið 1919 þegar átjándi viðaukinn (áfengisbann) við amerísku stjórnarskrána var samþykktur, fækkaði ofbeldislæpum strax um helming og náðu ekki sama fjölda fyrir en eftir seinni heimsstyrjöld en þá hafði áfengi þó verið leyft frá 1933.

Vegna þess að áfengi er svo stór hluti menningar okkar hér á Vesturlöndum er óhjákvæmilegt að skoða aðeins hvernig við höfum litið á það með tilliti til þess skaða sem það veldur, bæði hjá einstaklingum og þjóðfélögum. Við vitum hvernig ástandið var t.d. í London á tímum Ginfársins sem hófst 1689 og stóð fram yfir aldamótin 1700. Því um það eru margar heimildir. En varðandi áfengi hefur verið gengið út frá ýmsu sem gefnu og í raun má segja að almennt viðhorf sé að verulegu leyti á svipuðum stað og upp úr 1930, á síðustu öld. Oftast er talað um þá sem drekka mikið sem *alkóhólista* en það þarf alls ekki að vera svo. Í nýlegri könnun frá *Centers for Disease Control and Prevention* í Ameríku þar sem skoðaðir voru 140.000 einstaklingar kom í ljós að 10% reglan átti einkennilega vel við. Því níu af hverjum tíu drykkjuboltum voru ekki háðir áfengi og gátu auðveldlega breytt drykkjuvenjum sínum eftir smá hjálp frá heilbrigðisstarfsfólki. Það kom sem sagt í ljós að breytt neyslumynstur þarf ekki að vera neitt mál ef drykkjumenn fengu réttar leiðbeiningar fagfólks, lækna og sálfræðinga. Gengið hefur verið að því

sem gefnu, að hugsa um áfengisneyslu í línulegu samhengi. Það er að eitt leiði til annars og áður en þú veist af ertu orðinn alki. Enginn millivegur, annhvort gastu stjórnað drykkjunni eða ekki. Þetta voru viðtekin sannindi vísindasamfélagsins og heilbrigðisstarfsfólks en í ljós kemur, að rétt eins og í lífinu sjálfu, að það eru margir gráir tónar og nú er farið að tala um *áfengisröskun* og sérfræðingar telja að það séu ýmsar aðrar aðferðir til svo hægt sé að stjórna neyslu. Það má kannski segja að það sé ekki seinna vænna því áfengis- og meðferðarfræðin hafa stutt sig við kenningar AA samtakanna og 12 spora kerfið. Það er til dæmis álitnið að 18 milljónir Ameríkana séu haldnir áfengisneysluröskun (*alcohol use disorder*) skammstafað AUD en séu ekki alkóhólistar. Að auki hefur komið í ljós að nokkur lyf gagnast vel við þessari röskun. Lyf eins og *naltrexone* og skyld lyf sem og *SSRI lyf*. Þessi lyf gera flestum AUD sjúklingum kleift að stjórna áfengisneyslu sinni. En sum þessara lyfja sem virka svona vel fyrir drykkjumenn lenda milli stafs og hurðar vegna fíknistríðsins. Þau eru bönnuð nema samkvæmt tilvísun frá lækni og sums staðar eru þau beinlínis bönnuð!

* * *

Áfengi er dæmi um fáránleika eins anga fíknistríðsins. Það beinist ekki bara að ölvuðum eða drukknum einstaklingum sem eru sjálfum sér eða öðrum til skaða eða skammar og eru þessvegna teknir tímabundið úr umferð af lögreglu. Það snýst um bruggun á áfengi. Lög heimila hverjum sem er að brugga áfengi, t.d. léttvín og bjór til eigin neyslu. Hugsanlega væri séð í gegnum fingur við einhvern sem væri að gera líkjör en í öllu falli er hver sá einstaklingur sem staðinn er að sölu á framleiðslu sinni án tilskilinna leyfa, handtekinn og sektaður ef upp kemst. Þegar málin snúast um peninga og bókhald eru allir sömu trúar. Það gildir víðar í vímuefnastefnu heimsins.

* * *

Hvenær sem er og á hvaða tíma sólarhringsins sem er get ég gengið inn í stórmarkað sem er opinn allan sólarhringinn og keypt mér ýmislegt sem finna má þar í hillum til að víma sig með. Bæði kemísk efni og jafnvel krydd. Það sem meira er, þetta geta allir. Það eina sem maður þarf til er að vita um hvaða efni er að ræða og það er einfalt að komast að því með því að fara á hið alltumlykjandi Internt og afla sér upplýsinga. Bara að spyrja Gúgul frænda hvaða niðurstöður hann sé með varðandi „household high“. Ástæða þess að fólk gerir það ekki er sú að gjaldið sem viðkomandi þarf að greiða fyrir vímuna er ekki þess virði að flestra álitu. Ég hugsa að fæstir hafi áhuga á að geta ekki hreyft sig daginn eftir vegna stirðleika og verkja eftir t.d. múskatneyslu. Þá er þetta ágæta krydd alveg hreint sérdeilis viðbjóðslegt á bragðið í miklu magni og fremur erfitt að koma því niður. Það sama gildir líklega um leysiefni og hreingerningalög en þau er hægt að „sniffa“. Viðbjóðslegt til neyslu og eftirköstin afar slæm. Hinsvegar eru fáein korn af múskaði með kaffinu þegar hellt er uppá aldeilis ágæt sem bragðbætur.

* * *

Einn fáránleikinn enn birtist okkur í vímuefnum og hernaði. Um notkun hermanna á vímuefnum á ýmsum tímum hafa verið skrifaðar bækur, ritgerðir, leikrit og jafnvel ljóð. Þar sem það að vinna annarri manneskju mein, hvað þá heldur að drepa meðbróður sinn, jafnvel þótt hann sé öðruvísi á litinn og hafi aðra trú, er engum manni auðvelt. Það er að vissu marki innbyggt í okkur eins og flestar aðrar æðri dýrategundir. Þá koma vímuefni til sögunnar. Í hinni ágætu og ítarlegu bók „Shooting up. A history of drugs in warfare“ eftir Lukasz Kamiński, aðstoðarprófessor við háskólann í Krakow í Póllandi, er rakið hvernig vímuefni hafa í gegnum alla söguna verið órjúfanlegur hluti hernaðar.

Eins og það sé ekki nóg, hafa vímuefnin orðið að sjálfstæðri ástæðu til að stunda hernað og fjármagna hann. Fjöldi hreyfinga og hópa lítur á vímuefni sem óhefðbundið vopn gegn Vesturlöndum og þeirri menningu sem þar þrífst. Það er þó bæði svikult og óútreiknanlegt vopn. Með því að nýta sér sókn í vimugjafa, einkum meðal ungmenna í þróuðum ríkjum, raska þau lífi þessara ungmenna ásamt því að höggva í fjárhag ríkjanna í leiðinni á meðan hreyfingarnar fjármagna vopna kaup og undirröðursstarfsemi. Fólk, beggja vegna Atlantsála, kaupir vímuefnin sem hægt og rólega skaða suma og veldur auknum kostnaði heilbrigðiskerfisins. Gróðinn rennur til þessara hópa sem gerir þeim kleift að halda áfram hernaðaraðgerðum.

Það má alveg álykta að ef öðruvísi væri tekið á málum á Vesturlöndum mundi svona hernaður líklega minnka eða jafnvel fjara út þegar þessar hreyfingar gætu ekki fjármagnað vopnakaup með vímuefnagróðanum. Það gerðist líklega við regluvæðingu. Að minnsta kosti fer fáum sögum af því að svona hópar fjármagni sig með sölu áfengis eða tóbaks. Enda orðar *Dr. Paul Rexton Kan* prófessor í þjóðaröryggisfræðum það svo í bók sinni *Drugs* á bls 38: „Fremur en að vímuefni séu uppspretta gróða til handa skipulögðum glæpasamtökum hefur komið í ljós að þau eru stefnumótandi úrræði í pólitísku ofbeldi.“

Fjöldi þjóðhöfðingja hafa samkvæmt nútíma skilgreiningum verið fiklar. Eitt skelfilegasta dæmið er *Adolf Hitler* sem var sprautaður með lyfjakokteil af einkalækni sínum *Dr. Theodor Gilbert Morell* á nálega hverjum degi eins og ítarlega er rakið í bók *Normans Ohlers „Blitzed: Drugs in the Third Reich“*. Það var þó ýmislegt fleira sem sett væri spurningamerki við í dag varðandi lyfjaneyslu í þriðja ríkinu. Dæmi um það er t.d. að þar sem tímar voru erfiðir á árunum fyrir seinni heimsstyrjöld og gjaldeyrisskortur í



Darrin Harris Frisby | Drug Policy Alliance

Ég hef aldrei séð svona mynd í fjölmiðlum af nokkuð dæmigerðum bandarískum kannabisneytanda. Fjölmiðlar grípa gjarnan frekar til myndar af niðurniddum sprautufíkli eða bófa. Ekki dettur þeim í hug að neytandi geti verið ung snyrtileg kona sem greinilega er heilbrigð að fara að stunda hugleiðslu. Nei, dópistinn í húsasundinu skal það vera. Það er meira krassandi og selur betur.

Þriðja ríkinu, var þýska þjóðin sett á *metaamfetamín* meira og minna. Þá kostaði kvöldskammtur kaffis 50 pfenninga í beinhörðum gjaldeyri en svipað magn örvunar með *metaamfetamíni* aðeins 16 og var framleitt innanlands. Þannig að neysla *metaamfetamíns* var þriðja ríkinu hagkvæmari en neysla kaffis auk þess að spara gjaldeyri. Aukinheldur var þýska þjóðin miklu hressari af *metaamfetamíni* en nokkru sinni af kaffi svo herinn var fljótur að nýta sér þennan eiginleika. Svo þegar stríðið hófst var soldátunum gefið *Pervitin* sem var að mestum hluta *metaamfetamín* þannig að segja má að Þýski herinn, *Der Wehrmacht*, hafi verið fyrsti herinn sem beinlínis reiddi sig á kemískt lyf. Ný tegund hernaðar var hafin.

Meðan Hitler, útúrdópaður af *amfetamíni*, *kókaíni* og hrossahormónum, hélt innblásnar ræður um hreinleika þýska kynstofnsins voru áheyrendur og áhorfendur hans undir hliðstæðum áhrifum að ekki sé talað um herinn. Enda er það ólíklegt að Þýski herinn hefði getað framkvæmt „*Blitzkrieg*“ ef hann hefði þurft að stoppa til að sofa. Hernaðartaktík Þjóðverja byggðist á að fara hratt yfir og það er næstum útilokað að þeir hefðu farið eins hratt ef þeir hefðu ekki haft frjálstan aðgang að *Pervitin*. Með fullum rétti má halda því fram að *Blitzkrieg* nasista hefði ekki verið framkvæmanlegt án *metaamfetamíns* og kannski forsenda. Varðveist hefur tilvitnun sem yfirhershöfðinginn *Heinz Guderian* sagði við hermenn sína að lokinni herförinni til Frakklands: „Ég bað ykkur um að halda áfram í fjörutíu og átta tíma en þið hélduð áfram í sautján daga.“

Hugsanlega á *Pervitin* þátt í stærsta umferðarhnút í hernaðarsögunni en þessi umferðahnútur var 250 km langur, náði frá Rín áleiðis til Belgíu og í honum voru 41.410 farartæki, þar á meðal 1.222 skriðdrekar. Ef bandamenn hefðu vitað af þessum umferðahnút og gert

árás úr lofti hefðu þeir sennilega getað stoppað seinni heimstyrjöldina á fyrstu dögum hennar og Þýski herinn hefði verið mest allur innan Þýskalands.

Önnur heimild sem varðveist hefur úr öðru stríði, Japansk-Rússneska stríðinu 1907-11. Rússar á Kamchatkasaga voru orðnir æði skotfæralitlir. Svo það var í ofboði sent símskeyti til herstjórnarinnar í Moskvu og beðið um byssukúlur og fleira sem brúklegt er til að drepa fólk. Hernaðaryfirvöld í Moskvu brugðust við hart og títt og sendu tíu þúsund kvartél af *Vodka* til víglínunnar. Engar byssukúlur. Stuttu eftir að sendingin skilaði sér gekk japanskur herflokkur fram á rússneskan herflokk sem var svo ofurölvi að þeir voru ósjálfbjarga og gátu ekki verið sig. Japanirnir gengu milli manna og drápu þá alla með byssustingjunum og gátu sparað skotfærin. Heimildin tiltekur að ekki einu skoti hefði verið hleypt af.

Það er full ástæða til að skoða nánar hlutverk vímuefna í hernaði. Eins og áður sagði hafa þau fylgt öllum hernaði því soldátarnir grípa gjarnan til þeirra til að slá á streituna og sársaukann sem óhjákvæmilega er fylgífiskur hernaðar. En þau hafa nú á síðustu árum fengið æ stærra hlutverk í hernaðinum sjálfum. Einkum meðal barnahermanna í sumum ríkjum Afríku þar sem stríðsherrar hafa nýtt sér vímuefnin til að sækja sér fótgönguliða með aðstoð þeirra. *Boko Haram* kemur upp í hugann. Ungir krakkar hafa engan skilning á dauðanum og því síður þegar búið er að fylla þau af vímuefnum. Það eru dæmi um að friðargæsluliðar S.P. hafi verið teknir höndum af örfáum þungvopnuðum krökkum því flestum Vesturlandabúum reynist afar erfitt ef ekki ógerlegt að skjóta á börn. Jafnvel þótt þau séu undir vopnum. Þetta nýta stríðsherrarnir sér og beita barnahermönnum fyrir sig. Samkvæmt því sem innfæddir upplýsa t.d. í Sierra Leone er fátt hryllilegra en að verða fyrir áhlaupi barnaher-



Wikimedia Commons

Þeir virðast afar vel vakandi og einbeittir þessir soldátar Þriðja ríkisins enda líklega stútfullir af Pervitini.

manna. Þar sem þeir hafa sjálfsagt sáralítinn skilning á dauðanum skjóta þeir á allt sem hreyfist alveg burtséð frá því hvort betra væri og árangursríkara að taka gísla. Útúrdópaðir barnahermenn drepa allt sem þeir komast í færi við og skeyta lítið um miskun eða mannúð. Það sem verra er, þeir hafa afar takmarkaðan skilning á hættu og því er hægt að etja þeim í opinn dauðann af yfirmönnum sem að sjálfsögðu eru í miklu minni hættu þar sem þeir etja krökkunum á foraðið.

* * *

Í öllum stríðum hafa semsagt vímuefni haft hlutverk. Stundum stórt, stundum minna. Það segir sig sjálf að það er hagsmunamál fyrir hernaðaryfirvöld að hafa vel þjálfaða soldáta til umráða og það er ástæða þess að hernaðaryfirvöld hafa lagt upp úr góðu aðgengi að vímuefnum. Ameríski herinn hefur til dæmis verið í fararbroddi þeirra sem þróa lyf sem gagnast gætu í hernaði og á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar var *MDMA* mikið rannsakað í *Edgerwood* herstöðinni [Edgerwood Arsenal]. Það mun hafa verið niðurstaðan eftir allmikla skoðun að lyfið gæti einna helst gagnast við *PTSD* sem er áfallastreituröskun. Undir áhrifum væru dátarnir allt eins líklegir til að leggja niður vopnin og spila knattspyrnu við óvininn. Því lágu tilraunirnar niðri til 1985 þegar farið var að skoða það með tilliti til *PTSD* þar sem það virðist vera afar gagnlegt og koma að góðum notum. En það er víst eitthvað sem herinn hefur ekki áhuga á. Lyfið er víðast hvar bannað með lögum og víða er herinn notaður til að berjast gegn solumönnum þess. Það er einn af fáránleikum fíknistríðsins að hermenn sem nota lyf sem eru ólögleg berjast á móti þessum sömu lyfjum af því þau eru í „röngum“ höndum. Það sem meira er, herlæknar og hermálafyrirvöld leyfa notkun ákveðinna efna í hernaði, einkum með tilliti til svefns. Það er sem dæmi stefna í

bandaríska flughernum að flugmenn sem fara í lengri leiðangra en 12 tíma fá með sér tvær 200 mg *Modanafil* sem þeir nota yfirleitt á heimleiðinni því *Modanafil* eykur einbeitingu og hindrar svefn. Hér áður var notað *dextró-amfetamín*, *Dexedrine*, en þegar fjölmiðlar komust á snoðir um það greip um sig mikil hystería meðal almennings sem fannst það ófært að dátarnir væru dópaðir við störf. Þá skipti það engu máli þótt hermálafyrirvöld bentu á að það bjargaði mannlífum að hermennirnir væru klárir í kollinum með viðbrögð og hugsun eins og þeir væru nývaknaðir en ekki úrvinda af þreytu. Það ku nefnilega vera meira en einhver barnaleikur að lenda 32 milljón dollara flugvél sem flestar hafa fremur litla vængi á dekki flugmóðursskips og því þarf að lenda þeim á nokkrum hraða. En ástæða þess að hætt var að nota amfetamín var að það komu upp tilfelli þar sem aukaverkanir lyfsins, einkum ofsóknarkennd, trufluðu eðlilegt starf. Svo má heldur ekki gleyma hlutverki fjölmiðla sem ráku upp ramakvein um að herinn væri að búa til „eiturlyfjaneytendur“. Breytti voða litlu þótt menn sem var málið skylt, og hefðu á því þekkingu, bentu á að það væri nokkur skynsemi fólgin í því að hafa flugmennina vel vakandi og hressa í lendingum. Það gæti beinlínis bjargað lífum.

Það er tiltölulega auðvelt að setja upp lista af stríðum og vímuefnum sem fylgja hverju fyrir sig. Enda eru slíkir listar fyrirbyggjandi í ótal útgáfum á hinu alltumlykjandi Interneti. Þá er á bls 286 og áfram afar ítarlegur listi í bók Łukasz Kamiński *Shooting up, a history of drugs in warfare*.

* * *

Gera má ráð fyrir að aukin notkun lyfja í hernaði verði staðalbúnaður í framtíðinni þar sem verið er að hanna og gera tilraunir með lyf til slíks brúks. Það leiðir hugann að því sem kallað hefur verið „smart“ eða „designer“ lyf. Þar sem framfarir í taugalíffræði og geðlyfjafræði er hröð

Þessi árin gætum við alveg eins átt von á að í framtíðinni verði það álitnið nokkuð sjálfsagt mál að stjórna líðan sinni með lyfjum frá einum tíma til annars. Einkum svefni. Hin sísvanga vél efnahagslífsins gerir sífellt ríkari kröfur um framleiðni og hagvöxt og þá er svefn ein af breytunum í dæminu. Það að launafólk þurfi að sofa, verði þreytt og geri mistök er ekki nógu gott fyrir hagvöxtinn. Þá koma lyf til sögunnar og í bók sinni *Listening to Prozac* kynnir bandaríski sálfræðingurinn *Peter Kramer* hugmyndina um „snyrti lyfjafræði“ eða „*cosmetic pharmacology*“. Í þessari hugmynd lýsir hann notkun fullkomlega heilbrigðra einstaklinga sem aðeins eru að breyta því hvernig þeim líður, – svo þeim líði „betur en vel“. En það er líklega það sem venjulegir neytendur eru að gera hvort sem er þegar þeir nota vímuefni. Eða, að þeir eru að deyfja sársauka í sálinni enda hefur það komið í ljós í rannsókn eftir rannsókn að næstum allir sem lenda í vandræðum vegna neyslu hafa orðið fyrir sálrænu áfalli. Þar trónir efst á listanum kynferðislegt ofbeldi í æsku.

* * *

Það kom fram hér framar að bandaríski flugherinn lætur flugmenn sína fá örvandi lyf til þess að þeir séu ólíklegri til að rústa vélunum sem þeir fljúga í lendingu. Dext-róamfetamín var notað en nú eru önnur örvandi lyf notuð eins og rakið er hér að framan. Það má heita einkennilegt að fólk undir einhverjum áhrifum örvandi efna má ekki setjast undir stýri á bíl þótt vitað sé og staðfest að þessi örvandi efni beinlínis auki hæfni manna. Eða gilda önnur lögmál um stjórn á bílum en flugvélum? Þótt ég sé ekki talsmaður þess að fólk aki undir áhrifum finnst mér fár-ánlegt að miða alla stjórn og sérstaklega refsingar við áfengi. Við vitum alveg hvað áfengi gerir og það er sennilega með því verra sem fólk getur innbyrt áður en það sest undir stýri. Athugun á því hvernig mál þróuðust í

Colorado það eina ár sem liðið var frá því kannabis var lögleitt sýndu að tölur um umferðaróhöpp annaðhvort stöðu í stað eða lækkuðu aðeins. Kannabisneytendur óku varlegar ef eitthvað var undir áhrifum.

Nú er það svo að á Vestulöndum er áfengi að heita má eini löglegi vímugjafinn. En áfengi er eitur og nú nýlega voru að koma fram rannsóknir sem leiða í ljós án vafa að áfengi rænir neytendur svefni. Nú hvá líklega flestir og þetta er reyndar ótrúlegt því oft hefur maður séð hrjótandi drukkna einstaklinga. En, það sem áfengi gerir er að ræna neytendur lífsnauðsynlegum hluta svefnins, *REM* svefninum en *REM* stendur fyrir *Rapid Eye Movement* og er hluti af draumsvefni. Og því er velt upp að hugsanlega gæti *DT* eða *Delerium Tremens* sem eru ofskynjanir og afleiðing mikillar og langvarandi neyslu, verið að heilinn sé þar að gera í vöku sem hann annars gerir í *REM* svefni. En það er ekkert áfengisstríð. Fíknistríðið beinist aðeins að vímuefnum sem láta þér líða „betur en vel“. Gallinn er sá að velflestir máta vímuefnaneyslu við áfengi af því að það þekkja þeir best, en áfengi er sér á parti og ekkert annað vímuefni rænir neytendur ýmsu sem talið er æskilegt.

* * *

Það hefur verið sagt af vísuðum mönnum að fyrsta fórnarlamb stríðs, sé sannleikurinn. Fíknistríðið er ekkert öðruvísi. Og rétt eins og í öðrum stríðum deyr fólk, um milljón manns á ári, eins og áður hefur komið fram. En það er einn munur, það er ekki verið í stríði til landvinninga eða herfangs. Það sem kallað er á ensku „*the spoils of war*“. Nei, fólk deyr vegna einhliða og stöðugs áróðurs sem neitar því um upplýsingar. Hvað þá heldur hjálp. Upplýsingar um nauðsynlegt öryggi við neyslu. Fólk deyr vegna þess að stjórnvöld og miðlarnir ritskoða vísindi og halda sig við hugmyndafræði og eiginhagsmuni af fullkominni ófyrirleitni. Þeir sem þó reyna að koma

upplýsingum áleiðis eru sniðgengnir og jafnvel jaðarsettir. En sjálfsagt munu framtíðin og sagan leiða í ljós hverjir höfðu rétt fyrir sér. Það sem er kannski lýsandi fyrir hræsnina í fíknistríðinu er að auðvitað væri hægt að minnka framboð ýmissa vímuefna ef pólitískur vilji væri til þess. Við getum tekið Marokkó sem dæmi. Um 40% þess *hass* sem selt er á Vesturlöndum er upprunnið í Rif fjöllum í Marokkó. Það er ein meginstöðin í gjaldeyrisöflun landsins og hefur verið áætlað að það sé nálega helmingur þess gjaldeyris sem landið aflar. Nú háttar þannig til í Rif fjöllum að þangað fara fáir sem ekki eiga brýnt erindi. Ekki yfirvöld heldur, hvorki lögregla eða her. Það væri álíka fyrir efnahag Marokkó að uppræta akrana í Rif fjöllum og það væri fyrir okkur að loka landinu fyrir túristum. Einhvern veginn sé ég það ekki gerast. Það sama, eða svipað, má segja um Afghanistan. Þar er *kannabis* og *ópíum* framleiðsla afar stór hluti gjaldeyrisöflunar landsins. Samt eru bæði Marokkó og Afghanistan ekki að fá nema brot af því sem þessi efni seljast á, á Vesturlöndum. Sem dæmi mun vera hægt að fá kíló af hreinu afghönsku heróíni í Pakistan fyrir um 3000 dollara en komið til Vesturlanda fer sama kíló, eftir að búið er að drýgja það, á kringum 130.000 dollara. En það hentar leyniþjónustum að stunda slík viðskipti þar sem þær geta með því aflað sér svarts fjár sem þær geta svo notað eftirlitslaust til alls konar myrkraverka. Enda verndar afghanski herinn með aðstoð BNA akra ræktenda eins og m.a. má sjá á forsíðumynd þessarar bókar.

* * *

Annað sláandi dæmi um hræsnina er stríð *Duterte* forseta Filippseyja gegn neytendum og sölumönnum vímuefna þar í landi. *Harm Reduction International* sem heldur utan um skaðann af afleiðingum fíknistríðsins áttar að á Filippseyjum hafi herferð *Duterte* sem heitir „*Double Bar-*

rel“ og vísar þar til haglabýssa, kostað a.m.k. 12.000 manns lífið, jafnvel allt að 60.000. Það er hvíslað um að *Paolo Duterte* sonur *Duterte* sé helsti vímuefnasali og innflytjandi vímuefna þar í landi. Og tengdasonur hans líka. Hægt er að finna mýgrút af tenglum frá virtum fréttastofum eins og *BBC* og *Reuters* þar sem þessir aðilar, sonurinn og tengdasonurinn, neita þessum ásökunum. Reyndar er afar ólíklegt að þeir færu að játa og eiga aftöku í vændum því *Duterte* hefur látið hafa eftir sér að ef satt reynist muni hann persónulega skjóta þá. Það ber reyndar ekki vott um mikið viðskiptavit að vera í starfsgrein þar sem faðir höfuðþaursins gerir sitt besta til að fækka viðskiptavinum sonarins og greiðir verðlaun fyrir hvern drepinn. En þetta er orðrómur sem virðist afar erfitt að staðfesta svo kannski er þetta bara orðrómur þótt þrálátur sé.

* * *

Það er afar einkennilegt að þjóðir heimsins láti BNA um það að skilgreina hvað megi og megi ekki í vímuefnamálum. Hversu lengi ætla frjálsar og fullvalda þjóðir að láta Bandaríkjamönnum það eftir að marka stefnuna? Þjóð sem ekki er í alltof góðum málum sjálf í þessum efnum. Nú þegar hafa fleiri látist þar af völdum ópíóða en í Víet-Nam stríðinu og bara á árunum 2015-2017. Þetta ópíóðafár í BNA má rekja til vonleysis fólks, brotinnar innviða og valdaleysis fólks gagnvart auðvaldinu. Að ógleymdri afar grimmri markaðsherferð stóru lyfjafyrirtækjanna en þau framleiða *Oxycontin* og *Fentanyl*. *Fentanyl* er að minnsta kosti 50 sinnum sterkara en hreint morfín. Þarna spila saman nokkrir samverkandi þættir. Atvinnuleysi, fátækt og krafa heilbrigðisgeirans um skilvirkni. Læknir hefur ekki tíma til að sinna sjúklingum þar sem hann má ekki, vegna framleiðni, gefa sjúklingnum þann tíma sem það gæti tekið að finna undir-

Áfengi lítur einna best út á myndum og er tiltölulega meinlaust þannig.



liggjandi ástæðu fyrir verkjum. Það er miklu fljótlegra að skrifa lyfjaávisun fyrir Oxycóntín. Þá getur læknirinn tekið á móti fleiri sjúklingum, fengið bónus frá lyfjafyrirtækjunum og hærri tekjur vegna fleiri sjúklinga. Fráfarandi landlæknir *Birgir Jakobsson* kom inn á þessa klemmu í viðtali við *Stundina* í byrjun apríl 2018. Þau ríki sem hafa leyft MM [Medical Marijuana] eru í skárri málum en þau ríki sem ekki hafa leyft MM því það er loksins farið að viðurkenna að kannabis er ágætt verkjalyf sem fer betur með neytandann en ópíóðar. Á þessu ópíóðafari er líka önnur hlið og hún er sú að nú eru lyf orðin sterkari. Það er, sem dæmi, afar erfitt að misnota kókaín eins og það er notað í námunum í Bólívíu. Námumenn fá um 20 kóka-blöð með sér niður í námurnar að morgni og þetta dugar þeim til hressingar allan daginn. Það sama gildir um ópíumvalmúann. Að búa til seyði af fræbarkunum gerir fáum neitt annað en að slá á verki. Það er fjarska erfitt að misnota ópíum á þennan máta. En nútíma lyfjafræði býr til kröftugri efni og þá verður misnotkun auðveldari og erfiðara að eiga við hana. Styrkleiki ópíóða er um það bil sá að morfín er þrisvar sinnum sterkara en *kódín* og *Hydrócodone* er jafnt morfíni að styrkleika. *Oxycodone* og *OxyContin* er um það bil 50% sterkara en morfín en *Methadone* er þrisvar sinnum sterkara. *Heróín* er tvisvar til fimm sinnum sterkara en morfín og *Buprenorphine* er 40 sinnum sterkara en morfín. *Fentanyl* er 50 til 100 sinnum sterkara en morfín og lestina rekur *Carfentanyl* sem er 10.000 sinnum sterkara enda var það hannað fyrir annað en menn og hefur ekki verið prófað af vísindamönnum til notkunar á fólki. Á þessari slóð á Washington Post má skoða á sláandi grafík hver styrkleiki ópíóðanna er og ég get lofað að myndin er grípanði:


https://www.washingtonpost.com/graphics/2017/health/opioids-scale/?utm_term=.7a7098f17fe3

* * *

Þar sem fíknistríðið er að uppleggi kristin viðhorf gegn „villutrú“ snýst það um völd og jaðarsetningu hópa sem eru stjórnvöldum lítt þóknanlegir. Þau eru svo innrætt í okkur hér á Vesturlöndum, þessi kristnu grunnildir, að miklum meirihluta finnst allt í lagi að jaðarsetja neytendur og ofsækja þá. Því eitt af grunnildum kristninnar er að fólki á ekki að líða vel. Það á að þjást og fá verðlaun á himnum. Það má kallast einkennilegur andskoti að ofsækja fólk og jafnvel drepa fyrir það eitt að reyna að láta sér líða vel. Eihversstaðar hefur lýðræðið farið verulega út af sporinu því þessi þörf fyrir vellíðan fyrirfinnst alls staðar. Líka í dýrarríkinu eins og Ronald K. Siegel prófessor í Los Angeles hefur sýnt fram á eins og áður sagði. En mannkynið er orðið svo firrt og svo rækilega búið að slíta á tengsl sín við náttúruna að það verður erfitt að breyta einhverju. Þá breytir engu hvað alþjóðastofnanir, eins og GCDP [Global Commission on Drug Policy] eða jafnvel Evrópuþingið segja. Eftir tuttugu aldir eru kristin gildi orðin hluti af því sem við erum hér á Vesturlöndum, hluti menningar okkar og uppruna og erfitt að afneita þessari úreltu hugmyndafræði sem að verulegu leyti er byggð á þjóðsögum, hindurvitnum og bábiljum. Svo við höldum áfram að drepa fólk fyrir að láta sér líða vel og frá því að Nixon lýsti yfir stríði gegn vímuefnum fyrir rúmum 40 árum er talið að rúmlega 40 milljónir manna hafi látið lífið. Það þýðir rúm milljón manns á ári hverju. En það hlýtur að vera allt í lagi meðan við getum drukkið okkur full og látið áfengið ræna okkur svefni.

* * *

Það hefur stundum verið talað um Svissnesku leiðina sem ákjósanlega í vímuefnastefnu ríkis. Held að það sé óhætt að fullyrða að fyrr frjóni í víti en að sú leið verði farin hér. Til þess að rökstyðja það er rétt að fara aðeins yfir hvað var gert, hvernig og af hverjum. Svissneska leiðin hófst á




Neysluáhöld vímuefnaneytanda sem notar vímuefni í æð. Þarna má sjá spritt til sóttþreinsunar og fleira sem ómissandi er til að stunda slíka neyslu með sem minnstri áhættu.

Því að til embættis innanríkisráðherra var kosin kona að nafni *Ruth Dreifuss*. Hún lét sig málefni undirmálsfólks eins og fíkla, róna og vændisstarfsfólks til sín taka. Einkum fíkla því á þessum tíma var mikill heróín faraldur í Sviss. Þjóðin var í ágætum efnum svo þegnarnir höfðu efni á að kaupa svo dýrt efni sem heróín. Ástandið var orðið slíkt að í Zurich fóru fáir í almenningsgarða borgarinnar því fíklar og vændisfólk var búið að yfirtaka þessi svæði. Svo varð Dreifuss forseti landsins. Það sem Dreifuss gerði var að kalla á hóp fólks til fundar við sig. Þetta voru fíklar og aðrir sem málið varðaði. Þetta fólk hafði aldrei verið boðað til skrafs og ráðagerða, hvað þá í forsætisráðuneytið, á sjálfa forsetaskrifstofuna. Dreifuss spurði hópinn hvað hann vildi sjá gerast, þetta væri jú mál sem hann varðaði. Þar af leiðandi ætti hann að hafa eitthvað um það að segja. Þetta er ástæða þess að Svissneska leiðin verður ekki farin hér. Engum ráðamanni hér kæmi það nokkurntíman til hugar að kalla til þá sem málið varðaði úr lægstu stigum þjóðfélagsins og spyrja þá álit. Það er nefnilega grundvallarmunur á afstöðu Dreifuss og íslenskra ráðamanna. Eins og Dreifuss orðaði það sjálf, væri hún forseti allrar þjóðarinnar og þar væri engin þegn undanskilin. Hér er afstaða valdhafa, og kannski ekki síst embættismannakerfisins, sú að ráða, hafa stjórn á, ekki þjóna. Enda náði Dreifuss eftirtekta-verðum árangri og aftur eru farin að sjást börn að leik í almenningsgördum og venjulegir borgarar eru búnir að endurheimta miðborgina. Góður hluti fíkla eru nú komnir í viðhaldsmeðferð í Sviss og eru orðnir þátttakendur í þjóðfélaginu. Búnir að fá hlutverk, tilgang og hjálp. Þess má geta að fyrrverandi aðstoðarmaður Dreifuss hjá Global Commission on Drug Policy var fíkill sem aflaði sér tekna með vændi. Þær aðgerðir sem Dreifuss greip til hafa leitt til þess að ekki einn einasti fíkill hefur dáið úr

ofskammti síðan tilhögun hennar var að fullu innleidd þegar hún var orðin forseti. Þá hefur ópíóðafíklum fækkað og neysla vímugjafa eitthvað dregist saman yfir heildina. Enda voru Bandaríkjamenn ekki par ánægðir með aðgerðir Dreifuss svo *Bill Clinton* þáverandi forseti sendi *fíknizar* Hvíta hússins *Barry McCaffrey* til Evrópu og hann byrjaði í Haag. Þar setti McCaffrey sig á háan hest á blaðamannafundi og talaði niður til Hollendinga fyrir frjálsræði kaffihúsanna. Nei annars, segjum það bara eins og það er. Hann hagaði sér eins og nýlenduherra og skammaði Hollendinga eins og smákrakka og kornabörn. Þegar Dreifuss las um hegðun McCaffrey í blöðunum hringdi hún í hann og sagði honum að það yrði enginn blaðamannafundur í Sviss. Hann væri ekki meira en svo velkominn.


Mér er fyrimunað að sjá það fyrir mér að heilbrigðisráðherra kalli í útbrunninn róna til að spyrja hann ráða. Frekar er sest niður með einhverjum eins og *Þórunn Tyrfingssyni* sem er þó alls góðs maklegur. En hann er ekki róni á götunni. Hann er betur klæddur og snyrtilegri. Þannig að ég á ekki von á því að svissneska leiðin verði farin hér. Embættismannakerfið kemur með einhverja mislukkaða smíð eins og endranær, ef eitthvað á að gera yfirhöfuð og þegnumum verður gert að búa við það. Það er næsta víst að hér verður fundin „séríslensk“ leið af því að í oflátungshætti okkar og mikilmennskubrálæði teljum við alltaf að við gerum hlutina betur en allir aðrir og erum ófær um að læra af öðrum þjóðum. Nema náttúrlega ósiðina. Það sést reyndar á fréttum nú um stundir, 29 einstaklingar látnir úr ofskammti ópíóða frá áramótum sem gerir nálega einn á viku það sem af er ári þegar þetta er skrifað. Það yrði eitthvað sagt, og kannski meira að segja eitthvað gert, ef þarna væru um að ræða banaslys í umferðinni. Eða slys á sjó. Ef sinna á fíklum verður að

Placebo




WIKIMEDIA | Creative Commons

Psilocybin



WIKIMEDIA | Creative Commons

Þessar tvær myndir eru afar athyglisverðar. Þær eru frá Imperial Collage í London og sýna heilavirkni, annarsvegar undir áhrifum sílósbíns og hinsvegar í venjulegu vökuástandi. Þær eru mörgu sinnum fleiri brautirnar sem eru virkar undir áhrifum sílósbíns heldur en í venjulegu vökuástandi.



WIKIMEDIA | PUB

hlusta á hvað þeir hafa að segja. Slagorð minnihluta- og jaðarsetta hópa eins og fíkla hefur löngum verið: **ekkert um okkur án okkar**. Og það er mergurinn málsins, það þarf að tala við neytendur og jafnvel mætti að koma á fót umboðsmanni neytenda sem kæmi þá úr þeirra röðum og fengi frið fyrir lögreglunni til að sinna starfinu. Neytandi í neyslu veit betur hvar skórinn kreppir að þessum jaðarsetta hópi en einhver embættismaður úr ráðuneyti.

* * *

Til þess að ná einhverjum árangri í vímuefnamálum er augljóslega eitt atriði sem ég held að sé nokkuð klárt að sé grundvallaratriði. Við þurfum að breyta umræðunni. Það er held ég fyrsta skrefið. Næsta skref væri þá eðliega að hafa náði samráð við þá sem málið varðar. Það verður aldrei hægt að ná neinni sátt í vímuefnamálum ef það er alltaf rætt frá lægsta samnefnara. Það eru ekki allir sem nota áfengi alkar og rónar. Það er mikill minnihluti og það sama gildir um öll önnur vímuefni. Vímuefni eru nefnilega fjölbreytt og neysla sem hentar einum þarf ekkert endilega að henta öðrum. Ég hef lent í því í bygg-ingavöruslun á höfuðborgarsvæðinu að standa fyrir framan starfsmann á gólfi og reyna að ná athygli hans. Það var ekki nokkur vegur því hann var alls ekki á staðnum og var að horfa á eitthvað úti í góða tóminu. Ef vímuefnaneysla er eins algeng og hættuleg og umræðan segir, einkum í fjölmiðlum, þá ætti maður eiginlega að vera að rekast á nokkra svona á ári en ekki einn á heilli ævi.

Nú skulum við hafa í huga að það eru fjölmiðlar sem hafa búið til viðhorfin til vímuefna og fjölmiðlar eru að leita að því sem selur svo ef hægt er að hafa umfjöllunina nógu krassandi þá er það bara hið besta mál frá sjónarhóli fjölmiðilsins. Þar sem viðhorf almennings til vímuefna eru beinlínis búin til af fjölmiðlum liggur beinast við að

gera þá kröfu til þeirra að stunda vandaða umfjöllun sem byggð er á vísindalegum staðreyndum því engum dettur í hug að fjalla um flug eingöngu út frá flugslysum. Eða samgöngumál eingöngu út frá bílslysum og tala bara við starfsfólk bráðmóttökunnar. Jafnvel sérfræðingar sem ættu að vita betur láta oft frá sér fullyrðingar sem eiga enga stoð í vísindum, jafnvel að vísindin séu á öndverðum meiði. Þetta hefur mér fundist vera áberandi þegar fulltrúar SÁÁ koma í viðtal. Mér virðist stundum eins og þessir aðilar hafi enga innsýn í rannsóknir síðustu 40 ára eða svo. Þó hafa aldrei orðið eins miklar framfarir í læknisfræði og tækin og tæknin til að skoða verða alltaf fullkomnari og fullkomnari og fleiri og fleiri svið mannglegrar náttúru hægt að skoða, mæla og kortleggja.

Maður veltir því óhjákvæmilega fyrir sér hverra hagsmuni sé verið að vernda með því að halda umfjölluninni ofan í þessu gamaldags skotgrafarkarpi. Því enn þann dag í dag er verið að byggja meðferðarstarf á kenningum frá fyrrihluta síðustu aldar. Ég er nokkuð viss um að ef verið væri að stofna AA samtökin nú væru kennisetningarnar öðruvísi. *Bill W.*, stofnandi AA, vildi nota aðrar aðferðir en trúmennirnir í stjórn AA voru alfarið á móti því svo *Bill W.* varð að bakka með að nota *LSD* til handa alkóhólistum. Enda eru vísindi og trúarbrögð tvennt ólíkt. En eins og hefur verið rakið hér að framanverðu byrjaði bannhyggjan og meðferðarstarf AA með trúarbrögðunum. Ekki vísindum.

Eins og allt þetta sé ekki nóg, er það bara þannig að sum þeirra efna sem fíknistríðið beinist að eru bara hreint ekki ávana- og fíkniefni. Það er einn vímuefnaflokkur sem þar sker sig úr á allan hátt. Þetta eru „sækadelísku“ efnin. Efni eins og *LSD*, *meskalín* og *sílósíbín* og fleiri. Jafnvel mætti setja *kannabis* í jaðar þessa flokks. Þessi efni, undanskil *kannabis* hér, valda ekki ávana. Það er ekki hægt að verða háður

Dómkirkjan í Páfagarði í Róm. Basilíka Heilags Péturs og Péturstorgið. Til hægri sést í bústað umboðsmanns almættisins hér á jörð. Það þarf töluvert fé til að byggja slíkar hallir og ekki er viðhaldið alveg ókeypis. Skattgreiðendur um allan heim borga það.



þeim. Það er meira að segja illa gerlegt að drepa sig á þeim. Þá hafa dýratilraunir sýnt að þau nota efni ekki aftur, nema jagúarinn í Suður-Ameríku sem fær sér stundum *Banisteriopsis caapi* sem er vafningsplanta sem vex í frumskóginum. Þannig að þessi efni eru ekki ávanaefni. Þá eru þessi efni svo kröftug fyrir sálina að flestir sem prófa taka sér góða pásu milli tilrauna, jafnvel árum eða áratugum saman. Það þarf líka að nota annað orð en „fílkni-“ forskeytið þegar þau eru rædd. Yfirgnæfandi meirihluti neytenda koma breyttir og með breytta afstöðu til lífsins og síns eigin sjálfs eftir „ferð“. Sálkönnuðir, sálfræðingar og geðlæknar eru núna, eftir nokkurt hlé, að gera tilraunir með þessi efni til lækninga og óhætt er að segja að þau lofa góðu í höndum fagaðila. Ástæða þess að þau hafa ekki verið rannsökuð að neinu gagni skrifast á fíknistríðið. Vei hverjum þeim vísindamanni sem vildi rannsaka þessi efni á vísindalegan hátt. Hann gat átt á hættu að lenda í fangelsi sem „eiturfjafsalí“, því að sjálfsgöðu eru löggæslufirvöld og dómskerfi ekkert að setja sig inn í málin og vinna bara samkvæmt lögum. Það má segja um þessi efni að þau hafa liðið fyrir rannsóknir frumherjanna, *Dr. Timothy Leary* og hirðarinnar kringum hann. En skammstafanirnar í BNA sem um þessi mál fjalla, NIDA, FDA, DEA og fleiri, sáu þó sóma sinn í því að leyfa tilraunir með eitt þessara lyfja, *síló-síbín*. Þær tilraunir hafa nú staðið í meira en áratug og enn sem komið er lofa þær góðu í höndum meðferðaraðila. Það er athyglisvert í þessu sambandi að síló-síbín er fyrsta efnið frá upphafi NIDA sem leyft er að gera tilraunir með án þess að læknismeðferð sé markmiðið með notkun efnisins og tilrauna með það í þá veru. Rúm 70% þátttakenda í tilraunum þessum eru sammála um „að þetta [þ.e. „ferðin“] sé áhrifamesta reynsla lífsins“, „most profound experience of my life“ er það orðað í bók eftir *Michael Pollan* sem heitir *How to change your mind*.

* * *

Ein af ástæðum þess að sum þessara efna gleymdust má skrifa á katólsku kirkjuna. Katólska kirkjan hefur verið afar iðin við að banna mönnum ánægju og gleði og þegar trúboðar komu til Suður-Ameríku og urðu vitni að neyslu innfæddra á ýmsum sveppum sem þeir kölluðu „*Teonanacatl*“ eða Guðahold, voru þeir svo fljótir að banna hana og uppræta með aðstoð hersins að venjan og helgisíðirnir meðal innfæddra féllu í gleymsku. Svo það var ekki fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar að áhuga sveppanörð, ósköp grár og venjulegur bankastjóri frá New York að nafni *Robert Gordon Wasson* ásamt konu sinni *Valentinu* uppgötvaði „*töfrasveppi*“ hjá hinni frægu seiðkonu *Mariu Sabinu* í Mexíkó. Auðvitað skrifaði Wasson grein um fundinn sem birtist í *Life Magazine* 13. maí 1957 og olli nokkru fjaðrafoki í vissum hópum. Sem aftur rústaði lífi þorpsbúa í *Huautla*, því um leið og það var ljóst hvaða þorp þetta var, flykktist fullt af misæskilegu fólk þangað.

En katólska kirkjan hefur í gegnum aldirnar verið iðin við að banna það sem veitir þjáðum almúganum á hamstrahjólum hagvaxtarins ánægju og gleði. Ekki bara ánægju og gleði því saga kirkjunnar hvað varðar bönn gegnum tíðina er löng og fjöldi þeirra sem hefur orðið fyrir barðinu á henni er drjúgur. *Galileo*, *Kópernikus*, *Bruno* og fleiri lentu allir í fordæmingu kirkjunnar. Ekki var meiri hrifning hjá kirkjunni á *Darwin* heldur. Þetta viðhorf kirkjunnar er kannski undirliggjandi forsenda þess að hún hefur ekki tjáð sig eða tekið þátt í umræðunni hér. Er hún að reyna þöggun? Því þögnin er ærandi. Skjalfest dæmi um bönn kirkjunnar gegnum tíðina segja frá að hún bannaði hátíðina í Eleúsís í Grikklandi hinu forna, bannfærði kaffi, bannfærði tóbakið, bannaði spil og ýmsilegt fleira sem fólk hefur í gegnum tíðina stytt sér stundir við.

Einn algengasti löstur mannsins er neysla tóbaks með bruna
sem getur valdið krabbameini.



Nú þurfum við að spóla aðeins til baka til Grikklands hins forna eða rúm 2000 ár.

Þegar hátíðin í Eleúsís var haldin var þjóðfélagið svo mikið öðruvísi en það er nú að það er erfitt fyrir okkur að setja okkur í þau spor. Fyrir það fyrsta voru engin kristin siðferðisgildi, heldur einhver allt önnur gildi. Siðsemi og hófsemi virðist ekki hafa verið hampað, heldur lét fólk undan löngunum sínum, rétt eins og dýr merkurinnar. Fólk lifði lífi sínu og engir bindindispostular eða bann-sinnar sögðu því fyrir verkum eða hvernig það átti að haga sér. Þannig að fólk sukkaði eins og það lysti þegar því sýndist því það var ekki búið að finna upp Excelskjölin sem allt byggist á nú. Þess á milli dunduðu menn sér við að finna upp heimspeki, leiklist, stærðfræði, bókmenntir, lýðræði og ýmislegt fleira sem vestræn menning byggir á enn þann dag í dag. Þeir sem fundu hana upp og lögðu undirstöðuna voru sukkarar og notuðu vímuefni. Það má velta því fyrir sér hvort hún hefði orðið sú sem hún er í dag ef ekki væri fyrir vímuefnaneysluna sem höfundar hennar stunduðu. Það er a.m.k. nokkuð ljóst að eitthvað hefði hún orðið öðruvísi. Svo er það matsatriði hvers og eins hvort hún hefði orðið betri eða verri.

Það voru engir innviðir eins og við þekkjum nú. Engir vegir, engin sjúkrahús, engin lögregla, engir skólar sem líkjast menntastofnunum í dag. Lífið var einfaldara, hættulegra, skítugra og erfiðara. Það var hin eðlilega skipan mála og sú skipan hefur líka verið í löndunum í kring, eins og t.d. í Palestínu. Og þar fæðist snikkara og frú hans sonur um jólaleytið árið 0 sem átti eftir að hafa gífurleg áhrif á komandi öldum. Þar sem fólk lét undan löngunum sínum á þessum tíma tel ég það næsta víst að bæði Jósef og María hafi gert slíkt hið sama. Sérstaklega þar sem ekki er víst að þau hafi verið alveg meðvituð um getnað eða yfirhöfuð hvernig börn verða til. Jesús Jósefs-

son fæðist inn í þessa þjóðfélagsskipan og hagar sér í samræmi við siði tímans. Honum finnst til dæmis ekkert að því að splæsa á línuna og breytir vatni í vín að sögn, þannig að ekki hefur hann beinlínis verið að hvetja til bindindis. En að honum gengnum fara lærisveinarnir á stúfana og úr verður sístækkandi hópur áhangenda sem árið 313 fær lögleiðingu á trú sinni í Róm og 380 er kristin trú gerð að ríkistrú þar.

Svo líða aldirnar og alltaf herðir kirkjan tókin, bæði á veraldlegum yfirvöldum og ekki síst alþýðunni og skipar málum eftir því sem hentar best fyrir Páfann í Róm og kirkjuna í heild. Einkum er kirkjunni uppsigað við þá sem hún telur að ógni valdi sínu. Og rétt eins og aðrir kapítal-istar svínbeygði hún alþýðuna og arðrændi. Þá eru bönn einföld og hagkvæm leið til stjórnnar. Kirkjan hefur alltaf verið dragbítur á framfarir og barist á móti vísindum og þekkingu enda eru topparnir ekki svo skyni skroppnir að þeir geri sér ekki grein fyrir því að með aukinni þekkingu og vísindum á hlutverk hennar bara eftir að minnka. Það var kirkjan sem bjó til goðsögnina um fæðingu Jesú og það var kirkjan sem gaf út biflíuna sem tíundar líf hans. Sögurnar af frelsaranum eru fjölmargar en sú sem stendur upp úr í fátíðni að mínu viti er þegar Jesú á að hafa vakið upp frá dauðum mann sem einfaldlega stóð upp og fór heim. Þessi saga stenst engan veginn því fyrir það fyrsta er nokkuð hlýtt í Palestínu og það er ástæða þess að framliðnir eru grafnir sama daginn og þeir andast eða daginn eftir. Lík eru fljót að rotna í slíkum hitum svo ég held að mér sé óhætt að fullyrða að útilokað sé að lík sem farið er að rotna standi upp, taki líkklæðin og tölta heim. Sömu rök má augljóslega nota um upprisuna.

Það er þó ekki þar fyrir að kirkjan sé alsæl. Hún var á miðöldum í gegnum klaustrin helsta mennta og menn-ingarsetur, ásamt því að vera eiginlega eina félagslega-

og lækningahjálpin sem fátækir og sjúkir höfðu aðgang að. En vei þeim sem fór út af línunni. Þá kom bannfæring eða eitthvað þaðan af verra eins og Rannsóknarrétturinn er skýrasta dæmið um. Svo völd og auður kirkjunnar varð gífurlegur og þ.a.l. var kirkjunni annt um að halda óbreyttu ástandi. Það er líka sérstakt að kristni og Islam eru nálega einu trúarbrögðin sem banna mönnum hvaðeina sem veitir ánægju og líkn. En eftir tvö þúsund ár leiðir af sjálfu sér að eitthvað situr eftir af innrætingunni.

Þannig hefur kirkjan haldið áfram allar götur síðan svo það er kannski ekki skrítið að það heyrst ekki mikið í henni um fíknistríðið og fórnarlömb þess. Gæti breytt einhverju fyrir hana.

* * *

Terence McKenna, frá Berkleyháskóla, hélt fram þeirri tilgátu að sílósbín sveppir ættu a.m.k. þátt í, ef þeir væru ekki beinlínis þess valdandi, að *Homo erectus* þróaðist í *Homo sapiens*. Neysla þeirra hefði verið úrslitaþáttur í þróun tungumáls og breyttra samskipta auk þess að vera kveikjan að trúarbrögðum. Þessi kenning er þó afar umdeild meðal þeirra sem hafa ekki prófað sveppi. Neytendur eru flestir á þeirri skoðun að hún gæti verið rétt.

Það er athyglisvert í sambandi við þessa smáu sveppi af ættinni *Psilocybe* að útbreiðsla þeirra fylgir nokkuð mannum, kraftmestu afbríði þeirra eru miklu algengari í borgum en úti í náttúrunni. Tegundirnar eru taldar vera um tvö hundruð og flestar innhalda sílósbín. Samkvæmt því sem *Paul Stamets*, bandarískur sveppafræðingur og *TED* fyrirlesari, segir hafa þeir verið notaðir af mönnum við helgiathafnir í sjö þúsund ár. En *Stamets* segir annað sem er ekki síður athyglisvert. Hann heldur því fram að sveppir hafi verið með fyrstu lífverum jarðarinnar og sameiginlegur forfaðir allra tegunda séu sveppir. Það er að minsnta kosti vitað nokkuð óyggjandi að sveppir hafa verið hér í 430 milljón ár.

Sílósbín breytist í *sílósin* í meltingarveginum en sílósin hefur þau áhrif að það opnar fyrir 5-hýdróxítryptamín_{2A} móttakara heilans og þessi móttakarar fara að „skjóta“ sem leiðir af sér að það opnast fyrir aukna og dýpri skynjun, t.d. á náttúrunni eða trúarbrögðum. Af því sem að framan segir um LBS (litlu brúnu sveppina) er það mín skoðun að þeir eigi í öllu falli ekki heima í lögum um ávana- og fíkniefni. Neysla þeirra, t.d. meðal primata sýnir það, því 23 tegundir primata þekkja þá og neyta þeirra stöku sinnum.


Að sama skapi á LSD ekki heima í lögum um ávana- og fíkniefni. *Albert Hoffman* uppgötvaði það 1943 og var sá fyrsti sem prófaði efnið er hann fékk smádropa á húð. Það benti til að efnið væri ansi sterkt og við nánari skoðun kom í ljós að LSD er eitt sterkasta efni sem maðurinn hefur fundið, –og notað, og eru neysluskammtar mældir í mikrógrömmum eða milljónasta hluta úr grammi. Það er talið að 400 mikrógramma skammtur sé um það bil 650.000 sameindir efnisins. Á fimmta, sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar var efnið mikið rannsakað af fagaðilum eins og geðlæknum, sálfræðingum og læknum. Það sýndi sig að í höndum þeirra gat það gagnast við ýmsum þeim kvillum sem herja á geð manna og lofaði góðu við meðferð á alkóhólisma, dauðakvíða og fleiru. Það voru vísindamenn af fystu skúffu sem stjórnðu þessum tilraunum bæði við *Berkley* og *Harvard*. Eitthvað var *CIA* líka að skoða efnið til notkunar í hernaði en eftir um áratugs skoðun var þeim tilraunum hætt. En svo kom *Leary* og hirðin kringum hann og allt breyttist.

Sú saga er löng og dapurleg en í stuttu máli má segja að með óvísindalegri hegðun sinni hafi *Leary* orðið þess valdandi að LSD sem hafði verið litið fremur jákvæðum augum varð nú tákn alls þess sem fólk óttaðist. Ekki síst stjórnvöld sem höfðu ímugust á þessum trúboða

sýngjafanna sem Leary gerðist bæði meðan hann var hjá Harvard og eins eftir að hann var rekinn þaðan. En það kom eitt og annað út úr þessum tilraunum, sérstaklega á vesturströndinni. Því hefur verið haldið fram að *Kísildalur* hefði aldrei orðið það sem hann varð án sýngjafanna, einkum LSD. Sem dæmi um það má taka tilraun sem gerð var undir stjórn *James Fadiman* og *William Harman*. Meðal „tilraunadýra“ í einni tilrauninni var *Doug Engelbart* sem var tölvuverkfræðingur. Tveimur árum eftir að hann tók þátt í tilrauninni kynnti hann og sýndi, á ráðstefnu sem gjarnan er kölluð „móðir allra kynninga“ (*mother of all demos*), tölvumúsina, grafískt viðmót, texta breytingar, hypertext, samtengdar tölvur, tölvupóst og videó-ráðstefnur. Enn þann dag í dag er LSD notað í míkró-skömmtum, þ.e. um 100 míkrógrömm, í mörgum skapandi tæknifyrirtækjum í Kísildal, gjarnan eftir hádegi á föstudögum. Þá „trippa“ starfsmenn og „brainstorma“. Bæði *Steve Jobs* og *Bill Gates* hafa viðurkennt að hafa notað LSD. Tvær bestu bækurnar ef menn vilja fræðast nánar um áhrif LSD í Kísildalnum, að mínu viti, eru *From Counterculture to Cyberculture: Stewart Brand, the Whole Earth Network, and the Rise of Digital Utopianism* eftir *Fred Turner* og *What the Doormouse Said: How the Sixties Counterculture Shaped the Personal Computer Industry*. Þar sem verið var að skoða LSD í Kanada tók meira að segja katólska kirkjan þátt eins og sjá má í bréfi sem *Al Hubbard*, einn frumherjanna í rannsóknum á efninu, geymdi frá *Monsignor Brownmajor*, pótintáta kirkjunnar í Vancouver en þar segir: „Við nálgumst þessvegna þessar kannanir á áhrifum þessara sækadelísku efna á huga mannsins og erum óþreyjufullir að komast að því hvaða eiginleikum þau búa yfir, og í auðmýkt hvaða stað þau hafa í hinni guddómlegu skipan.“


* * *

Árið 1965 fóru fjölmiðlar af ýmsum orsökum í panikk gírinn. Það helltust yfir almenning mis sannar frásagnir af fólki sem átti að hafa gert hitt og þetta undir áhrifum og var fæst af því fallett eða til eftirbreytni. LSD átti að eyðileggja litninga, valda blindu, því fólk átti að horfa í sólina o.s.frv.. Þegar blaðamaður kannaði sannleiksgildi þessara frásagna nokkrum árum seinna kom í ljós að þótt þær væru kannski settar fram af góðum hug og með göfugum markmiðum, voru þær flestar uppspuni frá rótum. Þannig að þegar hér var komið sögu var farið að hitna undir Leary og *Richard Alpert* samstarfsmanni hans í Harvard og að endingu voru þeir reknir. Vísindamenn víða um Bandaríkin bókstaflega grátbáðu Leary um að gæta hófs í yfirlýsingum því það myndi bitna á öllum rannsóknum á lyfinu. En Leary, með sitt eilífa aulabros, gaf bara í og kom með fjarstæðukenndar yfirlýsingar eins og að „LSD væri miklu hættulegra en sprengjan“ eða „*Krakkarnir sem taka LSD munu ekki berjast í stríðum ykkar. Þeir munu ekki ráða sig hjá fyrirtækjunum ykkar.*“ Og þetta voru ekki orðin tóm því þúsundir ungmenna fóru eftir því sem Leary sagði, hættu í námi, tóku LSD og hópuðust saman á götum *Height-Ashbury* í San Francisco eða *East Village* í New York. Þetta átti lítinn hljómgrunn hjá yfirvöldum mesta herveldis heims sem byggir stóran hluta hagkerfisins á vopnaframleiðslu. Þá þurfa þeir sem framleiða vopn að selja þau og þá er einfaldast að starta stríði einhverstaðar á heimskringlunni, nógu langt frá BNA og þegar þarna var komið sögu voru Bandaríkjamenn að taka við stríðinu í Viet-Nam af Frökkum. Svo nálega öllum rannsóknum á LSD var hætt og 1966 var búið að rústa bæði kunnáttu og þekkingu sem hafði verið aflað. Eiginlega sá eini sem maldaði í móinn sem ekki var viðriðinn vísindasamfélagið var öldungadeildarþingmaður frá Massachusetts að nafni *Robert Kennedy* en *Ethel*



WIKIMEDIA I PÚB

Fjórar af 12 bókum Castaneta. Fyrsta bókin, The Teachings of Don Juan: A Yaqui Way of Knowledge var skrifuð sem mannfræði ritgerð vegna útskriftar úr háskóla. Áhugafólk um shamanisma ætti að kynna sér þær.



WIKIMEDIA

Tölvusneiðmynd af heila einstaklings sem fékk lyfleysu og til samanburðar heili undir áhrifum LSD. Virðist töluvert meira í gangi undir áhrifum.



Niko Pekonen | Imgur

Það er ekki oft sem það nást myndir af vísvitandi vímuefnaneyslu annarra en manna.

kona hans hafði fengið lækningu á sínum krankleika með LSD á Hollywood spítalanum í Vancouver. Kennedy krafði FDA um svör frammi fyrir þingnefnd. „Ef þessar tilraunir voru vel þess virði fyrir hálfu ári, af hverju eru þær það ekki núna?“ spurði Kennedy en fátt varð um svör. Kennedy hélt því fram að það væri skaði „fyrir þjóðina“ ef sækadelíks væru bönnuð til lækninga vegna ólöglegar notkunar. „Kannski höfum við misst sjónir á þeirri staðreynd að þau geta verið mjög, mjög hjálpleg í þjóðfélaginu ef þau eru notuð rétt.“ Hvernig skyldi standa á því að sama gildir ekki um ópíóða, læknislyf sem eru misnotuð af Pétri og Páli á götunum? Á því held ég að sé augljósasta skýringin sú að sækadelík-efnin eru oftast tekin einu sinni eða tvisvar en ópíóðarnir aftur og aftur. Það er sem sagt betri business og lyfja-iðnaðurinn er ekki í því að lækna fólk, heldur að framleiða lyf og best er að hafa marga reglulega áskrifendur að lyfjunum sem ekki yrði raunin með sækadelísku lyfin.

* * *

Öll klassísku sækadelíksefnin, LSD, meskalín og sílósíbín, virka á serótónínviðtaka í heila og taugakerfi sem kallast 5-HT_{2A} þótt sækadelíksefnin séu nokkuð meira viðloðandi hann en serótónín. Það virðist leiða til minna blóðflæðis til heilans sem veldur því að DMN (Default Mode Network) virðist minnka eða jafnvel hverfa og það slokkknar á einræðu heilans sem DMN stjórnar og eftir stendur sjálfið eitt meðan áhrifin vara og neytendum finnst þeir vera í auknum tengslum við undirmeðvitundina, guð og náttúruna. Það er kannski ástæða þess að fólk er hrætt við þessi efni. Gætu farið að hugsa sjálfstætt. Það sýndu rannsóknir Carhart-Harris, Davids Nutt og félagi hjá Imperial Collage og ég er persónulega sannfærður að innan fárra ára verður sílósíbín mjög öfugt verkfæri í höndum geðlækna, meðferðaraðila og sálfræðinga.

* * *

Fyrir fjölda mörgum árum las ég bækur eftir Carlos Castaneta um seiðskrattann (*brujo*) Don Juan Mates. Castaneta var að vinna mannfræðiritgerð við háskóla í Californiu og ákvað að taka viðtal við innfæddan töfralækni eða seiðskratta. Don Juan kynnti Casaneta fyrir ýmsum sækadelíkefnum, fyrst og fremst *peyote* en líka *gaddepli* (*Datura stramonium*). Don Juan sagði að þau væru nauðsynleg til að slökkva á einræðu hugans sem aldrei þagnar. Aðeins með því að slökkva á einræðu hugans næði Castaneta að „sjá“ í stað þess bara að horfa. Það er nákvæmlega það sem sækadelíksefnin gera. Þau taka DMN tímabundið úr sambandi svo fólk fer að „sjá“ í stað þess bara að horfa. Meðal annars þessvegna eru þessi efni á bannlista yfirvalda. Það þarf með öllum ráðum að koma í veg fyrir að fólk „sjái“ þau fyrir það sem þau eru og fyrir hvað þau standa. Hvernig fólk getur komist í betri snertingu við sjálfið. Hverra hagsmuni er verið að vernda? Við getum verið þess fullviss að það eru ekki hagsmunir almennings enda sagði Tom Insel fyrrverandi framkvæmdastjóri NIMH (*National Institute of Mental Health*), reyndar af öðru tilefni og í öðru samhengi, að DSM (*Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*) flokkunin í þessari alþjóðlegu greiningahandbók geðheilbrigðisstarfsfólks hefði „meira að gera með þægindi tryggingabransans en nokkuð annað“.

* * *

En hvað er svo málið með það að bandarísk stjórnvöld skuli ráða fyrir allan heiminn í vímuefnamálum? Var einhver sem kaus þau til þess? Eða var einhver alþjóðastofnun sem fór þess að leit við þá að þeir tækju málið að sér, þ.e. að setja stefnuna fyrir allan heiminn? Ef svo hefur verið finnast engar heimildir um það, a.m.k. hef ég ekki rekist á þær. En ég hef rekist á ýmislegt annað sem kemur mér á þá skoðun að Bandaríkjamenn ættu að hafa vit á því að skammast sín og grjóthalda kjafti. Þjóð sem



Æjúaska er bruggað úr *Banisteriopsis caapi* sem blómstrar afar fallega.

Vojtěch Zavadil | Wikimedia Creative Commons

kýs mann eins og Donald Trump til að stjórna sér ætti að halda sig til hlés. Að mínu viti er hún þess ekki umkomin að segja öðrum fyrir verkum og ef hún gerir það samt er það yfirgangur og ofbeldi. En Kaninn hefur svo sem aldrei verið feiminn við slíkt.

* * *

Meskalín hefur verið nokkuð rannsakað á seinni árum því í ljós hefur komið að meðal frumbyggja í Ameríku hefur það verið notað af seiðskrottum til að takast á við alkóhólisma og 1971 sagði sálfræðingurinn Karl Menninger á ráðstefnu Sálfræðingafélags Ameríku að „*peyote skaðar þetta fólk ekki...Það er betra mótefni gegn áfengi en nokkuð sem trúboðar, hvíti maðurinn, Amerísku læknasamtökin og heilbrigðiskerfið hafa boðið upp á.*“ Og þar er meskalín í flokki

með öðrum sækadelískum efnum eins og LSD, *ibogaine*, sílósíbín og *Ayahuasca*. Í ljós hefur sem sagt komið að þessi efni virðast gagnast afar vel við alls konar fíkn sem bendir til þess að hún, fíknin, sé vegna óreiðu í hugsanagangi sem í yfirgnæfandi tilfella stafar af áfalli, oftast í æsku. Þá hætta 80% þeirra sem prófa sílósíbín að reykja.

* * *

Anton Chekhov var rússneskur rithöfundur auk þess að vera læknir. Fyrir margt löngu skrifaði hann: „*Ef margar aðferðir eru ráðlagðar við veikindum, geturðu verið viss um að sjúkdómurinn er ólæknanlegur.*“ Ef þetta er rétt hvað eigum við þá að halda um lækningu sem gagnast við mörgum geðsjúkdómum? Röskunum sem eru eins ólíkar og þunglyndi, fíkn, kvíði og árattu- og þráhyggjuröskun auk át-

röskunar? Eru þessir sjúkdómar þá líkari hver öðrum og eiga fleira sameiginlegt en við höfum haldið? Allt þetta hefur verið kannað hjá virtum stofnunum eins og *Imperial Collage*, *Stanford* og *Hopkins*. Þessar raskanir hafa verið rannsakaðar með tilliti til sækadeliðsefna, einkum síló-síbíns. Gallinn er hinsvegar sá að næstum öll sækadeliðsku efnin eru bönnuð alþjóðlega í Single sáttmálanum og öðrum alþjóðasamningum SP og undirstofnunum þeirra, um ávana- og vímuefni. Ríkjandi yfirstétt virðist slétt sama um þjáningar fólks og fer frekar í stríð við það en að hjálpa því.

* * *

Dr.Gabor Maté hefur verið að kanna *Æjúaska* sem einnig er nefnt *Yagé*, *Æjúaska* er brugg sem gert er úr vafn-ignsvið sem vex í regnskógum Amazon og heitir á latínu *Banisteriopsis caapi*. Það er mörg staðfest dæmi um neyslu Suður-Ameríska jagúarsins á tédri jurtt svo geta má sér þess til að menn hafi lært notkun á jurttinni af honum

* * *

Það er líklega rétt svona í lokin á þessum hluta að fjalla aðeins um DMN eða *Default Mode Network* þótt það komi fíknistríðinu ekki nema óbeint við. Það var skilgreint og staðfest af *Marcus Raichle* taugalækni við háskólann í Washington 2001. Það gerði hann í tímamótagein í *Proceedings of the National Academy of Science*. En hvað nákvæmlega er það? Ýmsir hafa líkt því við framkvæmdastjóra, þ.e. framkvæmdastjóra heilans. Það byrjar að myndast við fimm ára aldurinn til að henda reiður á öllu því áreiti sem heilinn verður fyrir. Smám saman fer DMN að virka eins og sía og síar út það sem reynslan kennir okkur að hafi lítinn tilgang í lífinu og sjóndeildarhringurinn þrengist. Það má líkja þessu við að manneskjan fari að reiða sig meira á vasaljós en flóðljós til að horfa í kringum sig. Við kæmumst sennilega illa af

ef DMN væri ekki á fullu við að raða því sem við upplifum og skynjum og DMN verður til þess að við öðlumst reynslu sem við getum gengið í og hent reiður á. DMN er sem sagt yfirstjórnandi heilans. The main man eins og rappararnir segja. Það stjórnar heilavirkni við svæði í *heilaberki* (*cerberal cortex*) sem einkum sjá um minni og tilfinningar. Það fannst fyrir tilviljun vegna nýrrar tækni sem komin var til sögunnar og gengur undir heitinu *fMRI* sem er *functional magnetic resonance imaging*. Það þýðir að í stað mynda af einstökum líkamshlutum nemur fMRI virkni einstakra hluta, eins og blóðflæði sem að öllu jöfnu sýnir virkni viðkomandi líffæris. Og það var þessi tækni sem *Carhart-Harris* og *David Nutt* hjá *Imperial Collage* notuðu.

Heilinn vinnur samkvæmt ákveðinni stéttarskipun. Efst trónir DMN, þar býr egóið og það er egóið sem stjórnar lífi okkar frá einum tíma til annars. Það er DMN sem sér um að halda hlutunum öllum sem heild eftir ákveðnu skipulagi og slá á óæskilegar tilhneigingar. Þar sem heilinn er samsettur úr nokkrum sérhæfðum einingum, sjón, heyrn, hreyfigetu o.s.frv. kemur DMN á sambandi og stjórn á og á milli þessara kerfa sem leiðir til þess að flest okkar fúnkerum sem óbrjáláðir einstaklingar. Og það er einmitt það sem DMN gerir. Það hefur stjórn á kerfi sem er svo óendanlega flókið að ef ekki væri vegna DMN mundi það leiða flesta til geðveiki. DMN hefur líka verið kallað „ég-kerfið“. Enda er það DMN sem gerir okkur að því sem við erum. Prófessor David Nutt skóf ekkert utan af því þegar hann sagði um DMN: „*Við höfum fundið taugatengda kúgun.*“ Svo það er ekkert skrítið að valdhöfum hafi ekki beint líkað að síló-síbín og LSD leystu upp egóið, sjálfið, og svo sagði Timothy Leary að ungmenni sem notuðu sækadeliðs færu ekki í stríð. Svo það þótti betra að fara í stríð við efnin og neytendurna.

Þeir láta ekki mikið yfir sér þessir litlu brúnu sveppir
sem bannistar kalla gjarnan litla brúna andskota.
Þetta er *Psilocybe mexicana*.



fáránleikinn nakinn

Fíknistríðið hefur nú staðið linnulaust frá því árið 1971 eða í 47 ár og kostnaðurinn og mannfórnirnar eru gífurlegar. Það er talið að um 40 milljónir manna hafi látist í gengjastriðum, hernaðaraðgerðum, lögregluaðgerðum og fleiru. Þá eru ótalin öll hin fórnarlömbin sem stríðið, ekki vímuefnin, fer ómjúkum höndum um. Feður, mæður, systkini, fændfólk, vinir og samfélag. Fáránleikinn er sá að fyrir þennan sjálfsmorðsleiðangur eru skattborgarar hinna ýmsu landa að greiða fúlgur fjár án þess nokkurntíma að hafa verið spurðir hvort þeir væru þessu samþykkir. Það hefur aldrei, hvað þá heldur verið spurt hvort þetta sé æskilegt. Viljum við virkilega strita fyrir sköttum til að greiða fyrir stríð sem beinist gegn efnabúskap okkar eigin líkama? Og aðferðunum sem við getum notað til að örva þær eða deyfa? Ég veit ekki með aðra en ég vil frekar að mínir skattar séu nýttir til samneyslnnar, þar sem þeir koma þjóðfélaginu öllu til góða. Það þarf enginn að segja mér að pólitíkusar, að vernda sína hagsmuni og annarra, hafi tekið upplýsta ákvörðun, byggða á reynslu og vísindum um fíknistríðið.

Það er nú einu sinni þannig að fólk óttast það sem það ekki þekkir. Það kemur samt ekki í veg fyrir að það myndi sér skoðun sem er þá byggð á tilfinningarökum þar sem vitneskjan er oft takmörkuð. Jafnvel þótt leitað sé upp-

lýsinga er haldið í tilfinningarökin ef fólk er ósammála þekkingunni sem það þó leitaði að. Eða eins og *William Reich* orðaði það: „...því minna sem hann skilur eitthvað, því sterkar trúir hann á það.“ Það er sjaldan sem maður sér faglega umfjöllun um vímuefni í miðlum hér og oft lýsa skrif fjölmiðlafólks aðeins þess eigin fordómum og bábiljum. Þar hefur mér fundist *Kjarninn* vera heiðarleg undantekning ásamt *Stundinni*.

* * *

Strax á fósturskeiði, þegar heilinn byrjar að myndast, byrja efnahvörf sem halda svo áfram út allt lífið. Meðal annars má fastlega gera ráð fyrir því að þá hefjist framleiðsla á bæði *oxýtósíni* og *dópamíni*. Oxýtósíni til að tengsl geti myndast við foreldrið og dópamíni svo þessi tengsl séu ánægjuleg. Þetta vitum við reyndar ekki nákvæmlega vegna þess að rannsóknir eru fremur fáar og langt á milli þeirra eins og sagt er og það er ekki auðveldasti hlutur í heimi að rannsaka heilastarfsemi hvítvoðunga þrátt fyrir mikla tækni. Það eru nefnilega fleiri breytur í jöfnunni. Í fyrsta lagi er heili ungbarna allt öðruvísi en heili fullorðinnar manneskju. Þar eru næstum engar fellingar svo þrátt fyrir að heili ungbarna hafi töluvert fleiri frumur en heili fullorðinna þá hefur hann ekki sama yfirborð. Heili ungbarna er einna líkastur heila kattar, formlaus og

nokkuð sléttur. Það breytist þó hratt og þegar komið er af barnsaldri er heilinn búinn að losa sig við milljarða frumna sem hann hefur komist að raun um að séu til lítils gagns í lífsbaráttunni og yfirborð hans hefur margfaldast sökum allra fellinganna og ranghalanna sem myndast hafa. Í annan stað er melting ungbarna sitthvað ólík meltingu fullorðinna þar sem ungbörn spendýra lifa fyrsta æviskeiðið á mjólk frá móðurinni og það tekur tíma fyrir barnið að koma sér upp gjörólíkri bakteríuflóru í þörmum til að brjóta niður fæðuna og melta annað en mjólk. Nú er það svo að aldrei er meiri framleiðsla á oxýtósíni en þegar móðir gefur barni brjóst og þar sem það veitir móðirinni ánægju að næra afkvæmi sitt má reikna með að hún framleiði líka bæði dópamín og endorfín. Eitthvað af þeirri framleiðslu skilar sér líklega í mjólkina og þar af leiðandi til barnsins en við vitum ekki hvernig upptaka þessara efna er í meltingarvegi ungabarns. Hún getur verið önnur en hjá fullorðnum og ef til vill er virkni þessara hormóna allt öðruvísi hjá ungbörnum en fullorðnum. Það er eitt af því sem við vitum ekki.

* * *

Fjöldi þeirra aðferða sem maðurinn notar til að ná fram ánægju og sælu byggist á neyslu ýmissa efna, eða athöfnum og hegðun, og það virðist fara eftir því hvers konar sælu eða ánægju sóst er eftir og hvaða aðferðir eru notaðar og hvernig litið er á hana. Það getur verið afar tilviljanakennt og stundum beinlínis út í hött. Að ekki sé sagt galið. Fallhlífarstökk er t.d. miklu hættulegra en að taka örskammt af amfetamíni. Eða drekka kaffi.

Að setjast niður í góðra vina hópi við vel undirbúna og tilreidda máltíð veitir okkur ánægju. Sú vellíðunartilfinning stafar af aukinni framleiðslu á dópamíni og serótóníni. Nákvæmlega á sama hátt og örskammtur af örvandi efni gerir. Máltíðin er hinsvegar félagslega og lagalega viðurkennd en ekki að sniffa örvandi efni eða neyta þeirra

á annan hátt. Það er hinsvegar ekki bannað að upplifa sæluna sem þessi efni veita ef aðrar aðferðir eru notaðar eins og líkamsrækt, áhættuhegðun, spilafíkn o.fl. Þannig að fíknistríðið snýst líka um hvaða aðferðir eru notaðar. Allt gert til að flækja málin. Hverjum er það í hag?

* * *

Eitt enn hefur þetta fátánlega fíknistríði í för með sér. Það framleiðir neytendur og fíkla. Þegar fíkill í mikilli neyslu þarf fé til kaupa á vímuefnum hefur hann um nokkrar leiðir að velja. Margir snúa sér að sölu og þá þarf að ná í kúnna. Ef sölumenn t.d. trygginga eða bíla hefðu sömu hvata til sölunnar væru þau fyrirtæki sem hefðu þá í vinnu himinlifandi. Því það er jú sölumanni í hag að geta komið sér upp góðum kúnnahóp. Það er alveg fátánlegt að fíkill skuli ekki geta haft samráð við lækni út af sínum sjúkdómi og fengið þjónustu heilbrigðiskerfisins. Mundi það ekki kallast mismunun? Það er almennt viðurkennt í dag, jafnvel af þeim sem vilja engu breyta, að fíkn er sjúkdómur. Það er næstum því það eina sem menn eru sammála um í umræðunni. Einstaka aðili kallar þetta ekkert annað en aumingjaskap en við skoðun kemur það oftast í ljós að fáfræðin um málaflokkinn er næstum fullkomin. Heilbrigðiskerfið sinnir ekki sumum sjúkdómum og þeir eru meira að segja ólöglegir. Verst að það skuli ekki vera hægt að gera það sama við aðra sjúkdóma. Geðheilbrigðiskerfið er í molum. Til þess að fá þjónustu þeirra aðila sem þar gætu hjálpað, sálfræðinga og geðlækna, þarf yfirleitt að greiða fyrir úr eigin vasa. Eins og það sé ekki nóg þá hefur það komið fram í fjölmiðlum að þrátt fyrir lagabreytingu um sálfræðinga á heilsugæslustöðvum þá vantar fjármuni til að greiða laun þeirra. Það er reyndar oft einkenni á ríkisaðgerðum, eitthvað er ákveðið án þess að tryggt sé fjármagn til þess.

* * *

Einn af fáránleikum fíknistríðsins birtist í því að það teygir sig inn á önnur svið eins og t.d. í sambandi við *eimstautana* eða „vaporizers“. Nú er það svo að víða eru reykingar bannaðar og er það vel. Rannsóknir hafa sýnt að áhrif óbeinna reykinga vara í um 20 mínútur eftir að slökkt hefur verið í tóbakinu. Aftur á móti er þessi áhættutími vegna óbeinnar neyslu talinn vera 20 sekúndur, ef einhver, í tilfelli eimstautanna. Samt eru þeir settir í nákvæmlega sama flokk og tóbak. Munurinn er eins og á brennandi húsi, fullu af reyk, og gufubaði með gufu. Því þegar reykt er kraumar eldur í tóbakinu og það brennur og til verða ýmis krabbameinsvaldandi efni sem *verða til við bruna*. Í eimstautunum er hitaður vökvi eða annað, t.d. tóbak (dry vape), upp í allt að 200°C og gufunni er andað að sér. Þar er enginn bruni, engin krabbameinsvaldandi efni af hans völdum en við vitum nú að það hættulegasta við reykingar er einmitt bruninn. Nikótín er reyndar sterkt eitur og getur drepíð en í eimstautunum er það mælt í milligrömmum og ég hygg að það gæti reynst þrautin þyngri að drepa sig eða vinna sér alvarlegan skaða með eimstaut. Nikótín er ekki krabbameinsvaldandi að því vitað er en það dregur saman æðar og hækkar þar af leiðandi blóðþrýsting. Þessvegna er fáránlegt að setja reykingar og eimun, í sama flokk. En við vitum ekki með vissu hvort íblöndunarefni eimvökvans geti skaðað til langframa við jafn litla notkun og raunin er. Hvað segir það okkur að þetta sé skikkað í sama flokk? Um hvað snýst málið? Er hugsanlegt að aðrar ástæður er hrein og klár stjórnunarárátta liggja á bak við? Við vitum jú að peningar tala hæst af öllu. Og það er athyglisverð staðreynd að í Ástralíu er bannað með lögum að veipa og eimstautarnir líka. Þetta er hjá þjóð þar sem skaðaminnkunin vegna vímuefna varð til. Þeir voru reyndar aðeins á undan á Nýja Sjálandi.


* * *

Allt sem við gerum meðan við drögum andann ákvarðast

af efnaboðum. Fíknistríðið felst í því að banna okkur, eigendum þessara efnaverksmiðja sem eru í heila okkar og líkama, að fíkta í þeim. Nema samkvæmt læknisráði og sérstöku leyfi. Eftir því sem skilningur manna á þessum taugaboðum eykst koma fram ný lyf sem eru eingöngu til þess ætluð að fíkta í þessum taugaboðum. En það eru fleiri aðferðir við að fíkta í efnabúskap líkamans. Þar má nefna hreyfingu og ýmsa áhættuhegðun og þessa vitneskju hafa auglýsendur nýtt sér til hins ítrasta. Það hefur komið í ljós í rannsóknnum að myndmál og hljóð getur framkallað hughrif löngunar. Þetta var miklu meira áberandi hér áður þegar aldrei var auglýst neitt sem ætlað var karlmönnum, til dæmis bílar og verkfæri, án þess að hálfber kona væri í áberandi hlutverki. Það kom í ljós að afar auðvelt var að fá karlmenn til að setja sama sem merki á milli þess sem verið var að selja og fallegu konunnar sem þeir girntust. Nú til dags með aukinni þekkingu eru aðferðirnar duldar og ekki eins áberandi en verið viss, áróðurinn er til staðar, í litavali, leturgerð og uppsetningu. Þetta er látið átölulaust af valdhöfum enda eykur þetta neyslu og örvar hagvöxt. En ef einhver fer að fíkta í efnabúskap síns eigin líkama án tilskilinna leyfa með önnur markmið en að auka neyslu á einhverju glingri getur viðkomandi átt á hættu handtöku og lögsókn. Það er náttúrliga fáránlegt að aðrir megi fokka í tilfinningum þínum og löngunum að vild og næstum eftirlitslaust en ekki þú að viðlagðri refsingu.

* * *

Það kom fram hérna framar að ópíóðafárið í Ameríku-hreppi var beinlínis búið til af hagsmunaaðilum. Þegar kom að því að takast á við það kom skaðaminnkunarfólk bókstaflega alls staðar að lokuðum dyrum. Það vildu fáir bendla sig við eitthvað slíkt og á meðan hélt fólk áfram að deyja og MAT (*Medical Assisted Treatment*) var alls ekki inni í myndinni. Læknar héldu áfram að ávísa *Oxy-Contin* og



Gífurlegur kostnaður refsivörslukerfisins er greiddur af skattgreiðendum og velta má fyrir sér hvort ekki væri sanngjarnara að refsa með samfélagsþjónustu fyrir afbrot sem ekki bitna á öðrum en neytandanum sjálfum.

Oxycodone, gjarnan 25 daga lyfjakúr við tognuðum ökla, jafnvel til 15 ára gamalla krakka. Og flest meðferðarúrræði byggðust á trúarbrögðum. Bænin og tólf spora kerfið átti að bjarga öllu. Að nota lyf til að hjálpa lyfjasjúklingum var ekki inni í myndinni þarna fyrir vestan. Það er kannski ekkert skrítið að *New York Times* kallar meðferðariðnaðinn í BNA 35 milljarða dala lygi en það er sú upphæð sem meðferðariðnaðurinn veltir á ári. Meðferðir sem eru illa regluvæddar, byggjast á algeru bindindi og útsettar stjórnlausri græðgi rekstraraðila. Enda hefur kostnaður refsivörslukerfisins farið úr tæpum 7 milljörðum dollara 1980 í 80 milljarða dollara eins og kostnaðurinn er nú. Hvernig má annað vera þegar dómsvaldið spilar eftir leikreglum hafnarbolta? Þrisvar handtekinn þýðir langur dómur og dómarrinn hefur ekkert val því lögin eru þannig. Því á áttunda áratug síðustu aldar breytti Ameríka áherslum í vímuefnamálum frá heilbrigði til refsingar. Það var pólitísk ákvörðun vegna þess að kjörnir fulltrúar, hjá ríki og sveitarfélögum, uppgötvuðu að það var auðveldara að ná kosningu til embættis með því að vera harðir gegn glæpum. Það hefur löngum gefist vel að prédika ótta og reiði ef menn hyggja á pólitískan frama. Einkum meðal þeirra sem illa eru upplýstir. Það kemur fram í bók *Johns F. Pfaff* hjá *Fordham* lagaskólanum, *Locked in*, sem kom út árið 2017 að það sé pólitískt öruggara og ódýrara að ákæra fyrir glæp (*felony*), sem sendir ákærða í ríkisfangelsi þar sem ríkið borgar brúsann fremur en að senda ákærða í sýslufangelsi, eða á skilorð á kostnað sýslunnar. Þarna er verið að spara í sýslunum en ríkið borgar reksturinn í ríkisfangelsum. „Það myndi öllu breyta,“ segir *Bryan Stevenson* hjá *Equal Justice Initiative*, „ef við fækkuðum föngum um 25%. Það eru tuttugu milljarðar sem mundu sparast. Og ef við settum helminginn af því í meðferðarúrræði gætum við virkilega aukið möguleikana á árangri.“

* * *

Ein er sú tenging fíknistríðsins sem sjaldan er fjallað um í lærdum greinum. Það eru tengslin, þótt óbein séu, við loftslagsbreytingar. Það vekur nokkra furðu þar sem það hafa komið margar greinar um eitt mesta vandamál samtímans sem er plastmengun í hafinu. Hér áður fyrr var oft notað orðtakið „lengi tekur sjórinn við“. Það er vissulega rétt en að endingu fyllist það sem í er sett og því hefur verið haldið fram að allt plast sem framleitt er endi að lokum í sjónum. Það geta liðið áratugir meðan plastið brotnar niður hægt og rólega og í ögnum sem eru lítið stærri en sameindir seytla það með vatni út í hafið. Þar berst það í lífverur og skilar sér upp fæðukeðjuna. Ég hygg að allir séu sammála um það að plastnotkun mannskepnunnar sé óhófleg og í plasti eru efni sem eru lífríkinu afar skaðleg. Nú er það vitað að hægt er að gera plastlíki úr hampi (*Cannabis sativa*) sem brotnar niður á nokkrum vikum og verður að áburði. Þetta plastlíki sem framleitt var rétt fyrir miðja síðustu öld er niðsterkt enda hefur plantan einhverja lengstu náttúrulegu trefjar sem þekkjast. *Henry Ford* smíðaði bíl úr hampi sem myndir á *Youtube* sýna að rétti sig sjálfur þegar hann var dældaður með sleggju svo hugsanlega væri hægt að nota hamp bæði í bíla og flugvélar. En hampurinn hefur líka annan kost sem er sá að hann virðist geta eytt geislavirkni eins og rannsóknir hafa sýnt fram á við kjarnorkuverið *Fukushima* í Japan. En vegna fíknistríðsins er hampurinn litinn hornauga og þeir sem tala fyrir ræktun hans fá bæði illt augnaráð og illt umtal. Hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að úr ákveðnum kvæmum hamps er unnið hass og það sem kallast „gras“ og hægt er að komast í milda vímu af. En hampurinn er líka hentugur til pappírsframleiðslu og það er hágæða pappír sem framleiddur er úr hampi. Fínar bíblíur og kanadískir dollarar eru úr

hampi. Það sem meira er, hampurinn framleiðir fjórum sinnum meiri trjákvöðu á hektara en aðrar plöntur sem ræktaðar eru til pappírsgerðar. Þá gerir hann ekki heldur sömu kröfur til jarðvegs og er afar fráhrindandi fyrir skordýr og nær fullum vexti á fimm mánuðum. Svo af hverju er hampur ekki meira notaður? Gæti það hugsanlega verið vegna ills umtals og fíknistríðsins?

* * *

Þegar maður er að skoða svona ákveðið efni eins og fíknistríðið fer maður óhjákvæmilega inn á allskonar ranghala sem leiða mann áfram. Það er þó ein tilfinning sem ég verð alltaf uppteknari og uppteknari af. Það er hvað mannskepnan, *homo sapiens*, er ótrúlega hrokafull dýrategund. Við erum að drepa meðbræður okkar og níðast á þeim vegna efnafræði mannlíkamans. Auk þess er svo þetta smámál með hnattræna hlýnun sem við þykjumst geta leyst með einhverju tæknifíxi ættuðu úr Kísildalnum. Jörðin, sú eina sem við eigum, er að deyja af okkar völdum. Af því við erum svo hrokafull að við erum hætt að líta á okkur sem hluta af náttúrunni. Jörðin og náttúran höfðu verið til í milljónir ára áður en maðurinn kom til skjalanna. Það er svo stutt síðan að það má eiginlega segja að við séum rétt dottinn inn í veisluna. En rosalega höfum við valdið miklu tjóni á stuttum tíma. Það má með fullum rétti segja eins og unglingarnir „við erum búin að rústa þessu party“i“. Vísindamenn telja að sá aldaði tegunda eins og nú á sér stað á jörðinni sé sjötta sinn í jarðsögunni. Þá greinir á um hvað svona aldaði tekur langan tíma og samtöl þeirra eru ósamhljóða en síðasti aldaði varð vegna náttúruhamfara. Vísindamenn telja að sá tími sem það tók risaeðlurnar að deyja út hafi varað í allt frá 6000 árum til 128000 ára. Náttúran á greinilega ekkert í okkur því okkur er að takast þetta á kannski öld eða tveimur sem er í raun örskotsstund í jarðsögulegu samhengi.

* * *

En hverju hefur fíknistríðið í raun áorkað á þessum rúmu fjörutíu árum sem það hefur geisað? Það var raunar sett af stað með það meginmarkmið að minnka framboð og eftirspurn. Í stað þess að regluvæða og stjórna að einhverju leyti neyslunni voru vímuefni gerð ólögleg og bönnuð og undirheimum var afhent allt heila batterið eins og það leggur sig. Fyrir bragðið hafa aldrei fleiri í sögu mannsins notað vímuefni og framboðið hefur aldrei verið meira. Meira að segja fangelsi, sem eiga að heita afar öruggir og einangraðir staðir, eru ekki laus við vímuefni. Það er algjörlega fáránlegt að halda áfram með opin augu með aðgerðir sem hafa nákvæmlega öfug áhrif við þau sem að var stefnt. Það þarf enginn að segja mér að þetta hafi ekki verið vitað þegar lagt var af stað. Nema náttúrulega að þeir sem hófu fíknistríðið hafi ekki verið sérstaklega vel upplýstir einstaklingar eða eitthvað annað hafi hangið á spýtni. Það er að minnsta kosti ljóst að ekki hafa þeir haft mikla þekkingu á sögunni. Það er eiginlega illa gerlegt að draga aðrar ályktanir. En hversvegna er því haldið áfram þrátt fyrir að árangurinn sé öllum ljós og skjalfestur í skýrslum og hagtölum? Það kemur eiginlega ekki annað til greina en að þeir sem viðhalda því geti ekki viðurkennt að forverar þeirra í starfi hafi gert mistök eða, sem mér finnst sennilegra, einhverjir sem hafa völd græði á því, bæði fjárhagslega og pólitískt. Fyrir það erum við að greiða háar fjárhæðir að ekki sé minnst á félagslegan kostnað sem er stjarnfræðilegur.

* * *

Aldous Huxley rithöfundur gerði fræga tilraun í maí 1953 þegar hann „hreinsaði dyr skynjunarinnar“ með 400 mg af meskalíni. Um þessa reynslu skrifaði Huxley fræga bók, „*The Doors of Perception*“. Í bókinni setur hann fram rök sín fyrir því að allir ættu að ganga í gegnum slíka reynslu og

taldi að mannkyninu farnaðist þá betur. Slík áhrif hafði þessi reynsla Huxleys á hann. Hann skrifaði reyndar viðbót við bókina eftir nokkurn þrýsting að sögn og breytti þá nafninu í „*The Doors of Perception and Heaven and Hell*“. En þeir voru fleiri sem prófuðu meskalín, t.d. sá frægi kynlífskönnuður *Robert Masters*. Ég hygg að hann hafi verið sá er fyrstur var til að birta grein um þá reynslu í sambandi við kynlíf en greinin birtist í *Forbidden Sexual Behavior and Mortality* og kom út hjá Julian Press 1962. Takið eftir nafninu „Bönnuð kynlífshegðun og dánartíðni“. Hvað er bannað í kynlífi milli tveggja einstaklinga sem náð hafa lögdagri og eru samþykkir kynlífsathöfnum? Fangelsissálfræðingurinn *Arthur Kleps* sagði upp starfi eftir neyslu meskalíns og gekk í *Native American Church* en meðlimir hennar eru undanþegnir banni á neyslu meskalíns. Hversu fáránlegt er það að bannað sé að nota meskalín nema ef þú tilheyrir vissum trúarhópi? Hvers vegna er í lagi fyrir suma að nota meskalín meðan allir aðrir eru ákærðir? Og skilyrðin eru ekki önnur en þau að tilheyra *Native American Church*. Þetta er augljóslega galið. Það er engin rökrétt ástæða til að banna eitthvað almennt, nema ef þú tilheyrir einhverjum sérstökum hópi, og bann snýst ekki um neitt annað en stjórn á fjöldanum. Það er ekki nóg að vara við, að mati stjórnvalda, heldur skal refsað, menn jafnvel sviptir frelsi og geymdir í fangelsi með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Fyrir utan það að yfirleitt eyðileggur fangelsisvist framtíð þess er henni sætir. Nema stórtækra fjárglæpamanna sem setja hagkerfi heillar þjóðar á hausinn.

* * *

Gestir á fésbókarsíðu *Snarrótarinnar, samtaka um borgaraleg réttindi*, voru spurðir hvað þeim myndist al fáránlegast við fíknistríðið. Það voru furðu margir sem svöruðu og þótt svörin hafi verið ólík var eitt sem var svarendum hugleikið. Það var hræsnin. Fólki furðaði sig á því að fíkn-

striðið hefði yfirhöfuð verið sett af stað og ennþá meiri furðu vakti það hjá svarendum að því skuli haldið áfram, og bætt í þegar sýnt er að það skilar nákvæmlega öfugum árangri. Það hefur aukið völd og tekjur glæpagengja sem auka framboðið jafnt og þétt á meðan yfirvöld eru að elta við sjúkt fólk og refs því. Enn frekari furðu vakti að því skuli haldið áfram þegar öll gögn benda til að fleiri deyi af völdum þess en af neyslu efnanna sjálfra. Auk þess sem bara ein og sér lögin eru hættulegri einstaklingum en efnin sjálf. Þótt vissulega megi segja að Snarróttin hafi lagt aðal áherslu á vímuefnamál og réttarbætur í þeim málaflokki og gestir hennar beri þess vitni, kom það mér á óvart hve umræðan er í rauninni þó komin langt. Hún hefur breyst að því leytinu til að hún virðist vera að skrifa upp úr skotgröfunum, þar sem hún hefur verið undanfarna hálföld, og færist í átt til upplýstrar og yfirvegaðrar umræðu. Enda hefur aðgengi að upplýsingum stóraukist ásamt frelsi til að sækja þær og skoða. Því voru nokkrir í vandræðum með að velja hvað væri fáránlegast, valdniðsla lögreglu á fólki sem kys annan vímuefna á afengi, refsígledi á sjúklingum og jaðarsetning ákveðinna hópa, hversu dýr leið það sé til að skerða mannréttindi og kannski það sem stendur uppúr, – hve auðvelt það virðist vera að halda því gangandi. Það er nefnilega þannig að það er fáránlegt að ganga út frá því sem gefnu að trúa því að náttúran hafi rangt fyrir sér en að árið 1937 hafi hópur spilltra pólitíkusa í vasa hagsmunaaðila gert rétt.

* * *

Nú er lagaumhverfið þannig að öll lyf eru bönnuð nema þau sem sérstakt leyfi er fyrir notkun og sölu á. Þannig að ef sjúklingur er með einhvern þann sjúkdóm sem til er lyf við, bara ekki hér á landi, þarf að fara í gegnum heljarmikið batteri hjá *Lyfjastofnun* og *Landlækniseimbættinu* til að

Panodil og Paracetamol er ennþá hægt að fá í lausasölu í lyfjabúðum hér og ekki eru áhyggjurnar miklar af misnotkun því hægt er að fá 30 töflur í hvert sinn sem verslað er.



reyna að fá undanþágu hjá ráðuneytinu til innflutnings á téðu lyfi frá útlöndum. Það eru semsagt einhverjir ráðuneytisstarfsmenn, kontóristar sem hefur verið plantað í ráðuneytisstöðu af valdaflokkunum, sem skoða erindið og gera tillögu til ráðherra að hafna eða synja. Þetta kerfi er meira en fáránlegt, það er algerlega galið. Ef ég fæ sjúkdóm þá eiga einhverjir kontóristar á skrifstofu úti í bæ að ákveða hvort ég fái að flytja inn lyf, sem ekki er til í landinu, sem gæti gagnast mér, en ekki lækningin minn. Það hlýtur þó að vera lækningin sem stakk upp á viðkomandi lyfi. Ég tel það næsta útilokað að ég hefði rekist á allar upplýsingar um dæmið, þ.e. sjúkdóm, meðferð, lyf og lyfjaskammt, á netinu. Til hvers eru þá þessar stofnanir ef ekki á svo að fara eftir því sem þær leggja faglega til en ómenntaður kontóristi á að ákveða í málinu? Þetta er meira en galið, þetta er lítilsvirðing við viðkomandi stofnanir. Þetta lyfjatilvísanakerfi allt er óþarft. Eða sér það einhver fyrir sér að fólk færi að flykkjast í apótek og kaupa t.d. krabbameinslyfið *Interferon*, eða ónæmisbælandi eða blóðþrýstingslækkandi lyf til misnotkunar? Fyrir utan það að mér er ekki alveg ljóst í hverju og hvernig sú misnotkun ætti að vera fólgin.

Þá komum við að stóru spurningunni: hver á þig? Átt þú þig eða á ríkið þig? Ríkið hefur fjárfest í þér, t.d. heilbrigði, menntun o.fl., hefur ríkið þá rétt á að setja þér reglur af því að það vill vernda sína fjárfestingu? Þetta er eiginlega grundvallarspurning um þjóðfélagið. Rétt eins og þrælaeigendur setur ríkið reglur til að vernda framtíðar skattþegn sem puðar á hamstrahjólínu til að halda hagvextinum gangandi og auka neyslu á allskonar glingri í bland við nauðsynjar. Glingri, t.d. frá Kína, sem gefið er í jólagjafir á Vesturlöndum. Glingri, sem samkvæmt könnun í Bretlandi, er að verulegu leyti komið í landfyllingu hálfu ári seinna. En rétt eins og þrælaeigendur kemst ríkið ekki inn í sál

þegnanna og huga og er þó ýmislegt reynt, einkum af trúboðum og pólitíkusum til að halda þegnum í skikki, valdhöfum þóknanlegum. Þegnarnir eru næsta vanmáttugir gagnvart ríkisvaldinu og víðast fara valdhafar fram eins og þeim sýnist og ef þegnarnir hafa eitthvað við það að athuga er þeim bent á dómstóla og kosningar. En valdhafar hafa komið hlutum svo fyrir, til að halda völdum, að dómstóla-leiðin er takmörkuð og rándýr og kosningar skila litlum breytingum því valdhafar hafa grafið um sig í embættismannakerfinu með fulltrúa á flestum póstum. En ríkið og prestar komast aldrei inn í drauma sem eiga sér stað með efnahvörfum í heila í svefni. Maður skyldi ætla að það sviði einhverjum stjórnsömum pólitíkus. Eða að geta ekki nema takmarkað stjórnað hugsunum fólks. Sum vímuefni hafa eiginleika sem eru valdhöfum lítt þóknanlegir og er hægt að taka sílósbín og meskalín sem dæmi. Þau efni hafa þá eiginleika og víkka skynjun og opna tímabundið, þ.e. meðan áhrifin vara, fyrir einhverjar þær brautir í heila sem auka mönnum skilning á ýmsum grundvallarþáttum í tilverunni sem hugsanlega gera mönnum kleift að sjá í gegnum eigin sjálfsblekkingar og blekkingar stjórnvalda.

* * *

Nú eru lyf eins og *Panodil* og *Paracetamol* ennþá hægt að fá í lausasölu og eru bæði hættuleg og hægt að misnota. Sama á við um *Parkódín* sem hægt er að fá nokkrar töflur af í lyfjabúðum án tilvísunar frá lækni. Þá eru stórmarkaðir uppspretta efna sem hægt er að misnota og drepa sig á. Hvað mundi gerast ef sömu reglur giltu um þau og ólöglegu vímuefni? Við getum náttúrlega ekki vitað það með vissu nema að gera tilraun og mér er ekki kunnugt um neinn stjórnálamann sem hefur það pólitíska hugrekki að berjast fyrir slíkri tilraun. Nema *Ruth Dreifuss* fyrrverandi forseta Sviss sem sagði: „*Forsetinn er forseti allra þegnanna. Enginn er undanskilinn.*“

Bláber, eins og annað sem okkur finnst gott, stuðla að framleiðslu á sumum þeirra sömu boðefna og vímuefni gera. Eru bláber þá vímuefni?



* * *

Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65 frá 1974 eru um sumt afar sérkennileg. Fyrir það fyrsta er það nafnið, ávana- og fíkniefni. Er það ekki sami hluturinn? Er þá minni eða jafnvel engin fíkn í ávanaefni? Og engin ávani fólgin í fíkn? Hver er eiginlega munurinn? Þetta setur eiginlega tóninn fyrir það sem á eftir kemur. Það furðulega er að í lögnum og reglugerðinni sem fylgir, sem samviskusamlega skráir hin aðskiljanlegustu efni og afleiður af þeim, sem bönnuð, eru efni sem hvorki valda ávana eða fíkn. Þar á ég við *sækadelísku* efnin. Það er erfiðara að misnota þau en sykur í réttum höndum og kunnáttu fagaðila. Þetta þarf ekkert að deila um. Það hefur komið í ljós í könnun eftir könnun. En við vitum náttúrlega betur og höfum „séríslenska“ lausn. Að minnsta kosti virðist það ljóst af lestri laganna að mennirnir sem settu þau hafa ekki haft mikla vitneskju um efnið enda var hún ekki mjög aðgengileg á þessum tíma. Það er kjarninn, lögin eru barn síns tíma og miðast við þá þekkingu sem þá var til staðar og þá ekki síst við þau vinnubrögð og viðhorf sem algengust voru. Svo var einnig verið að uppfylla alþjóðlega samninga. En við höfum þó þann munað að geta horft aftur í tímann, næstum hálfa öld. Tíma sem hefur ein-kennst af slíkum tækni framförum að með eindæmum er og þekking manna og skilningur á ýmsum ferlum í umhverfinu hefur aukist stjarnfræðilega. Þótt ekki væri annarri ástæðu til að dreifa er löngu kominn tími á að endurskoða þessi lög.

* * *

Do no harm er einkunnarorð lækna um allan heim. Því vekur það furðu að lækna skuli ekki beita sér meira í umræðunni. Ég hef átt samtöl við lækna í gengum tíðina um vímuefni af ýmsu tagi. Sumir hafa hrist hausinn yfir fabúleringum mínum um málaflokkinn en furðu margir

hristu hausinn af annarri ástæðu. Eða þeirri að þeim finnst fíknistríðið jafn fáránlegt og ýmsum öðrum. Fyrir nokkrum árum var ég í skoðun hjá lækni og ákvað að athuga með viðbrögð hans við fullyrðingu frá mér, jafnvel þótt það væri uppspuni sem ég tjáði honum þegar hann hafði orð á því að ég liti miklu betur út en undanfarið. Svo ég sagði við hann að það væri ekkert skrítið, ég notaði svo mikið kannabis. Ég hafði aldrei rætt vímuefni við hann áður og var þar af leiðandi ekki viss um hvernig hann tæki svona fullyrðingu. Viðbrögðin komu mér verulega á óvart. „Það gerir þér ekkert nema gott,“ sagði hann og þá varð ég orðlaus sem gerist ekki oft. Það ber að hafa í huga að okkar samskipti eru á léttum nótum og oft í hálfkæringi svo kannski hefur hann tekið því sem ég sagði þannig en honum virtist vera full alvara með svarinu.

Eiginlega aðeins einn íslenskur læknir hefur beitt sér af einhverri alvöru í skaðaminnkun, það er *Karl Snæbjörns-son* læknir sem hefur verið ötull talsmaður eimstautanna fyrir reykingafólk til að auðvelda því að hætta að reykja og fjarlægja brunann sem fylgir reykingum úr jöfnunni. Kollegar hans sumir hafa ausið hann auri og sakað hann um að brjóta læknaeiðinn og það meira að segja á vísindaráðstefnum erlendis. Það var reyndar hagsmunaaðili sem það gerði, læknir sem starfar hjá Krabbameinsfélaginu. Hverra hagsmuna var sá að gæta?

* * *

Svona áður en við förum í næsta hluta skulum við aðeins skoða hvernig málum er háttað í vímuefnamálum hjá þjóðinni, hvers forseti lýsti því yfir. Þar geisar fár, *epidemic* er orðið sem þeir nota en það orð er oftast notað þegar drepsóttir geisa. Og vissulega má það til sanns vegar færa. Frá 1996, þegar OxyContin var sett á markað, hafa fleiri látist af banvænum ofskömmtum en í öllu Viet-Nam stríðinu. Að meðaltali 54,7 á dag á árabílinu 2000 til 2015

eða 300.000 manns og búist er við svipaðri tölu á næstu fimm árum. Nýjustu tölur segja a.m.k. 100 manns á dag. Það sárgrætilega er að ef hlustað hefði verið á varnaðarorð frá fólki sem var málið kunnugt frá fyrstu hendi, frá bráðaliðum og læknum, og gripið til skaðaminnkandi aðgerða hefði að öllum líkindum verið hægt að milda höggið. En það var brugðist við með hinum gamalkunnu hervæddu aðferðum þrátt fyrir fyrirliggjandi vitneskju.

Í bók sinni *Dopesick* segir höfundurinn, *Beth Macy*, að þegar hún var að víða að sér efni í bókina og tala við fólk, að ein algengasta athugasemd sem hún heyrði var: „Við getum ekki handtekið vandamálið.“ „*We can't arrest our way out of this one.*“ Í heilbrigðiskerfinu sem og löggæslu og hjá dómstólum var fólk löngu búíð að sjá þessi einföldu sannindi. En það var erfiðara að fá yfirvöld í Washington til að meðtaka boðskapinn. Þegar þau loksins vöknudu og fóru að takast á við vandann gripu þau til gamalkunnra aðferða fortíðar sem gerði ástandið sýnu verra. Þegar þak var sett á ávísanir frá læknum greip svarti markaðurinn það fegins hendi og var afar fljótur að bregðast við og sá til þess að fentanilblandað heróín kom í staðinn. Fentanil frá Kína sem hægt er að panta á netinu. Maður skyldi ætla að vímuefnaneytendur hefðu varann á sér þegar fólk fer að hrynja niður hjá einhverjum dópsalanum sem blandar heróínið með fentanyl. Raunin er önnur. Um leið og það spyrst út meðal fíklanna að þarna sé um rosalega sterkt efni að ræða flykkjast þeir að til að kaupa þetta blandaða heróín. *Narcan* þjálfari sem þjálfar viðbragðsaðila í notkun Naloxone orðaði það svo að fyrir hver þrjú dauðsföll kæmu tíu nýir neytendur.

Svipað virðist vera að gerast hér á landi eftir dauðsföllin á fyrri hluta þessa árs. Þá voru reglur um ávísanir lækna hertar og þeim breytt. *Svala Jóhannesdóttir* verkefnastýra *Frú Ragnheiðar* sem er eina almennilega skaðaminnkun-

arúrræðið og rekið af Rauða krossinum í Reykjavík, sem þeir sem nota vímuefni í æð hafa aðgang að, orðaði það svo í viðtali við Stundina 24. ágúst síðastliðinn: „100 milligrömm af *Contalgin* voru fyrir átakið á 4-5000 krónur en í dag eru þau á 8000,“ segir hún. „*Svo þetta er rosalegt inn-grip fyrir fólk sem þarf kannski 200 milligrömm á dag til þess að halda sér frá veikindum sem fylgja fráhvörfum. Þegar þú ert kominn svona langt í morfínneyslnni þá ertu bara að halda þér frá veikindum, sem eru svakalega vond. Í rauninni hefur þetta átak haft svakalega neikvæð áhrif á þá sem eru verst settir.*“ Þetta kemur frá þeim einstaklingi sem er í beinu sambandi við neytendur og ætti því að vita hvað um er rætt frá fyrstu hendi. „*Við munum að öllum líkindum í byrjun næsta árs sjá nákvæmlega sama gerast á ólöglega markaðinum varðandi methylfenidatið eins og með morfínið. Verðið mun hækka vegna minna framboðs, það leiðir af sér mun meiri hörku og hættu hjá þeim sem eru háðir lyfjunum og síðan verður enn meiri innflutningur á rítalíni til landsins.*“ -bætir Svala við í viðtalinu í Stundinni.

Skaðaminnkun er sú leið sem Portúgalar, Spánverjar, Svisslendingar og Hollendingar hafa farið og felst í því að hætta jaðarsetningu neytenda og hjálpa þeim í staðinn. Hætta að líta á vímuefnaneysluna sem refsímál og fara að takast á við hana sem heilbrigðismál. Neytendur fá aðgang, undir eftirliti, að hreinum nálum og sprautum og bara það eitt dregur úr áhættu á ofskömmtun, fyrir utan að það dregur úr áhættu á HIV og lifrabólgu C smiti. Þegar fólk þarf ekki lengur að nýta sér ólöglegan markað breytist æði margt. Ekki síst jaðarsetningin sem gerir það að verkum að fíklar geta hugsanlega farið að sjá til sólar. Reynslan annars staðar sýnir svo ekki verður um villst að til þess að ná að aðstoða fólk sem glímir við erfiðan fíknivanda sérstaklega í æð, þá þarf að byrja á skaðaminnkun og hefja viðhaldsmeðferð. SÁÁ er eini aðilinn

hér á landi sem sinnir viðhaldsmeðferð og notar að mestu lyfið *buprenorphine*. Sú viðhaldsmeðferð er unnin út frá “edru” módelinu og því má segja að eingin skaðaminnkandi viðhaldsmeðferð starfrækt hér á landi. Biblíulestur og bænir á lítinn möguleika gegn morfín sameindinni.

* * *

Ástæðu ópíóðafársins má að miklu leyti skrifa á lítið lyfjafyrirtæki sem einkum höndlaði með hægðalyf, eyrnamergslyf og *Betadine* sem er notað til sótthreinsunar. Þetta lyfjafyrirtæki heitir *Purdue Pharma* og átti einkaleyfið á lyfi sem hét *MS Contin*. Þar sem einkaleyfi *MS Contin* rann út 1984 ákváðu bræðurnir sem áttu *Purdue Pharma* að breyta því aðeins og fá nýtt einkaleyfi á þessari ópíóðaafléiðu og markaðssettu *OxyContin*. Bræður þessir höfðu keypt ensk og skosk lyfjafyrirtæki upp úr 1970 svo þeir gætu stækkað *Purdue Pharma* á alþjóðavísu. Þessir bræður, *Mortimer, Raymond* og *Arthur Sackler*, voru kunnir fyrir góðgerðastarf, einkum á sviði lista. Þeir virðast afar snobbaðir og sækjast eftir kunningsskap við Nóbelsverðlaunahafa, kóngafólk og framkvæmdastjóra listasafna. Auðvitað var eignarhaldsfélag *Purdue Pharma*, *Purdue Fredericks*, flutt til skattaskjólis og er staðsett í Delaware.

Purdue hóf mikla markaðssókn og réð til sín hermanns. Þeir réðu fólk eftir útliti, fallett fólk. Þennan her, vel skólaðan, sendi fyrirtækið út af örkinni klyfjað gjöfum, pennum, klukkum, dagatölum, minnismiðum sem allt var kirfilega merkt *Purdue Pharma*. Þessir solumenn herjuðu á alla sem þeir töldu að gætu ávísað lyfinu. Þeir héldu því fram að ekki væri hægt að ánetjast því. Hætta á slíku væri sunnan við 1%. Svo læknar tóku þessu verkjalyfi fagnandi og ávísuðu gjarnan hálf mánaðar eða jafnvel 30 daga skammti til sjúklinga. Þar með voru þeir ánetjaðir og þurftu að fara að ljúga, svíkja og stela til að eiga fyrir næsta skammti. Þessir sjúklingar gerðu allt til að losna

við fráhrarfseinkennin. Hvað sem því líður hafði *Purdue* náð markmiði sínu þegar árið 2000 því það ár voru heimilislæknar fjölmennast hópur *OxyContin* ávísenda. Þeir voru fjölmennastir í fátækari hluta BNA og þar var tækjakostur sjúkrahúsa ekki nýjasta nýtt og oft erfitt að meðhöndla sjúkdóma. En með *OxyContin* 40 mg eða jafnvel 80 mg var hægt að halda sársauka í skefjum. Ópíóðafárið byrjaði þar. Þaðan komu líka fyrstu varnaðarorðin.

Um aldamótin voru staðarblöðin fæst komin á netið svo fréttir frá þessum svæðum fóru framhá stærstum hluta þjóðarinnar. Það var ekki fyrr en *Boston Globe* flutti fyrstu fréttina af fárinu að lögregluþyriföld skella skuldinni af gjörbreyttu glæpalandslagi á *OxyContin*. Þegar farið var ofan í saumana á því kom í ljós að ávísanir á *OxyContin* voru helmingi fleiri á þessum svæðum en landsmeðaltalið. En hversvegna gerðist þetta? Fyrir því er eiginlega bara ein ástæða. Atvinnuleysi. Svo háttar til á þessu svæði, þ.e. í Virginíuríki og Main, þar sem ástandið var svipað, að atvinnuleysi var á þessum tíma kringum 22%. Á einhverju þurfti fólk að lifa svo þeir voru margir sem gengu á milli lækna eða sendu einhvern fyrir sig og fengu lyfjatilvísanir á *OxyContin*. Það gátu þeir leyst út fyrir smáaura ef þeir höfðu tryggingar eða *Medicaid* eða u.þ.b. \$1 per pillu. Þá gátu þeir selt pillurnar og fengið fé til að kaupa lífsnauðsynjar eins og mat. Það var eftir töluverðu að slægjast þar sem götuverð var dollari pr. milligramm sem þýðir að *OxyContin* 80 mg var seld á \$80. Engin furða að neysla breiddist út. Enda kom það í ljós í könnun sem var gerð í smábæ í Virginíu að fjórðungur allra grunnskólanema voru ánetjaðir, allt niður í sjöunda bekk. Allir þessir neytendur þurftu bæði meira *OxyContin* og líka að eiga fyrir því. Glæpir margfölduðust og á aðeins tveimur árum tvöfaldaðist fjöldi fanga.

En markaðsstarf *Purdue Pharma* gekk svona líka ljóm-

andi vel. Bónusarnir sem sölufólkið fékk fóru úr einni milljón dollara árið 1996, árið sem OxyContin kom á markað, í 40 milljón dollara 2001. Nýir sjúklingar fengu „byrjunar afsláttarmiða“ fyrir 30 daga skammti og um 5000 heilbrigðisstarfsmenn fengu boð um golf og sukker til Flórída árlega í nokkur ár og var allur kostnaður greiddur. Í árslok árið 2000 hafði Purdue dreift meira en fimmtán þúsund eintökum af myndbandi sem kallast „Ég fékk líf mitt aftur: Verkjasjúklingar segja sögu sína“ án þess að hafa sýnt það og fengið samþykkt frá FDA (*Food and Drug Administration*) sem fyrirtækið var þó skuldbundið til að gera samkvæmt reglugerð. Þetta sama ár, 2000, rauf fyrirtækið í fyrsta sinn milljarðs dollara múrinn með hagnað upp á rúman milljarð. Samkvæmt Forbes eru árstekjur fyrirtækisins nú að meðaltali \$3 mia dollara. Þá eru ótaldar þær tekjur sem fyrirtækið hefur frá undirfyrirtækjum sínum vegna sölu í Evrópu og Asíu á OxyContin sem mun vera annað eins.

Í apríl 2001 braut OxyContin blað í sögu DEA (*Drug Enforcement Administration*) en þá fór DEA fram á það við Purdue að fyrirtækið breytti samsetningu lyfsins svo erfiðara væri að misnota það. Það er galið að fá fyrirtæki sem er að framleiða vímuefni til að annast löggæslu á sjálfu sér. Rétt eins og það er galið að ætla að því sterkari sem lyfin verða sé minni hætta á ánetjun. Það er jafn galið og þegar *Dr. Alexander Wood*, sem fann upp lyfjaspautuna og holnálna á því herrans ári 1853, hélt því fram að vegna þess að lyfi væri sprautað í æð væri útilokað að ánetjast því. Purdue Pharma og sölufólk þess hélt því fram að „þótt fólk liti út og hagaði sér eins og fíklar, þá væri það bara fólk sem væri að leita að líkn frá sársauka“. Þeir héldu því líka fram að færri en 1% sjúklinga gætu ánetjast OxyContin þrátt fyrir að Purdue Pharma væri alveg fullkomlega ljóst að fyrir því væri enginn fótur.

Árið 1997, komu fyrstu varnaðarorðin vegna Oxy-

Contin. Þau komu frá dánardómstjóra sem staðsettur var í *Roanokesýslu* í vestur Virginiuríki. Hængurinn var að þau fóru framhjá öllum þangað til 2001. Það var enda ekki læknir sem varaði við og þar sannast enn og aftur að það er ekki sama hvað sagt er, ekki síður er mikilvægt hver segir hlutina, hvernig og hvenær. Þetta voru einangruð svæði langt úti í rassgati og fljótlega varð ljóst að allt sem gert yrði væru fremur æfingar í grafískri hönnun og aðgerðir fyrirtækisins aðallega til þess eins að passa sitjandann á því og koma í veg fyrir lögsóknir. En 9. febrúar 2001 birtist fyrsta greinin um þessa vá í stórum miðli en þá birti *New York Times* grein eftir *Barry Meier* um ástandið. Þegar fjölmiðlar fóru í framhaldi af því að kafa í málið kom það fljótt í ljós að ástandið var víða afar slæmt. Einkum í fátækari hlutum Ameríku, Suðurríkjunum, Miðvesturríkjunum og Miðríkjunum. Misnotkun á OxyContin var mest þar sem tilgangsleysi, fátækt og atΔ139 vinnuleysi var mest. Það væri kannski hægt að orða það sem svo að misnotkunin var mest þar sem örvænting fólks var mest.

En svo dreifðist notkunin til bæjanna og borganna. Alla tuttugustu öldina var ópíóðanotkun fyrst og fremst bundin við stórborgirnar í formi heróíns sem var smyglað inn á markaðinn. Fáum læknum datt í hug að ávísa sterkum, ávanabindandi verkjalyfjum til sjúklinga með tannverk eða eymsli í mjóhryggnum. Það voru notuð önnur og vægari lyf og *narkótísk* lyf eins og ópíóðar voru eingöngu gefin krabba-meinssjúklingum á síðari stigum sjúkdómsins og AIDS sjúklingum. Með OxyContin breyttist það svo um munaði.

Árið 2013 flettir *Milwaukee Journal Sentinel* ofan af spillingu milli FDA og lyfjafyrirtækjanna. Það kom í ljós að í níu ár þar á undan höfðu fulltrúar FDA og lyfjafyrirtækjanna hist á flottum hótélum þar sem lögð voru á ráðin um hvernig hægt væri að „losna við“ úr könnunum þá sem

ekki sýndu rétta eða jákvæða svörun í lyfjatilraunum svo útkoman væri hagstæð lyfjafyrirtækjunum og þar af leiðandi auðveldara að fá markaðs- og söluleyfi. Svo er fólk að undrast hvers vegna ástandið er eins og það er. Það má alveg halda því fram, sérstaklega þar sem í ljós hafa komið gögn sem styðja það, að ópíóðafárið sé tilbúið af lyfjafyrirtækjunum og FDA. Því þetta var ekki það eina sem blaðamaður Milwaukee Journal Sentinel, *John Fauber*, gróf upp. Hann komst að því að *American Pain Society* og *American Academy of Pain Medicine* höfðu hvatt til aukinnar notkunar sterkra verkjalyfja við þrálátum verkjum á sama tíma og þessar stofnanir voru að fá milljónir dollara frá Purdue Pharma og reyndar öllum stóru lyfjafyrirtækjunum. Þetta leiddi til skoðunar í þingnefnd Bandaríkjaþings undir forsæti *Chuck Grassley* og *Max Baucus*. Niðurstöðurnar voru innsiglaðar og hafa ekki fengist birtar enn þann dag í dag. Hvers vegna skyldi það vera? Kannski vegna „*national security*“ sem virðist ná yfir allt sem Kananum dettur í hug. Meira að segja tjaldvagna frá Tékklandi.

Þannig virðast kaupin á Eyrinni gerast hjá þeirri þjóð sem vill hafa allt um það að segja hvernig aðrar þjóðir haga sínum vímuefnamálum og stefnu. Bandaríkjamenn hafa verið allt um lykandi þegar aðrar þjóðir hafa viljað skoða málin og ítrekað beitt þrýstingi, mútum og beinlínis hótunum ef málum væri ekki hagað nákvæmlega samkvæmt þeirra forskrift. Mér finnst eiginlega að maður þurfi að taka til heima hjá sér áður en maður fer að kvarta yfir slæmri umgengni hjá nágrennanum. Sérstaklega þegar maður hefur tölur um það að samanlagður lyfjaiðnaðurinn í BNA eyddi samtals 4,4 milljörðum dollara í beina markaðssetningu árið 2000. Fyrir 18 árum síðan. Hverju skyldi hann eyða í dag í heildina, nú þegar búið er að slaka verulega á reglum um auglýsingar, bæði í ljósvaka, prent- og netmiðlum? Ég hef ekki einu sinni

ímyndunarafl til að geta mér þess til.

Við sjáum það á framansögðu um OxyContin og Purdue Pharma hve gífurlega stórar upphæðir eru í spilunum í lyfjaiðnaðinum. Þar sem stóru lyfjafyrirtækin eru að leitast við að græða peninga en eru ekki í þeirri starfsemi að lækna fólk, skiptir það þau afar miklu máli að hafa góða og marga viðskiptavini sem greiða lyfin dýru verði gegnum niðurgreiðslur ríkisvaldsins sem reglulegir neytendur framleiðslu þeirra. Þessi stefna fyrirtækjanna gerir það að verkum að lyfjafyrirtækin eru fjársterkustu aðilarnir sem eru á móti öllum breytingum á vímuefnalögum. Ástæða þess er að það er erfitt að fá einkaleyfi á t.d. plöntu í tilfelli kannabiss. Þá eru sækadelik efnin þannig að flestir sem prófa þau gera það í örfá skipti. Það væri ekki góður business fyrir fyrirtæki að framleiða eitthvað sem fólk notar afar sjaldan eða jafnvel bara einu sinni. Slíkt fyrirtæki færi fljótt á húrrandi hausinn. Þess vegna kom það fæstum á óvart þegar upp komst að stóru lyfjafyrirtækin, þar með talið Purdue Pharma, væru að styrkja alls konar samtök sem höfðu það eina markmið að koma í veg fyrir slökun á vímuefnalöggjöf BNA. Jafnvel samtök þar sem ópíóðafíklar voru í forsvari fyrir. Það er greinargóð lýsing á þessu í bókinni *Fíkn, fíknisaga & fíknistríð* sem finna má á issuu.com.

Nú hefur það komið í ljós að t.d. kannabis gagnast við ýmsu eins og gláku, lystarleysi, ógleði og svefnvandamálum og er býsna gott verkjalyf. Þá hafa komið fram vísbendingar um að það gæti vel gagnast við Parkinson taugasjúkdómnum og jafnvel ýmsum krabbameinum. Svo það er eðlilegt að þau fyrirtæki sem framleiða sterk verkjalyf séu á móti lögleiðingu þess. Þetta er mjög skýrt dæmi um hvernig hagsmunabarátta kemur í veg fyrir umbætur í málaflokknum. Umbætur sem miða að því að minnka félagslegan kostnað ásamt öðrum þjóðhagslegum kostnaði.



Wikimedia Commons

Curandera Maria Sabrina frá smábænum Huautla kynnti Robert Gordon Wasson bankastjóra og sveppa-áhugamanni fyrir töfrasveppum og átti sinn þátt í því að hrinda „sækadelik“ byltingunni af stað.



Wikimedia Commons

Douglas Engelbart 1925-2013, var amerískur verkfræðingur sem m.a. fann upp tölvumúsina og grafískt viðmót í tölvum eftir LSD „ferð“. Samkvæmt lögum er hann „eiturlyfjaneytandi“ og glæpamaður.



Wikimedia Commons

Afghanski herinn verndar ópíumbændur á ökrum ásamt því að vernda uppskeruna.

skýrslur GCDP

En hvernig er þá ástandið nú í þessum málaflokki sem vímuefnamál eru? Alþjóðleg nefnd undir forystu fyrrverandi aðalritara SP, *Kofi Annan* sáluga, fylgist með því og gefur út skýrslur árlega. Þessi nefnd heitir *Global Commission on Drug Policy* en er oftast kölluð *Kofi Annan nefndin*. Í þessari nefnd eiga sæti rúmlega 20 fyrrverandi þjóðarleiðtogar og hugsuðir. Þar má meðal annarra finna *Torvald Stoltenberg, Ruth Dreyfuss, Fernando H. Cardoso, Aleksander Kwaniewski, Jorge Sampaio, George Shultz, Javier Solana, George Papandreou, Paul Volker, Ernesto Zedillo* og athafnamann á borð við *Richard Branson*.

Nefndin hefur verið fremur gagnrýnin á fíknistríðið og fátíðni þess og hefur gefið út skýrslur um efnið frá 2011 þar sem ástandið er greint og bent á margar leiðir til úrbóta. Hægt er að nálgast allt efni sem frá nefndinni kemur á vef hennar, <https://www.globalcommissionondrugs.org/reports/>

Nefndin er sjálfskipuð og óháð, en hlutverk hennar er að greina afleiðingar fíknistríðsins og benda á nýjar leiðir í fíknivörnum. Skýrslur GCDP eru lagðar fram á fundum Sameinuðu þjóðanna, þar sem aðildarþjóðirnar ræða efni þeirra og ráðleggingar, auk þess sem fulltrúar í nefndinni eru óþreytandi að kynna þær fyrir stjórnmalamönnum og almenningi. Fulltrúar frá GCDP heimsóttu Ísland tvisvar

í boði *Snarrótarinnar, samtaka um borgarleg réttindi, Ruth Dreyfuss* í maí 2015, og Dr. *Khalid Tinasti* í október sama ár.

Fyrsta skýrsla GCDP kom út í júní árið 2011 og hófst á þessum orðum: „*Fíknistríðið er misheppnað, með skelfilegum afleiðingum fyrir einstaklinga og þjóðríki um allan heim.*“ Í þessari fyrstu skýrslu nefndarinnar er rakið hvers vegna fíknistríðið sé tapað og hvaða leiðir ætti að skoða til að vinda ofan af því. Það er vandlega stutt rannsóknum hver kostnaður stríðsins er í peningum talið og bent á að þeim peningum sé betur varið í aðrar aðgerðir til að stemma stigu við vímuefnamisnotkun. Þar kemur líka fram að samkvæmt áætlunum SP hefur ópíóðaneytendum fjölgað um 34.5% frá 1998 til 2008, kókaínneytendum um 27% og kannabisneytendum um 8.5%. Enda er það sagt fullum fetum í skýrslunni að ólöglegi vímuefnamarkaðurinn sé einna líkastur Medúsu, fyrir hvert höfuð sem hoggið er af sprettur nýtt eða ný í staðinn sem fylla skarðið samtundis. Enda hefur alþjóða markaðurinn með vímuefni vaxið gífurlega á þeim árum sem stríðið hefur staðið.

Þegar skýrslur GCDP eru lesnar verður manni fljótt ljós sá fátíðni sem tröllríður fíknistríðinu. Það hefur verið margreynt í allri sögu mannsins að stjórna hugmyndum, trúarbrögðum og athöfnum. Allar hafa þær tilraunir endað með fullkomnum ósigri eða eins og dannaðir Bretar

myndu segja: „it failed miserably.“ Þetta fáránlega fíknistríð er svo fáránlegt á svo mörgum sviðum en efst tróna þó mannréttindabrotin. Þrátt fyrir vísbendingar og beina vissu um að núverandi aðferðir séu ekki að skila neinu virðast stefnumótunaraðilar hliðra sér hjá að grandskoða fíknistríðið og leiðir til úrbóta. Vímuefnastefna verður að byggjast á gagnreyndum vísindalegum gögnum í stað hindurvitna og bábilja og raunverulegan árangur ætti að meta út frá skaðaminnkun, heilsu og velferð, jafnt neytenda sem þjóðfélags.

Stefnan verður að byggjast á mannréttindum og heilbrigði almennings og það þarf að hætta jaðarsetningu einstakra hópa sem eru bara neytendur annarra efna en löglegra vímugjafa og koma á fram við misnotendur sem sjúklunga, ekki afbrotamenn. Núverandi kerfi refsinga byggir á fimmtíu ára gömlum skoðunum og vitneskju en þekking hefur aukist gífurlega síðan fíknistríðið hófst. Enda var það yfirlýst markmið Single sáttmálans frá því 1961 að „bæta (improve) heilsu og velferð mannkyns.“

Það eru nokkur atriði sem verður að hafa í huga þegar sett eru lög, bæði alþjóðalög og lög einstakra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Eitt þessara atriða er Mannréttindayfirlýsing SP. Mannréttindastjóri SP, *Navanethem Pillay*, hefur sagt að: „*einstaklingar sem nota ólögleg vímuefni afsala sér ekki mannréttindum. Allt of oft sæta þeir mismunun, eru þvingaðir í meðferð, jaðarsettir og oft laskaðir af aðferðum sem leggja ofuráherslu á glæpavæðingu og refsingu meðan minni áhersla er á skaðaminnkun og virðingu fyrir mannréttindum.*“ Fíknistríðið er sem sagt félagslegt- og heilbrigðisvandamál. Ég svo sem veit ekki með aðra en mér finnst það, privat og persónulega, galið að reyna að laga og bæta félgsleg vandamál með stríðstólum. En það er bara ég.

Enda hafa lönd, þar sem reyndar hafa verið skaðaminnkunaraðferðir, kallað eftir breytingum. Þótt vissu-

lega hafi viðkomandi lönd sætt talsverðum diplómátskum þrýstingi að „halda sáttmálana“. Sem segir ekkert annað en að það er einfaldara fyrir stjórnvöld að sýna mislukkaða staðfestu, halda andlitinu og vera hörð á móti vímuefnum. Jafnvel þótt það kosti um milljón manns á ári lífið.

Fimm óæskilegar „aukaverkanir“ stríðsins eru samkvæmt *Antonio Maria Costa*, fyrrum aðalframkvæmdastjóra *United Nations Office on Drugs and Crime*:

- Myndun gífurlegs svarts markaðar með ólögleg vímuefni.
- Mikil stefnumótunarvilla þar sem fjármagni er beint til löggæslu í stað lýðheilsu.
- Gífurleg landfræðileg tilfærsla þegar framleiðsla er fjarri neyrlustað.
- Aukin neysla á ýmsum efnum sem notuð eru þegar það efni sem neytendur vilja heldur fæst ekki.
- Neikvætt álit og ill meðferð á vímuefnaneytendum sem eru brennimerktir, jaðarsettir, útilokaðir og ofsóttir.

Við erum að tala um sjúklunga og fólk sem notar ólögleg vímuefni endrum og sinnum og eru fáum til ama. Þessi atriði koma í veg fyrir hlutlausu og gagnreynda stefnumótun en kannanir hafa sýnt að ríkisstjórnir hagnast bæði fjárhagslega og félagslega með því að beina fjármagni í heilsu- og félagslega kerfið fremur en til löggæslu. Þrátt fyrir þessa staðreynd er í flestum löndum miklu fé eytt í að refsast einstaklingum sem nota vímuefni.

Til að kóróna fáránleikann, sem kannski sýnir best hvað stjórnálamenn eru ragir við að taka á vandanum, er bent á það í fyrstu skýrslu GCDP að SP séu búnar að stofna þrjú batterí um málaflökkinn. Það komi í veg fyrir samfellu og breytingar gerist afar hægt. Þau þrjú batterí sem um ræðir eru UNODC (*UN Office on Drugs and Crime*), INCB (*International Narcotics Control Board*) og CND (*Com-*

mission on Narcotic Drugs). Í svona kerfi er innbyggður hvati til að halda í óbreytt ástand. Að ekki sé minnst á að það kemur fyrir að þau vinni hvort á móti öðru þegar allir róa sína í hvora áttina.

Ég held að til þess að stoppa þessa vitleysu sem fíknistríðið er verði fleiri að koma að borðinu. Ég held að allar þessar skammstafanir, UNODC, UNAIDS, WHO, UNDP, UNICEF, UN Women, Alþjóðabankinn og Mannréttindanefndin ásamt WHO (*World Health Organization*) geti aldrei komist að samkomulagi. Enda sýndi það sig á *UNGASS 2016* eða United Nations General Assembly Special Session on Drugs. Það var kannski ekki við öðru að búast. Með því að komast ekki að samkomulagi geta fulltrúar forðast ábyrgð og það sem ekki er minna um vert fengið aftur gott partý þegar þeir „þurfa“ að hittast næst. Með fyrirjábanlegum sama árangri. Eða kannski frekar árangursleysi.

Árangurinn af *UNGASS 2016* var semsagt enginn. Öllum þeim spurningum sem beðið var svara við, ósvarað. Er von til að þjóðarleiðtogar samþykki skaðaminnkun í stað refsinga? Hafa þeir hugrekki til að láta vísindi og gagnreynd sannindi vísa sér veginn? Munu þeir sjá fram á að geta sparað háar fjárhæðir? Þora þeir að standa upp í hárinu á Bandaríkjunum? Eða mun kannski afstaða BNA koma á óvart nú þegar nokkur fylki hafa lögleitt kannabis að fullu og mörg fleiri leyfa það til lækninga? Dannaðir Bretar gætu sagt „*ended in complete and utter failure.*“

Það er nauðsynlegt fyrir árangursríka stefnumörkun í vímuefnapólitík að hún byggji á vísindum en ekki Gróusögum. Á þeim rúmu fimmtíu árum síðan *Single Convention* sáttmálinn var samþykktur árið 1961 hefur þekking aukist gríðarlega á öllum sviðum vímuefnamála. Frá frumframleiðslu, dreifingu, fíkn, neyslu og ekki síst hversu árangursríkt fíknistríðið hefur reynst. Samt er

haldið áfram að beita lögreglu og her á veikburða og jaðarsett fólk sem ekki hefur annað til saka unnið en að reyna að draga úr þeim sársauka sem þau eru að burðast með. Eða til að lyfta sér upp annað slagíð.

Þessi vitneskja leiðir m.a. annars í ljós hversu árangurslaust stríðið hefur verið og í öllum atriðum fáránlegt og ekki ein einasta ástæða til að halda því áfram með því að horfa fram hjá þeirri vitneskju sem við höfum nú. Vímuefnastefna á öllum stigum heldur áfram að stjórnast af hugmyndafræði og pólitískum hagsmunum og henti-semi og horfir fram hjá flækjustigi vímuefnamarkaðarins, vímuefnaneyslu og fíkn.

Það minnir okkur á að upphaflega markmiðið með stefnunni var að minnka skaðann fyrir þjóð og þegna. Fækka glæpum, bæta heilsu og stuðla að heilbrigðri þróun þjóðfélagsins. Samt er árangur fíknistríðsins mældur með handtökum og refsingum en það segir það eitt um okkur hversu hörð við erum en ekki hversu vel við höfum stuðlað að „...*heilsu og velferð mannkyns.*“ sem var upphaflegi tilgangurinn. En maðurinn er íhaldssöm skepna sem heldur dauðahaldi í óbreytt ástand.

Það eru nokkur grunngildi sem eru undirstaðan í allri stefnumótun bæði innanlands og alþjóðlega. Þessi gildi eru samofin Mannréttindayfirlýsingunni og mörgum alþjóðasáttmálum sem hafa fylgt í kjölfarið. Það sem einkum gildir hvað varðar vímuefni er rétturinn til lífs, heilsu og jafnræðis fyrir lögum, að vera laus við ómannúðlega meðferð og pyntingar, og að þurfa ekki að þola þrælald og mismunun. Hvað eru flest burðardýrin sem send eru milli landa með vímuefnasendingar? Þrælar?

Við gerð vímuefnastefnu, hvort heldur er hnattrænt eða í einstökum löndum, verður að hafa í huga pólitískan, félagslegan og menningarlegan raunveruleika. Sem þýðir að einstök lönd marka sér stefnu sem hentar þeim.

WAR

ON DRUGS

REPORT OF THE
GLOBAL COMMISSION
ON DRUG POLICY

JUNE 2011

Menningarmunur gerir það að verkum að ekki hentar sama lausnin öllum. Það er enda í samræmi við sáttmálann frá 1998, *Convention on Drug Trafficking*, sem þó er að ýmsu leyti skaðlegastur af öllum vímuefnasáttmálunum.

Einn hnatræn stefna hefur of oft sett einstaka lönd í klemmu. Í 50 ár hafa SP og INCB (*International Narcotics Control Board*) með fulltingi BNA unnið að því að koma á einni allsherjarlausn fyrir öll lönd. Sömu lög, sömu refsingar og sama hörkulega nálgunin. Hervæðing er það sem BNA notar til baráttunnar. Vandamálið er miklu flóknara en svo að það verði leyst með einhverri patentlausn byggðri á notkun skotvopna. *Kristján Þór Júlíusson*, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, hefur lýst svipuðum skoðunum og talað fyrir nýrri nálgun í málaflöknum.

Tökum Bólívíu sem dæmi. Stjórnvöld þar vildu leggja af refsingar við neyslu kókalaufs og fá ákvæði um það með breytingu á Single sáttmálanum, en í honum er öll önnur notkun kókaíns en til lækninga bönnuð. Þrátt fyrir að meirihluti bólivísku þjóðarinnar og nágrennalönd vildu samþykka breytinguna og engar vísindalegar vísendingar fundust um hættu af slíkri notkun, eða að sá siður Bólívíumanna að tyggja kókalauf kæmi alþjóðaviðskiptum með efnið við, voru það ríku neyslulöndin með BNA í broddi fylkingar sem stóðu í vegi fyrir þessari breytingu. Sú hugmynd að smábreyting á Single sáttmálanum geti valdið því að allt hrynji er galin og gefur til kynna að kerfið sem búið er að setja upp sé gallað og standi á brauðfótum. Það hefur sýnt sig, þar sem það hefur verið reynt, að skaðaminnkun gefur mörgum sinnum betri árangur en refsistefnan. Benda má á að í Tælandi og Rússlandi er refsað harðlega fyrir vímuefnanotkun og þessi tvö lönd sitja í staðinn uppi með mesta HIV faraldur sem þekktist meðal sprautufíkla.

Fíknistefna hlýtur að beinast að fjölskyldum, skólum,

heilsugæslunni, ráðgjöfum og félagslegum leiðtogum ásamt með löggæslu og öðrum ríkisstofnunum sem málið varðar. Með ofuráherslu á löggæslu og refsingu verður sjónarhornið afar þröngt. Það kemur í veg fyrir hlutlausu umfjöllun hjá stjórnvöldum. Þetta er meira en fræðileg spurning því könnun eftir könnun hefur sýnt að hagnaður þjóðfélagsins eykst eftir því sem meiru er eytt í félagsleg og heilsutengd úrræði fremur en löggæslu og refsingar. Milljörðum er eytt í fíknistríðið árlega. Milljörðum sem almennir skattgreiðendur standa straum af án þess nokkurn tíman að hafa verið spurðir hvort þeir vildu það.

Pólitískir leiðtogar og þekktir einstaklingar verða að hafa hugrekki til að viðurkenna opinberlega það sem þeir margir viðurkenna með sjálfum sér og í einkasamræðum, að núverandi aðferðir eru ekki raunhæfar og leysa ekki fíknivandamálið. Fíknistríðið hefur ekki skilað neinum árangri og ómögulegt er að vinna það. Stjórnvöld hafa alla möguleika á að móta stefnu sem hentar viðkomandi landi, aðferðum sem eru áhrifameiri á skipulagða glæpastarfsemi auk þess að minnka félagslegan og heilsutengdan kostnað.

Hugmyndin sem fíknistríðið byggir á, að hótun um handtöku og refsingu sé nóg til að fá fólk til að hætta vímuefnaneyslu hefur margsannað sig að vera röng. Fjöldi landa sem hafa aðhyllst refsistefnuna sitja uppi með miklu almennari vímuefnaneyslu en lönd sem nota mildari nálgun. Þau lönd sem hafa farið leið afglæpunar og/eða lögleiðingar sitja ekki uppi með meiri neyslu eða fleiri fíkla eins og óttast var.

Það má benda á portúgólsku leiðina og hægt er að bera saman vímuefnaneyslu í hollenskum og amerískum borgum. Benda má á könnun *Craig Reinerman* o.fl. sem bar saman San Francisco og Amsterdam. Það þarf að breyta aðferðum við mat á árangri stefnunnar í vímu-

efnamálum því núverandi aðferðir eru gallaðar. Það segir nákvæmlega ekkert um neyslu að tína til fjölda handtaka, hversu mikið er gert upptækt eða hve mörgum er refsað. Slíkar mælingar sýna aðeins þann skaða sem fíknistríðið og núverandi stefna veldur. Ekki hversu mikið dregur úr neyslu. Frekar á að bjóða neytendum upp á heilsugæslu og meðferð ef þeir óska því það hefur sýnt sig að skila meiri og betri árangri í baráttunni gegn vímuefnum. Það er rökrétt því fjarska margir neytendur fjármagna sína neyslu með sölu og ef hvatinn til að ná í nýja viskiptavini er tekinn frá þeim fækkar neytendum til langframa eins og fjöldi rannsókna hefur staðfest.

Í fyrstu skýrslu GCDP verja höfundar nokkru máli í að hamra á því að vísindi og þekking verði að varða veginn. Þessi þekking leiðir m.a. annars í ljós hversu árangurslaust fíknistríðið hefur verið og höfundar segja það fullum fetum að það sé horft fram hjá þeirri vitneskju. Vímuefnastefnan verður að byggjast á lýðheilsu og mannréttindum segja skýrsluhöfundar. Við eigum að hætta að útskúfa og jaðarsetja einstaklinga sem nota ákveðin vímuefni og þá sem eru í frumframleiðslu þeirra eins og fátæka bændur sem hafa kannski ekki um aðra kosti að velja en að vinna fyrir glæpamenn. Þá eigum við að líta á fíkla sem sjúklinga en ekki afbrotamenn.

Skýrsluhöfundar fyrstu skýrslu GCDP leggja fram nokkrar ráðleggingar til að takast á við alþjóða markaðinn og neyslu fólks á ólöglegum vímuefnum og sú fyrsta er að breyta umræðunni. Þeir hvetja til opinskárrar umræðu og að stefnu í málaflokknum sé breytt til að hægt sé að takast á við vandamálið. Ekki síst hvernig hægt sé að minnka skaðann sem óhjákvæmilega hlýst af fíknistríðinu. Þá nefna höfundar að stjórnvöld verði að leggja meiri áherslu á að styrkja rannsóknir svo hægt sé að hafa verkfæri til að breyta stefnunni.

Þá leggja þeir til að einstök lönd geri tilraunir með lögleiðingu t.d. kannabisefna sem leiði til þess að tangarhald glæpagengja á markaðinum minnki og hverfi og í stað þess batni heilsa og öryggi borgaranna. Þeir benda á að umræðan hafi um of stjórnast af hindurvitnum og bábiljum og hreinum og klárum misskilningi. Auk þess sem pólitíkusar séu gefnir fyrir einfaldar lausnir á flóknum málum og það sé þægilegt fyrir þá að gefa sig út fyrir að vera harðir gegn glæpum og vímuefnaneyslu. En við erum öll að leita að stefnu sem lágmarkar áhættu einstaklinga og þjóðfélagsins alls.

Skýrsluhöfundar leggja einnig til að betri mælikvarðar séu notaðir til að meta stefnuna í vímuefnamálum og setja markmið til að stefna að. Þeir mælikvarðar sem nú eru notaðir, þ.e. að mæla árangur út frá refsingum, sé í grundvallaratriðum rangur. Því þurfi nýja mælikvarða sem taki tillit til skaðsemi efnanna og einnig þurfi að hafa í huga að 90% neytenda noti efnin án nokkurs skaða fyrir þá eða þjóðfélagið. Þá komi það einnig til með að minnka heilsutengda vá vegna lifrabólgu og HIV smits meðal sprautufíkla ef aðferðir til skaðaminnkunar eru notaðar.

Þeir mæla með að frekar sé tekist á við neyslu og fíkn með skaðaminnkandi aðferðum heldur en að efla algengan misskilning refsistefnunnar á fíknimarkaðinum. Allt varðandi neyslu og fíknistríðið sé flókið og einfaldar lausnir eins og aðferðir hers og löggæslu eigi illa við. Aðrar aðferðir en löggæslu þurfi að nota til að takast á við heilsu og félagsleg vandamál. Það eru ekki allir neytendur eins og skilningur manna á fíkn og vímuefnaneyslu hefur aukist gríðarlega síðustu 40 árin. Þeir benda á að SP áætli að af 250 milljón neytendum ólöglegra vímuefna sé aðeins lítið brot sem eigi í vanda með neysluna eða aðeins um 10%. Þeim þurfi að hjálpa. Sú ákvörðun einstaklinga að hefja neyslu sé oftast vegna undirliggjandi

vandamála og rannsóknir hafi sýnt að áfall í bernsku sé líklega stærsti áhættuþátturinn auk hópþrýstings.

Að sögn skýrsluhöfunda er ekki hægt að hræða fólk frá notkun með refsingu en með réttum aðferðum sé hægt að fá neytendur til að vinna úr sínum málum og breyta hegðun og verða nýttir þjóðfélagsþegnar. Flestir neytendur eru ekki eins og stereotýpan úr kvikmyndunum. Þetta er áberandi þegar skoðað er hverjir sitja í fangelsi vegna vímuefnanotkunar. Stærsti hlutinn er „smáfiskar“ sem hafa stundað sölu til að fjármagna eigin neyslu eða venjulegt fólk sem var svo óheppið að vera á röngum stað á röngum tíma og hafi aldrei áður komist í kast við lögin. Þessu sé hægt að breyta segja skýrsluhöfundar með því að opna umræðuna og auka skilning fólks.

Lönd sem leggja áherslu á löggæslu ættu að beina henni að skipulagðri glæpastarfsemi fremur en einstökum neytendum sem að öðru leyti eru ábyrgir þegnar. Það séu ekki einstakir neytendur sem framleiða vímuefnin og flytja inn til dreifingar. Það eru alþjóðlegu og skipulögðu glæpaklíkurnar sem stjórnir markaði og framleiðslu og löggæslu-átök ættu frekar að beinast að þeim. Þeir benda á að Vestur Afríka sé að verða stórt umpökkunarsvæði sem stafar af veikju stjórnarfari, lélegri löggæslu og ófullkomnu dómskerfi. Það séu háar fjárhæðir í spilinu og einfalt fyrir bófana að kaupa sér frið. Þetta þýði þó ekki að við lögleiðingu markaðarins hverfi öll vandamál varðandi framleiðslu og dreifingu. Ekki frekar en að brugg leggist af þó áfengi sé selt í verslunum. En með því að beina aðgerðum einkum að stórfamleiðendum ætti ástandið að skána eins og hefur sýnt sig í Hollandi þar sem kaffhúsin hafa verið látin í friði síðan á áttunda áratug síðustu aldar. Þá sé hægt að láta óþíða sprautufíkla fá efnin á kostnaðarverði án aðkomu glæpamanna og þar með sé hvati neytenda til dreifingar fjarlægður.

Skýrsluhöfundar mæla með vægari refsingum fyrir smásalann á götunni og þá sem teknir eru í fyrsta skipti með ólögleg vímuefni undir höndum. Þessir aðilar séu á botni fæðukeðjunnar og þótt þeir séu auðveld bráð fyrir lögregluna hafi það engin áhrif að taka þá úr umferð. Nýir aðilar fylli skarðið samstundis. Í einstaka löndum er dauðarefsing við ólöglegri vímuefnaneyslu en þrátt fyrir það minnkar neysla ekki og í sumum tilfellum eykst hún.

Þá mæla höfundar með að aðgerðir sem byggja á vísindum ættu einkum að beinast að ungu fólki. Þei telja augljóst að ef hægt er að stemma stigu við neyslu óþroskaðra unglunga muni það skila sér í færri misnotkunartilfellum og síður sé hætta á að fikt með vímuefni leiði til stöðugar neyslu sem endi með fíkn. Forvarnir séu vænlegri til árangurs en að þurfa að grípa inn í á síðari stigum aukinnar neyslu. Þeir benda á að aðgerðir eins og hin einfeldningslega tillaga Nancy Reagan, „*Just say no*“ séu illa ígrundaðar og lítt til þess fallnar að skila árangri. Aðgerðir sem beinast að ungu fólki verði að byggja á gagnreyndum sannindum því ungt fólk sé fljótt að sjá í gegnum fals og hræsni.

Þá mæla höfundar með að þau meðferðarúrræði sem í boði ættu að vera þurfi að vera sveigjanleg og fjölbreytt. Óumdeilt sé að einhver hluti þegna lendi einhverntíma í vandræðum vegna neyslu vímuegjafa, hvort heldur þeir eru löglegir eða ólöglegir. Fíkn sé skaðleg einstaklingum, fjölskyldu hans og þjóðfélaginu öllu. Vel heppnuð meðferðarúrræði minnki þann skaða sem af neyslu hlýst. Þeir leggja áherslu á að ekki eigi að þvinga fólk í meðferð, hún verði að vera af fúsum og frjálsum vilja, annað sé sóun á fé, tíma og aðstöðu. Þvingun sé auk þess í andstöðu við mannréttindasáttmála SP.

Sameinuðu þjóðirnar verði að vera brautryðjendur stefnu sem miði að því að bæta núverandi aðferðir. Það

JUNE 2012

The War on Drugs and HIV/AIDS

How the
Criminalization of
Drug Use Fuels the
Global Pandemic



**REPORT OF THE
GLOBAL COMMISSION
ON DRUG POLICY**

þýðir að alþjóðastefnan verður að byggjast á vísindum og verður að taka tillit til staðháttu og menningar í einstökum löndum. Samræma verði stefnu einstakra stofnana SP svo þessar stofnanir vinni saman að sameiginlegu markmiði en vinni ekki hver á móti annarri í engu samræmi við heildarstefnuna. Þeir benda á að sérhvert land hafi nokkuð frjálst val um hvort það framfylgi refsistefnunni eða skaðaminnkun. Næstum alla síðustu öld hafi fíknistefna heimsins byggt á stefnu BNA sem hefur leitt til þvingandi aðferða um allan heim.

Lokaráðlegging skýrsluhöfunda er stutt og hnitmiðuð. Fíknistríðið er misheppnað og breyta verður stefnunni. Núna! Það er ákveðin tregða til breytinga í gangi og stjórnámamenn og stefnumótendur verða að fara að skilja að stríðið er tapað og hefur í raun og sann gert ástandið verra. Það er ákveðin tilhneiging að forðast málefnið meðal ráðandi afla því það er auðveldara að gera ekki neitt. En það er að skjóta sér undan ábyrgð og pólitíkusar verða að skilja að þeir ættu að taka ábyrgari afstöðu í vímuefnamálum. Aðrar aðferðir hafa sýnt að önnur nálgun í málaflokknum er til mikilla bóta hvað það varðar að minnka bæði skaða og neyslu vímuefna.

* * *

Í skýrslu tvö frá nefndinni kveður við nýjan tón og þar eru aðrar áherslur en í fyrstu skýrslunni. Skýrsla tvö heitir *Fíknistríðið og HIV/AIDS* og undirtitill er *Hvernig glæpa-væðing vímuefnaneyslu kyndir undir heimsfaraldri*. Skýrslan er gefin út í júní 2012. Skýrsluhöfundar byrja á að segja að fíknistríðið sé einn aðal orsakavaldur HIV/AIDS faraldursins meðal neytenda og bólfélaga þeirra. Um allan heim hafa rannsóknir nánast undantekningarlaust sýnt að þvingandi og hörð framfylgni laga þvingi neytendur frá heilsugæslunni og ýti þeim út á jaðar þjóðfélagsins þar sem þeir eru í raun og veru faldir í kimum þar sem

hættan á smiti eykst verulega. Fjöldahandtökur og refsivist á friðsömum neytendum eykur líka hættuna mikið. Þetta sé tilfellið í t.d. BNA þar sem 25% smitaðra Ameríkana séu í fangelsi á hverjum tíma og óhóflega hátt hlutfall litaðra falli í báða flokka, þ.e. vímuefnaneytendur og HIV/AIDS smitaðra. Það er bent á að hörð refsistefna gegn neytendum hafi sýnt svo ekki verði um villst að hún reisi girðingar gegn HIV meðferð. Þó að meðferð HIV smitaðra hafi sannað sig að koma í veg fyrir og aftra frekara smiti. Þessi munur hafi ekki verið viðurkenndur sem einn aðal þáttur í því að reyna að hindra og ná tökum á frekari útbreiðslu HIV/AIDS á heimsvísu.

Fíknistríðið hafi líka leitt til stefnubjögunar þar sem sannanir fyrir fíknimeðferð og skaðaminnkun og almenn heilsugæsla hafi að mestu verið hunsuð eða lítið mark tekið á. Þetta sé algengt alþjóðlegt vandamál og lönd eins og BNA, Rússland og Tæland haldi áfram að hunsa vísindi og ráðleggingar WHO og setji sig á móti gagnreyndum aðferðum til að hindra HIV smit með skelfilegum afleiðingum. Í Rússlandi séu nú 1 af hverjum 100 fullorðnum smitaðir af HIV veirunni. Á hinn bóginn hafi lönd þar sem skaðaminnkun hefur verið innleidd horft upp á fækkun bæði HIV smits og þá ekki síst dramatíska fækkun sprautufíkla. Það séu til viðurkenndar leiðbeiningar til að ná þessum árangri en aðferðir til fækkunar HIV smitaðra hafi verið van- eða ónýttar á meðan skaðlegar aðferðir fíknistríðsins séu að breytast afar hægt. Það geti verið vegna þess grundvallarmisskilnings að upptaka vímuefna, handtökur, sakfelling og annað, sem gjarnan er blásið upp í fjölmiðlum sem árangur í fíknistríðinu, hafi þau áhrif að framboð vímuefna minnki. Hinsvegar sýni gögn frá UNODC að heimsframleiðsla ólöglegra vímuefna eins og ópíóða hafi aukist í heiminum um meira en 380% á liðnum áratugum, úr 1000 tonnum

Neytendur og skaðaminnkunarfólk í Manila á Filippseyjum ásamt mannréttindafélögum mótmæla meðferð Duterte forseta á vímuefnaneytendum.



á áttunda áratugnum í meira en 4800 tonn árið 2010. Þessi aukning helst í hendur við 79% verðlækkun á heróíni í Evrópu milli 1990 og 2009. Það er bent á að þrátt fyrir 600% hækkun á fjármagni til hernaðaraðgerða í fíknistríðinu í BNA frá því í upphafi áttunda áratugarins, hafi verð á heróíni lækkað um u.þ.b. 80% og hreinleiki efnanna á götunni aukist um 900%! Svipað sé upp á teningnum í tilfellum kókaíns og kannabiss. Á sama hátt og vinnbannið í BNA á þriðja áratug síðustu aldar kynti undir glæpum og ofbeldi þar í landi kyndi alþjóða vímuefnabann undir glæpastarfsemi sem teygir anga sína um allan heim. Sem dæmi nefna skýrsluhöfundar Mexíkó en talið er að fleiri en 50.000 manns hafi verið drepin í gengjastriðum þar 2006–2012 en þá var hernum sigað á glæpa-gengin. Þótt fylgendur fíknistríðsins geri ráð fyrir að svona blóðbað hafi einhver áhrif á framboð og eftirspurn á markaðnum leiða nýlegar kannanir í ljós að heróín framleiðsla í Mexíkó hefur aukist um 340% síðan 2004.

Þar sem HIV faraldurinn eykst í löndum vegna sprautufíkla og þar sem nýjar vísbendingar benda til aukningar, t.d. í sunnanverðri Afríku, kalla skýrsluhöfundar eftir breytingum og forystu strax. Því miður hafi þær stofnanir SP sem fjalla um heilsu verið haldið á hliðarlínunni. Meðan fíknistríðið hefur víða kynt undir HIV faraldri hefur löggæsla og aðrar SP stofnanir haldið óbreyttri stefnu á kostnað almannaheilsu. Hver sá sem skoðar af hlutleysi áhrif fíknistríðsins, segja skýrsluhöfundar, getur ekki komist að annarri niðurstöðu en að flestar innlendir og alþjóðlegar stofnanir með það hlutverk að minnka vímuevandamálið hafi í rauninni lagt sitt af mörkum til að auka það, einnig hvað varðar heilsu og öryggi. Það þurfi að breytast og í skýrslu tvö setur nefndin fram vel rökstuddar tillögur um hvernig hægt sé að minnka bæði félagslegan og lýðheilsufræðilegan kostnað við fíkni-



striðið. Rökstuðningurinn er ítarlegur og heimildalistinn í enda skýrslunnar er bæði langur og fjölbreyttur. Þar er vitnað til ýmissa vísindarannsókna og er þeim sem vilja kynna sér þær nánar bent á að fara á vef GCDP (global-commissionondrugpolicy.org) og sækja skýrslunnar. Skýrsla #2 er skrifuð á tyrfnu stofnanamáli þar sem gætt er að sigla milli skers og báru en hún er afar beitt þrátt fyrir það.

Í tillögnum er hvatt til þess að aðalritari SP ásamt UNODC, UNAIDS og CND grípi þegar til eftirfarandi ráðstafana. Viðurkenna og takast á við orsakasamband fíknistríðsins og HIV/AIDS smits, fíknimarkaðarins og því ofbeldi sem honum fylgir ásamt lifrabólgu C og öðrum félagslegum vandamálum. Þeir benda á að fíknistríðið eigi stóran þátt í því að talið er að um 33 milljónir manna gangi með HIV veiruna og sprautufíklar séu ábyrgir fyrir þriðjung þessa smits. [Það mundi gera um 11 milljónir manna]. Þá er bent á að þessi aukning sé utan Afríku og þótt dregið hafi úr smiti síðan rétt fyrir aldamót þá hafi orðið 25% auking á smiti í sjö löndum sem rekja megi eingöngu til sprautufíkla. En sprautufíklar séu nú áætlaðir um 16 milljónir manna.

Svara þurfi þeirri staðreynd að HIV áhættuhegðun stafar af harðri refsistefnu og fjársveltum staðreynda-miðuðum aðferðum til að takast á við hana og það auki vandamálið víða um heim. Ótti við handtökur þvingar vímuefnaneytendur frá samskiptum við bæði heilbrigðis-starfsfólk og sjúkrahús og gerir þá að stórum áhættuhópi. Torvelt aðgengi að hreinum nálum auki hættuna á að margir noti sömu nálina meðal sprautufíkla. Bann við notkun, eða ströng skilyrði, koma í veg fyrir að hægt sé að nota staðgengilslyf við óþjóðafíkn sem komi þar með í veg fyrir að hægt sé að sinna þessum sjúklingum og það geri að verkum að áhættuhegðun vegna smits eykst.

ALGENGI LIFRARBÓLGU C SMITS MEÐAL NEYTENDA SEM NOTA VÍMUEFNI Í ÆÐ


Ath: Gögnin byggja á upplýsingum af nýgengi síðustu áratuga. Há gildi þurfa því ekki að vera rétt. Í fjölda landa er engar upplýsingar að hafa um ný tilfelli.



GCDP | ÞÚB

Algengi lifrabólgu C mótefnis hjá fólki sem sprautar sig

Athugið að gögnin á kortinu sýna uppsafnaðar upplýsingar um smit síðustu áratuga. Hátt hlutfall á kortinu gefa því ekki alveg rétta mynd af nýgengi smits. Gögn um nýgengi lifrabólgu C smits liggja ekki fyrir frá flestum löndum.



GCDP | ÞÚB

Hvetja skýrsluhöfundar kjörin stjórnvöld til að hætta að handtaka og fangelsa fólk sem notar vímuefni en veldur ekki öðrum skaða með neyslunni. Könnun sem birt var í breska læknablaðinu *Lancet* taldi að allt að 19% þeirra sem voru HIV smitaðir í Úkraínu óttuðust lögreglu og ástandið í Austur Evrópu er víða afar slæmt í þessu tilliti. Eða eins og ungur fíkill í Moskvu sagði: „Ótti. Hræðsla. Það er aðallega ástæðan. Og ekki bara ótti um að vera tekinn [handtekinn], heldur líka hræðslan við að verða tekinn og þú getir ekki fengið „fix“. Svo auk þess að vera þvinguð og rænd [af lögreglunni], þá á maður það á hættu að verða veikur. Það er aðalástæðan fyrir því að þú notar hvaða sprautu sem þú hefur aðgang að hér og nú.“

Hætta því hálfkákí að fangelsa og refsa vímuefnaneytendum og nota í staðinn gagnreynd inngríp sem hafa sannað sig að nýtast til að minnka þær neikvæðu afleiðingar sem vímuefnaneysla hefur á einstaklinga og samfélag. Þótt flest HIV smit verði úti í samfélaginu hefur fangelsun ýtt undir faraldur þar. Í fangelsum, t.d. í BNA, er HIV smit mörgum sinnum algengara en í samfélaginu enda eru hvergi fleiri fangar miðað við fólksfjölda en einmitt í því landi og áætlað að allt að fjórðungur HIV smitaðra lendi í fangelsi árlega. Það er í samræmi við tölur frá 25 öðrum löndum sem hafa sagt að í þeim séu fleiri en 10% HIV/AIDS smitaðra í fangelsum. Þau lönd sem nota ekki sannaðar aðferðir til að takast á við HIV smit, ættu þegar í stað að taka upp skaðaminnkunar- aðferðir eins og nálaskiptaþjónustu og neyslurými undir eftirliti heilbrigðisstarfsfólks. Skýrsluhöfundar taka svo stórt upp í sig að segja, að það að grípa ekki til slíkra aðgerða sé glæpsamlegt. Með því að þvinga fólk í „meðferðarstofnanir“ eru „skjólstæðingar“ þeirra í raun í sömu sporum og fangar og þótt þessar stofnanir séu misjafnar kemur í ljós að fæstar þeirra bjóða upp á viður-

kenndar aðferðir við fíknimeðferð og í tilfelli HIV smits. Enda er á þessum stofnunum bæði stundað óvarið kynlíf og hreinar nálar eru ekki í boði.

Hið opinbera og einkaaðilar ættu að leggja meira í valkvæma meðferð fíkla, þar með talið aðferðir sem gagnast ópíóðafíklum. Slíkar aðferðir dragi úr sjúkdómum og dauðsföllum og takmarki líka stærð fíknimarkaðarins og því sem honum fylgir með því að draga úr eftirspurn. Það er minnst á að skjalfest tilfelli eru um nauðungarvinnu. Þá eru pyntingar og önnur mannréttindabrot í þessum stofnunum víða stundaðar, sérstaklega í Kína og Suð-Austur Asíu. En kínversk stjórnvöld voru fremur sein til að viðurkenna HIV/AIDS vanda upp úr 1990 og afleiðingin er að nú er mikil aukning HIV/AIDS smits, einkum meðal námsmanna og roskinna karlmannna.

Öll stjórnvöld, frá sveitastjórnnum, landstjórnnum og alþjóðlega, verða að viðurkenna þá staðreynd sem blasir við að fíknistíðið hefur ekki á neinn hátt minnkað eftirspurnina eftir vímuefnum. Með slíkri viðurkenningu færast þessi yfirvöld frá venjubundnum mælikvörðum á „árangri“ [þ.e. handtökur, upptaka efna, sakfelling] sem ekki skilar sér í jákvæðum áhrifum á samfélagið. Við fangelsun verður oft rof á meðferð HIV smitaðra og þeir fara smitandi inn í fangelsin. Talið er að þá aukist hættan á dreifingu smits allt að sjöfalt, jafnvel þótt aðeins sé um stutta fangavist að ræða. Þetta segja skýrsluhöfundar að þurfi að ræða og takast á við. Mæla þurfi fíknistefnuárangur með þeim vísbendingum sem hafa einhvert gildi í samfélaginu, eins og færri HIV og lifrabólgu C smit og færri dauðsföll vegna ofskammts, minna ofbeldi frá dópsölunum, færri fangar vegna vímuefnaneyslu og fækkun þeirra sem lenda í vandræðum vegna neyslu. Þar sem horft er fram hjá lýðheilsu er HIV faraldurinn stjórnlaus segja skýrsluhöfundar og sýn á vímustefnu verður bjöguð. Ef gagnreyndar

MAY 2013

The Negative Impact Of The War On Drugs On Public Health:

The Hidden
Hepatitis C
Epidemic

**REPORT OF THE
GLOBAL COMMISSION
ON DRUG POLICY**

aðferðir eru notaðar verður ástandið aftur á móti viðráð-anlegra. Með því að beina fjármagni fremur til löggæslu og refsinga verður minna til skiptanna til lýðheilsu. Afleiðingin verður sú að lýðheilsa situr á hakanum meðan stjórnvöld monta sig af löggæslunni.

GCDP fer fram á að þær stofnanir SP sem koma að lýðheilsu verði leiðandi í að takast á við vímuefnaneyslu og fá verði þær til að mæla fyrir aðferðum sem hafa sannað sig. Aðrar stofnanir eins og INCB ætti að skoða svo hægt sé að ganga úr skugga um að þær séu ekki að halda fram aðferðum sem í rauninni gera ástandið verra hvað varðar lýðheilsu og öryggi. Þvert á ráðleggingar vís-indamanna og WHO hafa lönd eins og BNA og Rússland staðið í vegi fyrir lýðheilsuátaki sem gæti gagnast til að ná tökum á ástandinu. Og aftur og aftur hefur bandaríska þingið skorið á fjárveitingar til nálaskipta bæði innanlands og utan, þrátt fyrir sannanlegan árangur slíkra aðferða þar sem þær hafa verið reyndar. Sem dæmi má nefna Tæ-land þar sem HIV smit hjá kynlífsþrælum fór úr 40% niður í 5% bara við það eitt að dreifa fríum smokkum. Brýnt sé að hefjast handa nú þegar. Fíknistríðið sé tapað og hægt að koma í veg fyrir milljónir dauðsfalla úr HIV/AIDS og lifrabólgu C ef strax er gripið til aðgerða.

Svo mörg voru þau orð þótt aðeins hafi verið stilkad á stóru. Það kemur greinilega fram í skýrslunni að ástæða þess að HIV/AIDS eykst samkvæmt rannsóknum sé vegna fíknistríðsins. Það hafi ekki minnkað framboð á vímuefnum þrátt fyrir trilljón dollara kostnað undanfarin 40 ár. Þvert á móti. Þar sem litlið er á fíkn sem sjúkdóm er baráttan við HIV/AIDS að vinnast og bent á Sviss sem dæmi þar sem hlutfall smitaðra fór út 68% árið 1985 í 15% 1997 og niður í 5% 2009.

* * *


Í skýrslu GCDP frá því í maí 2013 er aðallega verið að

fjalla um sjúkdóma sem fylgt geta vímuefnaneytendum sem nota vímuefni í æð og byrjað á að fjalla um heims-faraldur lifrabólgu C, sem hefur verið kallaður „veiru-tímasprengja“ af WHO en þrátt fyrir það hefur hann ekki hlotið næga athygli. Lifrabólga C er læknanleg en allt fram á okkar daga hefur lækning verið dýr og lítt aðgengileg, einkum í fátækum löndum og þar með ekki í boði fyrir almenna borgara. Vitund almennings og stjórn-málamanna hefur verið takmörkuð um faraldurinn og lít-ill áhugi á að bjóða upp á meðferð. Lifrabólga C er afar smitandi með blóðblöndun og þess vegna algeng meðal sprautufíkla sem nota oft margir sömu neysluáhöld. Af þeim 16 milljónum manna sem sprautu sig er talið að um 10 milljónir gangi með veiruna og þar sem fíknefnalög eru hvað ströngust, eins og í Tælandi og Rússlandi, er talið að algengi meðal fíkla sé yfir 90%. Lifrabólga C er banvæn í um 25% tilfella auk þess sem veikin veldur ör-orku hjá þeim sem þó komast af. Það er talið að flestir HIV smitaðir sprautufíklar séu líka smitaðir af lifrabólgu C. Skaðaminnkunaraðgerðir eins og nálaskiptaþjónusta og dauðhreinsuð neysluáhöld ásamt ópíóða staðgengils-lyfjum hefur sýnt sig að virka vel til að halda báðum þessum sjúkdómum í skefjum. Svo framarlega sem slíkt sé í boði og í nægu magni. Í stað þess að einhenda sér í slík meðferðarúrræði, þ.e. skaðaminnkun, halda stjórn-völd í flestum löndum áfram að jaðarsetja neytendur og eyða milljörðum dollara í fíknistríðið, þegar hægt væri að ná betri árangri fyrir aðeins brot af því sem eytt er í refsistefnuna og fíknistríðið, til þess eins að refsa fíklum sem eru sjúklingar. Afleiðingin er sú að bara fáein lönd hafa getað státað af árangri í baráttunni við þennan vá-gest sem lifrabólga C er.

Hér að framan var fjallað um skýrslu GCDP um HIV/AIDS og hvernig sá sjúkdómur grasserar meðal

Fækkun nýgengis HIV smits vegna aðgerða í Bresku Kólumbíu vegna þeirra sem nota vímuefni í æð með almanna heilsufarsúrræðum

Heimild: BC Centre for Disease Control and BC Centre for Excellence in HIV/AIDS




GCDF | ÞÚB

Á þessu súluriti sést glögggt hvernig skaðaminnkun hefur áhrif til hins betra næstum um leið og gripið er til hennar. Svona aðgerðir gagnast bæði þjóðfélaginu í heild sem og einstökum og öllum neytendum.

Á myndinni hér að neðan sést hvar boðið er upp á viðhaldsmeðferð með ópríóðum víða um heim.

VIÐHALDSMEÐFERÐ MEÐ ÓPRÍÓÐUM Í NÆRSAMFÉLAGINU OG Í FANGELSUM



Source: HRI

GCDF | ÞÚB

sprautufíkla vegna fíknistríðsins. Þessi skýrsla frá 2013 einbeitt sér að lifrabólgu C sem er að höggva stór skörð í fjölda fíkla um allan heim. Þögnin um afleiðingar fíknistríðsins hefur verið rofin. Það er óskilvirkt, brýtur grundvallar mannréttindi, stuðlar að ofbeldi og setur samfélag og einstaklinga í hættu. Einn þessara áhættuþátta er lifrabólga C sem er þó bæði hægt að koma í veg fyrir og lækna þegar stefnan er tekin í átt að lýðheilsu. Það sé kominn tími á umbætur.

Svo koma ellefu. vel ígrundaðar tillögur frá höfundum sem eru rökstuddar í skýrslunni.

- Stjórnvöld ættu að viðurkenna hættuna af lifrabólgu C og félagslegan og fjárhagslegan kostnað sem af henni hlýst meðal þeirra þegna sem sprauta sig með vímuefnum.
- Stjórnvöld ættu að viðurkenna að óbilgjörn fíknistefna stuðlar að útbreiðslu bæði lifrabólgu C og B og HIV.
- Stjórnvöld ættu þess vegna að endurskoða núverandi fíknistefnu, hætta glæpavæðingu og fangelsun neytenda og að þvinga neytendur í meðferð.
- Stjórnvöld ættu þegar í stað að beina fjármagni frá fíknistríðinu og nota takmarkað fé til skaðaminnkunar.
- Árangur fíknistríðsins ætti að mæla með kvörðum sem hafa einhverja raunverulega þýðingu í sýktum kimum þjóðfélagsins, eins og færri HIV og lifrabólgu C. Auka félagslega aðstoð við minnihlutahópa, fækka mannréttindabrotum og hætta frelsissviptingum.
- Stjórnvöld ættu að fjarlægja allar lagalegar og aðrar hindranir sem koma í veg fyrir að hægt sé að beita skaðaminnkunarúræðum og eru í samræmi við ráðleggingar WHO. Mjög áriðandi er að skaðaminnkunar aðferðir séu af þeirri stærðargráðu að þær nái til sem flestra sem þurfa á þeim að halda.
- Stjórnvöld ættu að tryggja að fólk sem notar vímuefni

sé ekki útilokað frá lækningu og meðferð á lifrabólgu C. Þetta geta stjórnvöld gert með því að móta stefnu um hvernig takast megi á við lifrabólgu C. Stjórnvöld ættu að koma upp starfshópi í þessu skyni sem í væru fulltrúar frá félagsmálageiranum, heilbrigðisgeiranum, löggæslu og sjúklingum/neytendum. [Þetta atriði á illa við hér á landi þar sem stjórnvöld, í samstarfi við SÁÁ, eru í átaki til að útrýma lifrabólgu C hér á landi.]

- Stjórnvöld verða að vera ábyrg fyrir að koma réttum upplýsingum um lifrabólgu C sem byggja á vísindalegri þekkingu og auka skimun fyrir sjúkdómnum því aðeins þannig geta stjórnvöld náð undirtökunum í baráttunni við þennan skæða sjúkdóm.
- Stjórnvöld ættu að reyna að semja við lyfjaframleiðendur um lægra verð á meðulum við lifrabólgu C svo þeir sem þurfa þau fái lækningu.

GCDP skorar á SP að taka frumkvæðið í baráttunni svo hægt sé að framfylgja þeim ráðleggingum sem hér hafa verið settar fram. Það er brýnt að bregðast við, fíknistríðið er misheppnað og gífurlegum heilsufarsvanda verður afstýrt ef hafist er handa nú þegar.

Lifrabólga C er þrisvar sinnum algengari meðal sprautufíkla en HIV. Flestir eru í Austur og Suð-Austur Asíu (2.6 milljónir) og í Austur Evrópu (2.3 milljónir). Þau þrjú lönd þar sem tíðnin er hæst eru Kína (1.6 milljónir) Rússneska ríkjasambandið (1.3 milljónir) og BNA (1.5 milljónir). Þar sem nú er í gangi landsátak gegn lifrabólgu C hér á landi í samstarfi við SÁÁ hefur það svo sem lítið upp á sig að vera að tíunda fleira úr þessari skýrslu GCDP en þeim sem vilja kynna sér skýrsluna er bent á að sækja sér hana á PDF sniði á vef GCDP.

* * *

Í skýrslu GCDP frá 2014 sem heitir *Leiðir að fíknistefnu sem gagnast* eða *Pathways to drug policies that work* er fjallað

TAKING CONTROL:

PATHWAYS TO DRUG POLICIES THAT WORK



**GLOBAL COMMISSION
ON DRUG POLICY**

SEPTEMBER 2014


um leiðir til úrbóta og í formála skýrslunnar heldur stjórn GCDP því fram að alþjóða bannhyggjustefnan sé ónýt. Þeir benda á að í skýrslunni frá 2011 hafi samtökin kallað eftir umræðum þjóðarleiðtoga um úrbætur. Þessar umræður hefði átt að hefja þegar í stað til að velta upp leiðum til að koma í stað misheppnaðs fíknistríðs. Samtökin hefðu kallað eftir því að stefnumótunaraðilar mólvuðu „tabúíð“ þannig að hægt væri að leiða samræður um mannúðlegri stefnu til að koma í veg fyrir vímuefnaneyslu. Samtökin eru þó ánægð að sjá að þremur árum seinna sé víða að sjá hreinskiptar umræður um nýja nálgun í vímuefnamálum ríkja og svæða. Það sé ánægjulegt að umræðan byggist á sönnunargögnum og nýjar leiðir séu að breiðast út í Ameríku, Afríku, Evrópu, Asíu og Ástralíu. Umræðan sé alþjóðleg og ríkisstjórnir og þjóðfélög séu að læra hvort af öðru og séu að prófa nýjar aðferðir í grasrótinni. Nú sé svo komið að ríkisstjórnir og þjóðfélög séu ekki bara að tala heldur séu aðgerðir farnar að fylgja í kjölfarið. Umbætur í vímuefnamálum séu að færast frá kenningum til gjörða. Hugaðir leiðtogar séu enda að uppskera ýmsan ávinning af pólitískum, félagslegum og hagrænum toga vegna endurbótanna. Þessir leiðtogar hafi hlustað á gagnrýni þeirra sem krafist hafa nýrrar stefnu. Þeir hafi séð að breytingar væru óhjákvæmilegar og séu byrjaðir að prófa ýmsar leiðir með opnum huga byggðar á óumdeildum gögnum og árangurinn sé hvetjandi.

Þeir setja fram í skýrslunni grófa leiðarlýsingu svo hægt sé að koma böndum á vímuefnaneyslu. Þeir viðurkenna að gömlu aðferðirnar sem byggjast á refsingum hafi mistekist sorglega. Þær hafi leitt til meira ofbeldis, fleiri fanga og hafi grafið undan stjórnvöldum um allan heim. Þá hafi heilsutengdur skaði sem fylgir vímuefnaneyslu aukist og fráleitt batnað. Því vill nefndin mæla fyrir nálgun á vímu-

efnastjórn sem setur almannaheilsu, samfélagsöryggi, mannréttindi og þróun í öndvegi. Við þurfum að vera djörf en raunsæ því það hentar ekki öllum ein aðferð til að takast á við vandann við endurbætur á vímuefnastefnu, hvorki alþjóðlega né í einstökum löndum. Krefjast verði breytinga alþjóðlega og í einstökum löndum, bæði í teoríu og praxís. Því muni fylgja bæði gott og slæmt og ekki sé víst að allt heppnist í fyrstu tilraun. Það sem nú þarf, segir GCDP, er að ýmsir aðilar alþjóða samfélagsins eins og *Samtök Ameríkuríkja*, *Vestur-Afríkunefndin um vímuefni* og *alþjóðanefndin um HIV og alþjóðalög* byggji frekar á þeim undirstöðum sem samræður hafa leitt af sér. Þessir aðilar hafa skorað á alþjóða vímuefnastofnanirnar að búa til pólitískt rými fyrir nýja leikendur að fylgja. Það liggi svólitíð á en það sé almennur skilningur manna að núverandi kerfi virki ekki en einnig að breytingar séu bæði gerlegar og nauðsynlegar. UNGASS 2016 verði sögulegt tækifæri til að ræða smáskammtalækningar núverandi kerfis. Því þurfi að finna ásættanlega valkosti sem taki mið af umræðunni ásamt mannréttindum. Þá er hvatt til þess að þjóðarleiðtogar takist í fullri alvöru á við ný efnafræðilega framleidd vímuefni sem kom fram á sjónarsviðið næstum daglega. Það kalli á djarfar og skapandi lausnir.

Bitlaus yfirlýsing á UNGASS 2016 sem lofar að „leysa vímuefnavandamálið“ og að gera heiminn „vímuefnalaus“ er ekki það svar sem hentar heiminum. Við hljótum að gera þá kröfu að alþjóðasamfélagið viðurkenni þann raunveruleika að það eru engin auðveld svör til lausnar á vímuefnavandanum. Skýrslan er heldur ekki hugsuð sem endanleg lausn á vandanum, heldur leiðarlýsing raunsærra breytinga á vímuefnavanda sem tröllríður heiminum og gerir okkur það kleift að takast á við hann. Nefndin bindur vonir við að UNGASS 2016 skili einhverjum árangri þegar diplómatar og embættismenn

MORFÍN: NOTKUN Á HEIMSVÍSU 2013



Ath: Prósentutölurnar innan sviga eiga við hlutfall af mannfjölda í heiminum (þ.e. mannfjöldi þeirra landa sem veittu upplýsingar).

Heimild: INCB


Þetta kökurit sýnir að þjóðin sem öllu vill ráða um vímuefnamál heimsins notar liðlega helming morfíns í heiminum og lungann af því af neytendum sem eru að flýja eymd og sársauka. Kannski ekki skrítið að þeir sitji uppi með ópríóðafár. Svona miðað við hvernig þjóðfélagið er hjá þeim samkvæmt þeirri mynd sem miðlarnir draga upp.

GCDF | ÞÚB

Hér sést þróunin í Rússlandi og greinilegt að Pútín er ekki beint hrifinn af vímuefnum og neytendum því langflestir HIV smitaðir eru vímuefnaneytendur sem nota vímuefni í æð og smitast með óhreinum nálum.

Áætlaður fjöldi HIV smitaðra í Rússlandi

Heimild: Joint United Nations
Programme on HIV/AIDS



GCDF | ÞÚB

setjast niður saman og endurhugsa alþjóðlega og innanlands stefnu í vímuefnamálum. Þeir ættu að hafa í huga stefnu SP í öryggismálum, mannréttindamálum og þróun. Það sem þetta þrennt á sameiginlegt eru heilsufarsmál en regluverðir vímuefnastofnana SP hafa sett sér markið um velferð og heilsufar mannsins sem lokatakmark. En gögn benda til að þetta hafi ekki aðeins mistekist heldur skapi hræðilegar afleiðingar vegna refsí- og bannstefnunnar.

Ný og betri heildarstefna um vímuefni sé nauðsynleg svo auka megi heilsuvernd og öryggi einstaklinga um allan heim. Harðlínustefna verði að vikja fyrir mannúðlegri og endurbættri stefnu sem byggð sé á vísindagögnum, almannaheilsu og mannréttindastöðlum. Það sé eina leiðin til að minnka verulega dauðsföll af völdum vímuefna, sjúkdóma og þjáningu og ofbeldi, glæpi, spillingu og neðanjarðarmarkaðinn sem skapast vegna refsístefnunnar. Þeir leggja áherslu á að kostnaður fölni í samanburði við kostnaðinn sem núverandi stefna leiðir af sér.

GCDP leggja til fimm leiðir til að bæta úr málum. Þegar búið sé að setja öryggi og heilsu fólk í öndvegi ættu stjórnvöld að tryggja aðgang að verkja- og nauðsynlegum læknislyfjum. Meðlimirnir kalla eftir að hætt verði að glæpavæða og fangelsa neytendur. Þeim ætti að bjóða hjálp því það muni draga úr völdum fíknibaránanna og minnka gróða þeirra og völd sem refsing neytenda geri ekki. Þeir mæla með því að ríkisstjórnir regluvæði vímuefnamarkaðinn og beini áherslum sínum að ofbeldisglæpum gengjanna. Þeir hvetja til endurmats og nýrrar hugsunar og gera það sem hægt er að framkvæma nú þegar, en veigra sé ekki við breytingum.

Gallinn við núverandi ástand sé að vímuefnastofnanir heimsins standi vörð um óbreytt ástand og velti því sjaldn-

ast fyrir sér hvort aðferðir þeirra séu að gera meira slæmt en gott. Á meðan þeir fordæmi öll ný „dópmál“ í fjölmiðlum og skrifi upp á „núll umburðarlyndi“ [zero-tolerance] og lyfjalaus þjóðfélög, heykjast þeir á því að skoða aðrar aðferðir byggðar á vísindum sem hafa sýnt sig að virka. Þeir sem þó impra á öðrum aðferðum eru venjulega afskrifaðir sem linir mót glæpum eða jafnvel meðmæltir vímuefnaneyslu. Góðu fréttirnar séu þó þær að breytingar séu hafnar víða um heim í takt við þær sem lagt er til í skýrslunni en við séum rétt að hefja ferðina og nauðsynlegt sé fyrir stjórnvöld að læra af því sem vel er heppnað. Svo leggur nefndin til eftirfarandi leiðir:

1. Setja ætti heilsu og öryggi á oddinn en það krefjist breytinga á núverandi refsikerfi sem hafi brugðist. Eyðing akra og uppskeru, magn efna sem hafi verið gerð upptæk, fjöldi handtaka, ákærðir, sakfelldir og fangelsaðir hafi ekki skilað árangri. Betri aðferð sé að beita sér fyrri því að minnka skaðann af ofskömmtun, HIV/AIDS, lífrarbólgu C auk þess sem það muni skila sér í minna ofbeldi, spillingu, mannréttindabrotum, umhverfisskaða, samfélagshliðrun og minni völdum glæpagengja.
2. Tryggja aðgang að verkjalyfjum til lækna sem annast sjúklinga með miklar þjáningar. Þeir benda á að rúmlega 80% jarðarbúa geti setið uppi með óbærilegan sársauka vegna sjúkdóma sem hægt sé að minnka en verkjalyfj ófáanleg. Það ástand megi að verulegu leyti skrifa á WHO, UNODC og INCB en þessir aðilar eiga að tryggja aðgengi lækna að verkjalyfjum þar sem þau eru ekki fyrir hendi.
3. Hætta að glæpavæða fólk vegna eigin neyslu og handhöfn og hætta að þvinga fólk í meðferðir, ef eini „glæpur“ þess er handhöfn eða neysla. Refsing hafi

engin áhrif á neyslu og handhöfn og komi almennri neyslu í þjóðfélaginu lítið við. Þannig aðferðir stuðli að áhættuhegðun eins og hættulegum neysluaðferðum og letji fólk til að sækja sér aðstoð og meðferð. Beini starfi lögreglu frá hættulegri glæpum og ofbeldi því auðveldara sé að fást við friðsama neytendur. Þá minnki það fé sem til skiptanna sé til hjálpar og auki refsingu neytenda sem þurfa að bera kross fangelsisdóms. Að þvinga fólk í meðferð geri oftast en ekki meira ógagn en gagn. Þetta væri allt hægt að gera vegna þess að það rúmast innan núverandi kerfis og kallar því ekki á breytingu á alþjóðlegum sáttmálum.

4. Reiða sig frekar á aðrar aðferðir en fangelsi og sektir fyrir þá sem neðstir eru í fæðukeðjunni, eins og venjulega friðsama neytendur, vímuefnabændur, burðardýr sem og aðra sem komi að framleiðslu, dreifingu og sölu ólöglegra vímuefna. Nú sé ástandið þannig að ríki verji æ hærrí upphæðum til að fletta ofan af, handtaka og fangelsa fólk sem tengist vímuefnum á einhvern hátt þó engin gögn bendi til að það hafi nokkuð að segja til að minnka vandamálið sem af neyslu hlýst eða letja fólk til hennar. Aðeins langtíma félagsleg og efnahagsleg þróun, sem eykur atvinnu og aðgang að landi, minnkar hagræna misskiptingu og félagslega jaðarsetningu, kemur að gagni.
5. Aðaláhersla í aðgerðum stjórnvalda ætti að vera að minnka völd og áhrif glæpaklíka og að minnka öryggisleysi sem því fylgir, því klíkurnar eru í samkeppni við ríkið og hver við aðra. Það að verða þess valdandi að framleiðsla ólöglegra vímuefna færast úr stað gerir oft illt verra. Þá er sú aðferð að hervæða baráttuna gegn vímuefnum sjaldnast árangursrík og gerir oft meira ógagn en gagn.
6. Leyfa og hvetja til tilrauna með að regluvæða markað

ólöglegra vímuefna. Hefjast ætti handa með regluvæðingu kannabiss, kókalaufs og einstaka nýrra efna. Þegar öllu er á botninn hvolft ætti sú aðferð að regluvæða og ná tökum á vímuefnamarkaðinum að reynast markmiðum um heilsu og öryggi best. Það er hægt að læra mikið á mistökum og því sem betur er heppnað við stjórn á áfengi, tóbaki og fleiri vímuefnum gegnum tíðina.

7. Nýta ætti tækifærið sem UNGASS 2016 býður upp á til að endurbæta vímuefnastefnu heimsins. Breyta ætti áherslum í átt að skaðaminnkun og hætta glæpa- væðingu og jaðarsetningu fólks sem notar vímuefni. Það sé engin önnur leið fyrir vímuefnastjórn heimsbyggðarinnar en að endurbæta hana með það markmið að leyfa ábyrga vímuefnastefnu.

Restin af skýrslunni er um þessar leiðir og farið nánar yfir í hverju þær felast. Skýrsluhöfundar benda á fátíðleikann í viðhorfum þar sem lítið sé á neyslu sem „illa“ sem best sé að takast á við með hörðum refsingum. Þeir benda á að aðeins um 10% neytenda séu vandamála- neytendur og þeim eigi að hjálpa. Núverandi stefna og aðferðir undanfarin 50 ár hafi ekki aðeins misheppnast heldur skapað miklu fleiri og verri vandamál en ef ekkert hefði verið gert. En meðan leiðtogar tali um „heimsfaraldur“ og „eiturlyfjaógnina“ og að vímuefnin séu gífurleg þjóðfélagsleg ógn sé lítil von á breytingum. Og núverandi stefna byggir á pólitík en ekki vísindalegri þekkingu. Hvað þá heldur almannaheilsu eða mannréttindum. Þeir sem tali fyrir breytingum séu oft afgreiddir sem „uppgjafalið“ eða séu „linir“ eða jafnvel „meðmæltir“ neyslu. Það sé engin mótsögn falin í því að vera bæði á móti vímuefna- neyslu og aðhyllast skaðaminnkun. Þetta leiði til þess að þjóðir heims hafi aldrei verið fjær vímuefnalausum heimi.


Framleiðsla, dreifing og neysla hafi aukist hröðum skrefum þrátt fyrir, eða kannski vegna, æ harðari aðgerða. Neytendum hafi fjölgað úr 203 í 243 milljónir manna fram til ársins 2012 sem sé fjölgum upp á heil 18% sem er næstum fimmtungur. Þá hafi framleiðsla á t.d. ópíum aukist um meira en 380% frá 1980. Þá voru framleidd um 1000 tonn en séu nú orðin 4800 tonn. Við þessa framleiðsluaukningu hafi verð á heróíni lækkað um 75% í Evrópu og 80% í BNA jafnvel þótt efnin séu hreinni og sterkari. Aðgerðir hafi einnig leitt til framleiðslu og hönnunar nýrra efnafræðilegra lyfja og hafi fjöldi þeirra farið fram úr bönnuðum vímuefnum þegar árið 2013. Refsistefnan sé beinlínis eins og eldsneyti fyrir skipulagða glæpastarfsemi þar sem framleiðsla og dreifing sé í höndum skipulagðra glæpagengja. Þá verði eftirlitsleysi með framleiðslu til þess að ýmis óæskileg og beinlínis hættuleg efni séu notuð til íblöndunar svo hægt sé að hámarka gróðann. Það séu engar líkur á að neytendur sem telja sig svikna leiti réttar síns hjá yfirvöldum. Rúmur þriðjungur (37%) sprautufíkla í Rússlandi sem taldir eru að séu 1.8 milljónir manna, eru HIV/AIDS smitaðir. Þetta fólk hafi ekki aðgang að heilbrigðisþjónustu og ekki einu sinni skaðaminnkunar úrræðum eins og nálaskipta aðstöðu. Þá hafi núverandi kerfi leitt til þess að víða eru ópíóðar alfarið bannaðir, líka á sjúkrahúsum til sársaukadeyfingar. Fjöldi þeirra sem eru í þeirri stöðu í heiminum telst vera fimm og hálfur milljarður. Það auki hættuna á ótímabærum dauða vegna ofskömmtunar. Líka þar sem þessi efni eru þó lögleg til lækninga eins og í BNA þar sem rúmlega 20.000 manns létust vegna ofskömmtunar 2010. *Naloxone* sem notað er við ofskömmtun ópíóða er ennþá ófáanlegt víða um heim. Þá grafi refsistefnan í vímuefnamálum undan mannréttindum um allan heim. Hún viðheldur minna frelsi og rétt-

indum neytenda og minnkar líkur á sanngjarnri málsmeðferð fyrir rétti. Hún stuðli að jaðarsetningu einstaklinga og hópa, einkum kvenna, ungs fólks og minnihlutahópa og stuðlar að misneytingu og ómanneskjulegum refsingum. Jafnvel þótt alþjóðalög banni dauðarefsingar vegna vímuefnabrota er henni beitt í 33 löndum sem hefur þær afleiðingar að rúmlega 1000 manns eru teknir af lífi árlega. Þá hafi stefnan fjölgað föngum stjarnfræðilega og líka „þvinguð“ meðferðarúrræði en bara í Kína og Suð-austur Asíu er fjöldi í þvingaðri meðferð 235.000. Á heimsvísu séu það oftast konur sem lenda í fangelsum vegna neyslu vímuefna en nokkuð annað afbrot. Fjórða hver kona í fangelsi á Vesturlöndum og Mið-Asíu situr inni vegna vímuefna. Fjöldi kvenna í fangelsi í latnesku Ameríku er þó hærri þar sem 68.2% kvenfanga í Argentínu situr inni fyrir vímuefnabrot. Í Kosta Ríka er sama sagan en hlutfallið 70% og í Perú 66.38%. Í BNA eru þegnar af afrískum uppruna um 13% þjóðarinnar. Samt eru 33.6% þeirra handteknir vegna vímuefna og þeir eru 37% fanga. Hliðstæð mismunun finnst einnig í Bretlandi, Kanada og í Ástralíu.

Bann- og refsistefnan hefur alls staðar brugðist og haft öflug áhrif segja skýsluhöfundar. Glæpagengi hagnast gífurlega og neytendur sem glíma við fíkn leiðast út í afbrot til að fjármagna neysluna. Bannið hefur skapað markað sem veltir árlega, samkvæmt mati UNODC, hagnaði sem talinn er í hundruðum milljarða. Samkvæmt gögnum frá 2005 var heimsframleiðsla það ár metin 13 milljarða dollara virði. Heildsalar efnanna höfðu 94 mia dollara upp úr sinni starfsemi og smásalan var metin á 332 mia dollara. Heildsalan ein er hærri en virði korns, vína, bjórs, kaffis og tóbaks samanlagt. Þá fylgi hrottalegt ofbeldi þar sem markaðurinn er stjórnlaus og athæfið ólöglegt. Mótsögnin í þessu segir GCDP vera þá að þegar

Áætlaður fjöldi morða í vímuefnaumhverfinu í Mexíkó fyrir og eftir aðgerðir yfirvalda gegn glæpagengjunum


Heimild: Government and news report estimates as reported in Transborder Institute, "Drug Violence in Mexico" and WM Consulting, "Mexico Total Dead, 2011"



GCDF | PÚB

Heróín framleiðsla í Mexíkó

Heimild: US Department of Justice, National Drug Intelligence Center, National Drug Threat Assessment 2010



GCDF | PÚB

heppnast að hafa hendur í hári fíkniefnabarána skilji þeir eftir tóm sem aðrir séu fljótir að fylla með tilheyrandi ofbeldi. Þessu fylgi óhjákvæmilega ýmsir vopnaðir hópar sem starfi utan við lög og rétt. Sem dæmi nefnir GCDP að bara ópíumframleiðslan á landamærum Pakistan/Afghanistan hafi fjármagnað hernað skæruliða upp undir 500 milljónir dollara á ári.

Í skýrslunni er bent á að fíkniefnaframleiðendur komi sér oft fyrir á svæðum þar sem innviðir eru veikir fyrir sem verður til að veikja svæðin enn frekar. Ofbeldið og spillingin sem óhjákvæmilega fylgir vímuefnaiðnaðinum sé almennt álitid ógn við öryggi og þróun. Síðan hert var á aðgerðum gegn fíkniefnum í Mexíkó 2006 fór mannfall úr 60.000 dauðsföllum í 100.000 á ári. Þetta hafi í för með sér óróleika þegar vopnaðar sveitir glæpagengja og hryðjuverkamanna setji allt úr skorðum og komi í veg fyrir eðlilega þróun þar sem aukið fé sé sett í baráttuna við glæpagengin. Þeir nefna dæmi frá Kólumbíu þar sem um það bil 2.6 milljón ekrur, sem er rúmlega milljón hektarar, voru úðaðir með eiturefnum til að eyðileggja kókaínakra. Þrátt fyrir þetta jókst framleiðsla og akrarnir urðu fleiri.

Milljarðar eru settir í löggæslu árlega og þótt það sé hagstætt fyrir hergagnaframleiðendur gagnast það engum öðrum með skelfilegum fórnarkostnaði, bæði efnahagslega og félagslega. Þessu fé væri betur varið í skaða-minnkun og annarskonar löggæslu. Ólöglegi mark- aðurinn fæli frá fjárfesta og ferðamenn, eykur mismunun og óréttláta samkeppni eins og peningaþvætti og setji heilu þjóðfélögin á hliðina. Einnig auki þetta spillingu stjórnkerfisins og það sé talið, samkvæmt könnun sem gerð var 1998 í Mexíkó, að glæpagengin hafi eytt ríflega 500 milljónum dollara það ár til að komast hjá óþægindum, svo það sé orðað pent. Það sé töluvert meira

en fjárhagsáætlun saksóknara og löggæslu. Frá 2011 þvætti mexíkósk og kólumbísk glæpagengi allt að 39 mia dollara bara vegna heildsölu vímuefna.

Þegar hér er komið sögu í skýrslunni kemur athyglisverður kafli þar sem ástand þessara mála í einstökum löndum er tíundaður. Þar er skýrt frá hvernig BNA, Holland, Sviss, Þýskaland, Danmörk, Moldóva, Íran, Portúgal, Ástralía, Kanada, Úkraína, Kína og Viet-Nam hafa tekist á við vandann með einhverskonar skaðaminnkun og/eða lögleiðingu stakra efna. Það eru mörg fleiri lönd sem hafa gripið til slíkra aðgerða eða eru farin að ræða alvarlega um að taka þær upp, m.a. Spánn, Belgía, Ekvador, Tékkland, Bólívía, Úrugvæ, Nýja Sjáland, Vestur-Afríku lýðveldið og Jamaíka. Alþjóða samfélagið setti sér tvö meginmarkmið varðandi stjórn á lyfjum. Í fyrsta lagi að minnka neikvæðar afleiðingar óhóflegrar lyfjaneyslu og í öðru lagi að sjá til þess að alþjóða samfélagið hefði aðgang að góðum lyfjum til lækninga. Hvorugt þessara markmiða hefur náðst og reyndar hafa þau fjarlægst ef eitthvað er og skapað ný heilsufars- og félagsleg vandamál.

Það er ástæðulaust að rekja efni skýslu GCDP frekar því restin er endurtekið efni af því sem þegar hefur komið fram. Skýrslan inniheldur nánari útfærslur og bent er á að margar ráðleggingar GCDP sé hægt að taka upp þegar í stað. Það muni hafa, halda skýrsluhöfundar fram, góð áhrif til þess að ná stjórn á vímuefnunum, minnka ofbeldi, draga úr glæpum og auka velferð og öryggi þjóða.

* * *

The Negative Impact of Drug Control on Public Health: The Global Crisis of Avoidable Pain heitir skýrslan sem kom út 2015 og eins og nafnið gefur til kynna fjallar hún um mismunun hvað varðar aðgengi að verkjalyfjum. Það er reyndar spurning hversu mikið erindi skýrslan á við okkur hér uppi undir heimskautsbaugi þar sem það sem

OCTOBER 2015

**THE NEGATIVE IMPACT
OF DRUG CONTROL ON
PUBLIC HEALTH:**

**THE GLOBAL CRISIS
OF AVOIDABLE PAIN**



um er fjallað á ekki beinlínis við hér. Aukinheldur að megnið af umfjöllunarefni skýrslunnar hefur komið fram hér að framan. En þar sem við erum ekki ein í heiminum er sjálfsagt fyrir okkur að rétta okkar minnstu bræðrum hjálparhönd þótt þeir hafi búsetu annars staðar.


Í upphafi skýrslunnar halda skýrsluhöfundar því fram að fíknistríðið beinlínis kyndi undir heimskreppu sökum ófullnægjandi aðgangs að góðum verkjalyfjum til lækninga. Þeir segja að fimm og hálfur mia manna hafi ófullnægjandi eða jafnvel engan aðgang að ópióða lyfjum, einkum morfíni. Það hafi þær afleiðingar að þetta fólk þurfi að lifa með miklum sársauka sem auðveldlega sé hægt að koma í veg fyrir. Í skýrslunni kemur fram að 92% morfínefna og annarra ópióða gagnist aðeins 17% manna og notkunin sé að mestu bundin við norðurhelming jarðar og einkum Vesturlönd. Krabbasjúklingar, AIDS sjúklingar og konur í fæðingu upplifi mikinn sársauka sem ekki sé hægt að lina án morfínlyfja. Alþjóða heilbrigðismálastofnunin [WHO] hefur áætlað að milljónatugir manna kveljist að nauðsynjalausu vegna skorts á aðgengi að regluvæddum lyfjum sem stjórnad er af alþjóðastofnunum. Að auki sé það eingöngu brotabrot fólks sem notar þessi lyf með lyfjasprautu sem hafi aðgang að læknisfræðilega hreinum lyfjum til notkunar. Samkvæmt alþjóðalögum um lyf og alþjóðalögum um mannréttindi hafi ríki ríkar skyldur til að tryggja aðgengi að læknislyfjum fyrir þegjana. Allar hindranir á aðgengi brjóti í bága við réttinn til heilsu. Þótt ýmsar ástæður séu fyrir þessum hindrunum, þar á meðal léleg heilsugæsla og ófullnægjandi menntun heilbrigðisstarfsfólks, er veigamesta ástæðan sú að alþjóðareglur hafa stuðlað að samfelldum skorti á regluvæddum lyfjum. Þessi skortur sé vegna forgangsröðunar bæði einstakra ríka og stofnana SP sem komi í veg fyrir dreifingu slíkra lyfja til rannsókna og notkunar vegna

hræðslu við að efnin fari í dreifingu til afþreyingarnotkunar. Sem dæmi nefna skýrsluhöfundar að bæði International Narcotics Control Board (INCB) og United Nations Office on Drugs and Crime (UNODC) sé markað það hlutverk að gæta jafnræðis vegna þessara lyfja, þ.e. tryggja efnin til lækninga og koma í veg fyrir ólöglega notkun. Þessar stofnanir hafi einbeitt sér að því seinna sem verði til þess að sumar ríkisstjórnir einbeiti sér að refsingum vegna ólöglegar notkunar og á kostnað almannahags og heilsu. Í nokkrum löndum séu settar íþyngjandi reglur um ávísanir þessara lyfja og það sé eitthvað sem hafi beina tengingu í lyfjasáttmála SP. Afleiðingin verður sú að margir lækna veigra sér við því að ávísa þessum lyfjum vegna hræðslu við lögsókn eða ásakanir um misferli í starfi sem verður þess valdandi að lækna þurfi að starfa í andrúmslofti hræðslu og óöryggis, með réttu eða röngu. Aukinheldur leiði slíkt umhverfi ótta til jaðarsetningar neytenda, hvort heldur þeir fá lyfin löglega eða ólöglega.

Samt hafa INCB og UNODC hafið þreifingar um að leiðrétta þetta gífurlega misrétti lyfjaávísana á heimsvísu og hlutverk WHO, síðastliðinn áratug eða svo, er þó skref í rétta átt til leiðréttingar. Það sé þó mikið starf framundan að laga skaðann sem orðið hefur undanfarna áratugi þar sem áherslan hefur verið á refsingar en ekki lækningar. Skýrsluhöfundar telja að þar sem fleiri og fleiri stofnanir ríkja, ásamt SP, hafi vakið athygli á skorti á læknislyfjum sem falla undir alþjóðasáttmála um bönnuð lyf, nálgist einhverskonar óhjákvæmilegt uppgjör, einkum vegna UNGASS 2016. Nú sé tíminn segja skýrsluhöfundar og nýjar aðferðir verði að skoða og aukið vald og meira fé þurfi að beina til WHO sem verði að taka forystuna í að leiðrétta þetta grófa misrétti varðandi aðgengi að eftirritunarskyldum lyfjum. Án aðgerða muni milljónir manna halda áfram að þjást að nauðsynjalausu.

Áætluð heimsframléiðsla á ólöglegum ópíóðum


Heimild: United Nations World Drug Report 2011, United Nations Office on Drugs and Crime



GCDP | ÞÚB

Ætlað meðalverð heróíns í Evrópu

Ath: Verðið er leiðrétt m.t.t. verðbólgu. Öll verð eru í USD 2011
Heimild: UNODC




GCDP | ÞÚB

Metnar breytingar á verði og hreinleika heróíns, í samanburði við árlega fjárveitingu BNA til aðgerða

Ath: Öll verð eru í USD 2011

Heimild: US Office of National Drug Control Policy, Drug Enforcement Agency (DEA) STRIDE Surveillance System, DEA Heroin Domestic Monitor Program



GCDP | ÞÚB

Svo leggur GCDP þetta til:

1. Ríki og stofnanir SP verða að ná saman um aðgerðir til að létta sársauka af milljónum manna og fyrsta skrefið sé að viðurkenna vandann.
2. Ríki verða að viðurkenna að þau hafi skyldur samkvæmt alþjóðalögum til að tryggja rétt og góð lyf fyrir þegna sína. Þetta er meira að segja tekið skýrt fram í Single sáttmálanum sem er hornsteinn alþjóða vímuvarna.
3. Ríki og stofnanir SP verða að viðurkenna að fíknistefna, bæði á landsvísi og alþjóðlega, er bjöguð þar sem meira er lagt upp úr banni en líkn. Þetta hafi mikil áhrif á heilbrigði og mannréttindi.
4. Mikla áherslu ætti að leggja á meðferð við jafnt líkamlegum sem andlegum sársauka með því að auka framboð á verkjalyfjum, þar með talið ópíötum til líknandi meðferðar, deyfingu, fíkn og öllum tegundum sársauka. WHO, UNDOC og INCB verða að láta ríkisstjórnnum í té ráðgjöf og styrki í þessu markmiði.
5. Ríkisstjórnir ættu að tryggja nauðsynlegt fjármagn til endurnýjunar á alþjóðastarfi sem WHO ætti að leiða svo tryggt sé að það skili sér.
6. Útvíkkun á ópíóðameðferð fíkla ætti að setja í forgang með áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og reisn. Til þess má nota metadóna, búprenófin og díamorfín. Þetta er hægt að gera án þess að ganga í berhögg við fíknisáttmála.
7. Ríki ættu að gera áætlanir til þess að losna við hindranir svo hægt sé að tryggja aðgengi að læknislyfjum. Þetta sé best gert með því að falla frá refsistefnunni og snúa sér að almannaheilsu og mannréttindum. Þá þurfi að leiðrétta bábiljur um ópíóða og sársaukadeyfingu. Auka þurfi þekkingu heilbrigðisstarfsfólks um þessi lyf og berjast gegn yfirverðlagningu á þeim.
8. INCB verði að taka höndum saman við ríki, sem æ ofan í æ skila auðu, í að tryggja aðgengi verkjalyfja.
9. Ríkisstjórnir og vímuefnastofnanir SP ættu að viðurkenna, og takast á við, eyður vanþekkingar og glötuð tækifæri í rannsóknum á bönnuðum lyfjum eins og kannabis. Vinda ætti bráðan bug að því að endurskoða vímuefnasamþykktir SP frá 1961 og 1971 í ljósi nýrrar gagnreyndar vísindalegrar þekkingar. Sérfræðinganefnd WHO um ánetjun vímuefna ætti að leiða þá vinnu.
10. Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðanefndin verða þegar í stað að takast á við ófullnægjandi aðgengi að bönnuðum lyfjum á heimsvísu með áherslu á almannaheilsufar. Krefjast ætti þess að stjórn þessara mála sé ekki ákveðin eftir pólitískum hentugleikum heldur vegna sársauka og heilsubrests. Það sé ekki ásættanlegt að bíða eftir sameiginlegri niðurstöðu. Nú sé kominn tími á aðgerðir.


En hvað eru bönnuð lyf? Það eru þau lyf sem eru framleidd, þeim dreift og þau notuð undir alþjóðlegu eftirliti og reglum. Þau eru notuð í ýmsum greinum læknisfræði eins og við svæfingu, deyfingu, fíkn, mæðravernd, við geðveiki, í taugalækningum og við líknandi meðferð. WHO hefur skilgreint tólf greinar læknisfræðinnar þar sem nota má alþjóðlega bönnuð lyf. Þessi lyf ættu að vera tiltæk þeim sjúklingum sem þarfnast þeirra. Skortur þeirra hefur búið til almannaheilsu- og mannréttindahörmungar þar sem fjöldi fórnarlamba hleypur á milljónum manna. Þetta sé því einkennilegra þar sem ríki eru bundin alþjóðalögum að tryggja þegnum sínum þessi lyf.

Í skýrslunni er rakið dæmið af Ketamíni sem ekki var bannað. Kína fór fram á það 1971 að því yrði bætt á lista Single sáttmálans af því að þeir óttuðust faraldur heima fyrir. Árangurinn hefði orðið sá að um tveir milljarðar manna í fátækum löndum yrðu sviptir eina sársaukadeyfandi efninu sem þeir hefðu aðgang að. Sérfræðinganefnd

Dramatísk lækkun á innanlandsverði kókaíns þrátt fyrir aukið fjármagn BNA í baráttuna erlendis


Ath: Verð kókaíns er leiðrétt fyrir hreinleika og verðbólgu. Öll verð eru í amerískum dollurum 2011

Heimild: US Office of National Drug Control Policy



Ætlað HIV nýgengi hjá áhættuhópum í Tælandi

Heimild: Thailand Bureau of Epidemiology, HIV Total Sentinel Surveillance, Ministry of Public Health (2011)



WHO [Expert Committee on Drug Dependence (ECDD)] hefur hvatt til þess í þriggung, 2006, 2012 og 2014, að Ketamín færi ekki á lista Single sáttmálans og svo virðist að ekki verði af því. Atkvæðagreiðslu um þetta atriði hefur verið frestað, – í bili.

* * *

Það eru komnar fleiri skýrslur frá GCDP og hver fyrir sig fjallar um afmarkað svið. Það er töluvert um endurtekn- ingar á því sem fram hefur komið í fyrri skýrslum svo ég ætla bara að fara lauslega yfir þær. Skýrslan frá 2015, *The Negative Impact of Drug Control on Public Health: The Global Crisis of Avoidable Pain* er ákall til þjóðarleiðtoga að rífa sig upp af rassgatinu og fara að gera eitthvað í þessum vanda sem vímuefnaneysla er. Það þurfi að hugsa allt upp á nýtt í ljósi nýjustu þekkingar. Það má kannski segja að skýrslan sé atrenna fyrir stóra stökkið sem GCDP er að vona að UNGASS 2016 verði. Það er sagt fullum fetum að það sem helst standi í vegi séu alþjóðanefndirnar sem verji óbreytta skipan mála af hörku og benda á að miðlarnir dansi með þar sem til- hneigingin sé að blása upp vímuefna-hræðslu. Aukin- heldur séu pólitikusan afar viljugir til að gefa yfirlýsingar sem hafa ekkert innihald. Eins og „enga miskunn“ (*zero tolerance*) og „vímuefnalausn heim“ (*drug free societies*). Setja verði stefnuna á öryggi þegnanna og hætta refs- ingum fólks í vanda. Ef refsingar eru taldar nauðsynlegar ætti að skoða hvort ekki væri vænlegra að að nota t.d. samfélagsþjónustu fyrir afbrot þar sem ekki er beitt of- beldi af neinu tagi og enginn skaði hlýst af fyrir annan en neytandann sjálfan. Það ætti við um neytendur, burðardýr og bændur. Aðgerðir yfirvalda ættu að beinast gegn glæpaklíkunum með það markmið að draga úr veldi þeirra. Þá ættu einstök lönd að gera tilraunir með regluvæðingu og stjórn á vímuefnum sem enn eru ólög-

leg. Heimsbann hafi ekki bara misheppnast, heldur hafi það leitt af sér ískyggileg vandamál vegna heilsu og ör- yggis þegnanna. Svo er farið yfir ástand þessara mála í einstökum löndum áður en tekið er til við endurtekið efni úr fyrri skýrslum en áherslan er að þessu sinni á skaða- minnkun. Í skýrslunni er bent á að með regluvæðingu sé stjórnvöldum rétt stýrið og það tekið af glæpaklíkunum. Það sé alls ekki eins róttækt og almenningur haldi. Það séu margar leiðir opnar og afar misjafnar. Það að taka upp regluvæðingu muni fækka afbrotum, ofbeldi, spill- ingu og minnka hættuna á smitsjúkdómum, að ekki sé minnst á sparnaðinn í fækkun fanga. Það eru rakin dæmi af skipan mála í Sviss, Úrúgvæ og á Nýja Sjálandi. Í skýrslunni eru þjóðarleiðtogar hvattir til að sýna hugrekki og fylgja því eftir á UNGASS 2016 og tekið undir með *Ban Ki Moon* aðalritara SP þegar hann segir „Ég hvet aðild- arþjóðirnar til að nota þetta tækifæri [UNGASS 2016] til að hefja opið samtal sem skoðar alla möguleika.“

Skýrslan frá 2015 fjallar um þann anga sem felst í skertu aðgengi að verkjalyfjum vegna sáttmálanna og fíknistríðsins og þar sem þetta á ekki beinlínis við hér hjá okkur og flest af því hefur þegar komið fram held ég að óþarft sé að hafa fleiri orð um innihaldið.

* * *

Skýrslan frá 2016 sem kom út á vordögum það ár virðist mér vera ákall til UNGASS sem haldið var á haustdögum sama ár. Hún heitir *Advancing Drug Policy Reform: A New Approach to Decriminalization*. Í inngangnum er bent á það að nokkuð hafi áunnist því þeim löndum hafi fjölgað sem séu farin að skoða aðrar leiðir í vímuefnamálum og sum reyndar tekið varfærin skref í átt að regluvæðingu. Þá hafi skaðaminnkun aukist og bæjar og sveitastjórnir séu að gera tilraunir með slökun á refsistefnunni hvað varðar kannabis. Nálaskiptaþjónusta og VMÓ (Viðhaldsmeð-



ADVANCING DRUG
POLICY REFORM:

**A NEW APPROACH
TO DECRIMINALIZATION**

2016 REPORT



ferð með óþióðum) hafi einnig aukist. En það sé ekki nóg, meira þurfi til. Vímuefni hafi fylgt manningum alla tíð og ekki fyrirsjáanlegt að breyting verði á því, þvert á móti, svo nú sé rétt að takast á við skaðann sem vímuefnamarkaðurinn leiðir af sér. Þeir benda á að tóbak og áfengi sé víða í boði og tekist sé á við skaðann sem þessi efni valda með öðrum aðferðum en refsingum. Þá séu sum ólögleg vímuefni sums staðar álitin heilög og önnur séu notuð til lækninga eins og dæmi séu um í hundruð eða þúsundir ára. Flestir noti vímuefni af ábyrgð, hvort heldur þau eru bönnuð eða ekki. Mesta áhættan við slíka notkun fyrir neytandann séu glæpagengin og lögregla og dómsvald. Bann blindi stjórnvöld gagnvart því hvers vegna fólk noti vímuefni. Að auki réttlæti bann það að fólk sé gert að afbrotamönnum að versla við aðra slíka. Það dregur úr virðingu þegnanna fyrir ríkisvaldinu og þessvegna séu viðhorfin til banns einfaldningsleg og hættuleg. Auk þess sem bann hafi engin áhrif á notkun sem hafi aukist um næstum 20% á áratugnum milli 2003 og 2013 eða upp í 246 milljónir manna. Auk þess sem lyfjatengd andlát [þ.e. vegna ofskömmunar] séu ekki undir 200.000 manns á ári á heimsvísu. Það séu þónokkur lönd sem hafi breytt stefnunni frá fangavist í sektir og önnur félagsleg úrræði. Nefndin kallar eftir því í skýrslunni að öllum refsingum vegna eigin neyslu sé tafarlaust hætt og bætir við að meðan vímuefni séu álitin ill eða vond muni þau vera í höndum glæpagengja. Vegna þess að áhætta geti fylgt þeim verði að regluvæða þau af ábyrgum stjórnvöldum sem hafi velferð þegnanna í fyrirrúmi. Það séu hundruðir milljóna manna sem noti vímuefni af ýmsum ástæðum á ári hverju, til skemmtunar, við sársauka bæði á sál og líkama og vegna staðbundinnar menningar og siða. Þó neysla sé ofbeldislaus sé refsað vegna neyslu af hörku sums staðar. Það feli í sér margháttuð mannréttindabrot

og jafnvel dauðarefsingar. Því verði stjórnvöld að hætta að leiða hjá sér þörfina fyrir breytingar. Í skýrslunni er stiklað á stóru í bannsógunni og þar kemur í ljós að nokkur lönd hafa í reynd aflgæpavætt eigin neyslu, einkum á kannabisi. Holland árið 1976, Portúgal 2000, Tékkland 2009, Argentína og Mexíkó 2009, Kólumbía 2012, Kólórado og Washington ríki lögleiðdu kannabis 2012, árið 2014 kjósa íbúar Óregon og Alaska um lögleiðingu kannabiss og sama ár var kosið í höfuðborginni Washington um að lögleiða kannabis. Árið 2013 braut Úrúgvæ blað í sögunni með því að verða fyrsta landið til að setja löggjöf sem regluvæðir kannabis og Jamæika setti lög árið 2015 um kannabis til eigin neyslu og í trúarlegum tilgangi. Bæði árin 2015 og 2016 kallaði aðalritari SP eftir því að fundnar verði aðrar lausnir í vímuefnamálum en refsingar og í nóvember sama ár var kosið í Kanada og Kaliforníu ásamt fleiri ríkum BNA um lögleiðingu kannabiss.

Hér skipta höfundar aðeins um gír og taka til við upprifjun og áréttun þeirra atriða sem tíunduð eru í fyrri skýrslum GCDP og hefur allt komið fram hér að framan. Þar næst fylgir umfjöllun um refsiaákvæði í samningunum frá 1961, '71 og '88 sem er allrar athygli verð því í ljós kemur að í þessum samningum eru undantekningaákvæði sem gera það að verkum að þjóðir heims hafa alla möguleika á að víkja frá þeim. Á bls. 13 í skýrslunni er athyglisverð tafla þar sem gefið er upp í prósentum hve mikill hluti fanga í þeim ríkjum sem talin eru upp situr inni fyrir eigin neyslu án tirauna til dreifingar. (sjá bls. 84) Skýrsluhöfundar benda enn og aftur á að bannstefnunni fylgi margháttuð mannréttindabrot og afnám einkalífs. Að ekki sé talað um krísu í almannahélsu, yfirfull fangelsi og bannstefnan sé jafnvel notuð sem áhald til að stjórna ákveðnum þjóðfélagshópum. Það



PERCEPTION

THE WORLD DRUG PROBLEM

COUNTERING PREJUDICES ABOUT
PEOPLE WHO USE DRUGS

2017 REPORT



er vitnað í *Jorge Sampaio* fyrrverandi forseta Portúgal sem segir: „Síðastliðinn áratug hefur land mitt, Portúgal, hrint í framkvæmd nýrri almannastefnu með virðingu fyrir mannréttindum sem miðar að betri heilsu og að halda fólki á lífi. Árið 2001 afglæpaði Portúgal handhöfn til eigin neyslu og beindi áherslum að almannaheill og skaðaminnkun og meðferð og breytti þannig allri hugmyndafræði frá löggæslu og sjónarhorni réttlætis að heilbrigðismálum.“ Seinasti hluti skýrslunnar frá 2016 eru vitnisburðir frá fólki sem á einhvern hátt tengist vímuefnum, hvort heldur það eru lögmenn, vísindamenn, lögreglumenn eða neytendur. Það er margt átakanlegt sem þar kemur fram en einnig margt athyglisvert. Það er alveg þess virði að sækja skýrsluna á vef GCDP og lesa vitnisburði þessa fólks sem er víða að úr veröldinni.

* * *

The World Drug Perception Problem Countering Prejudices About People Who Use Drugs, eins og skýrslan frá 2017 heitir byrjar á því að höfundar monta sig aðeins af þeim árangri sem þeir telja sig hafa náð því að óumdeilt sé að viðhorf og umræða hafi færst til betri vegar. Loksins sé sú trú manna að hægt sé að byggja vímuefnalausan heim á hröðu undanhaldi. Ríki séu farin að bjóða upp á skaðaminnkandi aðferðir og farið sé að afglæpa fyrir eigin neyslu og regluvæða kannabis og fleiri efni. Það sé þó langt í frá auðvelt að breyta stefnunni og leggja út á ókönnuð svið. Alltof lengi hafi verið litið á hugbreytandi efni sem þurfi að forðast í lengstu lög og fólk sem hafi notað þau verið jaðarsett af þjóðfélaginu og álitnið andþjóðfélagslegt, firrt og afbrigðilegt. Stjórnvöld verða að gefa fólki réttar vísindalega sannaðar upplýsingar sem sé víða að finna og almenningur verði að krefjast réttar upplýsinga um kostnaðinn af fíknistefnunni og hvernig hún hafi áhrif á efnahag, samfélag og einstaklinga. Umbætur í vímuefnamálum sé oft erfitt að ræða, búa til og

koma á. Umræðan byggist um of á hjátrú og skaðaminnkun sé oft flokkuð af siðferðislegum toga. Í raun og veru sé sú hegðun manna að víma sig nokkuð algild í heiminum og þekkist gegnum alla söguna þótt efnin séu ólík. Þess utan, jafnvel þótt einhver áhætta fylgi allri neyslu, sé lagaumhverfið sjaldnast í takt við mögulegan skaða efnanna. Auk þess aukist áhættan þegar lyfin eru framleidd, þeirra aflað og neytt ólöglega. Það sé útbreidd trú að fólk prófi vímuefni sér til ánægju og verði „af slysi“ háð vímuefninu. Þetta sé byggt á misskilningi á því hvað fíkn sé. Vímuefnaneysla sé fremur algeng og áætlað hafi verið að árið 2016 hafi 250 milljónir einstaklinga verið reglulegir neytendur ólöglegra vímuefna og 11.6% þeirra átt í neyslutengdum vandræðum. Mikill meirihluti noti efnin stöku sinnum án nokkurra vandræða. Þá sé fíkn eða ánetjun oft álitin ólæknaleg og varanleg. Ef endurhæfing sé álitin möguleg byggist hún næstum eingöngu á algeru bindindi. Það sé röng nálgun því meginmarkmið meðferðar ætti að vera að „fíkillinn“ komist til heilsu bæði andlega og líkamlega. Þessvegna eigi algert bindindi ekki alltaf við. Því þurfi fjölbreytt úrræði fyrir neytendur í vanda. Það ætti að vera í nánú samráði læknis og neytanda sem ákveða hvaða meðferð sé heppilegust. Eins og málum sé nú háttað sé skaðinn mestur af skaðlegri vímuefnastefnu stjórnvalda og hörðu lagaumhverfi.

Þegar skoðað sé hversvegna fólk taki vímuefni séu siðferðilegar skýringar mest áberandi, einkum að viðkomandi einstaklingur sé „aumur“ eða „siðlaus“. Það leiði til þess að almenningur líti á neysluvandamál sem einkamál frekar en mál samfélagsins alls og því sé óþarft fyrir heilbrigðisyfirvöld að takast á við það. Önnur algeng bábilja sé að neytendur séu hópur sem lifir á jöðrum samfélagsins og eigi ekki sömu réttindi skilin. Þetta gangi í

MISVÆGI MILLI STJÓRNUNAR OG SKAÐA


Í skýrslu í Lancet sem kom út 2007 gerði hópur vísindamanna tilraun til að flokka fjölda vímuefna með tilliti til raunverulegs og mögulegs skaða sem þau gætu haft á þjóðfélagið. Súluritið til hægri sýnir niðurstöður þeirra og eru í andstöðu við hvernig þau eru flokkuð í alþjóða vímuefna kerfinu.

Þótt flokkunin sé nokkuð gróf, sýnir hún að flokkun sem þessi efni hafa í alþjóðasamningum er í brýnni þörf á endurskoðun að teknu tilliti til nútíma þekkingar.

FLOKKUN S.P.

- Hættulegast
- Miðlungs áhætta
- Lítil áhætta
- Ekki stýrt í alþjóðasamningum

ÓHÁÐ ÚTTEKT SÉRFRÆÐINGA Á ÁHÆTTU




berhögg við það sem sérfræðingar og vísindamenn segi. Þeir haldi því fram að aðal ástæður vímuefnaneyslu séu tilraunir í uppvexti, leit að ánægju, félagslegar, til að auka getu og sjálflækningar vegna andlegs eða líkamlegs sársauka. Þá séu neytendur gjarnan sleggjudæmdir sem glæpamenn þótt augljóst sé að flestir brjóti ekki önnur lög en fíkniefnalög. Vegna lagaumhverfis eigi vandamála neytendur hinsvegar ekki annan kost en glæpi til að framfleyta sér. Þá séu neytendur oft þvingaðir út á jaðar samfélagsins í umhverfi afbrota sem geri þeim erfitt fyrir að verða sér út um starf þegar sakavottorðið sé ekki lengur hreint. Þá séu ekki margir kostir aðrir í stöðunni en glæpalíf.

Fjölmiðlar fá á baukinn því GCDP heldur fram að sú mynd sem almenningur hafi af vímuefnaneytendum megi alfarið skrifa á miðlana sem leggja sig fram um að sýna vímuefni í sem neikvæðustu ljósi. Þegar miðlarnir fjalli um efnið sé það annað tveggja að tengja saman vímuefni og glæpi og að hrikalegar afleiðingar neyslu á neytandann séu óhjákvæmilegar. Þeir hnýta í miðlana vegna orðnotkunar því algengast sé að fjalla um vímuefnaneytendur sem „eiturlyfjaneytendur“, „vímu-“ eða „lyfjaþræl“, „krakkmellu“, eða álíka og þessi talsmáti í miðlunum sé tekinn upp af almenningi og þannig festist sú sýn á neytendur að þeir séu siðferðilega gallaðir og undirmálsfólk. Þannig fordómar ásamt glæpavæðingu minnki mannréttindi þessa hóps víða um heim. Þessu þurfi að breyta og besta ráðið sé að tala varlega og taka upp önnur orð um vímuefnaneytendur. Sem dæmi getum við tekið orðið sprautufíkill, betra væri að nota *vímuefnanotandi sem notar vímuefni í æð*. Núverandi orðnotkun geri yfirvöldum það kleift að koma á stefnu sem kemur fram við neytendur sem undimálsfólk og þá er hægt að kenna þeim um fjölda félagslegra vandamála. Þetta verði til þess að auðvelt sé

fyrir yfirvöld að halda því fram að öll vímuefni séu jafnslæm. Með því að gera þetta, ásamt því að halda að fólki ónógum eða beinlínis röngum upplýsingum, skemmi það eða jafnvel rústi trausti fólks til yfirvalda, sérstaklega ungs fólks. Betra væri að hvetja til hófsemi í neyslu og veita réttar upplýsingar, sérstaklega hvernig hægt sé að nota vímuefni til ánægju án skaða. Enn sé neysla álitin siðferðileg spurning og sé óæskileg fyrir þjóðfélagið og beri þessvegna að refsa fyrir, þótt neyslan sé án ofbeldis og beinist ekki að neinum nema neytanda. Samt sé dauða-refsing í mörgum löndum fyrir einfalda neyslu sem setji hana *de facto* í sama flokk og morð og aðra alvarlega ofbeldisglæpi. Þetta sé þó að byrja að breytast í sumum löndum sem séu farin að bjóða upp á gagnreynda þekkingu sem verði til þess að viðhorf almennings breytist. Það sé til bóta fyrir þjóðfélagið í heild.


Vímuefni séu oft kynnt sem eitthvað utanaðkomandi sem sé ýtt inn í neytendur. Þetta viðhorf stenst ekki skoðun því þessi efni hafa fylgt mannum alla tíð og verið notuð í aldanna rás bæði af dýrum og mönnum. Það virðist, segir GCDP, að þörfin fyrir að víma sig sé hvöt sem sé mannum, og mörgum dýrum, eiginleg, rétt eins og tónlist, tungumál, að leika sér og fleira og sé hluti þeirra verkfæra sem menningin byggir á. Þeir séu fáir sem aldrei noti vímuefni, hvort heldur það er tóbak, áfengi, súkkulaði eða annað. Það fari eftir menningu hvers lands hvaða vímuefni séu álitin þjóðfélagslega viðurkennd. Þá séu margir sem trúu því að ákveðin vímuefni séu bönnuð af góðri ástæðu byggðri á vísindalegri þekkingu á því hvað þau séu skaðleg samfélaginu og einstaklingnum. Staðreyndin sé hinsvegar sú að almennt sé það ekki raunin og í fæstum tilfellum hafi ákvörðun um bann verið tekin af vísindamönnum. Þeir benda á rannsóknina frægu sem birtist í Lancet árið 2007 þar sem vímuefni voru

HLUTFALL FANGELSAÐRA FYRIR HANDHÖFN ÁN ÆTLUNAR TIL DREIFINGAR



© Eurasian Harm Reduction Network (EHRN),
Sergey Votyagov, 2014

GCDF | IPÚB



GCDF | IPÚB

Til vinstri eru tölur yfir fjölda fanga sem hafa verið teknir með lítilræði vímuefna sem ætlað var eingöngu til eigin neyslu. Myndin hægra megin sýnir ljóslega hvernig sumt vinnur hvað á móti öðru svo ábyrg stjórn sýnist vænlegust.

flokkuð eftir því hver skaði þeirra er í þjóðfélaginu. Í ljós kom þegar fleiri breytur voru teknar inn í dæmið að áfengi olli mestum skaða (sjá mynd á bls. 107). Það þýðir að alþjóðaflokkun hefur lítið að gera með þann skaða sem efnin valda. En meðan þau eru ólögleg er ofskömmtun algeng og oft banvæn því neytendur vita ekki hvað þeir eru að kaupa. Í meðferð með ópíóðum kemur það ekki fyrir. Það hefur sýnt sig í Sviss þar sem ekki einn skjólstaðingur í meðferð hefur dáið úr ofskammti þau 20 ár sem hún hefur verið í boði auk þess sem þannig hefur tekist að ná tökum á HIV smiti og lífrarbólgu C smiti.

Þegar hér er komið í skýrslunni koma vitnisburðir og reynslusögur sem ekki er ástæða til að tíunda hér því þessi skrif eru um fáránleika fíknistríðsins en ekki um einstök efni eða hvernig neytendur og rannsakendur upplifa þau. En inn á milli vitnisburðanna eru kaflar hér og

þar sem eiga erindi. Eins og þegar bent er á að áfengi sé víða bannað af trúarlegum ástæðum sem segir að menning og annað á mestan þátt í hvernig viðkomandi vímuefni er notað. Skýrsluhöfundar benda á dæmi um kannabis sem var löglegt, t.d. í Marokkó, Indlandi og Pakistan fram að Single sáttmálanum. Þá kemur kafli um „ánétjun“, innan gæsalappa, og ruglinginn í flokkun og greiningu. Þeir benda á, höfundarnir, að WHO flokki „dependence“ [sem við eigum ekkert gott orð yfir], sem stjórnlaus neyslu en dependence þýðir eiginlega að reiða sig á en ekki að vera beinlínis háður. Það eru sjálf-sagt margir sem reiða sig á t.d. blóðþrýstingslyf eða gigtarlyf en það þýðir ekki að þeir séu háðir þeim. NIDA (National Institute on Drug Abuse) flokkar Addiction, fíkn, sem „ástand sem einkennist af óstjórnlegri löngun í vímuefni þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar á neytandann.“ Ameríska

Sálfræðingafélagið gefur út greiningarhandbók sem er kölluð DSM (*Diagnostic and Statistical Manual*) og þar er notað orðfærið „*Substance Use Disorder*“ sem væri kannski hægt að þýða sem *efnanotkunarröskun*. Í Evrópu er stofnun sem heitir EMCDDA (*European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction*) og hún notar „*problematic drug use*“ sem útleggst vandamála vímuefnanotkun. Þetta misvægi er ekki að hjálpa neinu í umræðunni og skapar fleiri vandamál en það leysir. Það breytir þó ekki því að í raun og veru er þessi kvart milljarður manna sem notar vímuefni ekki flokkaður sem fíklar, aðeins 11.6% lenda í einhverjum vanda að því talið sé. Þetta gildir líka um þau vímuefni sem eru gjarnan flokkuð sem „hörð“ vímuefni eins og heróín, krakk kókaín eða metaamfetamín, aðeins lítill hluti neytenda upplifi vandamál. Í tilfelli heróíns kemur í ljós að 23% þeirra sem prófa það lenda í vandræðum. Um kókaín er áætlað að 17% upplifi vanda og í tilfelli kannabiss um 9%. Áfengi setur 15% í einhvern vanda og 32% þeirra sem prófa tóbak. Og áfengi og tóbak er löglegt á Vesturlöndum benda skýrsluhöfundar á. Þeir benda líka á að stöku sinnum koma fréttir í miðlunum um vímuefnanotkun frægs fólks og benda á dæmið með Bill Clinton sem sagðist ekki hafa reykt kannabis ofan í lungun. Obama sagði hinsvegar að hann hefði notað bæði kannabis og kókaín og hefði svo sannarlega dregið kannabisreykinn ofan í sig. „Það var markmiðið.“

Höfundar fjalla um fíkn og meðferð og svo er sér kafli um þvingaða meðferð sem þeir telja gróft mannréttindabrot sem þeir segja að hafi sannað sig að vera ófullnægjandi og auka líkur á falli. Svo er fjallað um skaðaminnkun sem felst í því að hjálpa neytendum sem annaðhvort geta eða vilja ekki hætta neyslu. Þeir benda á að gífurlegar framfarir hafi orðið í læknavísindum, þar með töldum

fíknilækningum, á undanförunum árum og sérstaklega hafi skilningur manna á fíkn aukist. Nú sé það almennt viðurkennt að stjórnlaus fíkn stafi yfirleitt af undirliggjandi geðrænni röskun, oftast áfalli. Ekki sé lengur litið á fíkla sem aumingja sem hafi kallað fíknina yfir sig sjálfir og þeim því vísað frá. Nú séu hópar vísindamanna sem líti ekki lengur á fíkla sem vandræðagemsa sem skapi vandræði heldur sé þetta fólk sem er atvinnulaust, heimilislaust, fátækt, þunglynt og jaðarsett. Því þurfi aðrar aðferðir en fíknistríð. Höfundar benda á mótsögnina sem felst í því að almenningur í Bandaríkjunum líti á fíknistríðið sem tapað en vilja samt halda áfram að ausa í það fé. Þá benda þeir á að samkvæmt könnunum, bæði í BNA og Skotlandi álíti 42% svarenda að vímuefnaneysla sé vegna ónógs sjálfsaga og viljaleysis. Þá hafi komið fram í könnun í Bretlandi að heróínneysla sé aðallega álitin vera persónulegt og tilfinningalegt val af almenningi, en kókaínneysla var álitin vera spurning um lífsstíl. Í Nígeríu er algeng skoðun að vímuefnaneysla leiði til geðveiki og að það taki enginn vímuefni nema vera geðveikur. Það er bent á að víða sé litið niður á neytendur og margir haldi því fram að þeim beri að refsa. Þá sé staðalímyndin sú að neytendur lifi á jaðri þjóðfélagsins og njóti þ.a.l. ekki réttinda eða jafnræðis. Þannig séu neytendur afmennskaðir og jaðarsettir. Í skýrslunni er rakið dæmi frá Sviss þar sem fram kemur að gerð var könnun meðal neytenda og í ljós kom að 49.1% voru annaðhvort í skóla eða reglulegu starfi og bjuggu í eigin húsnaði eða leigðu með vinum. Aðeins 1 af hverjum 5 þeirra sem notuðu ópíóða í „*nálagarðinum*“ í Zurich voru heimilis- og/eða atvinnulausir. Svipaðar niðurstöður komu í ljós í Rússlandi í könnun sem gerð var í þremur rússneskum borgum á árunum 2004–2005. Þar kom í ljós að þeir sem notuðu vímuefni í æð voru álíka menntaðir og í svipuðum

BETRI ORÐNOTKUN

✓ NOTIÐ

Einstaklingur sem notar vímuefni

Einstaklingur í vandalausri vímuefnaneyslu

Einstaklingur með vímuefna vanda, Einstakl. með neyslutengdan vanda, Einstakl. með efnanotkunar röskun, Einstaklingur sem notar vímuefni (þegar neysla er vandamálalaus

Efnanotkunar röskun, neysluvandamál

Er með X notkunar röskun

Í bindindi Einstaklingur sem er hættur neyslu

Virk notkun vímuefna, jákvæð/ur fyrir notkun vímuefna

Svara, áætlun, stýra, takast á við

Örugg neyslurými

Persóna í bata, persóna í langtíma bata

Persóna sem notar vímuefni í æð

Viðhaldsmeðferð með ópíóðum

✗ EKKI NOTA

Eiturlyfjaneytandi

Afþreyingar- tækifæris- eða fiktneytandi

Fíkill; lyfja misnotandi; djönki; dóphaus; hasshaus; smakkhaus; krakkhaus; stóner; o.s.frv.

Eiturlyfjaþræll

Háður X

Hreinn

Skítugur (hass/skítur)

Stríð, gegn dópi, gegn neyslu og álíka baráttutal

Dópgreni

Fyrrum fíkill, afturbatafíkill

Sprautufíkill

Ópíumefna meðferð

Hér er dæmi um hvernig GCDP sér umræðuna og hvernig það vill breyta orðanotkun í málaflokknum.

störfum og höfðu sambærileg laun að meðaltali og aðrir rússneskir þegnar. Sérfræðingar benda á að fólk neyti ólöglegra vímuefna af nákvæmlega sömu hvötum sem það neytir þeirra löglegu, til slökunar, til að falla inn í hópinn, til ánægjuauka og til að efla félagsleg tengsl. Ekki vegna þess að þeir þurfi að reiða sig á þau. En vímuefni séu líka tekin til að bæta líðan, sérstaklega þunglyndi, félagsfærni og vegna áfalls. Líka til að gleyma og fá líkn frá ömurlegum aðstæðum sem fólk býr við. Svo sé nokkur hópur sem neyti vímuefna til að komast hjá fráhrarfseinkenum. Það séu einhverjir sem noti ólögleg eða lögleg efni til að bæta frammistöðu sína í námi eða íþróttum. Þessar ástæður séu ekki á almanna vitorði og vísitandi horft framhjá þeim af yfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum. Skýrsluhöfundar benda á Sviss þar sem löggin segja að mikill meirihluti neytenda þurfi aðeins ráðleggingar vegna heilsufars og hvernig þeir geti notað efni á sem öruggastan hátt. Það er sagt að vímuefnaneysla sé ekki einstaklingsvandamál og sú fræga „*Rat Park*“ tilraun sanni það, heldur spili félagslegir þættir stærstan þátt.

Heimkoma hermanna eftir Viet-Nam stríðið þar sem margir voru í mikilli neyslu, sýni þetta líka en mikill meirihluti hermanna hætti neyslu þegar þeir komu heim og breyttu um umhverfi. Þar komu tölunar á óvart því aðeins 10% höfðu notað heróín eftir heimkomu og aðeins 1% lenti í vandræðum. Þá sé víðtæk sú trú manna, halda skýrsluhöfundar áfram, að setja samansæmi merki milli neyslu og afbrota. Það sé vegna þess að þeir sem eru teknir fyrir neyslu eru undantekningarlaust stimplaðir sem glæpamenn við það að brjóta fíkniefnalög og þar með komnir í flokk afbrotamanna. Það geri atvinnuþátttöku erfiðari og í mörgum tilfellum eiga neytendur þá ekki annarra kosta völ en afbrot. Það sýni sig best þegar hlut-


fall litaðra í fangelsum er skoðað t.d. í BNA. Ameríkumenn af afrískum uppruna séu um 13% þjóðarinnar og fólk af latneskum uppruna um 17% en séu 40% og 38% fanga sem sitja inni fyrir vímuefnabrot. Svipaðar tilhneigingar megi sjá í Bretlandi, Kanada og Ástralíu. Því er haldið fram í skýrslunni að afbrot tengd vímuefnanotkun stafi í raun og veru vegna vegna bannsins sem sýni sig þar sem slakað hefur verið á klónni hafi öðrum afbrotum fækkað og enn benda skýrsluhöfundar á Sviss sem breytti lögum í málaflokknum 2001 og við það fækkaði afbrotum í ýmsum málaflokkum um helming til 90%. Þeir leggja áherslu á að jafnvel undir banni sé mikill meirihluti neytenda ekki að brjóta önnur lög en fíkniefnalög og þessutan séu neytendur átta sinnum líklegri til að verða fórnarlamb rána.

Þá taka skýrsluhöfundar til við að berja á miðlunum sem þeir segja að sýni vímuefni í röngu ljósi og beinlínis haldi fram falsi og röngum áróðri í misskildu hlutverki „fræðara.“ Þeir byggja stóran hluta frétta á að glæpavæða neytendur og að vímuefni geti eyðilaggt þjóðfélagið. Fréttirnar séu oftast rangar, villandi og settar fram í æsifréttastíl. Þeir tíunda dæmi um frétt frá 2012 þar sem heimilisleysingi var bitinn í andlit af manni sem lögreglan skaut til bana. Talið var að bítarinn hefði neytt efnafræðilega gerðs vímuefni sem gekk undir heitinu „*baðsalt*“. Í miðlunum var fullyrt að „*baðsalt*“ breytti neytendum í mannætur. Við krufningu kom þó í ljós að sá sem beit hafði neytt annars efnis en fæstum fjölmiðlum þótti ástæða til að segja frá því. Það hafi þó gerst á undanförunum 20 árum að stóru fréttamiðlarnir hafi kallað eftir annarri nálgun þegar fjallað er um vímuefni og vímuefnastefnu en þau köll séu fá og langt á milli þeirra og því týnist þau. Það gæti þó verið að breytast því í aðdraganda UNGASS hafi áherslan verið á hve mis-

VÍMUEFNAFLOKKUN SKAÐSEMI OG STJÓRN

SKAÐI

ÁHÆTTUMAT
ÓHÁÐRA SÉRFRÆÐINGA



Heimild: Nutt, D., King, L.A., Saulsbury, W., Blakemore, C., (2007); Áætlanir UNODC og Single Samþykktinni um vímuefni frá 1961 breytt til samræmis við siðareglur frá 1972 og frá 22 apríl 2017 og Áætlun um samning um geðlyfi frá 1971, og 18. október 2017

heppnað fíknistríðið er og þörfina á nýrri nálgun. Í framhaldi af þessu snúa höfundar sér að tungumálinu og fordómum sem þeir segja að hafi haft gífurleg áhrif á hvernig lítið er á vímuefnaneytendur. Það hafi líka áhrif á neytendurna sjálfa sem líði fyrir. Engir fordómar eru meiri í læknis-fræðinni en gagnvart „fíkn“. Það leiði af sér víta-hring. Orð eins og *djónki*, *krakkhaus* og *misnotandi* séu fordómafull og jaðarsetjandi. Misnotandi leiði til hugrenningatengsla við þann sem misnoti börn. Þeir benda á tilraun sem gerð var meðal lækna í BNA þar sem ýmist var notað „*misnotandi*“ eða einstaklingur með „*efn-anotkunarröskun*“. Læknarnir dæmdu þá sem voru skilgreindir sem misnotendur sem persónulega ábyrga fyrir neyslunni og þeir ættu að taka afleiðingum gjörða sinna og þeim ætti að refsa. Það er bent á að þetta, ásamt fordómum, leiði til mannréttindabrot. Einkum þegar neytendum er haldið frá efnum, eins og metadóni, nema þeir játi á sig afbrot. Þá séu aftökur án dóms og laga klár mannréttindabrot. Konur beri sérstaklega skarðan hlut frá borði því oft séu þær dæmdar til að missa börn sín jafnvel þótt engin neyslutengd vandamál séu til staðar. Þær eru jafnvel þvingaðar í ófrjósemisaðgerðir, þungunarrof og ákærðar ef þær verða uppvisar að því að nota vímuefni á meðgöngu.


Skýrsluhöfundar benda á að viðhorf almennings sem haldið er við af miðlunum hafi gert vímuefnaneytendur „*auðvelt skotmark*“ fyrir stjórn mála- og embættismenn sem vilji ganga í augun á kjósendum. Í þeim tilgangi sé oft gripið til svæsinna „*staðreynda*“ og „*siðfárs*“ og taka höfundar sem dæmi krakkfárið á níunda áratug liðinnar aldar þar sem miðlarnir fóru hamförum vegna krakk-„*plágu*“ án nokkura vísbendinga eða tölulegra gagna. Það hafi verið fullyrnt að nú færu að fæðast *krakk-börn* sem yrðu hryllilega vansköpuð, tilfinningalega, and-

lega og líkamlega. Þeir vekja athygli á að umræðan var hvað svæsnust á kosningaárum en datt svo niður á milli. Það hafi komið í ljós þegar farið var að rannsaka að kókaínneysla hafði minnkað en ekki aukist og börnin sem sýnd voru í skelfilegasta sjónvarpsþættinum um krakkfárið voru börn kvenna sem aldrei höfðu neytt þessa efnis og ekkert að þeim. Enda er það álitnið nú að börn mæðra sem nota krakk á meðgöngu séu í álika hættu og börn mæðra sem reykja á meðgöngu og í minni hættu en börn þeirra sem drekka áfengi.

Skýrsluhöfundum er hugleikið almannaviðhorfið sem þeir segja að geri yfirvöldum kleift að fara sínu fram. Þeir benda á Filippseyjar sem dæmi þar sem Duterte forseti Filippseyja hefur sagt að vímuefnaneysla sé stórkostlegt vandamál með 3.7 milljón neytenda þrátt fyrir að *Dangerous Drugs Board* hafi áætlað að það væru ekki nema 1.7 milljón sem hefðu notað vímuefni á síðastliðnu ári þegar könnunin var gerð og þriðjungur þeirra aðeins einu sinni. Duterte lætur ekki segja sér neitt, virðist vera, því hann heldur því fram að þetta fólk sé ólæknandi og talar um það sem „lifandi dautt“. Svo fór Duterte í stríð sem kostaði 7.025 manns lífið af hendi sjálfskipaðra löggæslumanna og lögreglunnar frá júlí 2016 til janúar 2017. Könnun á viðhorfi almennings er að hann er yfirleitt ánægður með ofbeldið gagnvart neytendum.

Óttinn við vímuefni hefur leitt til þeirrar afstöðu að öll vímuefni séu slæm og eyðileggi líf. Þessi afstaða hefur skilað sér í þeirri trú manna að eina ráðið sé algert bindindi og til þess einfeldningslega slagorðs „*Segðu bara nei*“ sem hófst í BNA en var svo tekið upp í Evrópu, Afríku og Asíu. Ekki aðeins er ekkert sem gefur í skyn að það hafi verið árangursríkt, heldur benda ýmsar kannanir til að það virki öfugt og ungmenni séu líklegri til neyslu ef þetta eru forvarnirnar. Það að hengja sig í svo einfaldar lausnir

HEFÐBUNDIN VÍMUEFNANOTKUN UM ALLAN HEIM



Source: Adapted from Nutt, D. (2012) *Drugs Without the Hot Air*

Á þessu korti sem byggt er á upplýsingum úr bók Prófessor David Nutt, *Drugs without the hot air*, sést hvernig vímuefnanotkun hefur verið í tímans rás. Efnin sem talin eru upp er það sem kallað er menningarbundin neysla.

GCDF | ÞÚB



Flickr User mj23 | M. J. Klaver

Þetta er berserkjasveppur, *Amanita muscaria*, sem heimildir eru um að hafi verið notaður á steppum Síberíu og svo rakst hinn óþreytandi túristi og skrásetjari Heródótus á þjóðflokk á ferðum sínum sem notaði hann. Engar heimildir hef ég rekist á um neyslu hans hér á landi.

komi í veg fyrir að gagnreyndum upplýsingum sé haldið að ungmennum og að þau ungmenni sem prófi vímuefni hafi ekki upplýsingar um hvernig þau geti gert það án þess að leggja sig í hættu. Ofan í kaupið minnki það traust ungmenna á yfirvöldum. Ungmenni hafi fordæmi í sínu nærumhverfi sem benda ekki til skaða og því trúu þau ekki stjórnvöldum, jafnvel þótt upplýsingarnar séu réttar. GCDP veltir því upp hvort það sé ekki líkegri leið til árangurs að segja satt. Hvetja til hófsemi í tilraunum og leggja áherslu á öryggi byggðu á vitneskju. Það hafi verið gert með góðum árangri í kynfræðslu, fræðsla á hættuminnkun fremur en algert bindindi.

GCDP segir að í flestum löndum heims sé sá neytandi sem hjá finnist lítilræði af vímuefni til einkanota lögbrjótur. Það sem verra er, dauðarefsing við friðsömum vímuefnabrotum er víða. Í Malasíu er til dæmis dauðarefsing við vímuefnabrotum ákveðin í lögum og er framfylgt afar skjótt. Svo er rakið frekar hvernig ástandið er í Malasíu. Þetta er að breytast segir í skýrslunni. Þjóðarleiðtogar hafa tekið skref til að breyta vímustefnunni. *Václav Havel* afglæpavæddi notkun og neyslu í Tékkóslóvakíu 1990, Portúgal árið 2000. *Jorge Batlle* og *José Mujica* forsetar Úrúgvæ og *Trudeau* fosætisráðherra í Kanada hafi allir leitt lögleiðingu kannabiss í löndum sínum nýlega. Breyting á löggjöf eins og í Portúgal 1976 breytir viðhorfi almennings til neytenda og dragi úr jaðarsetningu neytenda. Sama gerðist í Hollandi 1980 og nú er fæsta vímuefnaneytendur með vandamál að finna í Hollandi af ESB löndunum. Hollendingar eru reyndar fyrir neðan meðaltal ESB í heildarvímuefnaneyslu, langt fyrir neðan BNA. Það séu líka komnar fram vísbendingar um að almenningur styðji raunsæja stefnu, vísindamiðaða og byggða á áreiðanlegum gögnum, um vímuefni. Það hafi gerst í Sviss því 1997 kaus yfir 70% kjósenda nýja stefnu sem byggð

var á fjórum stoðum, forvarnir, meðferð, skaðaminnkun og löggæslu. Árið 2008 kaus 68% kjósenda í Sviss um lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu og samþykkti þau.

Ráðleggingar GCDP eru vel rökstuddar og eru í sex liðum. Þeim sem vilja kynna sér rökstuðninginn frekar er bent á að sækja sér skýrslurnar á vef GCDP. Þau rök sem notuð eru hafa öll komið fram í fyrri skýrslum þótt að þessu sinni sé annað sjónarhorn um sumt. Það breytir nákvæmlega engu, því sjaldan er góð vísa of oft kveðin. En hér koma ráðleggingarnar:

1. Stefnumótendur verða að setja sér það markmið að breyta núverandi viðhorfum til vímuefna og þeirra sem nota þau með áreiðanlegum, sannreyndum upplýsingum.
2. Skoðanamyndendur verða að axla ábyrgð sína í mótun almanna viðhorfa og upplifun um vímuefni og stuðla að málnotkun sem er ekki fordómafull og án mismununar.
3. Stefnumótendur verða að taka virkan þátt í umræðunni og kalla stjórnvöld, þingmenn, dómskerfi, borgarstjóra, fjölmiðla, heilbrigðisstarfsfólk og félagmálasérfræðinga til ábyrgðar.
4. Hætta að grípa til áreitni sem byggist á neikvæðri upplifun á fólki sem notar vímuefni.
5. Með því að setja heilsu og öryggi í öndvegi þurfa lækningar og heilbrigðisstarfsmenn að vera fremst í flokki að stuðla að gagnreyndri fyrirbyggjandi meðferð. Áherslan á að vera á meðferðar- og skaðaminnkun og brýnt sé að takast á við hugmyndafræðilega fordóma í heilsugæslu.
6. Nýta ætti tækifærið sem gefist á komandi ráðstefnu ráðherranefndar Sameinuðu þjóðanna um vímuefni á næsta ári og það hlutverk sem hún hefur um endurskoðun á orða- og hugtakanotkun í alþjóðlegum skjölum og samningum.



GCDP

Vímuefnaneytandi nútímans. Nikótín er það sem hann er að neyta og það er löglegt. Þjóðhagslegur kostnaður af notkun þess er gífurlegur.



Wikimedia Commons

Vímuefnaneytandi fortíðar. Vímuefnin sem hann er að neyta eru kannabis og kaffi sem hvoru tveggja eru menningarbundin vímuefni svæðisins sem hann á heima á. Þjóðhagslegur kostnaður er líklega sáralítill.

Það sem þessar myndir segja okkur er að neysla vímuefna hefur alltaf fylgt manninum og menningunni. Hafa verið hluti af henni og eru enn. Hafa verið álitn sjálfsögð og jafnvel hvatt til neyslu samanber kaffi auglýsingar nú til dags ásamt öllum „léttöls“ auglýsingunum sem dynja á landsmönnum sem duldar áfengisauglýsingar. Þetta er hin almenna og eðlilega neysla, ekki róninn í strætinu eða dauði fíkillinn í húsasundinu.

Svo mörg voru þau orð frá Global Commission on Drug Policy.

* * *

Það vekur athygli þegar lagst er yfir skýrslur svona alþjóða fyrirbæra eins og GCDP, hvernig tungumálið er notað. Það er greinilegt að þessi alþjóðanefnd leggur lykkju á leið sína til að móðga engan og stíga ekki á neinar tær. Það er samt mismunur á skýrslunum og sumar eru tyrfnari en aðrar en það er kannski ekki hægt að búast við öðru þegar skrifin fara fram í nefnd þar sem semja þarf um fjölmörg atriði vegna orðalags og því hvað sagt er og hvernig. Þrátt fyrir það eru skýrslunnar á köflum verulega beinskeyttar og víst er að þær eru geysilega vel unnar og fræðandi. Heimildaskráin í þeim er ekki síður athyglisverð því þar er að finna fjölda tengla á ítarefni sem gagnast svona nördum eins og mér gífurlega vel. Þessi skrif um fáránleika fíknistríðsins væru vafalaust miklu fátæklegri ef ég hefði ekki nýtt mér þessar heimildir. En þessi fyrirbæri eins og nefndin og UNGASS 2016 eru um margt afar framandi í mínum augum því ég hef það frá fyrstu hendi að á UNGASS 2016 hafi lokaályktunin legið fyrir áður en samkoman hófst og byrjað á að kjósa um hana þar sem hún var samþykkt. Þegar það lá fyrir hófust umræður um hana. Við hér uppi við heimskautsbaug erum vön að hafa þann háttinn á að ræða málin fyrst til að komast að sameiginlegri niðurstöðu og kjósa svo. En þetta eru náttúrlega mestanpart útlendingar og ekki eins krúttlegir og klárir og við. Auk þess sem við erum nösk á að finna „séríslenskar“ lausnir.

Það er ekki þar fyrir að það er alveg spurning hvort það sé yfirhöfuð skynsamlegt að láta alþjóðabatteri stjórna mannlegri hegðun. Eða jafnvel hvort það sé æskilegt að reyna það. Sumu er alveg óþarfi að stjórna og öðru er hreinlega ekki hægt að stjórna. Það mætti að minnsta kosti vera gífurlega öflugt kerfi sem stjórnaði hugsunum og til-

finningum, að ekki sé talað um drauma. Við erum nú einu sinni hluti af náttúrunni og lífkerfinu og höfum sem tegund afar lítið um það að segja hvernig það virkar og vinnur. Það er álíka galið að reyna að stjórna sumu eins og að fara af stað til að reyna að stjórna flugi farfugla, eða hvernig vindurinn blæs. En þar sem við höfum í gegnum aldirnar gert okkar ítrasta til að skera á tengslum okkar við náttúruna má með fullum rétti halda því fram að ástand heimsmálanna og náttúrunnar sé okkur alfarið að kenna og fálmenndar tilraunir til að laga hlutina hafa yfirleitt alltaf gert ástandið verra. Alþjóðastofnanir, í vímuefnamálum sem öðru, breyta oftast engu, eða a.m.k. afar litlu. Nema þá til bölvunar því rétt eins og aðrar dýrategundir fara einstaklingar sínu fram, yfirleitt án tillits til afleiðinga.

Blómstrandi toppur
Cannabis sativa.



vangaveitur um kosti

En er yfirleitt hægt að stoppa fíknistríðið? Mannleg fyrirbæri hafa tilhneigingu til að öðlast sjálfstætt líf, annars glatast hagsmunir einhverra. Og er það í alla staði æskilegt? Að því gefnu að við færum eftir ráðum GCDP og bara hættem. Mitt mat er, að ef svarið við báðum þessum spurningum er já, þá er hægt að enda fíknistríðið og ég held að einfaldasta leiðin til að hætta því og koma á skikkanlegu ástandi sé að henda lyfjatilvísanakerfinu og láta apótekin sinna sínu upprunalega hlutverki. Að selja lyf. Hætta að höndla með hárbönd og snyrtivörur og sinna hlutverki sala og fræðara. Það mundi einfalda líf þeirra sem þurfa á lyfjum að halda, minnka álag á heilsugæslustöðvar og lækna hefðu meiri tíma til að sinna sjúklingunum í stað þess að skrifa bara lyfjaávisun á þeim tíma sem þeim er skammtaður á hvern sjúkling af rekstrarstjóra heilsugæslustöðvarinnar. Sem ég hef heyrt að sé 10 mínútur hér eins og er í Ameríku og sjálfsagt fleiri löndum enda er það að lækna sjúka orðið bókhald fremur en líkn við þá. Kapítalisminn er búinn að hirða það eins og fleira. Læknir myndi eftir sem áður setja lyfjaupplýsingar inn í lyfjagrunn sjúklingsins þar sem þær væru aðgengilegar fyrir sjúklinginn, eftirlitsaðila og apótekin. Og fíklar fengu vímuefjafann sinn úr apótekinu svo þeir vissu hvað þeir væru með í höndunum. Það myndi

leiða til minni áhættu við neyslu og færri ofskömmunar-tilfelli. Þau apótek sem það kysu gætu sett upp vöktuð og örugg neyslurými. Tilfellið er að því harðari sem refsingarnar eru því sterkari verða efnin. Það er miklu erfiðara að smygla 100 kílóum af hassi en kíló af kókaíni eða amfetamíni. Að ekki sé minnst á efni eins og LSD sem er oft dropar í þerripappír og sent með venjulegum bréfpósti. Það er einföld hagfræði sem gildir við vímuefnadreifingu, „*mesta kikkið í sem minnstu plássi*“. Þetta lyfjaávisanakerfi er ættað síðan úr fornöld. Því er bara haldið við, og bætt í, af engri annarri ástæðu, virðist vera, en „af því bara“ og „það hefur alltaf verið svona“. Sennilega hefur það þróast í þann óskapnað sem það er nú frá því að læknirinn þáraði einhverjar leiðbeiningar um meðferð sjúklingsins og svo sá einhver, sem kunni að lesa, sér leik á borði og fékk einkaleyfi á að útvega lyfin. Nákvæmlega eins og dópsalar ólöglegu vímuefnanna, innflutningur, álagning, dreifing og sala. Helsti munurinn er sá að lyfsalinn getur illa svindlað á kúnnanum, hann borgar laun og greiðir skatta. Dópsalinn aftur á móti drýgir yfirleitt hráefnið (svindlar) og stingur ágóðanum í vasann. Og það eru verulega háar fjárhæðir.

Setjum nú svo að fíknistríðinu yrði hætt, hvað á að koma í staðinn? Eitthvað verður að koma í staðinn því

sagan og reynslan kennir okkur að það er aldrei hægt að skilja eftir tóm. Einhverjir verða fljótir að fylla það. Sérstaklega þegar það eru eins miklir peningar í spilinu og í vímuefnaviðskiptum. Nú er mikið rætt um skaðaminnkun í þessum málum sem öðrum, eins og vændi. Ef maður skrælir diplómatíuna af orðinu *skaðaminnkun*, þá merkir skaðaminnkun að stjórnvöld hafa loksins séð sóma sinn í að viðurkenna að þeir sem hófu fíknistríðið byggðu á afar hæpnum forsendum, voru umboðslausir í reynd, vegna þekkingarskorts, og því beri að hætta því. Það er augljóslega ekki að virka og hefur aldrei gert. Hvatar til að efnast eru beinlínis innbyggðir. Hvað annað er hægt að kalla það þegar fjölmenn atvinnugrein með mikla veltu veldur tjóni og óstöðugleika en þarf ekki að standa skil á sköttum sem færu í innviði þess þjóðfélags sem þeir starfa í? Almennigur hefur aldrei verið inntur eftir því hvort hann sé þessari herför fylgjandi og vilji strita fyrir henni baki brotnu. Maður þakkar æðri máttarvöldum að það er ekki gripið til svipaðra aðferða við náttúruvá. Það væri nokkurn veginn jafn galið. En skaðaminnkun felst í því að lágmarka skaðann sem af einhverju tilteknu athæfi hlýst, hvort heldur það er vímuefnaneysla eða annað. Í t.d. hjólreiðum felst skaðaminnkun í því að vera með hjálm og hlífar. Eins og segir í upphafstilvitnun þessarar bókar sem höfð er eftir *Dr. Steve Loyd „Að neita ánetjuðum manni um lyfið sitt er eins og að neita sykursýkissjúklingi um insúlín vegna þess að hann sé feitur“* felst skaðaminnkun m.a. í því að leyfa og nota lyf til að takast á við vandann. Margar meðferðarstofnanir taka ekki í mál að skjólstæðingar þeirra noti lyf í meðferðinni. Samt hefur könnun eftir könnun og rannsókn eftir rannsókn af virtum háskólum sýnt fram á það í tilfelli ópíóðafíknar að viss lyf eru það eina sem gefur minnstu von um árangur meðferðarinnar. Nú er reyndar talið af þeim er best

þekkjast til að meðferð við ópíóðafíkn taki um 8-10 ár að lágmarki með falli í tvö til fimm skipti í upphafi. Jafnvel á fysta árinu. Morfínsameindin breytir heila neytenda og kippir ýmsu úr sambandi, þar sem líkaminn er fljótur að leggja af starfsemi sem hann telur sig ekki þurfa. Eins og kemur fram hér að framan er þvinguð meðferð ekki alveg málið ef vænta á árangurs og ekki bifliulestur heldur. Hugsanlega geta bænin hjálpað þeim sem eru þannig innréttaðir að trú á slíkt en sennilega væri hugleiðsla og *EMDR (Eye Movement Desensitization and Reprocessing)* meðferð hjá sálfræðingi miklu árangursríkari. EMDR var uppgötvað fyrir tilviljun af *Francine Shapiro* sálfræðingi undir lok síðustu aldar og hefur sannað sig að virka vel í mörgum tilfellum til að vinna úr undirliggjandi áfalli fíknar sem *Dr. Gabor Maté* heldur fram að sé algengasta orsök stjórnlausrar ánetjunar og fíknar.

Hverju mundi það breyta fyrir neytendur að hætta að berja á þeim? Jú, augljóslega minni barsmíðar, en fyrir 90% neytenda mundi það breyta tvennu. Ódýrari vímu-gjafi og vottuð framleiðsla. Fyrir þau 10% sem út af standa myndi það líklega breyta því að þeir væru ekki eins illa settir. Hvorki fjárhagslega eða félagslega. Regluvæðing minnkaði álag á heilsugæslu, löggæslu, tollgæslu og félagsmálafirvöld. Kostnaður refsivörslukerfisins myndi snarminnka og sparnaður yrði í dómskerfinu og minna álag. Auðgunarglæpum eins og innbrotum og svikum myndi sennilega fækka umtalsvert og öðrum smáglæpum. Þá mundi handrúkkun nálega leggjast af. Ég sé það nú ekki fyrir mér að ríkið færi að standa í slíku þótt því sé svo sem trúandi til alls þar sem það lítur á sig í grunninn sem stjórn á þegnum en ekki þjónustu við þá. Á móti ykist kostnaður vegna meðferðar og forvarna eitthvað en kannanir af virtum fræðimönnum í félagsvísindum hafa sýnt að fíklar eru eins og annað fólk, því öll

erum við eins, og stjórna sinni neyslu þannig að þeir fúnkera í þjóðfélaginu. Fíklar, og ég nota það um þá sem neyta efna daglega, vilja ekkert frekar en næsti maður vera jaðarsettir og lifa tilgangslausu lífi. Þá er líklegt að HIV og lifrabólgu C smit minnki með minna álagi og minni kostnaði fyrir heilbrigðiskerfið. Hugsanlega gæti vændi eitthvað minnkað nema þá hjá kynlífsþrælum. Vímuefnaneytendur sem nú þurfa að selja sig ættu að eiga miklu meiri möguleika á að hætta og fá hjálp til þess.

Skaðaminnkun mætti líka taka upp á öðrum sviðum, einkum geðsviði, þar sem neysla geðlyfja hefur aukist gífurlega á Vesturlöndum á síðustu árum. Og ekki hefur neysla á ólöglegu vímugjöfunum minnkað því rannsóknir hafa sýnt að hún hefur aldrei verið meiri. Einhver ástæða hlýtur að vera fyrir því og miðað við það sem ég hef skoðað hallast ég helst að því að það megi að miklu leyti leita orsakanna í þjóðfélaginu. Það er engin hemja hvernig farið er með fólk. Sérstaklega þá sem eru veikastir fyrir og í þeim hópi eru flestir neytendurnir. Ítreka þó að neysla vímuefna er gífurlega flókið mál með marga snertifleti. En félagsleg einangrun og einmanaleiki hefur sitt að segja. Hér er ég ekki að tala um að vera innan um fólk, heldur þessa ömurlegu tilfinningu að vera einmanna, utanveltu, þekkja engan, hafa engan til að deila með, engan til að elska, tilheyra engum hópi, vera utan samfélagsins þótt mætt sé í vinnu eða nám. Einhverntímann var sagt að maður velji sér vini en sitji upp með fjölskylduna. Það er svolitill broddur í þessu og víst er að ég hef aldrei í lífinu verið eins einmana og á meðan ég bjó einn með sjálfum mér innan um rúmar 8 milljónir manna, í London 1973. Einmanaleiki og firring á örugglega sinn þátt í neyslu sem verður að vandamáli. Félagsfræðingar og mannfræðingar upplýsa okkur um það að gegnum alla þekkta sögu mannsins hafi hann búið með öðrum í litlum

hópum, rétt eins og aðrir primatar. Félagsleg tengsl eru mannum nauðsynleg, annars týnir hann sér í DMN (Default Mode Network) og egóinu. Þá getur verið stutt í þunglyndi og tilfinningalegan sársauka og hvað er þá eðlilegra en að grípa til einhverra ráða sem ætla mætti að gætu mildað hann? Við þessu er ekki auðvelt að bregðast því það kallar á grundvallarbreytingu á öllu þjóðfélaginu. Fólk verður að fá frelsi og tíma til að lifa. Annars hrakar geðheilsunni og það er afar dýrt fyrir þjóðfélagið.

* * *

Það er sköndin saga í bók *Johans Hari, Lost Connections*, sem kom út snemmsumars 2018. Þannig var mál með vexti að hrísgrjónabóndi í Laos steig á jarðsprengju sem verndarar vestræns lýðræðis og frelsis, Bandaríkjamenn, höfðu varpað á Laos meðan Viet-Nam stríðið geisaði. Karlanginn missti fótinn og gervifóturinn sem hann fékk til notkunar reyndist óbrúklegur þar sem hann meiddi hann svo að hann gat ekki unnið á akrinum. Maðurinn datt í djúpt þunglyndi svo þorpsbúar sáu að við svo búið mátti ekki standa og var því haldinn fundur í þorpinu. Það var fullkomlega framandi hugmynd að gefa mannum lyf, það var engum sem datt það í hug að fara að fíkta í efnafræði heilans. En þeir dattu ofan á snjalla lausn sem svínvirkaði. Þorpsbúar skutu saman og keyptu belju handa mannum, því hann var jú hluti af hópnum. Fyrst hann gat ekki unnið á akrinum hlaut hann að geta starfað sem kúabóndi. Þessi bráðsnjalla lækning virkaði einstaklega vel. Hver og einn lagði sitt af mörkum sem var nóg til að hægt var að kaupa kú sem sá einfætti hefði aldrei getað látið sig dreyma um, þorpið græddi aðgang að mjólkurafurðum og allir voru ánægðir. Depurð kúabóndans hvarf eins og dögg fyrir sólu við það að fá hlutverk sem hann réði vel við og gat farið að leggja til samfélags-

MDMA er eitt þeirra vímuefna sem vinsæl eru meðal neytenda. Samkvæmt því sem Prófessor David Nutt segir er öruggara að nota það en að skreppa í útreiðartúr. Gallinn við þá afstöðu er sá að neytendur vita sjaldnast fyrir víst hvort það sem þeir kaupa er MDMA eða það sem þeir kaupa innihaldi yfirleitt efnið. Regluvæðing breytir því.



ins. Verða hluti af hópnum. Heilbrigðisyfirvöld ættu kannski að einbeita sér að fátækum og döprum, þar er örvæntingin og einangrunin mest. Er það eitthvað líf að vinna við sama starfann lungan úr starfsævinni? Kannski við einhæft verksmiðjustarf við færiband? Koma svo heim, sturta, elda, borða, setjast fyrir framan sjónvarpið sem trónir eins og altari á hentugum stað. Dorma jafnvel. Háttu, sofa og vakna svo til nýs dags sem verður alveg eins og gærdagurinn. Það eru ýmsir eiginleikar sem eru okkur eiginlegir sem dýrategund. Eiginleikar sem þróuðust með forfeðrum okkar í milljónir ára. Nálægð við náttúruna og gróður virðist koma afar sterkt inn. En við erum svipt ýmsu sem okkur er eiginlegt í nútíma samfélagi á Vesturlöndum og fáum ekki að njóta þeirrar ánægju og gleði sem það veitir. Þegar svo er komið er nokkuð augljóst að við leitum að líkn þegar við förum að þreytast. Þá er neysla vímugjafa handhæg.

* * *

Regluvæðing er einn þeirra kosta sem hægt er að grípa til í stað banns og fíknistríðs. Það sem hér fer á eftir er efni sem við *Margrét Tryggvadóttir* þýddum fyrir *Snarrótina, samtaka um borgaraleg réttindi*. Það er bæklingur frá *Transform Drug Policy Foundation* sem Snarrótin fékk góðfúslegt leyfi til að þýða og dreifa. En hvað er regluvæðing? Regluvæðing er eingöngu ferli, til að gera ólögleg vímuefni lögleg, þar sem lögleiðing á við *lok* ferlisins þar sem reglur um framleiðslu, framboð og neyslu eru settar þegar vímuefnið hefur verið gert löglegt. Varasömustu vímuefnunum eins og morfíni yrði ávísað til skráðra neytenda af læknum. Þessi aðferð getur falið í sér önnur ákvæði eins og að neysla efnanna fari fram undir eftirliti hæfra einstaklinga eins og hjúkrunarfólks á ákveðnum neyslustöðum.

Löggiltir lyfsalar sjái um eftirlitshlutverk lyfja eins og

amfetamíns eða MDMA. Þeir afhenda og selja rétta lyfjakammta einstaklingum sem vilja nota efnin. Frekari hömlur, eins og skráning neytenda í gagnagrunn landlæknisembættisins, gæti einnig verið sett sem skilyrði. Það er þó ástæða til að skoða þetta út frá persónuverndarlögum sem enginn hefur áhyggjur af nema þeir sem hafa eitthvað að fela. Löggiltir útsöluaðrir fengju að selja hættulítil vímuefni á verði sem ákveðið er af yfirvöldum í samræmi við ströng skilyrði til söluaðila, eins og bann við allri kynningu og auglýsingum, bann við sölu undir ákveðnum aldursmörkum og heilsu og öryggisupplýsingum á umbúðum. Ekki yrði selt áfengi á þessum stöðum eða harðari vímuefni. Ég held nú samt að bann við kynningu sé haldlítið. Einhverjir munu „fara á svig“ við lögina auk þess sem það hefur aldrei fallið okkur Íslendingum vel að fara eftir lögum. Við sjáum það á „léttöls“ auglýsingunum í sjónvarpi allra landsmanna og víðar. Við erum flest með „Bjarts í Sumarhúsum heilkennið“.

Líkt og barir eða kannabiskaffihús, svipaðir, eða eins, og í Hollandi, gætu löggiltir neyslustaðir selt hættulítil vímuefni til neyslu á staðnum. Þessir staðir lytu ströngum skilyrðum eins og löggiltu sölustaðirnir og auk þess væri hægt að setja ákvæði um að söluaðili gæti, að hluta, borið ábyrgð á hegðun neytenda. Áhættulítil vímuefni eins og kaffi eða kókate þyrftu takmarkað eða ekkert leyfi. Aðeins reglur til að tryggja að framleiðslustaðlar væru ekki brotnir og verslunarhættir fylgi reglum um merkingar og lýsingu innihaldsefna ásamt síðasta neysludegi og séu nákvæmar. Allar þessar leiðir eru til og eru notaðar á ýmsan hátt í ýmsum útgáfum víða um lönd. Þær eru notaðar til stýringar á dreifingu fullkomlega löglegra lyfja, bæði til lækninga, til heilsuþótar og til afþreyingar.



PUB

Þetta er það sem næst verður afhent undirheimum til að græða á. Eftir því hefur þegar verið kallað í aðalfrétta-
tíma RÚV með því einu að mæla með banni. Í anda skaðaminnkunar held ég að betra væri að fræða ungmenni
um áhrif og hættur af neyslu þessara drykkja. Það eru til dæmi hér að ungmenni detti niður á íþróttæfingum
með hjartaáfall líklega sökum neyslu þeirra. Byrjað er að rannsaka áhrif þeirra á ungmenni en við vitum að sjálf-
sögðu ekki hver gætu verið langtímaáhrif neyslu sem byrjar á unga aldri meðan heilinn er enn í mótun
sem heldur áfram vel inn á þritugsaldurinn. Reyndar hafa nýjustu rannsóknir staðfest að heilinn sé ekki
eins óbreytanlegur og gengið var út frá. Hann er að búa til nýjar tengingar fram á efri ár.
Þessi mynd var tekin í stórmarkaði á höfuðborgarsvæðinu og mörg ungmenni voru að versla þegar hún var tekin.

Því er haldið fram að regluvæðing leiði til þess að allir færu að nota vímuefni hvar og hvenær sem er. Í rauninni er því ófugt farið. Með regluvæðingu er komið á ströngum hömlum laga og reglna á stjórnlausan markað. Þannig hömlur er útilokað að setja undir banni. Það þýðir ekki „frjálsræði“ og „eftirgjöf“ því regluvæðing gerir ábyrgum stjórnvöldum kleift að stjórna því hvaða lyf eru seld, hverjir mega umgangast þau og hvar þau skuli seld. Meðan bann er í gildi eru það glæpamenn sem ákveða reglurnar og sölustaði sem þýðir að hver sem er getur keypt hvað sem er af hverjum sem er meðan þeir ráða markaðnum. Dópsalar hafa fremur lítinn áhuga á að spyrja um skilríki. Af hverju í ósköpunum skyldu þeir ekki selja hverjum sem er? Þeir eru ekki að reka félagsþjónustu, þeir vilja hagnast. Þá gefur það augaleið að við regluvæðingu næst betri árangur í mörgu eins og að koma í veg fyrir sölu til þeirra sem hafa ekki aldur til að versla. Hún yrði ólögleg og refsiverð. Því er gjarnan haldið fram að lögvæðingarsinnar vilji að vímuefni séu seld sem víðast, t.d. í almennum verslunum. Það er gífurlegt ábyrgðarleysi að tóbak skuli vera selt þannig og þrýstingur er á að fá áfengi til sölu í stórmarkaði. Við ættum að stefna að meiri stjórn á sölu bæði löglegra sem og (ennþá) ólöglega vímuefna. Við höfun nefnilega hálfra ar aldar reynslu af fíknistríði og alveg óþarfi að starta öðru. Eða halda því áfram.

Regluvæðing er ekki, eins og sumir vilja halda fram, hættulegt stökk inn í hið óþekkta. Ábyrg stjórnvöld stjórna nú þegar ýmsu sem áhætta fylgir, eins og áfengi, tóbaki og lyfjum. Regluvæðing er eðlileg og langt frá því að vera róttæk. Í raun og veru er bann róttæk stefna. Bannið var stökk inn í hið ókunna. Það var ekkert sem gaf vísbendingar um að það virkaði. Nú, eftir rúma hálfra öld, vitum við hinsvegar að það er dýrt, skaðlegt og

gagnslaust. Við stýrum nú þegar ýmsri áhættuhegðun og efnum með góðum árangri. Jafnvel lyf sem bönnuð eru til afþreyingar, þar á meðal ópíóðar, amfetamín, kókaín og kannabis, eru framleidd sem örugg læknislyf án nokkurs vanda, ofbeldis eða glæpa sem fylgja ólöglega markaðnum, þar sem það er gert. Það yrði aldrei um að ræða einhverja eina lausn þar sem öll lyf yrðu sett undir sama hatt. Því meiri áhætta sem fylgir notkun, því strangari skilyrði yrðu sett á sölu. Sum hættuminni lyf gætu verið seld í löggiltum sérverslunum, en hættulegri lyf yrðu einungis seld gegn lyfseðli til þeirra sem væru skráðir neytendur. Okkur er í lófa lagið að nýta reynsluna af öðrum bann tímum og öðrum efnum og athöfnum eins og áfengi, lyfjaávisunum, fjárhættuspili og ýmsu öðru til að tryggja að lög og reglur stuðli að öryggi og heilsu. Breytingin gerist ekki á einni nóttu. Hún yrði kaflaskipt og varkár og byggð á athugunum og reynslu þar sem stefnan tæki breytingum og þróaðist í samræmi við fram komnar vísbendingar. Ef eitthvað virkar ekki ætti stefnan að taka mið af því og vera endurskoðuð og, ef nauðsyn ber til, breytt eftir þörfum.

Stundum segja bannhyggjupáfarnir að það sé barnaskapur að ætla að regluvæðing sé töfralausn á þeim vandamálum sem lyf valda. Svona fullyrðing er strámannsrök því það er enginn sem heldur því fram að regluvæðing sé allsherjarlausn á öllum vímuefnavanda enda á hún ekki að vera það, hún hefur annað hlutverk. Hún er hinsvegar allsherjarlausn á mörgum þeirra skelfilegu vandamála sem bannið veldur. Til að takast á við þau vandamál sem vímuefnaneysla veldur er nauðsynlegt að setja reglur sem taka á almennt heilsu, menntun, forvörnum, meðferð og bata auk þess sem takast þarf á við fátækt, mismunun og félagslega einangrun.

Rúmlega 50 ára banni og milljarða dala útgjöld til að

framfylgja því hefur mistekist að sporna við aukinni neyslu ólöglegra vímuefna en talið er að nú séu um 240-250 milljónir vímuefnaneytenda í heiminum. Það þarf ekki að koma á óvart því rannsóknir hafa æ ofan í æ sýnt að glæpavæðing neyslu hefur engan fælingarmátt. Andstætt því sem stundum er haldið fram þýðir regluvæðing að efnin eru undir stjórn en ekki aukið framboð. Ef neysla aftur á móti eykst við regluvæðingu, mundi fjárhagslegur, félagslegur og heilsufarslegur skaði samt minnka verulega. Samt er því ennþá haldið fram að án refsinga sem fælingarmáttar mundi vímuefnaneysla aukast gífurlega. Við skoðun vímuefnalaga í heiminum kemur í ljós að engin tenging er á milli harðra refsinga og lítillar neyslu. Sú kenning að glæpavæðing, sem grundvölluð er á banni hafi fælingarmátt, er ósönnuð með öllu. Ef hún væri sönn hefði neysla á heimsvísu ekki aukist jafn gífurlega undanfarin ár. Í Hollandi þar sem varsla og smásala kannabiss er í reynd lögleg, er fjöldi kannabisneytenda næstum sá sami og annars staðar í Evrópu. Þegar Portúgal afglæpaði öll vímuefni árið 2001 jókst neysla ekki gífurlega eins og sumir óttuðust. Rúmum tíu árum seinna er fjöldi vímuefnaneytenda lægri en meðaltal neytenda í Evrópu og í mörgum löndum er tóbaksneysla um helmingur þess sem hún var fyrir 30 árum. Þessari minnkun hefur verið náð án banns, ekki með því að gera neytendur að afbrotamönnum. Hún er árangur fræðslu og strangari reglna sem aðeins er gerleg vegna þess að tóbak er löglegt. Neyslumagni er oft jafnað við þann skaða sem efnið getur valdið en mikill meirihluti neytenda notar efnin án nokkurra vandamála. Fremur en að einblína á að minnka neyslu ætti stefnan að vera á að minnka þann skaða sem af henni getur hlotist.

Eín röksemdin er að regluvæðing muni auka framboð vímuefna. Regluvæðing þýðir meiri stjórn, ekki aukið

aðgengi, með ströngum skilyrðum um hvað má selja, hvar og til hverra. Með banni eru engar slíkar hindranir. En hvað með stórfyrirtækin sem hugsa bara um hámarks gróða? Munu þau ekki verslunarvæða vímuefnamarkaðinn og ganga hart fram í að auka neyslu? Það er ekkert sem segir að vímuefnamarkaðurinn þurfi að fylgja venjubundnum verslunarháttum ef hann er gerður þannig úr garði að hann eigi ekki að vera það. Mögulega gæti ríkið eða félög sem rekin eru án gróðasjónarmiða séð um verslun með vímuefni með góðum árangri á þann hátt að ekki sé ýtt undir neyslu. Við getum lært af mistökum áfengis- og tóbaksregluvæðingar. Neysla áfengis og tóbaks er afleiðing áratuga auglýsingaherferða, oft í óregluvæddu umhverfi. Með núverandi ólöglega vímuþjafa er skjöldurinn hreinn. Við getum sett ákjósanlegar reglur frá byrjun sem stýra öllum þáttum markaðarins. Við getum valið um hvort vímuefnamarkaðnum er stjórnað af læknum og lyfjafræðingum eða glæpagengjum. Það er enginn annar möguleiki þar sem vímuefni eru til og neytendur vilja þau. Gagnrýni á verslunina er fullkomlega lögmæt. Hinsvegar, ólíkt skipulögðum glæpasamtökum, lýtur hún reglu- og eftirlitshlutverki stjórnvalda, greiðir skatta og gjöld og þarf að svara til saka gagnvart lögum, stéttarfélögum og neytendum og stundar yfirleitt ekki ofbeldi í daglegum rekstri. Það er svo annað mál hvernig verslunin svínar á fólk í verðlagi og gæðum.

Því er líka haldið fram að vímuefnaneysla fari minnkandi og við ættum ekki að taka áhættu á að hún aukist við regluvæðingu. Þessu halda bannhyggjupáfarnir gjarnan fram án þess einu sinni að brosa að vitleysunni þegar öll vísindi og allar kannanir sýna fram á svo ekki verður véfengt með góðu móti að neysla á heimsvísu hefur aldrei verið meiri eða jafn algeng auk þess sem aldrei hefur meira verið framleitt fyrir fólk að víma sig með.

Vímuefnaneysla er svo mikil að það jafngildir heilsufars-, afbrota-, og öryggisvandamáli. Þótt neysla sumra efna hafi minnkað skilur hún eftir of marga sem eru að nota óstöðluð vímuefni á varasaman hátt á markaði sem er í höndum skipulagðra glæpagengja. Rannsóknir hafa aftur og aftur sýnt fram á að neysla vímuefna stjórnast fyrst og fremst af menningar-, félags- og efnahagslegum forsendum. Ekki hversu harkalegt bann er. Auk þess sem, fremur en að vernda ungmenni og þá sem viðkvæmir eru, hefur fíknistríðið sett þá í meiri hættu, bæði vegna neyslunnar og hættunnar á að lenda í ofbeldi og rugli markaðar sem er stjórnað af bófum. Markaðnum ætti að vera stjórnað með löggjöf af ábyrgum stjórnvöldum ásamt því að áherslur yfirvalda og fjármunir færast á reyndar forvarnir sem beint yrði að ungu fólki. Sem leiðir okkur beint að næstu röksemd sem er sú að bann haldi vímuefnum frá ungu fólki. Regluvæðing muni einfaldlega auka að-gengi þeirra að vímuefnum. Bannið hefur reynst afar óskil- virkt til að útiloka aðgengi ungmenna að vímuefnum. Nýleg rannsókn frá háskólanum í York leiðir í ljós að neysla kannabisefna meðal ungmenna hafi ekki aukist en færst neðar í aldri. Vel útfærð regluvæðing, þar á meðal aldurstengd, getur frekar komið í veg fyrir að ungmenni komi höndum yfir vímuefni. Augljóslega eigum við að gera allt sem við getum til að koma í veg fyrir að ungmenni noti vímuefni. Hinsvegar, ef þau koma höndum yfir lögleg lyf sem ætluð eru fullorðnum, eru þau að því leytinu betur sett að lyfin eru gæðastýrð og með upplýsingum um skammtastærð og aukaverkanir eins og lögleg lyf eru nú. Glæpavæðing ungmenna vegna neyslu getur dregið úr tækifærum þeirra á lífinu og ýtt þeim út í jaðarhópa ef þau eru handtekin með vímuefni. Höfum í huga að alls konar tilraunir og fikt er hluti þess að vaxa úr grasi. Framleiðsla og dreifing í höndum glæpamanna há-

markar hættunnar sem fylgja lyfjaneyslu þar sem hún hvetur til neyslu vafasamra lyfja í óöruggu umhverfi. Svo hefur sú röksemd heyrst að Barnasáttmáli SP krefjist þess að ekkert umburðarlyndi sé gagnvart hættum vímuefna. Barnasáttmáli SP krefst verndar fyrir börn, ekki refsinga og glæpavæðingu. Fíknistríðið gengur í berhögg við áherslur SP í mannréttindamálum og heilsu og það eru þær áherslur sem ættu að móta þróun vímuefnastefnu. Það viðurkenndi WHO SP 27. júní 2017.


Bann, lögum samkvæmt, sendir þau skilaboð að vímuefnaneysla sé hættuleg og óviðunandi. Það er ekki hlutverk dómsvaldsins að senda út skilaboð um almenna heilsuvernd og þegar það hefur reynt slíkt hefur það ekki virkað. Það mundi fremur vera hlutverk heilbrigðisyfirvalda og sparnað í löggæslu og dómskerfi vegna löglegrar vímuefnasölu ætti að nota til að efla forvarnir og fræðslu. Það hefur virkað vel þar sem það hefur verið gert. Regluvæðing og sú stjórn sem hún veitir yfir pökkun, dreifingu og sölu skapar betri tækifæri til að benda á áhættu vímuefnaneyslu. Sá samdráttur sem orðið hefur í tóbaksneyslu víða um lönd sýnir að hótun um glæpavæðingu þarf ekki til að fólk verði meðvitað um hættur neyslu. Strangari hömlur og aukin fræðsla er árangurrikari og mannúðlegri leið til að hvetja fólk til að taka ákværdanir um eigin heilsu.

Bann verndar þá viðkvæmustu og jaðarsettustu í samfélaginu. Regluvæðing setur þá einfaldlega í meiri áhættu. Þetta er svo arfavitlaus mótbára að manni næstum fallast hendur. Af hverju heldur fólk að vímuefnamisnotendur séu svo jaðarsettir sem raun ber vitni? Missi húnæði, vinnu og séu upp á náð og miskun dópsalanna? Það er vegna þess að bann eykur á jaðarsetningu viðkvæmustu hópanna. Það er stefna sem mismunar og refsar fólki sem notar vímuefni, er fátækt, konur og ungmenni en einkum

Andlát

Æviskeið

Getnaður



Wikimedia Commons | ÞUB

Þetta er pýramídiinn sem gerður er eftir ACE rannsókninni sem gerð var af *Vincent Felitti* frá *Kaiser Permanente* og *Robert Anda* frá *Centers for Disease Control and Prevention*. Þessi stóra rannsókn var gerð á árunum 1995-1997. Þátttakendur voru 17,337 manns, af báðum kynjum og frá mörgum mismunandi menningarheimum. Áttu þó sameiginlegt að vera við góða heilsu enda félagar í Kaiser Permanente sem er stórt heilsutengt fyrirtæki. Tíu þættir sem allir tengjast uppvexti og bernsku voru skoðaðir. Atriði eins og ofbeldi sem 28% höfðu upplifað og kynferðisleg misnotkun sem 21% hafði orðið fyrir. Í ljós kom að heilsufar þátttakenda sem höfðu upplifað áföll í æsku var verra en annarra og fjölmargir sjúkdómar voru algengari hjá þeim, þar með taldir fíknsjúkdómar. Það er víða hægt að finna skýrsluna á netinu og ég hvet áhugamenn til að skoða hana. Fyrir hina er ágætis samantekt um Ace rannsóknina að finna hér: https://en.wikipedia.org/wiki/Adverse_Childhood_Experiences_Study

menningarlegum minnihlutahópum. Þótt alls konar fólk noti vímuefni næstum jafnt, eru „hinir“ miklu líklegri að vera handteknir, dæmdir og að fá refsivist vegna vímuefnabrota. Fremur en að draga úr glæpum leiðir bann frekar til fjölgunar þeirra. Bannið hefur leitt af sér alls konar efnafræðifíkt. Þar sem plöntum hefur verið breytt í neysluvöru sem í sumum tilfellum er dýrari en jafnþyngd í gulli. Það skapar gífurleg gróðataækifæri fyrir glæpagengi að ná undir sig markaði og stjórna honum. Þetta uppsprengda verð leiðir til glæpa þar sem fólk sem ánetjað er efnunum neyðist til innbrota og þjófnaða til að viðhalda neyslu. Loks má nefna að refsistefnan gerir fjölda fólks að afbrotamönnum þótt það sé að öðru leyti löghlýðnir borgarar. Einkum þá sem eru á jaðrinum og viðkvæmastir fyrir.

Að taka vímuefnamarkaðinn úr höndum glæpamanna leiðir ekki til þess að þeir hverfi. Þeir einfaldlega snúa sér að öðrum glæpum segja bannsinnar. Þótt fátækt fólk sé ekkert líklegri til vímuefnanotkunar en aðrir þjóðfélags- hópar, ef það hefur gott félagslegt bakland, er það miklu líklegri til að skaðast vegna neyslu. Þar sem önnur afbrot eru í boði eru þau í höndum bófa sem nota gróðann af ólöglegri vímuefnasölu til að fjármagna þau. Lögleiðing mundi svipta gengin stærsta gróðataækifæri á heimsvísu bæði nú og í framtíðinni. Auk þess sem þessi röksemd gefur í skyn að við ættum að halda bannstefnunni áfram svo bófarnir haldi áfram að vera uppteknir við vímuefnatengda glæpi. Með sömu rökum ættum við ekki að reyna að hindra neina glæpi ef ske kynni að bófarnir færu að stunda einhver önnur afbrot. Jafnvel þótt einhverjir færu út í aðra glæpi má gera ráð fyrir að almennt fækki afbrotum. Það mun einnig enda árangurslausar ráðstafanir við að framfylgja lögum sem einfaldlega ýta framleiðslu vímuefna og dreifingu – og öllu í tengslum við glæpastarf-

semi og ofbeldi – inn á ný svið, frekar en að eyða þeim. Hin svokölluðu „blöðruáhrif“. Og regluvæðing þýðir ekki það sama og linkind gagnvart glæpum. Endalok bannsins mun losa fjármagn til að takast á við aðra glæpi og þessi áskorun verður auðveldari vegna þess að ólöglegur hagnaður af vímuefnum minnkar og um leið vald afbrotamanna. Regluvæðing er hörð gagnvart afbrotum. Þeir sem harðast berjast á móti regluvæðingu eru glæpamenn sem raka saman ofsagróða sem bannið leiðir af sér. Verulegur hluti auðgunarglæpa eru framdir af fólki sem er háð vímuefnum og stelur til að viðhalda neyslu sinni. Þegar Sviss lögleiddi skipulegt framboð af heróíni til fólks sem háð var lyfinu, minnkaði tíðni innbrota um helming.

Stundum heyrir sú röksemd að auðvitað værum við að draga úr glæpum með regluvæðingu fíkniefna. En í því tilviki, hvers vegna ekki að lögleiða morð? Það eru einfaldlega engin siðferðileg eða lagaleg jafngildi milli fíkniefnaneyslu fullorðinna og morða. Það fyrra er athöfn sem felur í sér persónulega ákvörðun um hvað fólk gerir við eigin líkama. Síðarnefnda, samkvæmt skilgreiningu, er ósamþykktur verknaður, framinn gegn einstaklingum, með það í hyggju að skaða þá. Bannstefnan hefur leitt til lýðheilsuhörmunga er stundum haldið fram. Við það að skilja áhættusöm lyf eftir í höndum skipulagðra glæpa- hópa og gera neytendur að glæpamönnum, sem ýtir þeim út á jaðar samfélagsins, eykur bannið þann skaða sem getur fylgt neyslu. Regluvæðing ver heilsu. Stjórnvöld geta stýrt framboði og tryggt rétta skammtastærð og hreinleika vímuefnanna. Neytendur verða meðvitaðir um hvers þeir eru að neyta og fá gegnsæjar upplýsingar um áhættu sem fylgir notkun og hvernig á að draga úr henni. Þegar þetta er sagt vilja bannsinnar meina að vímuefni séu hættuleg, þessvegna séu þau ólögleg. Því er til að svara að við eigum að stýra neyslu einmitt vegna þess að

þau geta verið hættuleg. Ekki vegna þess að þau séu örugg. Það þarf ekki að stýra því sem öruggt er. Þar sem það er augljóst að öll vímuefnaneysla, bæði lögleg sem ólögleg, getur verið áhættusöm er þessi áhætta ennþá meiri þegar vímuefni eru framleidd og dreift af bófum án nokkurs gæðaeftirlits. Bann hámarkar lýðheilsuáhættu sem tengist allri vímuefnaneyslu. Það ýtir markaðnum í átt að áhættusamari og sterkari (og þar af leiðandi gróðavænlegri) vöru og leiðir til notkunar á menguðum lyfjum af óþekktum styrkleika, hvetur til hámarksáhættu í neysluhegðun, ýtir undir neyslu í varasömu umhverfi og neyðir hugsanlega neytendur til samskipta við ofbeldisfulla undirheima. Bann býr til hættu á ákæru fyrir vörslu vímuefna, sem þýðir að neytendur eru tregari til að leita læknaaðstoðar sem þeir kunna að þurfa. Læknar eru oft í vanda og ófærir um að veita rétta meðhöndlun á bráðadeild vegna þess að neytendur vita oft ekki hvað þeir voru að taka inn. Sívaxandi útgjöld í gagnslausar aðferðir fíkniefnalöggæslu sem engu skila hefur minnkað fjárveitingar í sannanlega árangursríkar aðgerðir eins og forvarnir, skaðaminnkun og meðferð.

Akstur undir áhrifum mundi aukast og launþegar færu að vinna vímaðir. Þetta er skiljanleg röksemd en þetta er ekki sú reynsla sem við höfum með tilkomu bjórsins. Það var sagt, áður en hann var leyfður, að allir færu að vinna og keyra fullir. Er það reynslan? Mér finnst nú ástandið heldur hafa skánað í neyslunum áfengis með tilkomu bjórsins þrátt fyrir hrakspár. Það var enginn bjór þegar ég var að vaxa úr grasi og stíga mín fyrstu spor á vinnu-markaði. Á fyrsta vinnustað mínum var alltaf flaska af sterku áfengi á ferli einhversstaðar á vinnustaðnum, alla daga vinnuvikunnar. Akstur undir áhrifum áfengis og annarra efna er með réttu ólöglegur og það mundi ekkert breytast við breytta lagalega stöðu vímuefnanna. Í fjölda

landa hefur akstur undir áhrifum áfengis minnkað mikið og það má þakka fræðslu og skilvirkari löggæslu. Ekki vegna þess að áfengi sé bannað. Launþegar væru eftir sem áður bundnir ráðningarsamningum sem banna þeim að vinna undir áhrifum vímuefna. Kannski ættili hæfniskerðing að vera lyklatríði, ekki lagaleg staða efnisins. Að meðhöndla vímuefni eins og öryggisógn og banna þau hefur óvart auðveldað misjöfnum aðilum og spilltum embættismönnum að raka til sín fé og völdum til að hafa áhrif á löggjöf og stofnanir ríkisins.

Ein er sú röksemd sem stundum heyrst að vímuefni og skipulögð glæpastarfsemi sé ógn við öryggi svæða svo nauðsynlegt sé að berjast gegn þeim. Vímuefni sem slík eru ekki öryggisógn – ekki frekar en áfengi, tóbak og læknislyf. Ógnin verður til vegna bannsins sem afhendir stjórn markaðarins til glæpasamtaka sem sums staðar eru svo öflug að þau grafa undan stöðugleika svæða eða jafnvel heilla landa. Endir banns með regluvæðingu kemur stjórn markaðarins í hendur stjórnvalda sem drægi verulega úr þessari áhættu. Notkun hers eða harðar lög-reglúaðgerðir til að berjast gegn glæpum minnkar öryggi þar sem almenningur lendir á milli í baráttu yfirvalda við bófa eða í gengjastriðum. Aðgerðir löggæslu einfaldlega ýta framleiðslu og dreifingu á nýjar slóðir ofbeldis og glæpa, fremur en að uppræta hana (hin svokölluðu „blöðruáhrif“). Banni er ætlað að hindra þróun í eiturlyfjaframleiðslu og dreifingu en í raun fjármagnar það og styrkir skipulagða hópa og glæpastarfsemi sem spilla stjórnálamönnum, rýra stofnanir, hindra fjárfestingu og valda því að verðmætum auðlindum er sóað á gagnslausa löggæslu. Regluvæðing mundi snúa þessari þróun við.

Vímuefni og glæpastarfsemi er ógn við þróun heilla landsvæða svo okkur er skylt að berjast á móti þeim er ein af röksemdunum gegn regluvæðingu. Bann er það

eldsneyti sem fæðir af sér spillingu og ofbeldi sem standa í vegi þróunar. Umfang og styrkur sumra glæpagengja er slíkur að sums staðar eru svæði þar sem ástandið er eins og á vígvelli. Því lengur sem átökin vara, því erfiðari verður uppbyggingin eftir að þeim lýkur. Þátttaka í ólöglegum vímuefnaviðskiptum jaðarsetur enn frekar viðkvæma íbúa og felur eðli starfseminnar og gerir þá oft ósýnilega fyrir stefnumótendum og í opinberri umræðu. Tengslin við glæpahagkerfið skapar einnig hindranir til innleiðingar árangursríkra aðgerða og þróunar.

Víða um lönd eru innviðir of veikir til að stýra vímuefnamarkaðinum er ein röksemdin sem heyrir oft. Vissulega eru ýmsar stofnanir erlendis undir hælnum á framleiðendum sem ná sínu fram með mútum og ofbeldishótunum sem er ein afleiðing bannsins. Að draga úr vímuefnatengdri spillingu og ofbeldi mun styðja við umhverfi og innviði sem heilbrigðara er. Allar aðgerðir til stýringar vímuefnaneyslu eru betri en engar sem er það sem gerist þegar markaðurinn er afhentur skipulögðum glæpasamtökum. Það þarf ekki að stjórna öllu alls staðar. Sem dæmi má nefna að líklega verður ópíumvalmúi lítið ræktaður ólöglega í Afganistan þegar eftirspurn á heimsvísu verður mætt löglega. Sama ætti að gilda um kannabis frá Marokkó og Líbanon.

Auk þess að kosta meira en 100 milljarða dollara á ári, á heimsvísu, hefur fíknistríðið í för með sér skelfilegan aukakostnað, bæði félagslegan og menningarlegan. Breyting á lagaumhverfi mundi losa fjármuni sem bundnir eru og hægt væri að nota í annað eins og heilbrigðismál og menntun. Þegar maður bendir á þetta vilja bannistar halda fram að regluvæðing verði of dýr, bæði vegna aukins kostnaðar heilbrigðiskerfisins sökum meiri neyslu og kostnaðar við að framfylgja nýjum reglum. Þetta er einföld hagfræði og útreikningur og þótt einhver

kostnaður hljótist vegna breyttra reglna er það aðeins brot af þeim kostnaði sem fellur til vegna banns. Lögstýring þýðir ekki bara að stórar upphæðir sparast vegna kostnaðar við að heyja vonlaust og gagnslaust stríð heldur líka að fé næst til baka með skattlagningu. Með banni er gífurlegum fjármunum sóað í gagnslaugar aðgerðir löggæslu í stað forvarna og heilbrigðismála. Allt það fé sem lögstýring aflar er hægt að nota í forvarnir, meðferð og skaðaminnkun. Jafnvel þótt neysla ykist, munu heilbrigðisútgjöld og fjármagnskostnaður minnka, sem er þjóðhagslegur gróði alls samfélagsins. Það hefur sýnt sig bæði í Portúgal og Sviss.

Með forgangsröðun markmiða í þágu löggæslu hafa mannréttindi setið á hakanum í fíknistríðinu. Það leiðir af sér misnotkun lögreglu í meðferð á neytendum og á framkvæmd sjálfra laganna. Lögregluáðgerðir vegna bannlaganna leiða sjaldnast af sér nákvæma skoðun á mannréttindabrotum og þeir sem brjóta á neytendum þurfa sjaldnast að sæta ábyrgð. Vímuefnalöggjöf ætti að vernda og tryggja mannréttindi, ekki grafa undan þeim. Mannréttindi neytenda ættu ekki að hafa forgang fram yfir réttindi samfélagsins er stundum haldið fram. Hvernig stenst þessi röksemd bannsinna þegar fíknistríðið er í raun og veru stríð gegn einstaklingum, jafnvel þjóðfélagshópum? Oftast þeim sem eiga undir högg að sækja. Ekki bara gegn ungu fólki sem notar vímuefni heldur öllum sem löggæsluyfirvöld halda að gætu verið neytendur miðað við fyrirfram gefnar forsendur og sleggjudóma. Eða hvernig lítur dæmigerður vímuefnaneytandi út? Jafnvel þótt það sé enginn lagalegur réttur til vímuefnaneyslu, er það að gera fullorðna neytendur að glæpamönnum vegna neyslu brot á alþjóðlega viðurkenndum réttindum eins og réttinum til einkalífs, heilsu, menningar og trúfrelsis. Bannlög sem glæpavæða einkaneyslu vímuefna ganga í berhögg við

Myndin er tekin í öruggu
neyslurými í tehúsi.



sambærilega áhættu hegðun eins og hættulegar íþróttir, óvarið kynlíf og neyslu löglegra vímuefna eins og áfengis og tóbaks. Slík hegðun þarf ekki að vera skynsamleg og ætti að letja til hennar en hún á ekki að vera refsiverð.

En það eru tvær hliðar á mannréttindum vegna vímuefna, bann verndar mannréttindi þeirra sem vilja ekki neyta vímuefna. Það er vissulega rétt en þá má benda á bágt ástand og litla áherslu á mannréttindamál víða þar sem vímuefni eru framleidd og þeim dreift sem hefur skapað umhverfi þar sem pyntingar, mannhvörf, nauðganir, aftökur og önnur alvarleg brot eru orðin að venjubundu stjórnþæki á þessum svæðum. Þegar upplausn eykst verður erfiðara fyrir almenning að halda lögbundnum réttindum sínum. Félagsleg og pólitísk réttindi, efnahagsleg, menningarleg, frumburðarréttur og umhverfisréttur hafa öll verið skert. Það er nú svo að ýmsar ályktanir SP kveða á um að ströng viðurlög við vímuefnum séu nauðsynleg til verndar jarðarbúum. Megnið af alþjóðalögum um vímuefni eru löngu úrelt. Sem dæmi má taka að aðalályktun SP um vímuefni var gerð fyrir meira en hálfri öld. Við þurfum ný alþjóðalög sem hæfa og hægt er að virða til að stemma stigu við vímuefnum og taka mið af heilsu og mannréttindum. Ekki lög sem vinna á móti réttindum og heilsu. SP hafa einnig ályktað nýlega um endalok fíknistríðsins. Því þótt sumum finnist vímuefnaneysla siðlaus ætti hún ekki að vera glæpur. Önnur mannanna hegðun eins og fjárhættuspil, framhjáhald og jafnvel samkynhneigð er af sumum talið vera siðlaust en víðast hvar er það ekki lögbrot í nútíma þjóðfélögum. Það getur vel verið að það sé rangt að nota vímuefni og að ekki ætti að ýta undir neyslu með regluefningu. En stuðningur við regluefningu er ekki það sama og að hvetja til neyslu eða þýðir að það sé á einhvern hátt stuðningur við neyslu. Þróuð og frjálslýnd þjóðfélög ættu

ekki að þröngva sínu siðferði á fullorðna einstaklinga sem skaða enga aðra með athæfi sínu. Að móta vímuefnastefnu sem er heilbrigð, réttlát og mannúðleg er siðlegasta svarið við neyslu og það þýðir regluefning. Vímuefnanotkun hefur fylgt mannkyni frá örófi alda og er ekki siðlaus. Það sem meira er, því er haldið fram að fólk ætti ekki að kaupa vímuefni sem vitað er að koma frá umhverfi ofbeldis og eyðileggingar. Á móti má segja að fólk ætti ekki að kaupa neinar vörur sem framleiddar eru með aðferðum sem valda miklum skaða. En þar sem fólk mun halda áfram að kaupa vímuefni er eini möguleikinn til skaðaminnkunar að enda bannið og fá stjórnvöld til að stjórna markaðinum með lögum. Eins og við sjáum í tilfelli áfengis og tóbaks vilja langflestir kaupa vímuefni á löglegan hátt ef þeir hafa val, ekki í ofbeldisfullu glæpahagkerfi. Svo ef eitthvað er að marka áhyggjur af velferð kaupenda á ólöglegum markaði ættum við að gefa fólk sem notar vímuefni siðferðilegt val. Meginhlutverk ábyrgra stjórnvalda er að huga að og vernda velferð þegnanna. Með því að halda áfram bannstefnunni eru stjórnvöld að gera hið gagnstæða, setja heilsu og velferð þegnanna í hættu. Lögleiðing er ábyrgðarfull afstaða til verndar þegnum frá hvoru tveggja, vímuefnaneyslu og dópsölum.

Aðeins lítill hluti fólks styður lögleiðingu er fullyrt æ ofan í æ jafnvel þótt gögn sýni að í fjölda landa eykst stuðningur við umbætur hröðum skrefum, þar á meðal í BNA þar sem fleiri en 50% þegna eru nú hlyntir lögleiðingu kannabisefna og þeim ríkjum BNA fer fjölgandi sem hinn almenni kjósandi hefur komið á lögleiðingu á kannabis með lýðræðislegum aðferðum. Það er vegna pólitískar forystu. Til dæmis hafa stjórnmalaleiðtogar í Úrúgvæ leitt umræðurnar og komið á ströngu neyslukerfi kannabiss þrátt fyrir andstöðu almennings í byrjun. Bæði

Kaffihús eru þökkalega öruggt neyslurými



LA RATION
PLAT: 12€
DESSERT: 2€
PLAT/DESSERT
DU LUNDI AU VENDREDI
LE MIDI/JUINQUEN
-PLAT-
Haricot coco, sa
parfait
-DESSERT-
Crispe

núverandi og fyrrverandi leiðtogar hafa hvatt til umbóta án þess að vera teknir fyrir af fjölmiðlum þar sem það verður æ ljósara að þeir eru réttu megin sögulega séð.

Því er haldið að okkur að ýmsar heimsstofnanir og samþykktir SP séu ókleif fyrirstaða umbóta. Líklega eru það þeir sem hafa aldrei heyrt á það minnst að bæði Úrúgvæ og nokkur ríki BNA hafa nú þegar regluvætt kannabismarkaðinn þótt bæði ríkin hafi skrifað undir fíkniefnasamþykktir SP. Nú er opinber ágreiningur á efstu stigum stjórnkerfisins um vímuefnabannið og umræður og raunverulegar umbætur í gangi út um allan heim. Það er bara spurning hvernig vímuefnastefnan á að vera nú þegar styrkur BNA til að ákveða alheimsstefnu í vímuefnamálum hefur minnkað við lögleiðingu í Colorado og Washington og áhrif BNA á heimsvísu hafa minnkað. Þótt þjóðir í SP hafi undirritað skuldbindandi samninga hafa þessi ríki líka þær skuldbindingar að hverfa frá stefnu sem augljóslega mistókst og veldur þegnum þeirra skaða. Í rúm 50 ár hefur hnattræn barátta gegn vímuefnum verið hörmuleg. Harðari barátta gerir ekkert nema gera ástandið verra. Það eru þó nokkur lykilatríði sem hægt er að framkvæma til að minnka skaða fíknistríðsins. Meðal þeirra er að breyta stefnunni í átt að heilsufarslegum markmiðum, afglæpa vörslu vímuefna og berjast við ofbeldisfyllstu bófana. En þar sem það er bannið sem skapar neðanjarðarhagkerfið og allan þann skaða sem því fylgir er eina langtíma lausnin að skipta fíknistríðinu út fyrir ábyrgar reglur sem vernda börn, bæta heilsu, fækka glæpum og spara fé.

Fíknistríðið er hægt að vinna ef við herðum baráttuna, eyðum meira og setjum strangari viðurlög. Þessa speki lét *Mike Pence* varaforseti BNA út úr sér á þessu ári. Nú þegar er fjöldi fólks í fangelsum víða um heim vegna harðra viðurlaga sem eru úr öllu samhengi við alvarleika

brotsins sem er ofbeldislaust og beinist eingöngu að brotþola. Að halda því áfram og gera meira af því sama skilar ekki öðrum árangri. Þar sem eftirspurn er mikil eftir vímuefnum er bann það sem skilar bófum auknum tækifærum til gróða. Öll truflun á framboði skilar sér einfaldlega í hærra verði sem hvetur fleiri bófa til að taka þátt í markaðnum. Svo það er alveg sama hversu mikið er brennt af efnum eða hve margir smyglarar eru teknir. Það koma bara aðrir í staðinn. Auk þess sem glæpavæðing og fjöldahandtökur gefa falska öryggistilfinningu. Það gefur valdamiklum lýðskrumurum færi á að láta sjá sig við „að gera eitthvað“. En frekar en að takast á við vandamálið sölunda þeir úrræðum og auka jaðarsetningu viðkvæmra hópa. Meðferð, forvarnir og fræðsla er óaðskiljanlegur hluti árangursríkrar vímuefnastefnu. En ef viðurkenndri meðferð er fylgt eftir með refsingu þeirra einstaklinga sem verið er að hjálpa er ver farið en heima setið. Þegar borinn er saman árangur af meðferð og refsingu sýna gögn að refsingar skila ekki árangri þar sem meðferð er miklu vænlegri. Á mörgum svæðum þar sem framleiðsla vímuefna er mikil er ástandið líkast vígvelli og í mörgum löndum þar sem neysla er mikil fer mestur hluti þess fjár sem ætlað er í málaflokkinn í löggæslu og fangavist. Það er hægt að samþykkja að ekki eigi að refsja þeim sem leiðast út í neyslu. Það er ástæða þess að nokkur lönd hafa gert vörslu og eigin neyslu refsilausa. En okkur ber skylda til að elta sölumennina. Refsileyi vörslu og eigin neyslu er jákvætt fyrsta skref í áttina að umbótum á núverandi bannstefnu. En refsileyi er ekki nóg og tekur ekki á mesta skaða vímuefnabannsins, eins og hárrí glæpatíðni, spillingu og ofbeldi, ólöglegum mörkuðum og heilsuáhættu vímuefnaneyslu sem óbeisluð og eftirlitslaus framleiðsla óhjákvæmilega er. Það tekur heldur ekki peningana úr höndum bófanna.




Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarátak Rauðakrossins fyrir vímuefnaneytendur, einkum þeirra sem nota vímuefni í æð með lyfjasprautu, er gerð út frá þessum bíl. Hann er að mestu leyti mannaður með sjálfboðaliðum undir stjórn Svölu Jóhannesdóttur átaksverkefnisstjóra sem sennilega hefur kynnt sér skaðaminnkun meira en nokkur annar Íslendingur. Það er ástæða fyrir því að bíllinn er næstum ómerktur. Það kom í ljós að það gat farið illa í skjólstæðingana og auk þess hringdu sumar þröngsýnar sálir á lögregluna þegar þær sáu merktum bílnum lagt í götunni þar sem þær höfðu búsetu. Hann er nokkuð þröngur sjóndeildarhringurinn hjá sumum.

hvenær er komið nóg?

Mér bauðst að njóta þeirra forréttinda að fá að fylgjast með starfi Frú Ragnheiðar, skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins í Reykjavík, kvöld eitt í september 2018. Að sjálf-sögðu er ég bundinn trúnaði um einstaklingana sem ég ræddi við en mér er frjálst að segja frá því sem okkur *Svölu Jóhannesdóttur* verkefnastýru fór á milli og lýsa þeirri stórmerkilegu upplifun sem ég varð fyrir. Ég er eiginlega í vandræðum með hvaða orð ég á að nota um þessa reynslu. Það var dapurlegt að horfa á einstaklinga sem nota vímuefni í æð og sjá hversu erfitt þeirra líf var. Ég er ekki fagmaður en ég fékk afar sterkt á tilfinninguna að margir skjólstæðingar Frú Ragnheiðar væru með einhver undirliggjandi vandamál eða raskanir, annað en vímuefnaröskun. Enda sýna rannsóknir það að flestir sem lenda í slíkri stöðu eru að burðast með marga drauga fortíðar og allskonar áföll. Sumir þessara drauga eru ansi illvígir og þá eru einstaklingar líklegri til að fara að nota vímuefni til að lifa af erfiðar lífsreynslur og þróa síðan með sér erfiðan vímuefnavanda. Í þeim tilfellum getur hjálp fagaðila skipt sköpum um bata. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru flest allir í afar viðkvæmri stöðu. Eina ljósið í myrkrinu er Frú Ragnheiður. Þar er komið fram við þennan hóp af mikilli virðingu og gert í því að láta skjólstæðingana finna að þeir væru velkomnir, ég myndi nota orðin *væntumþykju* og

virðingu um það hvernig komið er fram við þá. Hjá Frú Ragnheiði er boðið upp á heilbrigðisþjónustu, sýkla-lyfjameðferð, búíð um og hreinsuð sár, þar er næring í boði í formi næringar drykkja, ávaxta og fleira. Skjólstæðingar fá hreinarn sprautubúnað, nálar, sprautur, litla áldiska til að blanda efnin og filtera til að sía efnin. Hlý föt, svefnpoka og kannski það sem mest er um vert, það er hlustað á þá og komið fram við þau eins og manneskjur, einstaklinga. Þau fá skaðaminnkandi leiðbeiningar og aðstoð við að takast á við félagsþjónustuna og hvert þau geta leitað eftir annarskonar aðstoð. „Við trúum því að hvert lítið skref sem eykur heilsu, lifsgæði og betri líðan fólks eigi alltaf að vera markmiðið. Það er margt hægt að gera til að fólki líði betur með sjálfan sig og sínar aðstæður þótt það sé að glíma við erfiðan fíknivanda. Jafnframt hafa margir skjólstæðingar Frú Ragnheiðar náð að hætta að nota vímuefni og sumir eru komnir í viðhaldsmeðferð. Þessum einstaklingum líður að öllu jöfnu vel í dag,“ sagði Svala og bætti við: „Að auki hafa þónokkrir skjólstæðingar náð ákveðnu jafnvægi í lífi sínu, farið að líða betur andlega og líkamlega og náð betri stjórn á vímuefnanotkun sinni. Þetta getur gerst þegar skjólstæðingar fá t.d. húsnæði, þeir fá jafnframt viðeigandi geðheilbrigðisþjónstu eða ná þessum markmiðum sem þeir setja sér, í samstarfi við okkur og aðra fagaðila.“



Sandra hjúkrunarfræðingur og sjálfboðaliði og Svala aðgerðarstýra ganga frá matvælum til að deila út til þeirra sem koma. Allir sem komu fóru út með stóran ómerktan plastpoka, hlaðnir gjöfum þessara verndarengla fólks í neyð vegna vímuefnaneyslu.

Ég á satt að segja ekki til orð yfir hve aðdáunarvert starf Frú Ragnheiðar er. Það er alltaf hjúkrunarfræðingur í áhöfninni og alltaf hægt að ná í lækni á bakvakt ef þess gerist þörf. Og Frú Ragnheiður endasendist um alla höfuðborgina, út á Granda, upp í efra Breiðholt, miðbæinn og síminn hjá frúnni þagnar sjaldan því fólk í neyð veit að þar fær það hlýjar móttökur. Það sem kannski er ekki minnst um vert er að það er talað við skjólstæðingana og þeir fá þann tíma sem þeir þurfa til að léttu á sér.

Við lögðum af stað úr Efstaleitinu, höfuðstöðvum Rauða krossins, um kl. 18 og ég bjóst við að verða kominn heim um níu leytið en það var öðru nær. Klukkan var að verða hálf eitt eftir miðnætti þegar ég kom heim. Ég ræddi við Svölu Jóhannesdóttur, verkefnastýru Frú Ragnheiðar, og hjúkrunarfræðinginn eftir vaktina sem var miklu lengri en ég átti von á. Það kom fram í spjalli við Svölu að Frú Ragnheiður er eina færanlega skaðaminnkunarbýgnustan á höfuðborgarsvæðinu og að Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið sem vinnur að skaðaminnkun. Það er t.d. engin skaðaminnkandiþjónusta á Seltjarnarnesi, Garðabæ, Kópavogi eða Hafnarfirði. Ég velti því upp hvort það gæti verið vegna þess að þessi bæjarfélög hafi ekki áhuga á þessum einstaklingum. Svala tók undir það og benti á að það væri oft ríkjandi hugmynd í kerfinu um að aðstoða fólk fyrst og fremst þegar það vill hætta allri vimefnanotkun en á meðan þau eru að nota þá sé erfiðara að fá viðeigandi þjónustu. Ég er persónulega sannfærður um að þessi bæjarfélög vísa sínum skjólstæðingum á „féló“ í höfuðborginni til að spara. Um það má finna fjölda vitnisburða á fésbókinni. Þetta eru fá atkvæði hvort sem er og fullkomlega óvíst hjá hverjum þau lenda. En í hverju felst starfið sem unnið er hjá Frú Ragnheiði? Gefum Svölu orðið. „Ég er á daginn mikið að aðstoða skjólstæðinga við að

komast í sértækari þjónustu eins og að fá viðeigandi geðþjónustu, komast í vimefnamedferðir, fá áfallaaðstoð, komast í lifrabólgu C meðferðina, komast á fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustunni og gera umsóknir um sértæka búsetu. Einnig veiti ég fólki sálrænan stuðning í síma og hitti á skjólstæðinga ef þeir eru í sjálfsvígshættu. Ef við metum það svo að fólk sé á mjög vondum stað andlega, t.d. með alvarlegar sjálfsvígshugsanir, þá setjum við upp stuðningsnet. Þá reynir bíllinn að hitta á það daglega og ég heyri einnig í þeim í síma. Einnig fer ég með fólk á bráðamóttöku geðsviðs eða slyss ef staðan er þannig og þau eru tilbúin til þess.“

En Svala var ekki alveg búin að léttu á hjartanu um þennan jaðarsetta hóp sem hún hefur greinilega afar sterkar taugar til. „Einstaklingarnir sem leita til okkar búa oft við ofsalega erfiðar aðstæður. Margir þeirra eru heimilislausir, eiga erfiða og mikla áfallasögu að baki og þurfa svo að vera hluti af „undirheimunum“ eða „ólöglega markaðinum“ þar sem margt ljótt gerist. Að auki eru þau síðan dæmd af samfélaginu og jafnvel kerfinu fyrir að hafa þróað með sér fíknivanda. Þau eru stimpluð sem „fíklar“ og í raun afmennskuð í það vimefni/lyf sem þau eru háð. Í öllu þessu búa skjólstæðingar okkar samt yfir svo ótrúlegri seiglu og lífsorku að það er stundum óskiljanlegt hvaðan þessi styrkur þeirra kemur. Eftir allt sem hefur gengið á halda þau áfram með lífsviljann að vopni. Algjörglega aðdáunarvert!“

En hvað væri hin ákjósanlegasta lausn fyrir þennan hóp? Eftir samtalið við Svölu og Söndru hjúkrunarfræðing sem var á vaktinni með henni í bilnum vil ég stinga upp á eftirfarandi tilhögum.

Komið væri á öruggu og vöktuðu neyslurými í Reykjavík þar sem heilbrigðisstarfsfólk og sérþjálfað starfsfólk gæti gripið inn í ef bráðaaðstæður koma upp og bjargað mannlífum. Einnig væri mikilvægt að hafa þerapista á staðnum og gott aðgengi að félagsþjónustu. Neyslurýmið

þarf að vera eins og kostur er á forsendum notenda, því eftir kannski áralanga útskýfun úr samfélaginu á þessi hópur það sameiginlegt að vantroysta yfirvöldum og ég held að það sé útilokað að nálgast hann eða aðstoða öðruvísi. Vímuefnaneytendur ættu að fá talsmann, einhvern sem hefur kynnt sér málið frá öllum hliðum og treystir sér til að nálgast skjólstæðingana af virðingu, umhyggju og án fordóma. Talsmaðurinn myndi þá standa vörð um mannréttindi þeirra sem nota vímuefni og eru með vímuefnvanda. Berjast fyrir aukinni þjónustu á forsendum notanda og auknu félagslegu réttlæti. Munum það, alltaf, að það ætlar sér enginn að lenda á þessum stað í lífinu, það eru ástæður fyrir því. Rétt eins og með þunglyndi og aðra geðsjúkdóma. Það eru alltaf ástæður og hvernig við metum þær segir mikið um okkur. Enginn ætlar sér að verða þunglyndur. Enginn ætlar sér að fá elligliöp eða Alzheimers. En eins og ýmsir hafa sagt á undan mér í gegnum tíðina; „shit happens“ og þá þarf að takast á við afleiðingarnar.

Rekstur Frú Ragnheiðar kostaði á síðasta ári um 19 milljónir og greiddi Rauði krossinn í Reykjavík um 35% með verkefninu. Heilbrigðisráðuneytið greiddi 6,5 mil, Reykjavíkurborg 2,5 mil, Embætti landlæknis 1 mil, lifr- og áhrif C meðferðin 1 mil og síðan styrktu velviljuð fyrirtæki og einstaklingar verkefnið. Ég hef ekki forsendur og/eða reiknikunnáttu til að meta sparnaðinn sem reksturinn leiðir af sér í heilbrigðiskerfinu en það er a.m.k. óhætt að fullyrða að hann er töluvert meiri en þær 19 milljónir sem fara í hann.

Ari Matthíasson tók saman í athyglisverða tölfræði í meistaraaritgerð sinni í heilsuhagfræði við HÍ. Þar kemur fram að 48% allra banaslysa í umferðinni 2004-2008 má rekja til ölvunar og vímuefnaneyslu. Að karlar séu 16 sinnum líklegri til að lenda í fangelsi ef þeir eru með

áfengis- og vímuefnavanda. Tölfræðin yfir konurnar er ennþá meira sláandi en þær eru 52 sinnum líklegri til að fá fangelsisdóm. Af þeim 1354 sem komu í meðferð á Vogu 2008 voru 22.27% á örorkubótum sem er tvisvar og hálfu sinnum meira en almennt er á landinu. Af þeim sem komu á bráðamóttöku voru 51% undir áhrifum áfengis og/eða vímuefna. Ari tínir fleira til, m.a. það að 11.6% karla og 3.3% kvenna hér á landi drekka hættulega mikið og um 1% notar vímuefni í óhófi. Nú er það sjálfsagt matskennt hvað er hóf og óhóf en samtals gerir þetta kringum 8.5% þjóðarinnar eldri en 15 ára. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að árlegur kostnaður skattgreiðenda vegna vímuefnaneyslu, þ.m.t. áfengi, sé á bilinu 46.4-49 mia. Inni í þeirri tölu er ekki kostnaður vegna ótímabærra dauðsfalla, bæði vegna vímuefnatengdra sjúkdóma og slysa. Ef hann er talinn með liggur kostnaður þjóðarinnar á bilinu 53.1 til 85.5 milljarðar.

Þar sem skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru borgarar í landinu get ég engan veginn skilið hvers vegna þeir fá ekki eðlilega heilbrigðisþjónustu. Þetta er veikt fólk, það er illa haldið margt, af fíknisjúkdómnum og sennilega eru flestir með undirliggjandi geðrænanvanda og eiga erfiða áfallasögu að baki. Sem sagt, – veikir einstaklingar. Af hverju vill þjóðfélagið ekki hjálpa þeim? Undir niðri býst ég við að flestir þeirra vilji komast á betri stað í lífinu, vilji ná jafnvægi á notkun sinni eða hætta. Fá að taka þátt í samfélaginu og að líða betur með sjálfan sig og aðra, að tilheyra hóp og að litið sé á þá sem manneskjur. Það er margsannað mál að því meiri og víðfemari sem skaðaminnkun er, því meiri hagnaður fyrir samfélagið í heild. Að ekki sé minnst á einstaklinginn sem allt snýst um, vímuefnaneytandann. Svo mitt álit er að ríkisvaldið eigi að borga og sjá um framkvæmd skaðaminnkunar. Það er til þess að gera lág upphæð á móti því sem sparast. Hvað

skyldi Frú Ragnheiður, Gistiskýlið við Lindargötu, Konu-
kot og fleiri úrræði spara margar sjúkrahús innlagnir á
ári og hvað skyldi það vera há upphæð?

Það virðist vera að stjórnvöld séu alveg ófær um að til-
einka sér rökhusun þegar vímuefni eru annars vegar.
Eða læra af sögunni. Það er alveg sama hversu oft og
rækilega þeim er sýnt fram á að skaðaminnkun borgar
sig margfalt. Þetta hefur komið í ljós í rannsókn eftir
rannsókn og þetta á ekki bara við um skaðaminnkun
vegna vímuefna, þetta á alls staðar við, á öllum sviðum.
Hvað myndi það til dæmis forða mörgum frá örorku
vegna geðrænna vandamála og jafnvel sjúkrahúsvist ef
aðgangur að sálfræðipjónustu væri aukinn? Hver hugsar
um unglinga sem lenda í vanda? Án þess að vita það held
ég að unglingar lendi svolítið milli stafs og hurðar. Mér
hefur virst af fréttum í fjölmiðlum að það sé verið að
skera þjónustu við þá niður við trog hjá aðilum sem þó
sinna þeim, af því ríkið „ætlar“ að sjá um þetta. Já,
finnum endilega á vandamálinu „séríslenska“ lausn.
Látum skrifstofufólkið í ráðuneytunum skipuleggja
dæmið. Einhvern sem aldrei hefur verið nálægt því að
búa á götunni. Einhvern eða einhverja sem hafa aldrei
verið heimilislausir eða svangir. Eftir gerð undirbún-
ingskýrslu, þarfagreiningu og allt hitt ruglið sem notað er
þegar svæfa á mál. Ég trúir því að ráðamönnum sé flestum
slétt sama, annars væri eitthvað gert af viti. Nema
eitthvað annað hangi á spítunni. Hverjir hafa hag af ríkj-
andi ástandi? Augljóslega dópsalarnir, þeir verða ríkari.
Lögreglan kannski, þá getur hún eytt þessum 80 millj-
ónum sem hún á að fá í málaflökkinn í að tína neðstu
ávestina, persónugerða í venjulegum neytendum og líta
vel út í miðlumum. Ríkið? Almennigur? Á þessari nálgun
sem boðuð hefur verið tapa allir. Nema dópsalarnir.

Það er nokkuð sama hvernig maður reiknar dæmið,

skaðaminnkun og regluvæðing borgar sig margfalt. Það
gengur ekki endalaust að stjórnvöld, sem setja reglurnar,
séu endalaust að þjónka ríkasta lagið. Þeir ríku þurfa
bara enga hjálpar, þeir komast nokk af án sérstakrar
hjálpar, þeir eru jú ríkir og geta notað auð sinn til að
mylja undir sjálfa sig. Mér finnst það óþarfi að þeir séu
að gera það á kostnað þeirra sem viðkvæmastir eru í
þjóðfélaginu. Stjórnvöld hafa þá skyldu að hjálpa þeim
er minnst mega sín. Þau voru meðal annars kosin til þess.
Það hvernig stjórnvöld koma fram við þá veikustu sýnir
best hvernig þau eru. Þar fá þau ekkert minna en fallein-
kunn. Iðulega kemur það fyrir, þegar ég fylgist með
aðgerðum stjórnvalda í vímuefnamálum, að ég velti því
fyrir mér hvort þau séu illa innrætt, illa gefin eða beinlínis
vondar manneskjur. Þau gerðu vel að taka Frú Ragnheiði
sér til fyrirmyndar og eftirbreytni. Rétt hugsanlega gæti
það breytt viðhorfi almennings til þeirra.

Gerum okkur grein fyrir því að ef Kári Stefánsson hefur
að einhverju eða öllu leyti rétt fyrir sér, að fíkn sé gene-
tísk, þá eru allir fíklar því við erum öll með sömu genin.
Svo það er tilgangslaust að berjast á móti fíkninni, hún
er eðlileg. Hluti af því sem við erum, hún er innbyggð.
Rétt eins og kynhvötin. Eins og segir hér framar í bókinni
um hvernig náttúran potar þróuninni áfram. Verðlaunar
fyrir hegðun sem náttúran sjálf dæmir að hafi tilgang. Ef
ásókn í vellíðan og þægindi hefði ekki verið til staðar hjá
Homo sapiens værum við kannski ennþá að japla á
rótum, laufi og skordýrum á gresjum Afríku.

Við þurfum fyrst og fremst að koma í veg fyrir að fíknin
taki öll völd í lífi einstaklingsins og mín skoðun er sú að
það sé best gert með góðum aðbúnaði og innihaldsríku
lífi sem hefur einhvern tilgang fyrir almennig. Góðri heil-
brigðisþjónustu, bæði líkamlegri og andlegri og það kall-
ast, og kallar á, skaðaminnkun.

Maður étur ekki vini sína.
Sandkaktus *Lophophora williamsii* eða meskalínkaktus



það er löngu komið nóg

Það er líklega rétt að enda þessi skrif um fáránleika fíknistríðsins á að fjalla aðeins um þau vímuefni sem það beinist að stærstum hluta að. Árið 2012 skrifaði ég bók sem öllum er frjálst að lesa en hana má lesa endurgjalds-laust á *issuu.com* og hún heitir *DÓP! Notkun eða misnotkun?* Rétt eins og ég segi í upphafi þeirrar bókar, þá er það trú mín eftir ítarlega skoðun á vímuefnamálum undanfarna hálfu öld, eða aðeins lengur en stríðið sjálft hefur staðið, að til þess að minnka skaðsemi vímuefna á þjóð-félagið verði hreinlega að kenna notkun. Það setur enginn með fullu viti hníf í hendur óvita eða ungmenni undir stýri á bíl án þess að kenna viðkomandi hvernig nota beri hnífinn eða keyra bílinn. Sértsaklega hvað beri að varast. Ég hef skoðað efnið frá öllum sjónarhornum sem mér hefur dottið í hug og þau eru mörg. Ég hef stúderað efnafræði vímuefnanna, félagsleg tengsl, út frá heimskpeki, út frá skaða og notkun, trúarbrögðum, fornleifafræði, mannfræði, sálfræði, hagfræði, sagnfræði o.s.frv. Ef þetta grúsk mitt hefði verið innan hins akademíska ramma hefði ég líklega fyrir nokkru varið doktorsritgerð um eitt-hvert ákveðið svið sem áhuginn hefði beinst að þá stundina. Kannki fleiri en eina. Nú er ég ekki að halda fram að ég viti allt um þessi efni, eða jafnvel eitthvað, en ég hef rekist á ýmislegt sem með árunum hefur komið mér á þá

skoðun að í umfjöllun og meðferð vímuefnamála og vímuefnastefnu, þar með talin lög, rekist sitthvað hvert á annars horn. Það eru ýmsar forsendur sem menn gefa sér í vímuefnamálum sem eru ekki bara rangar, heldur stórlega varasamar. Að ekki sé tekið svo sterkt til orða að þær séu hættulegar. Það er líka dapurlegt að það er alltaf gripið til sömu gömlu ráðanna þótt þau hafi margsinnis sýnt sig að vera gagnslaus eða gera ástandið verra. Alltaf er kallað eftir þeim samt. Nú nýlega kom upp umræða um orkudrykki og ungmenni og viðmælandi í frétt RÚV stakk upp á að banna þá fyrir ungmenni. Sem sagt afhenda þá undirheimum ásamt því að gera þá spennandi fyrir óþroskaða unglunga. Ég er nú það gamall að muna eftir afar vel heppnaðri skaðaminnkunarherferð sem beindist að ungmennum. Hér á ég við herferðina „*Komdu í reyklausa liðið*“. Þá voru fengnar fyrirmyndir sem lögðu áherslu á reykleysið. Svipað þegar farið var í smokkaherferðina þegar HIV/AIDS fárið geisaði, þekkt fólk var fengið til að auglýsa smokka. Eitthvað hliðstætt væri hægt að gera varðandi orkudrykkina. Það hefur sýnt sig að bönn virka ekki einu sinni í fangelsum, hvað þá fyrir utan stórmarkaði sem selja orkudrykki. Fræðsla, rétt fræðsla er betri. Hún verður að byggjast á sönnum, gagnreyndum upplýsingum.

Pá er meðferðar„iðnaðurinn“ hreint ekki gallalaus. Maðurinn sem var meginmótandi meðferðarstefnu á Íslandi síðastliðna áratugi, Þórarinn Tyrfingsson stofnandi SÁÁ sagði í útvarpsviðtali á *Bylgjunni* 12. september í þættinum Í bítið, „*Einu og aðalforvarnirnar eru að hækka verðið og að hamla aðgangi að vímuefnum. Það eru einu forvarnirnar sem duga.*“ Hafa ber í huga að á þessum árstíma er verið að ræða fjárlög á Alþingi og SÁÁ er á fjárlögum og rekið fyrir fé úr vasa skattgreiðenda að verulegu leyti og Þórarinn fer hamförum í fjölmiðlum þessvegna. En samt, Þórarinn ætti að vera þess fullviss að þegar fíkillinn er að leita að næsta skammti þá eru peningar bara pappír-bleðlar sem koma og fara. En ólíkt alkóhólistanum þarf „fíkillinn“ að hafa áhyggjur af lögreglunni og sölumanni vímuefnanna. Auk þess sem sagan segir okkur að það eina sem hækkun verðs kemur til leiðar er að gera sölu-mennina ríkari. Stefnumótendur geta ekki leyft sér það ábyrgðarleysi að halda fram rangindum þvert á vísindi. Ég legg ekki meira á ykkur. Í ofanálag hef ég ekki litið meðferðarstarfið sömu augum eftir að ég las greinina í *New York Times* um að meðferðariðnaðurinn væri 35 milljarða dollara svikamilla (*scam*) í Ameríku sem vitnað er til hér frammar í bókinni.

* * *

Eitt atriði enn sem ástæða er til að minnast á, og ítreka, er að þar sem fyrirbærið fíkn er svo gífurlega flókið þá er engin ein patentlausn á því. Ítreka enn og aftur að í fíkn eru gífurlega margir þættir sem koma saman og enginn einn sem skýrir allt. Það er einfaldlega svo í lífinu og náttúrunni að það eru jafnan margir þættir sem spila saman. Þar af leiðir finnst mér það gífurlegt ábyrgðarleysi af Kára Stefánssyni að halda því fram að á fíkn sé ein skýring og hún sé genetísk. Ég legg það að jöfnu við það þegar vinnufélagi minn sagði þegar umræða var um drykkju

hans á kaffistofunni í Sindraportinu forðum að það væri framliðinn maður sem drykki í gegnum sig. Að halda fram svo einfaldri lausn á jafn flóknu máli er ábyrgðarleysi af Kára. Það verða örugglega margir fíklar sem grípa þessa skýringu fegins hendi, – með báðum. Sem þýðir að þeir telja sig ófæra um að gera eitthvað í sínum málum. Þeir séu víraðir svona í genunum og því sé ástæðulaust að reyna að hætta. Það sé fyrirfram töpuð baráttu. En þetta lét Kári út úr sér í fréttum á miðli allra landsmanna 16. sept. 2018. Þegar vísindamenn út um allan heim sem hafa verið að skoða fíkn áratugum saman eru afar margir, ef ekki flestir, farnir að hallast að því að stjórnlaus fíkn stafi að megninu til af sálfræðilegum og félagslegum orsökum. Sem eftirminnilega var sýnt fram á í ACE (*Adverse Childhood Experiences*) rannsókninni fráegu.

* * *

En aðeins í sambandi við mest notuðu vímuefnin. *Darri Eyþórsson* efnafræðingur skrifaði um níu algengustu vímuefnin sem notuð eru, út frá heimsspeki *Dance Save* í Bandaríkjunum fyrir Snarrótina, samtök um borgaraleg réttindi. Þessi skrif Darra er mjög í anda þess sem ég skrifaði um í áður nefndri bók, *Dóp! Notkun eða misnotkun?* og að fengnu leyfi formanns Snarrótarinnar, *Péturs Þorsteinssonar*, og Darra ætla ég að birta PDF síðurnar af bæklingunum. Þeir voru hugsaðir til dreifingar á heilsugæslustöðvar, læknastrum, í skólum og víðar. Þar sem Darri er vísindamaður eru bæklingarnir skrifaðir af vísindalegri þekkingu og nákvæmni. Ég er persónulega sannfærður um að þessir bæklingar eiga eftir að gagnast mörgum og það er slæmt að Snarrótin skuli ekki vera betur fjáð svo hægt sé að prenta af bæklingunum stórt upplag og dreifa þeim endurgjaldslaust. En hér á eftir koma bæklingarnir í stafrófsröð eftir efnum.



Hvað er
áfengi?



Hvað er áfengi?

Fljótandi áfengi (öðrum nöfnum „etýl alkahól“ eða „etanól“) er vímuefni sem hefur slævandi áhrif á miðtaugakerfið.

Áfengi er náttúruleg afurð af gerjun sykra. Það er oftast framleitt úr korni, svo sem byggi og hrísgrjónum eða ávöxtum, en einnig er hægt að búa það til úr öðrum sykrudum plöntum.

Áfengi hefur verið notað í þúsundir ára af menningarsamfélögum víðsvegar. Þekkt er að sum dýr borða gerjaða ávexti vegna vímuáhrifa áfengis.

Hver eru áhrifin?

Í litlum skömmtum eru áhrif áfengis almenn slökunartilfinning, minni félagsleg hömlun og aukin mannblendni.

Í stærri skömmtum veldur áfengi svima, ógleði, þvoglumæli, skertri viðbragðshæfni, syfju, skertri dómgreind, vatnsskorti og miklum hausverk daginn eftir.

Ofneysla getur valdið minnisleysi, skertri líkamsstjórn, meðvitundarleysi og dauða. Staðaldrykkur er skilgreindur sem 10-12 grömm af hreinu etanóli sem samsvarar um 280-330 ml af bjór, 100-120 ml af rauðvíni eða 30-40 ml af brenndu víni á borð við viskí.

Það er magn etanóls sem drukkið er sem ræður áhrifum, ekki magn vökva. Því skiptir máli að þekkja vel áfengismagn þess sem drukkið er.

Vín og bjór innihalda á bilinu 5-15% etanól, brennd vín innihalda um 40% etanól og stundum meira.

Áfengi hefur mismunandi áhrif milli einstaklinga og getur haft ólík áhrif á sama einstakling á mismunandi tímum. Áhrifin fara meðal annars eftir líkamsþyngd, efna-skiptum, þolmyndun, magainnihaldi auk fleiri þátta.

Þekktu þín eigin mörk og farðu þér hægt ef þú kýst að nota áfengi. Heilbrigður líkami getur brotið niður og unnið úr einum stöðluðum drykk á um það bil 1.½ klukkustund. Í mikilli hæð geta áhrif áfengis aukist til muna.

Sýndu varúð!

Áfengi er ávanabindandi efni. Notendur mynda hratt þol fyrir efninu og fráhrarfseinkenni geta verið alvarleg, þar með talið kvíði, skjálfti, ofskynjanir og flog sem geta leitt til dauða.

Það er ekkert virðingarvert við það að geta drukkið meira áfengi en aðrir. Drykkjuleikir sem reyna á takmörk áfengispöls eru sérstaklega hættulegir. Of mikil neysla áfengis á skömmum tíma getur leitt til áfengiseitrunar og dauða. Á hverju ári deyja fleiri en 2.000 einstaklingar í Bandaríkjunum af völdum bráðrar áfengiseitrunar.

Tíð áfengisneysla til langs tíma getur valdið langvarandi skemmdum á lifur og öðrum líffærum.

Áfengi er taugæitur og langtíma neysla getur haft í för með sér alvarlega vitsmunalega skerðingu.

Áfengi skerðir sjón, viðbragðshæfni, dómgreind og samhæfingu. Á hverju ári deyja fleiri en 10.000 manns á ári í bílslysum af völdum ölvunaraksturs í Bandaríkjunum, þar af yfir 200 börn. Fyrir alla muni, aldrei aka bíl eftir neyslu áfengis, óháð magni.

Neysla áfengis á meðgöngu getur leitt til áfengisheilkenndi fósturs (FAD) sem veldur skertum vitsmunþroska barns og afbrigðilegum útlitseinkennum.

Ef kærastan þín er barnshafandi og hættir að drekka, er það hjálplegt (og mega svalt) ef þú styður hana með því að hætta líka meðan á meðgöngu stendur.

Að blanda saman áfengi og öðrum vímuefnum eða lyfjum (líka ólyfseðilsskyldum) getur verið mjög hættulegt.

Vertu meðvitaður!

Ef þú kýst að drekka áfengi, hafðu í huga í hvaða tilgangi. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚÐLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JADARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



ÞESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað er amfetamín?



Hvað er amfetamín?

Amfetamín er öflugt vímuefni sem örvar miðtaugakerfið.

Amfetamín var fyrst uppgötvað árið 1887 og var, ásamt skyldum efnum, mikið notað af hermönnum í síðari heimsstyrjöld til að auka þol og draga úr svefnþörf á vígvöllum.

Í dag er amfetamín notað til meðhöndlunar á athyglisbresti, svefnsýki og offitu.

Amfetamín er mjög skylt metamfetamíni þó að áhrif hins síðarnefnda séu mun sterkari og vari lengur. Bæði amfetamín og metamfetamín eru seld á svörtum markaði undir nöfnum á borð við „spitt“ og „hraði“.

Hvernig er amfetamín notað?

Amfetamín er hægt að gleypa, sjúga í nös, reykja eða sprauta í æð.

Algengast er að gleypa amfetamín. Ekki er óalgengt að taka það gegnum endaparm.

Áhrifin koma þá fram smám saman og vara lengur.

Þegar amfetamín er sogið í nös koma áhrifin fyrr fram. Sú neysluaðferð getur valdið skaða á slímhúð í nös.

Þegar amfetamín er reykt koma áhrifin fram umsvifalaust og notendur upplifa kraftmeiri vímu.

Að sprauta amfetamín í æð hefur sterkustu áhrifin en er um leið áhættumesta leiðin til að nota það. Sú leið felur í sér mestar líkur á alvarlegum heilsufarslegum afleiðingum.

Hver eru áhrifin?

Í litlum skömmtum (5-10 mg) eru áhrif amfetamíns aukin árvekni og einbeiting. Það dregur einnig úr matarlyst og svefnlöngun.

Í hærri skömmtum veldur amfetamín örvaðri vellíðan. Við upphaf áhrifa tala notendur um að upplifa „rush“, sérstaklega þegar amfetamín er reykt eða sprautað í æð.

Önnur áhrif eru meðal annars hækkaður blóðþrýstingur og líkamshiti og aukinn hjartsláttur.

Algengar aukverkanir eru meðal annars höfuðverkur, kvíði, ofsóknaræði og ranghugmyndir.

Sýndu varúð!

Vegna bannstefnunnar er amfetamín ólöglegt og óregluvætt og inniheldur oft íblöndunarefni á borð við önnur örvandi lyf sem og skaðlaus eða eitruð útþynningarefni.

Efnagreindu alltaf amfetamín áður en þess er neytt. Snarrótin selur efnagreiningar próf á vefsíðu sinni.

Amfetamín er ávanabindandi efni. Þegar áhrif þess dvína finna notendur fyrir leti, svefnhöfgai, kvíða og þunglyndiseinkennum. Því freistast margir til að innbyrða meira. Þetta er óheilbriggt neyslumynstur sem getur þróast í fíkn.

Margir notendur sækjast eftir velliðunar „rush“ áhrifum amfetamíns sem getur valdið ofneyslumynstri. Þá er amfetamín innbyrt oft á dag, marga daga í röð og eftir einhvern tíma er þessi hegðun endurtekin.

Áhrif amfetamíns eru langvarandi, sem getur gert notendum erfitt eða ómögulegt um svefn. Svefnleysi getur haft í för með sér alvarlegar og neikvæðar líkamlegar og andlegar afleiðingar.

Reglubundin notkun á amfetamíni getur valdið neikvæðum persónuleikabreytingum hjá einstaklingum. Erfitt getur verið fyrir einstaklinginn sjálfan að taka eftir þessum breytingum þó aðstandendur verði oft varir við þær.

Ofskömmtnun á amfetamíni er sjaldgæf en hún getur meðal annars valdið flogi, heilablóðfalli og hjartaáfalli sem getur leitt til dauða.

Langvarandi neysla amfetamíns í stórum skömmtum getur haft skaðleg áhrif á líkamlega heilsu og verða neytendur næmari fyrir fjölda sjúkdóma.

Langvarandi neysla getur valdið ofsóknaræði, ranghugmyndum og geðrofi.

Þegar amfetamíni er sprautað í æð nær það til heilans nánast umsvifalaust, sem eykur líkur á bænvænni ofskömmtnun.

Þegar amfetamíns er neytt um æð aukast líkur á að skaðleg íblöndunarefni komist í blóðrásina sem getur valdið blóðeitrun og öðrum sýkingum.

Endurtekin vímuefnanotkun um æð skaðar æðarnar og veldur blóðtappamyndun og ígerðum.

Að deila sprautum getur dreift **lifrabólgu** og **HIV sýkingum**. Draga má úr þeirri áhættu með að nota hreinan sprautubúnað sem er fánlegur ókeypis hjá Frú Ragnheiði, skaðaminnkunarþjónustu Rauða krossins.

Að blanda amfetamíni saman við önnur lyf og vímuefni getur aukið líkur á skaðlegum áhrifum.

Amfetamín er ólöglegt efni og sakfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar lagalegar afleiðingar í för með sér.

Sýndu ábyrgð!

Ef þú kýst að nota amfetamín, hafðu þá í huga í hvaða tilgangi þú neytir þess. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN
SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

ÞESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvad er kannabis?



Hvað er kannabis?

Allar tegundir af kannabis eru afurðir kannabisplöntunnar.

Helstu virku efnin í kannabis er *Tetrahydrocannabinol* (THC) og *Cannabidiol* (CBD), en að auki má finna í því að minnsta kosti 60 önnur skyld efni.

Purrkuð blóm kvenplöntunnar innihalda mestan styrkleika virkra efna. Þessi blóm eru oftast seld og notuð sem gras eða marijuana.

Ýmsar afurðir eru framleiddar úr kannabis með hærri styrkleika, svo sem hass (þjöppuð kvoða kannabisplöntunnar) og kannabisolía (háhreini blanda af virkum efnum kannabis plöntunnar einangruð með leysiefnum).

Notkun kannabis til lækninga og skemmtana á sér langa sögu og til eru óyggjandi sönnunargögn fyrir notkun kannabis frá því fyrir um 5.000 árum.

Hvernig er kannabis notað?

Kannabis er oftast reykt, einnig er hægt að borða það.

Algengast er að vafnar séu kannabis „jónur“ til að reykja kannabis, en einnig eru notaðar pípur og önnur tól.

Áður en kannabis er borðað þarf að virkja THC-ið með því að hita það í feiti, eins og smjóri eða jurtaolíum.

Hver eru áhrif kannabis?

Í litlum skömmtum finnst mörgum kannabis bæði róandi og örvandi.

Flestir segja að skynjun þeirra aukist.

Kannabis getur aukið matarlyst. Það fer þó eftir því hvaða yrki plöntunnar er neytt, sum yrki valda ekki aukinni matarlyst.

Í stærri skömmtum, með sterkari yrkjum eða þegar kannabis er borðað, geta áhrifin verið svipuð áhrifum ofskynjunarlyfja. Neytendur geta upplifað vægar ofskynjanir, kvíða og ofsóknaræði.

Kannabis getur valdið auknum hjartslætti, roða í augum og munnþurrki.

Víðsvegar um heim er kannabis notað í læknisfræðilegum tilgangi við meðhöndlun fjölda sjúkdóma á borð við krabbamein, gláku og alnæmi.

Kannabis er öflugt andoxunarefni.

Kannabisolía er meðal annars notuð við meðhöndlun á heilæxlum, liðagigt og bakflæði.

Hjá einstaklingum með undirliggjandi geðsjúkdóma á borð við geðklofa getur kannabis, og önnur vímuefni, kallað fram upphaf einkenna.

Hver er skammtastærð kannabis?

Eins og með öll „náttúruleg“ lyf er skammtastærð breytileg milli plantna. Þar sem kannabis er löglegt eru söluafurðir merktar með styrkleika virku efnanna.

Almenn skammtastærð reyktra kannabisblóma er á bilinu 0.1 til 0.3 grömm en er breytilegt eftir styrkleika og þolmyndun notandans. Skammtastærðir sterkari kannabis-afurða á borð við hass og kannabisolíu eru mun minni, og er venjulegur skammtur af hágæða olíu minni en 0.1 grömm.

Þegar kannabis er borðað eru skammtastærðir á bilinu 5-100 milligrömm af THC og eru áhrif mjög breytileg milli manna eftir þyngd, þolmyndun og efnaskiptum.

Sýndu varúð!

Að anda að sér reyk, þar með talið af kannabis, getur skaðað lungu, háls og munn. Þegar kannabis er borðað getur oft tekið yfir klukkustund fyrir áhrifin að koma fram. Óþolinmóðir notendur borða oft meira á þessum tíma sem getur leitt til mun sterkari áhrifa. Bíðið alltaf í að minnsta kosti tvær klukkustundir áður en meira kannabis er borðað.

Reykt kannabis í „jónum“ er oft blandað saman við tóbak til að drýgja efnið. Tóbak er mjög ávanabindandi og skaðlegt efni, öruggara er að nota óblandað kannabis.

Kannabis dregur úr viðbragðstíma og getur skert ökuhæfni.

Kannabisneysla getur valdið sumum neytendum óþægindum, ógleði og ofsóknaræði.

Kannabis er ólöglegt efni og sakkfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar lagalegar afleiðingar í för með sér.

Vertu meðvitaður! Ef þú kýst að nota kannabis, hafðu í huga í hvaða tilgangi. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

Er kannabis ávanabindandi?

Pó sumir noti það reglulega er kannabis ekki líkamlega ávanabindandi og verða notendur ekki fyrir fráhrarfseinkennum þegar neyslu er hætt.

Neysla kannabis leiðir ekki til neyslu sterkari vímuefna eins og haldið hefur verið fram. Þessi staðhæfing hefur verið rannsökuð og henni hnækkt. Hinsvegar getur kannabisneysla dregið úr neyslu annara hættulegri efna, sér í lagi morfínskyldra verkjalyfja. Mesta hættan er sennilega að á meðan eða þar sem efnið er ólöglegt geta neytendur komist í kynni við eða keypt mun varasamari varning hjá sama söluaðila.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað er
kókaín?



Hvað er kókaín?

Kókaín hydróklóríð er biturt, staðdeyfandi, hvítt duft sem unnið er úr laufum kóka-plöntunnar, sem vex mestmegnis í Suður-Ameríku.

Fram til ársins 1929 innihélt Coca-Cola kókaín (þaðan kemur nafnið) og sömuleiðis mörg önnur matvæli og lyf.

Hvernig er kókaín notað?

Lauf kóka-plöntunnar má tryggja eða brugga úr þeim te. Kókalauf eru notuð löglega á þennan hátt í mörgum löndum sem milt örvandi efni á borð við kaffi.

Kókaín í duftformi er að mestu sogið í nef í stuttum línum. Áhrif koma fram innan nokkurra mínútna og ná hámarki eftir 15-30 mínútur. Heildarlengd áhrifa er um það bil klukkustund.

Þegar kókaín er reykt er talað um „krakk“. Þá koma áhrif fram umsvifalaust en vara mun skemur.

Þegar kókaíni er sprautað í æð koma áhrifin fram umsvifalaust og eru mun ákafari.

Hver eru áhrif kókaíns?

Kókaín er örvandi efni svipað amfetamíni, en áhrif þess vara í mun skemmri tíma.

Kókaín veldur skyndilegri aukningu á hjartslætti, blóðþrýstingi og líkamshita.

Sumir notendur tala um að upplifa aukið sjálfstraust, orku og vellíðan.

Hver er skammtastærð kókaíns?

Venjulegur skammtur af kókaíni í nös er milli 30-70 milligrömm.

Venjulegur skammtur af reyktu „krakki“ er milli 15-50 milligrömm.

Þeir sem nota kókaín reglulega mynda fljótt þol og eiga það til að nota meira í hvert skipti.

Sýndu varúð!

Vegna bannstefnunnar er kókaín ólöglegt og óregluvætt og inniheldur nær alltaf íblöndunarefni á borð við önnur örvandi lyf sem og skaðlaus eða eitruð útþynningarefni.

Efnagreindu alltaf kókaín áður en þess er neytt. Snarrótin selur efnagreiningar próf á vefsíðu sinni.

Yfir 80% af kókaíni í Bandaríkjunum er þynnt með efni sem heitir *levamisole* (aform-unarlyf) sem getur valdið alvarlegum röskunum á ónæmiskerfi hjá þeim sem neyta þess reglulega. Einkenni geta falið í sér dökka bletti á húð í kringum líkamsop og sýkingar í öndunarferum.

Stórir skammtar og ítrekuð notkun á kókaíni getur valdið skemmdum í hjarta og æðakerfi sem leitt getur til heilablóðfalls og hjartaáfalls.

Kókaín er ávanabindandi efni. Regluleg notkun getur valdið líkamlegri ávanabindingu. Fráhvarfseinkenni eru meðal annars þunglyndi og kvíði sem getur varað í marga daga.

Kókaín varir í mjög skamman tíma og eftirköst geta verið mjög óþægileg, meðal annars eirðarleysi, kvíði og vanlíðan. Þetta getur auðveldlega leitt til óviðráðanlegrar endurskömmtnar og banvænnar ofskömmtnar.

Styrkleiki þessara óþægilegu eftirkasta eiga það til að aukast þegar kókaíns er neytt í stærris og tíðari skömmtum, og eru miklu sterkari þegar kókaín er reykt eða notað um æð.

Endurtekin notkun kókaíns í nös getur skemmt slímhúð í nefi.

Notkun kókaíns, eins og allra örvandi lyfja, getur valdið svefnleysi.

Notkun kókaíns í bland við önnur vímuefni (þar með talið áfengi) eykur verulega áhættuna á banvænni ofskömmtnar.

Að deila tólum til að sjúga kókaín í nös getur valdið smitum á lifrabólgu C og öðrum sjúkdómum.

Kókaín er ólöglegt efni og sakfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar laga-
legar afleiðingar í för með sér.

Vertu meðvitaður! Ef þú kýst að nota kókaín, hafðu í huga í hvaða tilgangi. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað er LSD?



Hvað er LSD?

Lysergic Acid Diethylamide (LSD) er ofskynjunarlyf sem uppgötvað var árið 1938 af svissneska efnafræðingnum Albert Hoffmann. Þess var fyrst neytt, af sama manni, 19. apríl, 1943.

LSD er oft selt í litlum pappaspjöldum, en finnst einnig í vökvaformi. LSD er nær eingöngu gleypst.

LSD er gifurlega öflugt efni. Venjulegur skammtur er á bilinu 100-400 míkrogrömm, en slíkur skammtur af hreinum LSD kristöllum er vart sjáanlegur með berum augum. Þar af leiðandi er mjög erfitt að mæla það nákvæmlega. Eitt pappaspjald eða dropi af LSD inniheldur oftast venjulegan skammt, en getur innihaldið miklu meira.

Hver eru áhrif LSD?

Þegar talað er um LSD-upplifunina er henni oft lýst sem ferðalagi („trip“ á ensku). Upplifuninni má lýsa í þremur stigum.

Upphaf – eftir um það bil 30 mínútur frá inntöku, litir verða bjartari, hlutir á hreyfingu skilja „slóð“ á eftir sig og flatir fletir geta virst „anda“.

Hámarksáhrif – frá öðrum tímanum frá inntöku verða áhrifin ákafari. Ímyndaðar sýnir geta birst mönnum, allt frá formum í reykt að línur í lófa. Tímaskyn þjagast og tíminn virðist standa í stað. Notendur geta upplifað sig í öðrum heimi eða í bío-mynd. Fyrir suma er þetta djúpstætt og dularfullt ástand, en aðrir geta orðið mjög hræddir.

Niðurleið – eftir fimm til sex tíma frá inntöku byrja áhrif efnisins að dvína. Eftir átta tíma er ferðalagið oftast á enda komið, þó að leifar af áhrifunum geti varað mun lengur. Það er stundum kallað *afterglow*.

Sýndu varkárni!

Sökum bannstefunnar er LSD ólöglegt og óregluvætt efni. Önnur og mun hættulegri efni á borð við 25I-NBOMe hafa verið seld sem LSD og valdið mörgum dauðsföllum. **Ef þú ákveður að nota LSD skaltu efnagreina það áður.** Snarrótin selur efnagreiningarpróf á vefsíðu sinni.

Áhrifin af LSD geta stundum verið ógnvekjandi og valdið ofsafengnum kvíða og hræðslu. Þó það sé sjaldgæft, endurupplifa sumir „ferðalagið“ einhverjum dögum,

vikum eða jafnvel árum síðar í atvikum sem kölluð eru „endurlit“ (e. flashback). Þessi atvik eru ekki bundin við notkun ofskynjunarlyfja en geta átt sér stað í kjölfarið á öllum sterkum sálfræðilegum áföllum.

Hjá einstaklingum með undirliggjandi geðsjúkdóma á borð við geðklofa getur LSD, og önnur ofskynjunarlyf, kallað fram upphaf einkenna.

Hjá fámennum hópi getur LSD og önnur ofskynjunarefni valdið langvarandi röskun sem nefnd er Hallucinogen Persisting Perception Disorder (HPPD) og getur valdið vægum en viðvarandi sjónrænum ofskynjunum.

LSD getur skert dómgreind. Aldrei keyra undir áhrifum LSD!

LSD er ólöglegt efni og sakfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar lagalegar afleiðingar í för með sér.

Taktu ábyrgð á sjálfum þér!

Ef þú kýst að nota LSD, hafðu þá í huga í hvaða tilgangi þú gerir það, hvort sem það er ætlað í meðferðarlegum tilgangi, til sjálfskönnunar eða einungis til skemmtunar. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

Hvað ef einhver verður fyrir erfiðri reynslu?

Við neyslu allra ofskynjunarlyfa eru væntingar og kringumstæður mikilvægir þættir í því hvort neytandinn verði fyrir jákvæðri eða slæmri upplifun. Að vera í góðu andlegu jafnvægi og í hópi góðra vina í öruggu umhverfi á meðan LSD er neytt dregur úr hættu á að lenda í erfiðri upplifun.

Ef neytandi lendir í erfiðri eða krefjandi andlegri upplifun undir áhrifum LSD skal fara með viðkomandi á kyrrlátan og rólegan stað þar sem honum getur liðið vel. Finnið vin sem getur róað hann og útskýrt að skelfingin og tilfinningarnar sem hann er að upplifa séu vegna efnisins sem hann neytti og munu dvína innan skamms.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað er MDMA?



Hvað er MDMA?

MDMA er virka efnið í því sem upphaflega var kallað „ecstasy“ eða „alsæla“. Það tilheyrir hópi efna sem kölluð eru samkenndaryf (á ensku, *empathogen*). Önnur efni í þessum hópi eru MDA, MDE og MBDB.

MDMA var fyrst búið til árið 1912 af lyfjafyrirtækinu Merc í Þýskalandi, en var þar aldrei prófað á mönnum. Neysla á MDMA sem vímuefni hófst ekki fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar.

Áður en það var gert ólöglegt árið 1985 var MDMA notað til lækninga. Nú til dags eru stundaðar rannsóknir á notkun MDMA til meðhöndlunar á geðröskunum á borð við áfallastreituröskun og stefnir í að það verði heimilað sem lyfseðilslyf á næstu árum.

Hver eru áhrifin?

MDMA eykur vellíðan og stuðlar að afslöppuðu sæluástandi. Það framkallar ekki ofskynjanir.

MDMA er neytt í töflum, í hylkjum eða sem kristallar. Áhrif koma oftast fram 20 til 40 mínútum eftir inntöku og hámarksáhrif eftir 60 til 90 mínútur.

Tilfinninganæmni eykst og neytandi upplifir aukna samkennd, tilfinningalega hlýju og sjálfsviðurkenningu.

Áhrif MDMA dvína eftir 3-5 klukkustundir.

Flestir neytendur segja áhrifin vera notaleg og viðráðanleg. Jafnvel við hámarksáhrif megi sinna mikilvægum málefnum.

Hvað er venjulegur skammtur?

Fyrir flesta er venjulegur skammtur af MDMA milli 70 og 125 mg. Hinsvegar þurfa sumir meira til að fá sömu áhrif en aðrir minna. Skammtastærð er háð líkamspyngd, kyni, fyrri neyslu og öðrum þáttum.

Að taka einn aukaskammt sem nemur 1/3 til 1/2 af upphaflegum skammti getur lengt upplifunina um nokkrar klukkustundir. Neysla umfram það mun bara leiða til aukinna hliðarverkana.

Er MDMA ávanabindandi?

MDMA er ekki líkamlega ávanabindandi. Hinsvegar getur efnið haft mikil áhrif á líf fólks og sumir geta þróað með sér andlegan ávana á þessu tilfinningarástandi, sem leitt getur til mikillar neyslu.

Ekki er ólíklegt að stórneytendur noti lyfið, ómeðvitað, til að meðhöndla undirliggjandi þunglyndi. MDMA er hinsvegar ekki æskilegt sem langtíma þunglyndislyf. Fyrir áhrifaríka meðhöndlun á þunglyndi skyldi leita til sérfræðinga.

Ef MDMA er notað of oft geta þau áhrif sem sóst er eftir dalað mikið og jafnvel horfið alveg. Notendur hafa sagt að „galdrarnir“ hverfi. Þetta getur varað í mörg ár. Mundu, minna er meira ef þú ákveður að nota MDMA.

Sýndu varúð!

Vegna bannstefunnar er MDMA óregluvætt. Þar af leiðandi getur verið mikill munur á styrkleika „alsælu“ -taflna og „molly“ -kristalla. Oft innihalda þau ekkert MDMA yfirhöfuð og geta hinsvegar innihaldið önnur hættulegri efni. **Mikilvægt er að efna-greina alltaf MDMA-efni áður en þeirra er neytt** (Snarróttin selur efnagreiningar próf á vefsíðu sinni).

MDMA eykur líkur á hitaslagi. Í Bandaríkjunum deyja um 20 manns á ári af hitaslagi eftir neyslu MDMA. Mundu að taka danspásur, kæla þig og drekka nóg af vatni ef þú notar efnið.

Sumir hafa dáið eftir að hafa drukkið of mikið vatn eftir neyslu MDMA. Þetta kallast „hyponaetremia“ og á sér stað þegar sölt líkamans verða útpynnt. Drekktu nóg af vatni en ekki of mikið, um það bil tveir bollar á klukkutíma er nóg.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að stórir skammtar af MDMA geta valdið skemmdum á serotónin taugaendum í tilraunardýrum. Það er mögulegt að sambærilegar skemmdir geti átt sér stað í mönnum sem neyta hárra skammta reglulega.

Þó svo að flestum líði vel daginn eftir, og upplifi svokallaðan „eftirgljáa“, finna sumir fyrir þunglyndiseinkennum daginn eftir neyslu MDMA. Að taka MDMA á þeim tímavæðing mun ekki bæta líðan. Það er vegna þess að MDMA virkar með því að losa þín eigin boðefni sem nefnast serotónín, og við höfum takmarkaðar birgðir af þeim. Það tekur um það bil viku eða tvær að endurnýja birgðir líkamans af serotóníni sem losað er af MDMA.

Að blanda MDMA við áfengi, örvandi efni og önnur lyf og vímuefni getur aukið líkur á neikvæðum hliðaráhrifum.

MDMA getur haft mjög neikvæða samverkun við þunglyndislyf. SSRI-lyf geta dregið úr virkni MDMA en MAOI-lyf geta valdið mjög skaðlegum áhrifum og jafnvel dauða.

MDMA er ólöglegt efni og sakfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar laga-legalar afleiðingar í för með sér.

Vertu meðvitaður! Ef þú kýst að nota MDMA, hafðu í huga í hvaða tilgangi. Hvort sem það sé ætlað í meðferðarlegum tilgangi, til sjálfskönnunar eða einungis til skemmtunar. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum. Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN
SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

ÞESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Ηναð eru
όπίόðar?



Hvað eru ópíóðar?

Ópíóðar eru efni sem búin eru til úr eða framleidd efnafræðilega til að líkjast efnum úr valmúa. Efni í þessum flokki efna eru meðal annars: ópíum, kóðín, morfín, heróín, contalgin, fentanýl, oxycontin auk margra annarra.

Ópíóðar bindast ópíóðaviðtökum heilans. Í mannslíkamanum finnast náttúrulegir ópíóðar sem nefnast endorfín.

Margir ópíóðar eru seldir sem lyfseðilsskyld lyf og fást m.a. í pillum eða plástrum. Ólöglegir ópíóðar á borð við heróín eru oftast seldir sem hvítt eða brúnt duft. Hægt er að neyta ópíóða m.a. með því að gleypa, reykja, soga í nef og sprauta í æð.

Hver eru áhrif ópíóða?

Ópíóðar draga úr verkjum og geta framkallað vellíðan, sælu og ánægju. Ópíóðar hafa slævandí áhrif á miðtaugakerfið og geta hægt á öndun, hjartslætti og lækkað blóðþrýsting.

Aukaverkanir eru m.a. ógleði, uppköst, sljóleiki, þvoglumæli, harðlífi og kláði. Meðalskammtur ópíóða getur verið mjög misjafn eftir tegund, hreinleika, þolmyndun notandans og neysluaðferð.

Þegar ópíóðum er sprautað í æð koma áhrif fram innan nokkurra sekúndna, innan mínútna þegar efnin eru reykt og eftir um 10-20 mínútur þegar þau eru suguð í nef eða glepyt.

Áhrif ópíóða vara mislengi eftir tegund, þolmyndun notandans og neysluaðferð.

Sýndu varúð!

Ópíóðar eru oft blandaðir við önnur vímuefni. Þó svo að efni líti út fyrir að koma úr apóteki geta þau innihaldið hættuleg íblöndunarefni. Ópíóðar sem seldir eru á svörtum markaði innihalda oft fentanýl sem er gríðarlega sterkur ópíóði. Fentanýl og skyld lyf hafa valdið mikilli aukningu ofskömmtnar á undanföllum árum. **Ef þú ákveður að nota ópíóða sem keyptir eru á svörtum markaði er nauðsynlegt að efnagreina þá áður en þeirra er neytt.** Snarrótin selur efnagreiningarpróf á vefsíðu sinni.

Þótt ópíóðar séu ekki blandaðir fentanýli leiðir misjafn styrkleiki svartamarkaðs ópíóða og ólík þolmyndun neytenda til þess að ópíóðar er sá hópur lyfja sem auðveldast er að

verða fyrir ofskömmtun á, sérstaklega þegar þeim er sprautað um æð. Til að koma í veg fyrir ofskömmtun „smakka“ sumir notendur efnin fyrst, með því að sprauta sig með litlum skammti. Þessi aðferð er ekki örugg þar sem ópíóðar blandaðir fentanýli eru sjaldnast blandaðir jafnt. Þannig getur einn skammtur innihaldið ekkert fentanýl en næsti reynist banvænn.

Blöndun ópíóða við önnur vímuefni, sér í lagi önnur efni sem slæva miðtaugakerfið á borð við benzodiazepín, eykur verulega hættuna á ofskömmtun og dauða.

Ópíóðar eru mjög ávanabindandi efni. Fráhvarfseinknenni eftir langvarandi notkun eru líkamlega og andlega sársaukafull og geta varað vikum saman.

Að deila sprautunálum getur dreift lifrabólgu, HIV og öðrum sýkingum. Draga má úr þeirri áhættu með því að nota hreinan sprautubúnað sem er fánlegur ókeypis hjá Frú Ragnheiði, skaðaminnkunarþjónustu Rauða krossins.

Endurtekin vímuefnanotkun um æð skaðar æðarnar og veldur blóðtappamyndun og ígerðum. Notaðu hreint vatn þegar þú ert að undirbúa að sprauta vímuefni um æð, hreinsaðu sprautusvæðið með sóttþreinsandi efni áður en sprautað er.

Að nota ópíóða án viðeigandi lyfseðils er ólöglegt og sakfelling vegna vörslu og sölu getur haft alvarlegar lagalegar afleiðingar í för með sér.

Sýndu ábyrgð! Ef þú kýst að nota ópíóða, hafðu í huga í hvaða tilgangi þú gerir það. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu. Ef ópíóðar eru notaðir marga daga í röð getur það leitt til óþægilegra fráhvarfseinkenna sem gerir notendum erfiðara um vik að muna eftir upphaflegum ásetningi.

Hvað ef einhver verður fyrir ofskömmtun?

Ef einhver hættir að anda, hefur engan hjartslátt eða bláanar, hringið umsvifalaust í neyðarlínuna (112). Segið að viðkomandi hafi hætt að anda og hefið endurlífgun án tafar.

Naloxone eða *Narcan* er öflugt ofskömmtunarlýf sem snúið getur við einkennum ofskömmtunar. Naloxone fæst annað hvort sem nefúði eða til að sprauta í vöðva. Ef naloxone er aðgengilegt, gefið einstaklingnum sem fékk ofskömmtun strax. Á Íslandi er naloxone fánlegt í apótekum sem lyfseðilsskytt lyf.

Það getur þurft tvo eða fleiri skammta af naloxone til að snúa við ofskömmtun, sér í lagi ef um fentanýl er að ræða.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN
SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað er
tóbak?



Hvað er tóbak?

Tóbak er framleitt úr einhverjum af þeim sjöttu mismunandi plöntum sem tilheyra náttskuggaætt og inniheldur örvandi efnið nikótín.

Tóbak á uppruna sinn í Ameríku þar sem það hefur verið notað af frumbyggjasamfélögum í þúsundir ára. Í Evrópu og um allan heim hefur þess verið neytt síðan um 1500.

Hvernig er tóbak notað?

Tóbak er oft reykt í sígarettum, vindlum eða með pípu. Einnig er það sogað í nef í duftformi eða sett undir vörina.

Ein tegund af blautu tóbaki er reykt í vatnspípum sem kallast „hookah“.

Nikótínvökvar eru einnig fáanlegir í ýmsum blöndum og andar fólk gufu þeirra að sér í sérstökum „veip“ tækjum.

Hver eru áhrif nikótíns?

Nikótín eykur hjartslátt og hækkar blóðþrýsting.

Áhrif koma fram umsvifalaust og geta varað í allt að 30 mínútur, eftir skammtastærð. Í fyrstu skiptin finna notendur oft fyrir svima og ógleði, jafnvel eftir aðeins nokkra „smóka“ úr sígarettu.

Þeir sem nota tóbak reglulega segja að það dragi úr kvíða og hjálpi við slökun. Sumir notendur segja að nikótín dragi úr matarlyst.

Meðalmagn nikótíns í einni sígarettu eða skammti af nef -eða munntóbaki er mjög misjafnt.

Sýndu varúð!

Tóbak er krabbameinsvaldandi. Þeir sem reykja reglulega eru í mun meiri hættu á að fá krabbamein í lungu og önnur líffæri en þeir sem reykja ekki.

Nikótín í öllum formum er afar ávanabindandi. Endurtekín notkun getur valdið líkamlegri fíkn með langvarandi fráhrarfseinkennum.

Ef þú kýst að reykja tóbak, reyktu þá ávallt utandyra. Reykingar innandyra auka verulega líkur á lungnakrabbameini þar sem efnin í reyknum geta verið áfram í loftinu svo dögum og vikum skiptir.

Makar, börn reykingamanna sem reykja innandyra, sem reykja ekki sjálf, eru í jafn mikilli hættu á að fá lungnakrabbamein og reykingamaðurinn. Reykingar innandyra auka einnig krabbameinsáhættu hjá börnum og gæludýrum á heimilinu.

Peir sem reykja þjást oft af hósta auk annarra kvilla í öndunarfærum.

Punglyndi, pírringur, eirðarleysi og kvíði eru meðal fráhrarfseinkenna sem nikótínneytendur verða fyrir.

Reykingar og munntóbaksnotkun valda andremmu og lita tennur.

Reykingar á meðgöngu geta skaðað fóstur og valdið lágri fæðingarþyngd, auk annarra kvilla. Börn reykingamanna fæðast með fráhrarfseinkenni.

Ef kærastan þín er barnshafandi og hættir að reykja, er það hjálplegt (og megasvalt) ef þú styður hana með því að hætta líka meðan á meðgöngu stendur.

Nef- og munntóbak getur einnig leitt til krabbameins í munni, nösnum og hálsi.

Sýndu ábyrgð! Ef þú kýst að nota nikótín, hafðu í huga í hvaða tilgangi þú gerir það. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

Hvað með veip?

Pó svo að flest bendi til að veip sé mun áhættuminna en reykingar, er enn margt óljóst varðandi langvarandi áhrif veips á heilsufar.

Veipvökvar eru að mestu óregluvæddir. Innihaldsefni geta verið mismunandi eftir framleiðendum og sum geta innihaldið krabbameinsvaldandi efni.

Geymið ávallt veipvökva í öruggri fjarlægð frá börnum. Merkingar og lykt efnanna geta verið aðlaðandi fyrir börn og þau hafa dáið eftir að hafa drukkið veipvökva. Pó svo að veip hafi hjálpað mörgum að hætta að reykja, getur það einnig verið ávanabindandi.

Ef þú vilt hætta að nota nikótín:

Forðastu staði og aðstæður þar sem margir reykja.

Fáðu stuðning fjölskyldu og vina.

Mörg góð ráð og aðstoð eru fánleg á www.reyklaus.is.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018



Hvað eru
töfrasveppir?



Hvað eru töfrasveppir?

Töfrasveppir eru allar tegundir sveppa sem innihalda virka efnið *psilocybin* eða *psilocin*. Þeim ber ekki að rugla saman við berserkjasveppi sem geta valdið hættulegum eituráhrifum. Á Íslandi vex ein tegund töfrasveppa sem kallast trjónupeðla.

Psilocybin og psilocin eru ofskynjunarlyf í hópi tryptamínefna og hafa svipuð áhrif og LSD, nema hvað að þau vara í skemmri tíma.

Töfrasveppir hafa verið notaðir í þúsundir ára af frumbyggjasamfélögum um víða veröld til að kalla fram vitundarupplifanir í fagnaðar- og trúarhefðum.

Í nýlegum rannsóknum hefur psilocybin verið notað til að meðhöndla áfallastreituröskun, þunglyndi, tóbaksánættjun og til að draga úr dánarkviða hjá dauðvona sjúklingum.

Töfrasveppir eru oftast borðaðir hráir eða bruggað úr þeim te. Þá má borða ferska eða þurrka til síðari nota.

Hver eru áhrifin?

Í mjög litlum skömmtum geta töfrasveppir framkallað slökunartilfinningu svipaða kannabis.

Í stærri skömmtum geta litir virst skærari, hlutir á hreyfingu skilið eftir sig „slóð“ og flatir fletir virst „anda“. Ímyndaðar sýnir geta birst og notendur fundið til sælutilfinninga.

Notendur tala oft um að hafa hlegið mikið og að finnast hlutir myndnari en venjulega. Upplifunin endist í um það bil fjórar til sex klukkustundir.

Margir segja að sveppaupplifunin sé „jarðbundnari“ en önnur ofskynjunarlyf, hún auki tilfinningalega meðvitund og valdi minni andlegri ringulreið.

Hvað er venjulegur skammtur?

Magn psilocybin eða psilocin í sveppum getur verið mjög breytilegt milli tegunda og innan tegundar, sem gerir torvelt að skammta þá nákvæmlega.

Venjulegur skammtur af algengri tegund, *Psilocybe Cubensis*, er um tvö þurrkuð grömm. Þröskuldsskammtur (skammtur sem er rétt merkjanlegur) er um 0.25 þurrkuð grömm og 5 þurrkuð grömm eru talin mjög sterkur skammtur.

Að byrja á minni skammti og bíða svo í klukkustund áður en meira er neytt er alltaf öruggara til að koma í veg fyrir of sterka upplifun. Á fastandi maga koma full áhrif fram eftir 15-40 mínútur. Með fullan maga getur það tekið mun lengri tíma fyrir áhrifin að koma fram.

Sýndu varúð!

Mesta hættan tengd neyslu sveppa er að neyta eittraðra sveppa óvart. Það er um 200 tegundir af ætum töfrasveppum, en aðeins fáar þeirra eru algengar. Lærðu að greina þá eða kaupu þá alltaf af þekktum aðila sem þú treystir ef þú kýst að nota töfrasveppi.

Hjá einstaklingum með undirliggjandi geðsjúkdóma á borð við geðklofa geta töfrasveppir kallað fram upphaf einkenna.

Sveppaupplifunin getur stundum verið ógnvekjandi og valdið ofsafengnum kvíða og hræðslu. Ef einhver verður fyrir slíkum upplifunum er gott að fara með hann á kyrrlátan og rólegan stað og minna á að tilfinningarnar séu vegna efnisins sem viðkomandi neytti og muni dvína innan skamms.

Hjá fámönnum hópi geta sveppir og önnur ofskynjunarefni valdið langvarandi röskun sem nefnd er *Hallucinogen Persisting Perception Disorder* (HPPD) og geta valdið vægum en viðvarandi sjónrænum ofskynjunum.

Töfrasveppir geta skert dómgreind. **Aldrei keyra undir áhrifum sveppa!**

Töfrasveppir eru ólöglegir og varsla og sala þeirra getur haft alvarlegar lagalegar afleiðingar í för með sér.

Sumir notendur finna fyrir ógleði við neyslu töfrasveppa. Að sjóða sveppina í 20 mínútur, síá efnið frá vökvanum og búa þannig til úr þeim te getur dregið úr líkum á ógleði.

Við neyslu allra ofskynjunarlyfa er væntingar („set“) og kringumstæður („setting“) mikilvægustu þættirnir í því hvort einhver verði fyrir jákvæðri eða slæmri upplifun. Að vera í góðu andlegu jafnvægi og í hópi góðra vina í öruggu umhverfi á meðan sveppa-áhrifin vara dregur úr hættu á að lenda í erfiðri upplifun.

Vertu meðvitaður! Ef þú kýst að nota sveppi, hafðu í huga í hvaða tilgangi. Hvort sem það er ætlað í meðferðarlegum tilgangi, til sjálfskönnunar eða einungis til skemmtunar. Að þekkja eigin ásetning getur hámarkað ávinning og dregið úr áhættu.

SNARRÓTIN

SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

berst fyrir

MANNRÉTTINDUM, MANNÚDLEGRI VÍMUEFNASTEFNU OG MÁLEFNUM JAÐARSETTRA HÓPA

SNARRÓTIN hefur flutt inn heimsþekkta vísindamenn og talsmenn alþjóðasamtaka til fundar við almenning og stjórnvöld.

Það hefur Snarrótin fjármagnað sjálf án aðkomu stjórnvalda.

SNARRÓTIN hefur gefið út réttindaspjöld vegna líkamsleitar og bækling um vímuefnastjórn á viðburðum.

Þá eru allir fyrirlestrar af IMAGINE PEACE IN THE DRUG WAR, þriggja daga ráðstefnu SNARRÓTARINNAR, aðgengilegir á Youtube.

Ef þú vilt styrkja SNARRÓTINA til góðra verka geturðu lagt framlög inn á reikning félagsins í Arion banka:

Kennitala: 511004-3220 | Banki: 0323-26-011004

IBAN: IS21 0323 2601 1004 5110 0432 20 | SWIFT: ESJAISRE.



SNARRÓTIN
SAMTÖK UM BORGARALEG RÉTTINDI

PESSI BÆKLINGUR ER GEFIN ÚT 2018

eftirmáli höfundar

Bara rétt í lokin. Þessi bók er sú fjórða sem ég skrifa um vímuefni. En hversvegna þessi áhugi á vímuefnum? Áhuginn kviknaði þegar ég las fyrstu bók Carlosar Castaneta, *The teachings of Don Juan, a Yaqui Way of Knowledge*. Frá fyrstu blaðsíðu varð ég svo gagntekinn að ég gleymdi að fara úr strætó sem ég var í þegar ég byrjaði á henni. Þetta fannst svona nörd og grúskara afar heillandi svo ég hélt áfram að lesa og las allt sem ég komst yfir. Þetta hefur verið upp úr 1970. Síðan hef ég verið að viðá að mér upplýsingum og þekkingu. Ferðafélagar til útlanda kvörtuðu stundum yfir öllum þessum bókum sem ég var að dröslast með því ég setti mig aldrei úr færi að rannsaka bókabúðir í upplýsingaleit, fyrst og fremst um sækadelik efnin og ég hef ræktað nokkur þeirra, t.d gadd-epli (*Datura stramonium*) og meskalín kaktus (*Lophophora williamsii*) sem ég keypti á *Single* blómamarkaðinum í Amsterdam 1978. Ég hafði einhvern tímann hugmyndir um að neyta hans þegar ég yrði fimmtugur en reikna ekki með að gera það nokkurntímann því við höfum átt langa samleið og mér þykir orðið afar vænt um hann. Hann lifir sem sagt enn ósnertur í stofuglugganum. Svo blómstrar hann fallega og maður étur ekki vini sína.

Fyrst kom *Hampur*. *Inni/úti ræktunarleiðbeiningar* og ég get alveg játað það núna að hún var skrifuð sem svar við

því að tekin voru af mér blóm í stofuglugganum og ég ákærður og málið fór alla leið í Hæstarétt. Bókin var svar við arfavitlausum lögum að mínu áliti og míns lögmanns.

Þá kom *DÓP! Notkun eða misnotkun?* Þar reyndi ég að breyta umræðunni með upplýsingamiðlun. Kveikjan að þeirri bók var ensk barnabók sem ég rakst á um svipað efni og nálgun þótt hún væri kannski ívið meiri áróður.

FÍKN, fíknisaga & fíknistríð kom þar á eftir. Þar er fjallað um rannsóknir á fyrirbærinu fíkn og hversu óendanlega flókið það er. Bannsgagan rakin í grófum dráttum og fíknistríð gróflega útlistað. Keikjan var fyrirlestur sem ég hélt í Róttæka sumarháskólanum þar sem ég fjallaði m.a um fíkn.

Svo er þessi, um *fáránleika fíknistríðsins*. Svo nú held ég að þetta sé orðið nokkuð gott og ég sé búinn að segja það sem mér liggur á hjarta og tel að fólk ætti að vita um þetta efni því neysla á bara eftir að aukast þessa síðustu áratugi sem mannkynið á eftir. Jafnvel þótt hætt yrði að brenna kolefniseldsneyti í gær.

Kannski er kominn tími til að skoða umhverfismál næst? En kannski tekur það því ekki því ég var að rekast á rannsókn vísindamanna þar sem því er haldið fram að skordýrum á jörðinni hafi fækkað um 84%. Þá er hætt við að það fari að stytast lífið í annan endann hjá okkur.

heimildir sem stuðst var við

Þar sem mín skrif eru ekki innan hins akademíska ramma hirði ég lítt um að halda heimildum saman meðan ég skrifa enda er auðvelt að gúggla það sem maður hefur brennandi áhuga á að kynna sér nánar. Það gerði ég og satt að segja vor-kenni ég engum að gera slíkt hið sama. En það eru nokkrar bækur sem ástæða er til að nefna sem ég hef sótt mér fróðleik í.

How to Change Your Mind eftir *Michael Pollan*. Ein besta bók sem ég hef lesið um sækadelísku efnin.

Shooting Up – A History of Drugs in Warfare eftir *Lukasz Kamieński*, aðstoðarprófessor við háskólann í Kraków.

Dopesick eftir *Beth Macy* rekur samviskusamlega ópíóðafárið í Virginíu í BNA og hlutverk Purdue Pharma í því.

Hash eftir *Wensley Clarkson* fjallar um kannabisefni og ferðalag þeirra frá Marokkó til Evrópu.

Drugs Without the Hot Air eftir professor *David Nutt* fjallar ítarlega um vímuefni sem notuð eru á Vesturlöndum.

Blitzed – Drugs in Nazi Germany eftir *Norman Ohler* er dæskoti mögnuð lýsing á vímuefnaneyslu í Þriðja ríkinu.

High Price eftir *Dr. Carl Hart* er að verulegu leyti sjálfsævisaga en full af upplýsingum um neyslu og efnin í BNA.

Chasing the Scream og **Lost connections** eftir *Johan Hari* fjalla um annarsvegar fíknistríðið og hinsvegar um þunglyndi.

A Short History of Drunkenness eftir *Mark Forsyth* fjallar um hvert hlutverk áfengis er í vestrænum þjóðfélögum.

In the Realm of Hungry Ghosts eftir Dr. Gabor Maté fjallar um fíkn og áföll. Afar ítarleg og frábær bók.

Allar þessar bækur eru fáanlegar á Amazon.

Legalisera narkotika? Ett diskussionsunderlag eftir *Ted Goldberg* félagsfræðiprófessor í Gävle. Útg. Academic Publishing of Sweden

Dóp! Notkun eða misnotkun? eftir Þorstein Úlfar Björnsson fjallar um vímuefni og hvernig hægt sé að nota þau án skaða.

Fíkn, fíknisaga & fíknistríð eftir Þorstein Úlfar Björnsson fjallar um fyrirbærið fíkn, ágríp af fíknisögunni og fíknistríðinu.

Auk þess nýtti ég mér ótæpilega heimildaskrárnar í skýrslum GCDP og upptöldum bókum og fleiri slóðir á netinu. Dagblöð, fyrirlestra, heimildamyndir, TED Talks og annað sem ég fann á rafmögnum óravíddum Internetsins.

Umsagnir

Hér er á ferðinni bráðnauðsynlegt rit; ítarlegt yfirlit á íslensku yfir skaðsemi svokallaðs stríðs alþjóðasamfélagsins gegn fíkniefnum. Farið er yfir helstu rök, mótrökum svarað og allt er þetta stutt af traustum gögnum og heimildum. Viljum við halda áfram að mæla árangur í handtökum og refsingum eða viljum við taka upp raunverulega heilsu- og mannréttindamiðaða nálgun á málaflokkinn? Höfundurinn velkist ekki í vafa um svarið og það ætti lesandinn ekki heldur að gera að lestri loknum.

Haldór Auðar Svansson

fv. borgarfulltrúi

Afar ánægjulegt að sjá þessu mikilvæga málefni gert skil á íslensku. Hér er skoðað ofan í kjölinn hvaða skelfilegu afleiðingar stríðið gegn vímuefnum hefur haft á mannréttindi og stöðu einstaklinga í viðkvæmri stöðu.

Að lestri loknum ætti enginn að velkjast í vafa um að vímuefnastríðið hefur haft fleiri neikvæðar afleiðingar en jákvæðar.

Baráttan fyrir regluvæðingu, félagslegu réttlæti og skaðaminnkun heldur áfram.

Svala Jóhannesdóttir

verfemastýra Frú Ragnheiðar

Umsagnir

Þetta er skemmtileg bók og fróðleg. Sú niðurstaða Þorsteins Úlfars Björnssonar að stríðið gegn fíkniefnum sé hvorki nauðsynlegt né gagnlegt kemur ekki á óvart. Hugmynd hans um rót vandans er aftur á móti óvenjuleg. Eins og hann orðar það sjálfur: „Það má kallast einkennilegur andskoti að ofsækja fólk, og jafnvel drepa fyrir það eitt að reyna að láta sér líða vel.“

Hér er athyglisverð umfjöllun um tilhneigingu ráðandi afla á öllum tímum til þess að bæla ásókn alþýðunnar í nautna-lyf, allt frá kaffi til harðra fíkniefna. Hvort sem lesandinn er fylgjandi bannstefnu eða telur aðrar leiðir líklegri til að vinna gegn misnotkun vímuefna er þessi innsýn í sögu fíknistríðsins og afleiðingar þess gott veganesti.

Eva Hauksdóttir

Áhugaverð bók fyrir alla sem láta sig málefnið varða.

Lipur frásögn og skemmtilegt myndefni kryddar umfjöllunina.

Dr. Helgi Gunnlaugsson

Prófessor við Háskóla Íslands

Rökin fyrir fíkniefnastríðinu hafa alla tíð verið haldlítil og í þessari bók eru þau gjörsamlega lögð í rúst.

Mikill fróðleikur og skynsamlegar lausnir hér á ferð.

Jón Daníelsson

blaðamaður

Fíknistríðið er glæpur gegn mannkyninu. Fræðist um það í stórglæsilegri bók Þorsteins Úlfars Björnssonar og deilið sannleikanum sem víðast og mest.

Pétur Þorsteinsson

fv. skólastjóri Kópaskeri

Skemmtilega hreinskilin og lifandi samantekt sem er byggð á feikna-góðri heimildarvinnu. Bókin fer um víðan völl og sýnir margar hliðar málsins.

Gígja Skúladóttir

geðhjúrunarfræðingur

Viljum við halda áfram að mæla árangur í handtökum og refsingum eða viljum við taka upp raunverulega heilsu- og mannréttindamiðaða nálgun á málaflokkinn?

Halldór Auðar Svansson

fv. borgarfulltrúi

Að lestri loknum ætti enginn að velkjast í vafa um að vímuefnastríðið hefur haft fleiri neikvæðar afleiðingar en jákvæðar.

Svala Jóhannesdóttir

verfearnastýra Frú Ragnheiðar

